



HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN  
ÁRSSKÝRSLA 2025



Junior svíta



HÓTEL  
ORK



# NJÓTTU SVEITASÆLUNNAR

Gistu í friðsælu umhverfi eða njóttu kræsinga á fyrsta flokks veitingastað. Fullkomnaðu ferðina með því að skella þér í sundlaugina, heita pottinn eða gufubaðið.

*Velkomin til okkar í sveitasæluna!*

# Stjórn HSK 2025

**Formaður:**

Guðríður Aadnegard  
Formaður frá 2010. Var ritari frá 2001–2010. Sat í varastjórn frá 2000–2001.

**Gjaldkeri:**

Guðmundur Jónasson  
Gjaldkeri frá 2014. Sat í varastjórn frá 2012–2014.

**Ritari:**

Anný Ingimarsdóttir  
Ritari frá 2016. Sat í varastjórn frá 2011–2016.

**Varaformaður:**

Helgi S. Haraldsson  
Varaformaður frá 2016. Var ritari stjórnar frá 2015–2016.

**Meðstjórnandi:**

Jón Þróstur Jóhannesson  
Meðstjórnandi frá 2021. Sat í varastjórn frá 2018–2021.

**Varamenn:**

Gestur Einarsson  
Varamaður frá 2014.



Lárus Ingi Friðfinnsson  
Varamaður frá 2022.



Guðrún Ása Kristleifsdóttir  
Varamaður frá 2024.

**Framkvæmdastjóri:**

Engilbert Olgeirsson  
Framkvæmdastjóri frá 1991.

## Ársskýrsla 2025

**Umsjón með útgáfu:** Engilbert Olgeirsson.  
**Prófaralestur:** Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Guðríður Aadnegard, Guðrún Ása Kristleifsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Raket Magnúsdóttir og Örn Guðnason.

**Hönnun og umbrot:** Guðmundur Karl Sigurdórsson.

**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja.

**Myndir:** Engilbert Olgeirsson, UMFÍ, ÍSÍ og forystufólk í félögum, nefndum og ráðum HSK.

**Forsíða:** Frá fyrsta formlega samráðsfundi stjórnar HSK með félögum okkar í ÍBV og USVS.



Frá fimleikasýningu Umf. Hrunamanna á Flúðum í desember.

## Efnisyfirlit

**Skýrsla stjórnar:**

- 4 Ávarp formanns
- 6 Ársreikningur
- 10 Verkefnasjóðsreikningur  
Framlög úr héraði 2025
- 11 Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2025
- 12 Íþróttakarlar og íþróttakona HSK
- 14 Sérverðlaun veitt á héraðsþingi
- 15 Heiðranir á héraðsþingi  
Heimasíða HSK  
HSK fréttir í héraðsfréttamiðlum  
Ársskýrslur HSK á hsk.is

**Fundur, þing og námskeið:**

- 16 Héraðsþing HSK  
Formannafundur HSK  
Stjórnarfundir HSK árið 2025  
Málstofa um íþróttamál í Uppsveitum  
Árnissýslu
- 17 Vorfundur UMFÍ  
Íþróttþing ÍSÍ  
Fyrsti samráðsfundur stjórnar íþróttahéraða á Suðurlandi  
Fundir stjórnar HSK með aðildarfélögum og sveitarfélögum  
Þing Ungmennafélags Íslands
- 18 Samráðsfundur aðildarfélaga innan HSK, ÍBV og USVS  
Formannafundur ÍSÍ  
Þing sérsambanda  
HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi nefndir hjá HSK
- 19 Golfklúbbur Hraunborga sækir um aðild að HSK  
Suðri gengur til liðs við Umf. Selfoss sem deild um starf fatlaðra

**Samstarfsverkefni:**

- 20 Verkefni svæðisfulltrúa íþróttahéraða fjölbreytt  
Heildarstigatafla HSK  
Félagsmiðstöðin Sel
- 21 Öll aðildarfélög HSK skiluðu starfskýrslu ÍSÍ og UMFÍ  
Mikill munur á starfsemi Íslenskra getrauna og erlendra veðmálafyrirtækja  
Löttótektur framfarum vonum vegna aukagreiðslu frá Íslenski Getspá  
29 vinnustaðir á HSK svæðinu tóku þátt í verkefninu Hjólað í vinnuna  
Grunnskólinn í Þorlákshöfn hlaut þátttökuverðlaun í Ólympíuhlaupi ÍSÍ  
Sundlaugin á Selfossi í sjötta sæti í landsátakinu Syndum

- 22 Sjálfboðaliði Suðurlands árið 2025  
Jón Arnar fyrstur Sunnlendinga í Heiðurshöll ÍSÍ  
Sunnlendingur tilnefndur sem Íþróttaldhugi ársins

**Ýmsar upplýsingar:**

- 24 Lög HSK
- 25 Aðildarfélög og formenn félaga um áramót
- 26 Gull- og silfurmerki HSK  
Fjöldi iðkenda eftir greinum
- 27 Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunum
- 28 Íþróttaiðkendur aðildarfélaga HSK
- 29 Íþróttakarlar og íþróttakona HSK
- 30 Matmenn HSK  
Sleifarhafar HSK
- 31 Fréttapunktur frá ÍSÍ 2025
- 32 Fréttapunktur frá UMFÍ 2025
- 34 Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ  
Úthlutun úr Íþróttasjóði 2025
- 35 Ferðasjóður íþróttafélaga  
Umhverfissjóður UMFÍ  
Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar

**Skýrslur nefnda skipaðar af stjórn:**

- 37 Kjörnefnd HSK  
Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK
- 35 Unglingalandsmótsnefnd HSK

**Yfirlit um störf nefnda og ráða:**

- 38 Nefndaskipan og stjórnir sérráða HSK 2025
- 39 Almenningsíþróttanefnd  
Badmintonnefnd  
Blaknefnd
- 40 Borðtennisnefnd  
Briddsnefnd  
Frjálsíþróttaráð
- 42 Glímuráð
- 43 Íþróttanefnd eldri félagsmanna  
Íþróttanefnd fatlaðra  
Skáknefnd  
Sundnefnd  
Sögu- og minjanefnd

**Skýrslur aðildarfélaga:**

- 44 Akstursíþróttafélag Hreppakappa  
Golfklúbbur Ásatúns  
Golfklúbburinn Dalbúi
- 45 Golfklúbburinn Flúðir
- 46 Golfklúbburinn Geysir  
Golfklúbbur Hellu  
Golfklúbbur Hveragerðis
- 47 Golfklúbbur Kjöðabergs  
Golfklúbbur Selfoss
- 48 Golfklúbburinn Úthlíð

- 48 Golfklúbbur Þorlákshafnar
- 49 Golfklúbburinn Þverá
- 49 Golfklúbbur Öndverðarness  
Hestamannafélagið Geysir  
Hestamannafélagið Háfeti  
Hestamannafélagið Jökull
- 50 Hestamannafélagið Ljúfur  
Hestamannafélagið Sleipnir
- 51 Íþróttafélagið Dimon  
Íþróttafélagið Garpur
- 52 Íþróttafélagið Gnýr
- 53 Íþróttafélagið Hamar  
Íþróttafélagið Milan  
Íþróttafélagið Mímír
- 54 Íþróttafélagið Suðri  
Íþróttafélag Uppsveita
- 55 Knattspyrnufélag Árborgar  
Knattspyrnufélag Rangæinga
- 56 Knattspyrnufélagið Ægir  
Körfuknattleiksfélag Selfoss  
Skotíþróttafélagið Skyttur
- 57 Skotíþróttafélag Suðurlands  
Torfærurklúbburinn  
Umf. Biskupstungna
- 58 Umf. Dagsbrún  
Umf. Eyfellingur  
Umf. Framtíðin  
Umf. Gnúpverja  
Umf. Hekla
- 59 Umf. Hrunamanna  
Umf. Hvöt  
Umf. Ingólfur
- 60 Umf. Laugdæla  
Umf. Merkihvöll  
Umf. Selfoss
- 61 Umf. Skeiðamanna
- 62 Umf. Stokkseyrar  
Umf. Trausti  
Umf. Þjótandi
- 63 Umf. Þór  
Umf. Þórmörk  
Félög sem skiluðu ekki skýrslu



Fundargögn  
héraðsþings 2026

Skýrsla stjórnar:

# Ávarp formanns HSK

Að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi hefur, í öllum aldursþópum, ekki bara áhrif á líkamshreysti heldur einnig félagslega og andlega líðan.

Á sambandsvæði HSK fer fram gróskumikið og öflugt starf sem endurspeglast hér í þessu ársriti. Hér er gert upp liðið starfsár sem var eins og oft áður viðburðaríkt. Einnig er fjallað um afrek Sunnlendinga í íþróttum og þann metnað og kraft sem býr í íþróttafólki á sambandsvæði HSK. Margt af okkar frábæra íþróttafólki náði glæsilegum árangri á keppnisvælinum og má lesa um það í ritinu okkar. Einnig má lesa um hið gróskumikla starf sem fram fer í félögum á sambandsvæðinu.

## Hvernig gerum við gott starf betra?

Öll getum við verið sammála um að hver króna sem rennur til íþróttastarfsins skilar sér margfalt til baka út í samfélagið. Við þurfum ekki að deila hér um kosti starfsins. Starfið sem unnið er innan íþróttahreyfingarinnar og á sambandsvæði Héraðs-sambandsins Skarphéðins er afar fjölbreytt og faglegt. Einn hængur er þó á, en það er kostnaður heimila við íþróttastarfið sem hefur aukist umtalsvert. Þá er fjárhagur margra félaga þungur og sífellt erfiðara er að fá sjálfbæði til starfa.

Áhyggjuefni okkar í dag er sá mikli kostnaður sem fylgir því að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi. Lökendur þurfa í flestum tilfellum að borga æfingagjöld og fjárfesta í búningum. Æfingagjöld duga í fæstum tilfellum fyrir þeim kostnaði sem af starfinu hlýst og mega heldur ekki vera það há að það hamlí þátttöku barna efnaminni foreldra/forráðamanna. Ofan á æfingagjöldin leggst síðan kostnaður við keppnisferðir sem er í mörgum tilvikum afar erfiður mörgum heimilum. Vitað er að foreldrar, sem eiga til dæmis þrjú börn sem öll leggja stund á íþróttir, séu að borga hátt í milljón í ferðakostnað á ári. Inn í þeirri upphæð eru ekki æfingagjöld eða búningakaup. Í sumum félögum eru dæmi um að innheimt æfingagjöld dugi fyrir 60–70 prósent af kostnaði við þjálfun barna og ungmenna og það gengur engan veginn upp.

Sjálfbæðið hefur fækkað og færri koma að starfinu en áður. Einnig er erfiðara með margar fjáraflanir. Fjáraflanir sem ætlað er að halda daglegu starfi gangandi ganga ekki upp lengur. Fjármagn verður því að koma inn í starfið með öðrum hætti.

Þær kröfur sem samfélagið gerir til íþróttafélaga í dag eru að mörgu leyti óraunhæfar ef við miðum við það fjármagn sem félögin hafa til starfseminnar. Ýmsir innan hreyfingarinnar eru á því að útilokað sé að hægt verði að halda áfram starfinu ef ekki verður breyting á.

Við eigum öflugt fólk hér á sambandsvæðinu og ég veit að HSK félagar leggja metnað í faglegt og kraftmikið starf fyrir alla aldursþópa. Í starfi sínu leggja félögin áherslu á að ráða faglega þjálfara til starfa sem bera hag allra iðkenda fyrir brjóst, vitandi að íþróttastarf á að vera fyrir alla, óháð efnahag heimilanna. Þjálfarar sinna starfi sínu af alúð og fagmennsku og hafa margir hverjir náð framúrskarandi árangri í sínum störfum. Árangur félaganna sýnir sig í þeim fjölmörgu titlum sem unnust á árinu og í þeim fjölda einstaklinga sem félögin eiga í landsliðum Íslands. Erum við í stjórn HSK afar stolt af því starfi sem hér fer fram.

Búseta á ekki að koma í veg fyrir að einstaklingar geti stundað íþróttir. Því þarf að auka verulega fjárframlög í ferðasjóð ÍSÍ og efla enn frekar nýtingu Loftbrúar.



(F.v.) Guðmundur gjaldkeri, Guðríður formaður og Anný ritari á héraðsþinginu í Aratungu.

Sumir hafa nefnt að skoða þurfi allar hugmyndir varðandi ívilnanir t.d. til þeirra fyrirtækja sem annast akstur íþróttaliða vitta og breytt um landið, sem og kostnað við gistingu hópa.

Ég þreystist seint á því að benda á hið augljósa, en það er að með því að fjárfesta í íþróttum styðjum við forvarnarstarf og er ekki vanþörf á því í dag. Með faglegu og markvissu starfi öllum við upp heilbrigðari einstaklinga sem eiga auðveldara með að fóta sig úti í samfélaginu. Íþróttir eru spegill samfélagsins, ekki bara leikur og keppni.

## Hvað þarf til að ná á toppinn?

Á kjöri á íþróttamanni ársins 3. janúar 2026, flutti forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, ávarp. Þar sagði hún m.a. að íþróttir sýndu að árangur næst með þrautseigju, jákvæðum stuðningi, gleði og aga og síðast en ekki síst með því gefast ekki upp. Þegar vel gengur megi segja að íþróttir séu hjartsláttur þjóðarinnar sem tengir okkur sem þjóð.

Halla sagði íþróttir vera gott dæmi um að afrek vinnast sjaldan í einangrun heldur er um að ræða afrakstur mikillar samvinnu þjálfara og keppenda, þjálfarateymis og liðsfélaga, ásamt samvinnu innan fjölskyldunnar, íþróttafélaga og samtaka.

Samvinna var Höllu ofarlega í huga í ávarpi sínu. Hún vakti mig til umhugsunar um stöðu íþróttamála á Íslandi í dag. Hún talaði um að við þurfum að setja farsæld barna og ungmenna í forgang og kom inn á að í þessum málum þyrftu margir aðilar að taka höndum saman. Við þyrftum að móta samfélag þar sem unga fólk fengi rými til að vaxa og nærast vel, hvílast og njóta tómsunda, samfélag þar sem hreyfing og leikur þykja jafn sjálfögð og kunnátta í lestri og stærðfræði. Það sé ekki nóg að tala um farsæld barna heldur þurfum við sem þjóð að setjum okkur sameiginleg markmiði, háleit og raunhæf og koma þeim í framkvæmd.

Við þurfum að skapa umhverfi sem styður við drauma og heilbrigði barna og ungmenna, styrkja

og efla félagstengsl og trú þeirra á framtíðina og eigin getu. Efla þarf íþróttafélög sem mæta þeim af alúð, ábyrgð og umhyggju, óháð efnahag, bakgrunni og getu. Á bak við þá sem ná lengst, sagði forsetinn, að sem börn hafi hvert og eitt fengið að takast á við áskoranir, fengið hvatningu og rými til að hreyfa sig og þroskast. Á bak við hvern og einn titil stendur fámennur eða fjölmennur hópur fólks sem hefur trú á þessum einstaklingi og styrkir trú hans á eigin getu. Það viljum við svo sannarlega að öll börn og ungmenni eigi kost á, ekki aðeins þau sem ná á toppinn.

Eftir að hafa hlýtt á ávarp forseta Íslands fór ég að hugsa að þetta er akkúrat það sem íþróttahreyfingin hefur verið að gera, oft við mjög erfiðar og krefjandi aðstæður og með lítið fjármagn til starfans og er að mínu mati með hreinum ólíkindum hverju hreyfingin hefur fengið áorkað í gegnum tíðina.

Nú þurfum við öll að stilla saman strengi og skapa samfélag þar sem börn og ungmenni fá tækifæri til að blómstra á eigin forsendum. Sköpum samfélag þar sem við hlúum að þroska allra barna, ræktum seiglu og ýtum undir sköpunargleði. Sameiginlegir hagsmunir okkar allra er að tryggja öllum þeim sem hér alast upp bjarta framtíð.

## Hvað gera Norðmenn sem skilar þeim svona góðum árangri í íþróttum – getum við lært eitthvað af þeim?

Segja má að Norðmenn hafi náð framúrskarandi árangri í íþróttum miðað við höfðatölu, einkum í vetraríþróttum. Nægir þar að nefna frábæran árangur á nýliðnum Vetrarólympíuleikum.

Þeir sem skoðað hafa árangur Norðmanna segja að þar skipti mestu máli öflugt uppbyggingarstarf og miklar fjárfestingar í afreksstarfi. Einnig öflugt barna- og unglingsstarf þar sem áhersla er lögð á fjölbreytni og ánægju fremur en sérhæfingu í byrjun. Einnig er talað um öfluga innviðauppbyggingu,

rótgróna menningu fyrir útivist og ríkuleg fjárframlög til afreksstarfs. Lögð er áhersla á gæði þjálfunar og þekkingu á þroska barna og ungmenna. Einnig nefna þeir að samvinna og skipulag milli sérsambanda og íþróttafélaga tryggji góða umgjörð yngri íþróttamanna. Uppskriftnin að farsælu íþróttastarfi í Noregi er m.ö.o. að blanda saman ánægju í barnastarfinu og metnaði í afreksstarfi.

Tore Øvrebø, sem var fulltrúi sendinefndar á Ólympíuleikunum í ár, segir að góð aðstaða sé ekki mikilvægasta ástæða árangursins, heldur sé áherslan í norska samfélaginu á jafnræði og það að tryggja öllum börnum aðgang sem vilja iðka íþróttina, það sem skipti máli. Strax í byrjun er áhersla á að börn njóti sín þar sem keppni er ekki aðalmálið. Börn séu hvött til að æfa fjölbreyttar íþróttir og nýta þær til að efla líkamlega getu. Búnaður er endurnýttur til að gefa sem flestum tækifæri til að vera með. Þar sem búnaður, t.d. í skíðaíþróttinni, er dýr gefur þetta fyrirkomulag efnaminni fjölskyldum kost á að vera með. Með þessu fyrirkomulagi er stuðlað að velgengni og árangri þegar horft er til lengri tíma og grunnur lagður fyrir þau sem síðan fara alla leið og stefna á afreksbrautina.

Samfélagsgerðin og almennar áherslur skipta mestu máli fyrir árangur að mati Norðmanna, en að sjálfsgöðu hafa aðstaða, hefðir og menning einnig áhrif.

#### Hvað getum við gert á okkar svæði?

Þó sífellt erfiðara sé að halda úti starfi íþróttahreyfingarinnar gerum við okkur fulla grein fyrir þeirri ábyrgð sem við berum á að bjóða upp á skipulagt og faglegt starf fyrir börn og ungmenni með faglegu starfsfólki og vel menntuðum þjálfurum. Við þurfum einnig að geta gripið til viðbragðsáætlana ef eitthvað kemur upp á.

Þar sem fram undan eru sveitarstjórnarkosningar er lag fyrir okkur í íþróttahreyfingunni að benda á hið augljósa á aðdraganda kosninga, sem er að það er samfélaginu einfaldlega dýrt að vera ekki með faglegt og öflugt íþróttastarf í sínu nærsamfélagi. Það þýðir einfaldlega aukinn kostnað og fjárframlög annars staðar í kerfinu.

Til þess að íþróttafélögin geti haldið áfram sínu starfi og ná að vaxa og dafna þarf samtali. Við þurfum að eiga samtöl við stjórnvöld og þau þurfa að taka alvarlega ábendingar okkar varðandi stöðuna í íþróttahreyfingunni. Við þurfum samtali um skattamálín, fjármálín, lagaumhverfið og allt annað sem við kemur starfi okkar svo hægt verði að bjóða áfram upp á það frábæra starf sem íþróttahreyfingin hefur staðið fyrir um langan hríð með auknum kröfum, iðkendafjölda og breyttu umhverfi samfélagsins.

#### Fundur stjórnar HSK með fulltrúum aðildarfélaga

Stjórn HSK ákvað í haust að boða til fundar með forystu aðildarfélaga og fulltrúum sveitarfélaga á sambandssvæðinu. Haldnir voru fjórir fundir víðs vegar um héraðið, en þeir voru hugsaðir sem samráðs- og upplýsingafundir. Forysta HSK kynnti helstu verkefni sambandsins og uppbyggingu íþróttahreyfingarinnar og fulltrúar félaganna sögðu frá því sem efst var á baugi í þeirra starfi. Fundirnir voru vel sóttir og margt sem bar á góma. Sköpuðust málefnalegar og skemmtilegar umræður. Fulltrúar sveitarfélaganna hefðu gjarnan mátt vera fleiri á fundunum þar sem íþróttamál heyrna undir þeirra verksvið. Grunnur að farsælu, árangursríku starfi og



Frá stjórnarfundum HSK skömmu eftir stórafmæli formanns.

farsælli þjónustu er samtali, samstarf og samráð allra sem að málaflokknum koma.

#### Aukin samvinna við ÍBV og USVS

Með tilkomu svæðisfulltrúanna, Bryndísar Láru Hrafnkelsdóttur og Rakelar Magnúsdóttur, hefur verið unnið markvisst að því að koma á öflugum samskiptum og efla samstöðu milli HSK, ÍBV og USVS. Haldnir hafa verið samráðsfundir íþróttahéraða þar sem markmiðið var að gefa forsvarsmönnum sambandanna og aðildarfélaganna tækifæri til að efla tengslin og skiptast á skoðunum um ýmis málefni. Undir forystu þeirra tveggja hefur ýmsum verkefnum verið hrundið í framkvæmd á sambandssvæðinu og hefur það gefið góða raun.

#### Öflugir sjálfbóðaliðar tilnefndir sem íþróttaldhugar

Til þess að íþróttastarf þrífist þarf sjálfbóðaliða. Þúsundum saman leggja þeir á sig ómælda vinnu um allt land. Án þeirra vinnuframlags væri lítið starf sem fram færi hjá íþróttafélögum, íþróttahéruðum eða sérsamböndum. Með sanni má segja að þessi hópur sé sannir íþróttaldhugar og vegna aðkomu þeirra gengur íþróttastarfið á Íslandi upp.

Sú nýbreytni sem tekin var upp hjá ÍSÍ árið 2022 að heiðra sjálfbóðaliða samhliða vali á íþróttamanni ársins er afar ánægjuleg. Tilgangurinn með valinu er að vekja athygli á og heiðra þá einstaklinga sem gefið hafa tíma sinn til að efla og halda íþróttastarfinu gangandi. Leitað er eftir framúrskarandi sjálfbóðaliðum sem hafa nýtt eigin hæfileika, sérþekkingu og frítíma árum saman. Til greina koma sjálfbóðaliðar sem m.a. vinna við fjáraflanir, framkvæmd móta og leikja og sitja í stjórnnum, svo fátt eitt sé nefnt sem hvílt getur á herðum dugmikilla sjálfbóðaliða.

Stjórn HSK er afar stolt af því að tveir sjálfbóðaliðar af sambandsvæði HSK hafa fengið tilnefningu sem íþróttaldhugi ársins. Þetta eru þeir Ólafur

Elí Magnússon Hvolsvelli, sem tilnefndur var 2023 og Árni Þór Grétarsson Selfossi, en hann var tilnefndur 2025. Þó þeir hlytu ekki útnefningu þá eru þeir sannarlega miklir og sannir eldhugar og áttu tilnefninguna sannarlega skilið.

Að lokum þakka ég öllum okkar góðu stuðningsaðilum fyrir veittan stuðning á starfsárinu. Framkvæmdastjóra og stjórn HSK, svæðisfulltrúum, stjórnarfólki í stjórnnum, ráðum og nefndum þakka ég þeirra framlag til íþróttamála á Suðurlandi. Síðast en ekki síst þakka ég iðkendum, foreldrum/forráðamönnum, þjálfurum og sjálfbóðaliðum fyrir frábært og óeingingjarnt starf. Takk öll fyrir ykkar framlag það verður seint metið til fjár.


#### Guðriður Aadnegard, formaður HSK




# Ársreikningur HSK 2025

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn fyrir árið 2025. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2025 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2025. Undirritaðir fyrir hönd Héraðssambandsins Skarphéðins, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2025 með undirskrift sinni.

Selfossi, 9. mars 2026,


  
Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK

  
Engilbert Ólgeirsson, framkvæmdastjóri HSK

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga, höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2025. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttan.

Selfossi, 9. mars 2026,

  
Brynja Hjálmtýsdóttir

  
Bergur Guðmundsson

## Rekstrarreikningur HSK 2025

	Skýr.	Rauntölur 2025	Áætlun 2025	Rauntölur 2024
<b>REKSTRARTEKJUR</b>				
Framlög og styrkir	1	67.596.767	50.816.000	66.489.091
Tekjur af mótum	2	432.150	600.000	906.150
Auglýsingatekjur	3	380.000	370.000	370.000
Aðrar tekjur	4	4.958.710	4.460.000	4.335.636
<b>Rekstrartekjur alls</b>		<b>73.367.627</b>	<b>56.246.000</b>	<b>72.100.877</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>				
Laun og verktakagreiðslur	5	14.937.682	14.170.000	15.115.023
Fundir og þing	6	1.167.952	920.000	514.859
Áhöld og tæki	7	0	0	0
Þátttaka í mótum	8	0	0	0
Kostnaður v/mótahalds	9	409.580	450.000	556.988
Rekstur mannvirkja	10	700.000	700.000	600.000
Rekstur skrifstofu	11	913.175	972.500	986.984
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	12	697.388	690.000	696.699
Önnur gjöld	13	50.824.306	38.406.500	50.014.432
<b>Rekstrargjöld alls</b>		<b>69.650.083</b>	<b>56.309.000</b>	<b>68.484.985</b>
<b>Hagnaður án fjármagnsliða</b>		<b>3.717.544</b>	<b>-63.000</b>	<b>3.615.892</b>
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD</b>				
Vaxtatekjur		1.675.043	1.000.000	1.895.042
Vaxtagjöld		0	0	0
Þjónustugjöld		-32.588	-30.000	-29.840
Fjármagnstekjuskattur		0	-17.000	-29.966
<b>Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld alls</b>		<b>1.642.455</b>	<b>953.000</b>	<b>1.835.236</b>
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>		<b>5.359.999</b>	<b>890.000</b>	<b>5.451.128</b>

## Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2025

EIGNIR	2025	2024
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir (50% eignarhlutur í Selinu)	6.443.227	6.663.260
Samkomutjald	560.000	560.000
Kerra	590.000	590.000
<b>Fastafjármunir alls</b>	<b>7.593.227</b>	<b>7.813.260</b>
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>		
Viðskiptakröfur	763.353	0
Handbært fé	22.562.269	17.772.743
<b>Veltufjármunir alls</b>	<b>23.325.622</b>	<b>17.772.743</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>30.918.849</b>	<b>25.586.003</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</b>		
<b>EIGIÐ FÉ</b>		
Óráðstafað eigið fé	25.365.970	20.134.875
Tekjuafgangur ársins	5.359.999	5.451.128
<b>Eigið fé alls</b>	<b>30.725.969</b>	<b>25.586.003</b>
<b>LANGTÍMASKULDIR</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>		
Ógr. launatengd gjöld	192.880	0
<b>Skammtímaskuldir alls</b>	<b>192.880</b>	<b>0</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>30.918.849</b>	<b>25.586.003</b>

Skýringar á rekstarreikningi HSK 2025	Rauntölur 2025	Áætlun 2025	Rauntölur 2024
<b>1. Framlög og styrkir</b>			
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	0	0	2.889.061
Styrkur UMFÍ	300.000		
Lottó	62.285.962	45.800.000	60.497.320
Getraunir	3.266.350	3.266.000	1.378.110
Framlag frá sveitarfélögum	1.744.455	1.750.000	1.724.600
<b>Framlög og styrkir alls</b>	<b>67.596.767</b>	<b>50.816.000</b>	<b>66.489.091</b>
<b>2. Tekjur af mótum</b>			
Þátttökugjöld	432.150	600.000	906.150
Landsmótshald	0	0	0
<b>Tekjur af mótum alls</b>	<b>432.150</b>	<b>600.000</b>	<b>906.150</b>
<b>3. Auglýsingatekjur</b>			
Útgáfa	180.000	220.000	220.000
Heimasíða	200.000	150.000	150.000
<b>Auglýsingatekjur alls</b>	<b>380.000</b>	<b>370.000</b>	<b>370.000</b>
<b>4. Aðrar tekjur</b>			
Skattar aðildarfélaga	2.859.150	2.900.000	2.880.150
HSK þing	95.000	65.000	389.000
Leigutekjur v/skrifstofu	720.000	720.000	300.000
Tekjur v/Unglingalandsmóts	525.000	575.000	575.000
Aðrar tekjur	759.560	200.000	191.486
<b>Aðrar tekjur alls</b>	<b>4.958.710</b>	<b>4.460.000</b>	<b>4.335.636</b>
<b>5. Laun og verktakagreiðslur</b>			
Laun starfsmanna	10.460.457	9.900.000	10.208.780
Tryggingagjald	852.627	800.000	846.125
Lífeyrissjóður	1.420.558	1.350.000	1.381.393
<b>Laun alls</b>	<b>12.733.642</b>	<b>12.050.000</b>	<b>12.436.298</b>
<b>Bifreiða- og aðrir styrkir</b>			
Bifreiðastyrkir starfsmanna	1.556.640	1.450.000	1.744.875
Dagpeningar	647.400	670.000	933.850
<b>Bifreiða- og aðrir styrkir alls</b>	<b>2.204.040</b>	<b>2.120.000</b>	<b>2.678.725</b>
<b>Laun og verktakagreiðslur alls</b>	<b>14.937.682</b>	<b>14.170.000</b>	<b>15.115.023</b>
<b>6. Fundir og þing</b>			
Stjórnarfundir HSK	34.899	40.000	37.663
Þing HSK	135.231	150.000	378.290
Formannafundur HSK	9.182	10.000	0
Nefndafundur HSK	20.633	35.000	30.490
Þing ÍSÍ	22.500	25.000	0
Þing UMFÍ	718.340	650.000	0
Vorfundur UMFÍ	2.215		
Sambandsráðsfundur UMFÍ			58.000
Aðrir fundir og ráðstefnur	224.952	10.000	10.416
<b>Fundir og þing alls</b>	<b>1.167.952</b>	<b>920.000</b>	<b>514.859</b>

	Rauntölur 2025	Aætlun 2025	Rauntölur 2024
<b>7. Áhöld og tæki</b>			
Skrifstofuáhöld	0	0	0
Önnur áhöld	0	0	0
<b>Áhöld og tæki alls</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>9. Kostnaður v/mótahalds</b>			
Verðlaunapeningar	152.000	150.000	197.800
Húsa- eða vallarleiga	0	0	0
Annar kostnaður vegna mótahalds	257.580	300.000	359.188
Landsmótshald	0	0	0
Landsmótshald, hlutdeild félaga	0	0	0
Landsmótshald, hlutdeild Verkefnasjóðs	0	0	0
<b>Kostnaður v/mótahalds alls</b>	<b>409.580</b>	<b>450.000</b>	<b>556.988</b>
<b>10. Rekstur mannvirkja</b>			
Selið	700.000	700.000	600.000
<b>Rekstur mannvirkja alls</b>	<b>700.000</b>	<b>700.000</b>	<b>600.000</b>
<b>11. Rekstur skrifstofu</b>			
Sími	254.055	300.000	333.693
Ritföng	20.326	15.000	14.948
Prentun	10.048	15.000	13.256
Póstkostnaður	1.730	2.500	2.350
Kaffikostnaður og risna	49.026	30.000	29.547
Tölvukostnaður	408.567	350.000	338.123
Annar skrifstofukostnaður	169.423	260.000	255.067
<b>Rekstur skrifstofu alls</b>	<b>913.175</b>	<b>972.500</b>	<b>986.984</b>
<b>12. Kynning, fræðsla og útbreiðsla</b>			
Útgáfa ársskýrslu	435.488	430.000	418.010
Heimasíða	261.900	260.000	247.089
Námskeið			31.600
<b>Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls</b>	<b>697.388</b>	<b>690.000</b>	<b>696.699</b>
<b>13. Önnur gjöld</b>			
Lottógreiðslur til félaga	44.729.047	32.976.000	43.558.067
Unglingalandsmótsþátttaka	59.768	800.000	862.843
Þátttaka á landsmóti 50+	0	0	0
Verkefnasjóður HSK	5.916.305	4.480.500	5.473.220
Ýmis kostnaður	119.186	150.000	120.302
Afskriftir	0	0	0
<b>Önnur gjöld alls</b>	<b>50.824.306</b>	<b>38.406.500</b>	<b>50.014.432</b>

## Verkefnasjóður HSK

<b>Rekstrarreikningur 2025</b>		<b>31/12/25</b>	<b>31/12/24</b>	<b>31/12/23</b>
<b>Tekjur:</b>				
Framlag HSK samkvæmt reglugerð	kr.	5.799.465	5.473.220	5.244.694
Tekjur vegna vanskila félaga	kr.	116.840	0	299.939
Vaxtatekjur	kr.	550.813	589.525	430.138
Landsmótshald, hlutdeild Verkefnasjóðs	kr.	0	0	605.411
Ósóttir styrkir frá fyrra ári	kr.	100.000	172.500	160.000
<b>Tekjur alls:</b>		<b>6.567.118</b>	<b>6.235.245</b>	<b>6.740.182</b>
<b>Gjöld:</b>				
Styrkir, úthlutun sjóðsstjórnar	kr.	5.443.000	6.147.600	5.451.500
Fjármagnstekjuskattur	kr.	0	11.097	94.630
<b>Gjöld alls:</b>		<b>5.443.000</b>	<b>6.158.697</b>	<b>5.546.130</b>
<b>Rekstrarhagnaður (tap) ársins</b>		<b>1.124.118</b>	<b>76.548</b>	<b>1.194.052</b>

### Efnahagsreikningur 31. desember 2025

<b>Eignir</b>				
Í sjóði	kr.	10.297.689	11.343.571	9.757.523
<b>Eignir alls:</b>		<b>10.297.689</b>	<b>11.343.571</b>	<b>9.757.523</b>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>				
Eigið fé frá fyrra ári	kr.	9.013.571	8.937.023	7.742.971
Rekstrarhagnaður ársins	kr.	1.124.118	76.548	1.194.052
Ógreiddir styrkir um áramót	kr.	160.000	2.330.000	820.500
<b>Skuldir og eigið fé alls:</b>		<b>10.297.689</b>	<b>11.343.571</b>	<b>9.757.523</b>

## Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda 2025

Hér má sjá bein fjárframlög sveitarfélaga og héraðsnefnda til HSK.

Héraðsnefndir:	Íbúar*	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Héraðsnefnd Árnesinga	22.315	290 kr. á íbúa	1.250.000	56,02 kr.

Héraðsnefnd Rangæinga hætti árið 2011 að veita styrki sem þessa á árinu, en benti sambandinu að sækja um framlag beint til sveitarfélaga í sýslunni og hefur það verið gert síðan.

Sveitarfélög:	Íbúar	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Rangárþing eystra	2.073	290 kr. á íbúa	227.745	109,86 kr.
Rangárþing ytra	1.940	290 kr. á íbúa	180.000	92,78 kr.
Ásahreppur	299	290 kr. á íbúa	86.710	290,00 kr.

\*Íbúafjöldinn er samkvæmt tölum frá Hagstofunni 2025.

**Greiðsla alls úr héraði 2025: 1.744.455**

# Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2025

Verkefnasjóður HSK auglýsir tvisar á ári eftir umsóknum og þurfa umsóknir að berast fyrir 1. apríl eða 1. október ár hvert. Þá úthlutar sjóðsstjórn úr sjóðnum til sérstakra verkefna. Í reglugerð um sjóðinn segir m.a. „Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf á sambands svæði Héraðssambandsins Skarphéðins. Sjóðurinn veitir ekki styrki til mannvirkjagerðar. Að öðru leyti fer úthlutun úr sjóðnum eftir mati stjórnar sjóðsins.“

## Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:

Landsliðsval	60.000 kr. á einstakling	Nýjungar í starfi/útbreiðsluverkefni, að hámarki	50.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Menntun þjálfara og dómara innanlands, að hámarki	20.000 kr. á einstakling	Námskeiðahald, að hámarki	50.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Menntun þjálfara og dómara erlendis	50.000 kr. á einstakling	Sérstök verkefni, að hámarki	200.000 kr. á félag/nefnd/ráð

Þessi viðmið eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

## Fyrri úthlutun ársins:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið, sex einstaklingar	114.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Móttökunámskeið, einn einstaklingur	15.000
Fimleikadeild Umf. Þórs	Þjálfaranámskeið 1a og 1b, sjö einstaklingar	102.000
Fimleikadeild Umf. Þórs	Þjálfaranámskeið 2a og 2b, 17 einstaklingar	340.000
Fimleikadeild Umf. Þórs	Þjálfaranámskeið 3a og 3b, átta einstaklingar	160.000
Golfkl. Úthlið	Nýjung í starfi, verkefnið golf fyrir afa- og ömmubörnin	50.000
Íþróttafélagið Garpur	Landsliðsverkefni, þrjú einstaklingar	180.000
Júðódeild Umf. Selfoss	Nýjung í starfi, krílajúdu	50.000
Mótokrossdeild Umf. Selfoss	Landsliðsverkefni, einn einstaklingur	60.000
Píluðeild Umf. Selfoss	Nýjung í starfi, barna- og unglínganámskeið	50.000
Suðradeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið ÍSÍ, tveir einstaklingar	40.000
Ungmennafélag Biskupstungna	Nýjung í starfi, íþróttamálþing Uppsveita	50.000
Ungmennafélag Laugdæla	Nýjung í starfi, leikskólaleikfimi	50.000
Ungmennafélag Stokkseyrar	Nýjung í starfi, borðtennis	50.000
<b>Samtals</b>		<b>1.311.000</b>

## Seinni úthlutun ársins:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið FSÍ, 1A, 2A, 2B og 4A, 12 einstaklingar	225.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Fræðsludagur FSÍ, 23 einstaklingar	23.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Aðstoðarþjálfaranámskeið FSÍ, 11 einstaklingar	99.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Dómaranámskeið FSÍ í hópímleikum, fjórir einstaklingar	80.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Námskeiðahald/fyrirlestur, Haus hugarþjálfun	50.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið Parkourskúrsins, fyrir þjálfara deildarinnar	15.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Móttökunámskeið FSÍ, einn einstaklingur	15.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið í Danmörku, fjórir einstaklingar	200.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið ÍSÍ, tveir einstaklingar	40.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Námskeiðahald/þjálfarafyrirlestur, börn með taugaraskanir	45.000
Fimleikadeild Umf. Þórs	Þjálfaranámskeið FSÍ, 1A, 3A og 4A, 13 einstaklingar	230.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Landsliðsverkefni, sjö einstaklingar	420.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Landsliðsverkefni, fjórir einstaklingar	240.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Sérstök verkefni, þátttaka í Evrópukeppni kvenna	200.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Námskeiðahald, fyrirlestur	50.000
Hestamannafélagið Sleipnir	Landsliðsverkefni, þrjú einstaklingar	180.000
Judofélag Suðurlands	Þjálfaranámskeið í Svíþjóð, einn einstaklingur	50.000
Judofélag Suðurlands	Landsliðsverkefni, tveir einstaklingar	120.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Landsliðsverkefni, fimm einstaklingar	300.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið KSÍ B1, tveir einstaklingar	40.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið KSÍ B2, tveir einstaklingar	40.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið KSÍ B3, einn einstaklingur	20.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið KSÍ B4, einn einstaklingur	20.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið KSÍ, UEFA Youth Elite, einn einstaklingur	20.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaraskóli KSÍ A, einn einstaklingur	20.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Námskeiðahald, unglíngadómaranámskeið	50.000
Knattspyrnufélagið Ægir	Þjálfaranámskeið KSÍ, UEFA Pro, einn einstaklingur	20.000
Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs	Landsliðsverkefni, þrjú einstaklingar	180.000
Körfuknattleiksfélag Selfoss	Landsliðsverkefni, tveir einstaklingar	120.000
Mótokrossdeild Umf. Selfoss	Landsliðsverkefni, tveir einstaklingar	120.000
Vélhjóladeild Umf. Þórs	Landsliðsverkefni, einn einstaklingur	60.000
<b>Samtals</b>		<b>3.292.000</b>

## Sérstök úthlutun sjóðsstjórnar 2025:

Í 9. grein reglugerðar sjóðsins segir: „Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki úr sjóðnum vegna framúrskarandi árangurs einstaklinga og liða, án þess að umsókn hafi borist.“ Sjóðsstjórn ákvað á árinu eftirfarandi viðmiðunartölur vegna titla í fullorðinsflokki í boltagreinum: 300.000 fyrir Íslandsmeistarattitil, 200.000 fyrir bikarmeistarattitil og 200.000 fyrir deildarmeistarattitil. Engir titlar í efstu deildum unnust á þessu ári. Sjóðsstjórn ákvað á árinu eftirfarandi viðmiðunartölur vegna framúrskarandi árangurs í einstaklingsgreinum: Afreksstyrkur, val í Olympíuhóp ÍSÍ vegna næstu leika 200.000. Heimsmeistarattitill á HM íslenska hestsins 130.000.

Nafn	Ástæða úthlutunar	Úthlutun
Hákon Þór Svavarsson	Íþróttakarli HSK 2024	125.000
Perla Ruth Albertsdóttir	Íþróttakona HSK 2024	125.000
Hákon Þór Svavarsson	Val í Olympíuhóp ÍSÍ vegna næstu leika	200.000
Jón Ársæll Bergmann	Heimsmeistari í hestaíþróttum	130.000
Kristján Árni Birgisson	Heimsmeistari í hestaíþróttum	130.000
Védís Huld Sigurðardóttir	Heimsmeistari í hestaíþróttum	130.000
<b>Sérstök úthlutun samtals</b>		<b>840.000</b>
<b>Samtals úthlutun 2025</b>		<b>5.443.000</b>

# Íþróttakarlar og íþróttakona HSK

Frá árinu 2018 hefur HSK valið íþróttakarlar og íþróttakona HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru í einstökum greinum.

Fimm manna valnefnd HSK valdi Heiðrúnu Önnu Hlynsdóttur sem íþróttakonu HSK 2025 og Eric Mána Guðmundsson sem íþróttakarlar HSK 2025.



## Golf

### Íþróttakona HSK 2025

#### Heiðrún Anna Hlynsdóttir, GOS

Heiðrún Anna varð Íslandsmeistari kvenna í holukeppni 2025, stigameistari Gólf sambands Íslands (GSÍ) og sigraði á fjórum af sex stórmótum á mótaroð þeirra bestu hjá GSÍ. Hún bætti mótsmet GSÍ í kvennaflokki í Korpúbikarum á 11 undir pari og lék með A landsliði kvenna á Evrópumótinu í golfi. Hún er efst íslenskra kvenna á heimslista áhugamanna í golfi og spilaði með kvennaliði GOS í 1. deild kvenna á Íslandsmóti gólfklúbba þar sem hún sigraði alla sína leiki. Heiðrún Anna kemur að þjálfun barna og unglunga sem og nýliða í golfi og situr einnig í nefndum Gólfklúbbs Selfoss.

## Akstursíþróttir

### Atli Jamil Ásgeirsson, Torfærklúbbnum

Í ár var Atli í baráttunni um Íslandsmeistaratitillinn í sérútbúna flokknum og endaði tímabilið í 2. sæti þar sem úrslitin réðust í síðustu braut í lokakeppninni. Atli hefur verið þekktur fyrir fagmannleg vinnubrögð og glæsileika í kringum keppnisliðið sitt.



## Badminton

### Úlfur Þórhallsson, Hamri

Úlfur er HSK meistari 2025. Hann hefur tekið þátt í öllum unglunga- og fullorðinsmótum sem voru í boði aðildarfélaga BSÍ 2025 með góðum árangri. BSÍ valdi Úlf til að taka þátt í U15-U19 landsliðbúðum Nord Atlantic Camp í júní þar sem spilarar mættu frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum.



## Blak

### Agnieszka Parciak-Solinska, Dímon-Hekla

Árið 2025 var Aga í A-liði Dímonar - Heklu sem lék í 3. deild Íslandsmótsins. Hún varð HSK meistari með liðinu og tók einnig þátt í Öldungamóti. Hún mætir vel á æfingar, leggur sig fram og er góður liðsfélagi sem hvetur sína liðsmenn til dáða.



## Motocross

### Íþróttakarlar HSK 2025

#### Eric Máni Guðmundsson, Selfoss

Eric Máni skipar sér í röð þeirra bestu á Íslandi í motocross. Hann er metnaðarfullur og stundar sportið af miklum krafti og æfir bæði hérlendis og erlendis. Hann varð Íslandsmeistari í MX2 á árinu ásamt því að lenda í 2. sæti í enduro 14-19 ára. Eric Máni keppti fyrir hönd Íslands í Motocross of Nations sem er stærsta liðakeppni í heimi í USA. Eric Máni þjálfar yngstu iðkendur hjá UMFS og hefur gert undanfarin ár. Hann var í lok árs valinn motocrossmaður ársins hjá sínu sérsambandi.

### Kristján Valdimarsson, Hamri

Kristján Valdimarsson og bróðir hans Hafsteinn náðu þeim merka áfanga að ná yfir 100 landsleikjum fyrir Ísland á árinu 2025. Hann er máttarstólpi í liði Hamars sem er í toppbaráttu í efstu deild auk þess að þjálfa yngri flokka Hamars í blaki.



## Borðtennis

### Anton Óskar Ólafsson, Garpi

Á árinu festi Anton Óskar sig í sessi sem einn af efnilegri leikmönnum landsins. Hann náði góðum árangri á Íslandsmóti unglunga, var lykilmáður í liði Garps í deildakeppninni og hækkaði jafnt og þétt á styrkleiklista BTÍ eftir því sem leið á árið.



### Weronika Grzegorzczak, Garpi

Weronika náði eftirtektarverðum árangri á árinu 2025 og var meðal sigursælustu keppenda á mótum innanlands. Hún vann tvo Íslandsmeistarátitla á Íslandsmóti unglunga, í einliðaleik og tvíliðaleik 16-18 ára og sigraði í opnum flokki kvenna á einu af stórmótum ársins.



## Fimleikar

### Victoria Ann Vokes, Selfoss

Victoria Ann varð Íslandsmeistari í 1. flokki og bikarmeistari í 1. flokki á árinu og keppti upp fyrir sig með meistaraflokki og 1. flokki allt tímabilið. Hún keppti á Evrópumóti í Azerbaijan og var þar í 3. sæti með sínu liði, stökk allar umferðir og átti frábært mót.



## Frjálsíþróttir

### Eva María Baldursdóttir, Selfoss

Eva María bætti sinn besta árangur í hástökki með því að stökkva yfir 1,84 m. Hún var efst á afrekalista íslenskra kvenna í hástökki á árinu og í 15. sæti á Evrópulista í flokki 20-22 ára. Hún er í 3. sæti yfir bestan árangur kvenna í hástökki á Íslandi frá upphafi.



## Hjálmar Vilhelm

### Rúnarsson, Selfoss

Hjálmar Vilhelm setti aldursflokka-met í flokki 16-17 ára í tugbraut á NM í fjölbraut þar sem hann endaði í 5. sæti. Hann keppti í tugbraut á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar og náði 8. sæti við afskaplega krefjandi aðstæður. Hann varð Íslandsmeistari og bikarmeistari í hástökki í fullorðinsflokki þrátt fyrir ungan aldur.



## Golf

### Heiðar Snær Bjarnason, Gólfklúbbi Selfoss

Heiðar Snær vann sinn fyrsta einstaklingssigur í bandaríska háskólagolfinu ásamt tveimur liðssigum með West Virginia Tech. Hann var í 12. sæti á Íslandsmóti í golfi og var fyrsti kylfingur sögunnar að fara holi í höggi í beinni útsendingu. Hann varð í 2. sæti á Meistaramóti GOS, 10. sæti í Korpúbikar GSÍ mótaraðarinnar og spilaði með karlalíði GOS í 1. deild karla á Íslandsmóti gólfklúbba.



## Handknattleikur

### Hulda Dís Prastardóttir, Selfoss

Hulda Dís er lykilmáður í meistaraflokksliði Selfoss sem náði besta árangri kvennaliðs í sögu Selfoss á síðastliðnu keppnistímabili. Liðið endaði í 4. sæti Ólísdeildarinnar og vann sér þar með inn sæti í Evrópukeppni sem haldin var í haust. Hulda Dís leikur lykilhlutverk á báðum endum vallarins ásamt því að vera fyrirlíði liðsins.



### Hannes Höskuldsson, Selfoss

Hannes er lykilmáður og fyrirlíði í meistaraflokksliði Selfoss sem á síðasta tímabili tryggði sér sæti í efstu deild. Hannes var markahæsti leikmaður síðasta tímabils og var valinn leikmaður ársins á lokahófi deildarinnar síðasta vor.



**Hestaiþróttir**

**Jón Ársæll Bergmann, Geysi**

Jón Ársæll tók þátt í Meistaradeild Líflands og stóð liðið hans uppi sem sigurvegari eftir veturinn. Jón Ársæll varð efstur í tölti og fimmgangi ungmenna á Reykjavíkumeistaramóti. Varð efstur í B-flokki ungmenna og fjórgangi ungmenna á WR Íþróttamóti Geysis. Sigráði fimmgang og 100 m skeið á WR Íþróttamóti Sleipnis. Jón Ársæll varð Íslandsmeistari í slaktaumatölti og fimmgangi ungmenna. Jón Ársæll kláraði keppnisárið með því að hampa þreföldum heimsmeistaratitli á Hörpu frá Höskuldsstöðum en þau sigruðu í fimmgangi, gæðingaskeiði og samanlögðum fimmgangsgreinum á HM íslenska hestsins.



**Védís Huld Sigurðardóttir, Sleipni**

Védís Huld náði þeim einstaka árangri á árinu að verða tvöfaldur Íslandsmeistari og tvöfaldur heimsmeistari á Ísaki frá Þjorsárþakka. Hún keppti á fjölda móta á árinu með mjög góðum árangri. Védís Huld keppti í liði Sumarliðabæjar í Meistaradeild Líflands. Liðið var með yngsta meðalaldur sem keppt hefur í sterkustu innanhússdeild í hestaiþróttum. Þau unnu liðakeppnina eftir eina hörðustu keppni sem fram hefur farið.



**Íþróttir fatlaðra**

**María Sigurjónsdóttir, Suðra/Selfoss**

María æfir frjálsar og lyftingar. Í nóvember var Maríu boðið að taka þátt í Kraftlyftingamóti Special Olympics á Heimsmeistaramóti IPF í Rúmeníu. María komst á verðlaunapall í öllum greinum. María keppti í kastgreinum á frjálsíþróttamótum, bæði innan- og utan héraðs með góðum árangri og vann til fjölda verðlauna.



**Sigurjón Ægír Ólafsson, Suðra/Selfoss**

Sigurjón Ægír keppti í kúluvarpi og kringlukasti og notaði sérsmiðaðan stól sem hann kastaði úr. Hann setti HSK met og Íslandsmet í kúluvarpi og kringlukasti í flokki F35 á árinu. Hann keppti á lyftingamóti Aspar og varð í fyrsta sæti í bekk í flokki F35 með 93 kg.



**Júdo**

**Aгла Ósk Ólafsdóttir, Judofélagi Suðurlands**

Aгла Ósk var í lok árs valin efnilegasta júdokona ársins hjá Júdosambandi Íslands. Hún varð Íslandsmeistari í -63 kg flokki kvenna og keppti á Budo Nord Cup í Svíþjóð. Hún vann til verðlauna á Íslandsmóti yngri flokka í flokki U18, sigráði í sínum flokkum á Vormóti JSÍ bæði í U18 og U21 og sigráði á Haustmóti JSÍ í flokki U21 þar sem hún vann allar sínar glímur.



**Egill Blöndal, Selfoss**

Egill Blöndal hefur um árabíl verið einn öflugasti judomaður landsins. Egill varð Íslandsmeistari í +100 kg flokki í apríl 2025 og var þetta hans níundi Íslandsmeistaratitill í karlaflokki.



**Knattspyrna**

**Guðmunda Brynja Óladóttir, Selfoss**

Guðmunda Brynja leiddi meistara-flokk kvenna áfram í 2. deild Íslandsmótsins þar sem liðið fór taplaust í gegnum tímabilið og varð deildarmeistari. Guðmunda skoraði 21 mark í 17 leikjum og varð markahæsti leikmaður 2. deildar kvenna og braut þar 200 marka múrinn í meistaraflokki.



**Aron Lucas Vokes, Selfoss**

Aron Lucas spilaði 23 leiki í deildar- og bikarkeppni. Á tímabilinu kom hann að 10 af 34 mörkum liðsins. Hann skoraði sjö mörk og lagði upp þrjú. Aron Lucas var svo á lokahófi félagsins valinn besti leikmaður liðsins á tímabilinu og miðjumaður ársins.



**Körfuknattleikur**

**Jóhanna Ýr Ágústsdóttir, Hamri/Þór**

Jóhanna Ýr er á meðal fremstu leikmanna landsins í sínum aldersflokki. Hún er lykilmáður í liði Hamars/Þórs og var ein af lykilleikmönnum U18 ára landsliðs Íslands sem náði flottum árangri bæði á NM sem og á EM sumarið 2025.



**Emil Karel Einarsson, Þór**

Emil hefur verið fyrirlíði karlalíðs Umf. Þórs síðan elstu menn muna. Hann hugðist leggja skóna á hilluna síðastliðið vor en það hefur bersýnilega komið í ljós á haustmánuðum að það er nóg eftir á tanknum góða því hann er að eiga sitt besta tímabil í áraáðir.



**Lyftingar**

**Anna Guðrún Halldórsdóttir, Hamri**

Anna Guðrún keppti á Íslandsmóti í Hafnarfirði og sló þar Íslandsmet í sínum flokki. Hún tók einnig þátt í Evrópumóti í Albaníu og stóð þar uppi sem Evrópumeistari í sínum flokki. Hún hélt svo á heimsmeistaramót í Las Vegas þar sem hún stóð sig frábærlega og landaði öðru sæti. Einnig tók hún þátt á miðjarðarhafsmóti á Spáni þar sem hún endaði í 1. sæti og í 3. sæti í liðakeppni.



**Píla**

**Einar Gíslason, Selfoss**

Einar tók þátt í fjórum af sex mótum í mótarið Flórídana deildarinnar, byrjaði í neðri deildum og vann sig snögglega upp. Einar tók einnig þátt í Nordic & Baltic mótariðinni með góðum árangri þar sem hann náði lengst allra Íslendinga eða í 8 liða úrslit.



**Skotiþróttir**

**Hákon Þór Svavarsson, Skotiþróttafélagi Suðurlands**

Hákon keppti og sigráði í tveimur Landsmótum STÍ í skeet á árinu og varð í öðru sæti í Íslandsmeistaramótinu. Hann keppti líka á Íslandsmóti í sporting og endaði í 7. sæti. Hákon keppti á fjölda móta erlendis og er í Ólympíuhóp ÍSÍ fyrir LA 2028.



**Sund**

**Arnór Karlsson, Selfoss**

Arnór náði lágmarki inn á ÍM-50 í 50 m skriðsundi og stóð sig með þryði á mótinu. Arnór er burðarás í liði Selfoss sem sigráð hefur á allflestum sundmótum HSK síðustu ár. Arnór hefur verið í mikilli framför á árinu. Hann er jákvæður, frábær félagi og fyrirmynd og getur náð langt ef hann heldur áfram á sömu braut.



**Taekwondo**

**Dagný María Pétursdóttir, Selfoss**

Dagný varð á árinu Íslandsmeistari í +67 kg flokki kvenna og var valin kona mótsins. Hún vann til gullverðlauna á bikarmóti 2 og 3 og var valin kona ársins á báðum mótunum.



**Björn Jóel Björgvinsson, Selfoss**

Björn Jóel vann til gullverðlauna í -80 kg flokki karla á Bikarmóti TKÍ og var valinn karlkeppandi mótsins. Hann varð í þriðja sæti á Íslandsmótinu. Björn Jóel tók 4. dan út í Suður Kóreu sem er meistara gráða í taekwondo.



# Sérverðlaun veitt á héraðsþingi

Stigahæsta félag  
Hvatningarverðlaun HSK  
Öðlingur ársins

Íþróttafélagið Dímon  
Ungmennafélag Biskupstungna  
Svanur Ingvarsson, Umf. Selfoss og Íþf. Suðra

Stjórn ákvað að horfa til verkefna aðildarfélaga sambandsins sem nefnd eru í ársskýrslum félaga, sem borist höfðu fyrir tilskilinn frest þann 20. janúar 2026.

## Hvatningarverðlaun HSK 2025

### Umf. Biskupstungna

#### - fyrir öflugt félagsstarf og nýbreytni

Umf. Biskupstungna hefur gefið út til fjölda ára blaðið Litla-Bergþór sem greinir frá mörgu sem er að gerast í sveitarfélaginu, fréttum og fróðleik og hefur gefið upprennandi greina- og pistlahöfundum frábæran vettvang til að koma hugverkum sínum á framfæri eða að prófa að stíga sín fyrstu skref sem blaðamenn. Einnig hefur verið öflugt leiklistarstarf til áratuga hjá félaginu sem ekki síður hefur gefið fjölda einstalinga, á öllum aldri, tækifæri til að láta ljós sitt skína á sviði og auka sjálfstraust og framkomu.

Auk hefðbundins íþróttastarfs hefur verið tekin upp sú nýjung að bjóða uppá Flipp-tíma, ætlaða krökkum í 1.-7. bekk, sem hafa ekki fundið sig í íþróttum en vilja gjarnan taka þátt í skemmtilegum leikjum og taka þannig þátt í samveru og frístundastarfi og hefur þetta m.a. aukið til muna þátttöku barna af erlendum uppruna í skipulögðu starfi.

Loks hefur félagið svarað samfélagslegu ákalli um vettvang, sem hvetur til samheldni og félagslegra tengsla, með því að bjóða m.a. uppá félagsvist og fjölskyldutíma til að búa til tækifæri til félagsmótunar.

## Öðlingur ársins 2025

### Svanur Ingvarsson

#### Umf. Selfoss og Íþróttafélaginu Suðra

Svanur fæddist í Vestmannaeyjum 1963. Hann byrjaði snemma að stunda íþróttir, var farinn að æfa sund 8-9 ára gamall í Eyjum og á sín fyrstu verðlaun frá þeim tíma.

Eftir gosið á Heimaey 1973 flutti fjölskyldan á Selfoss. Þar var fljótlega farið að leggja stund á bæði sund og frjálsíþróttir. Sumarið 1974 keppti hann á Andrésar andar leiknum í Kongsberg í Noregi, frjálsíþróttakeppni 11-12 ára barna af Norðurlöndunum. Fjórir keppendur, stelpa og strákur úr hvorum flokki voru valin úr landsúrtaki. Að vísu var gerð undantekning þetta árið því tvíburabæðurnir, Þróstur og Svanur, voru báðir sendir. Til gamans má geta þess að öll þrjú í 11 ára flokknum voru bekkjarsystkini.

Með auknu æfingaálagi varð of mikið að vera í báðum greinum og varð sundið fyrir valinu. Sundhópurinn var sterkur og má tala um „gullaldrilið“ sem varð t.d. bikarmeistari SSÍ 1981. Sérstaklega skemmtilegt var að keppa á Landsmótunum á þessum árum og farnar voru æfingaferðir til Danmerkur, Þýskalands og Spánar.

Upp úr tvítugu fór að draga verulega úr æfingum og keppni hjá Svani en hreyfing og útivist var áfram stunduð. Hann varð fyrir því óláni að lamast frá mitti í vinnuslysi 26 ára gamall, sem markaði í raun nýtt tímabil í íþróttunum hjá honum og í félagsmálunum. Löng endurhæfing var honum í raun íþrótt. Tæpu ári eftir slysið var hann mættur til keppni í sundi á stórum leikum fatlaðra á Englandi. Þá keppti hann í



Umf. Biskupstungna tók virkan þátt í sameiginlegum verkefnum innan héraðs, s.s. málstofu um íþróttamál í Uppsveitum Árnæssýslu sem haldin í Aratungu í apríl.



Svanur Ingvarsson.

sundi í Noregi, Svíþjóð og á Ólympíumóti fatlaðra í Barcelona 1992.

Árið 1993 bauðst honum að keppa í sleðastjaki á Vetrarólympíumóti fatlaðra í Lillehammer 1994. Hóf hann strax undirbúning, keppti og varð þar með fyrstur Íslendinga til að keppa á Vetrarólympíumóti fatlaðra. Hann varð því einnig fyrstur Íslendinga til að keppa bæði á sumar- og vetrarólympíumótum fatlaðra.

Svanur hefur alla tíð verið mjög virkur í félagsmálunum og er enn að. Hann var lengi formaður sundnefndar HSK, næstum eitt ár framkvæmdastjóri HSK og framkvæmdastjóri Íþróttahátíðar HSK í Reykholti. Árum saman var hann þulur á nær öllum sundmótum sem haldin voru á HSK svæðinu og starfar enn á flestum frjálsíþróttamótum á Selfossi. Hann var um tíma í stjórn Sundsambands Íslands. Suðri Íþróttafélag fatlaðra á Suðurlandi hafði legið í láginni. Svanur hafði frumkvæði að því að koma starfinu af stað að nýju og var formaður þess í nokkur ár. Hann er og hefur verið frá upphafi í Jólaveinanefnd Umf. Selfoss, eða í 49 ár.

Svanur hefur verið greinastjóri í sundi á Landsmóti UMFÍ, á 50+ mótum og mörgum Unglingalandsmótum á Selfossi, Þorlákshöfn, Hveragerði, Vík og tvisvar á Höfn. Þá hefur hann verið þulur í sundi á ULM á Egilsstöðum og að Laugum.

Svanur hefur lengi verið í Vetraríþróttanefnd ÍF og tekið þar þátt í frumkvöðlastarfi. Á þeim vettvangi hefur hann kennt á svískiði og eða verið þátttakandi á námskeiðum í Kerlingafjöllum, Skálafelli, Bláfjöllum, Hlíðarfjalli, Klettafjöllum og í Noregi.

Svanur var sæmdur fálkaorðunni þann 17. júní 2024 af forseta Íslands, fyrir framlag sitt í þágu íþróttastarfs fatlaðra. Hann hefur hlotið heiðursviðurkenningar fyrir störf sín og framlag til íþróttamála innan hreyfingarinnar, s.s. gullmerki ÍSÍ, gullmerki HSK, gullmerki ÍF, gullmerki Umf. Selfoss og starfsmerki UMFÍ.

## Björn Bjarndal Jónsson sæmdur gullmerki HSK

Á héraðsþinginu í Aratungu 2025 var Björn Bjarndal Jónsson, fyrrverandi formaður HSK sæmdur gullmerki HSK.

Frá því að Björn Bjarndal, frá Neðra-Dal, varð 14 ára og gekk í Umf. Biskupstungna hefur hann látið til sín taka innan ungmennafélagsshreyfingarinnar. Björn varð formaður Umf. Biskupstungna árið 1982 og hélt um stjórnartaumana til 1984. Hann var formaður HSK frá 1988 til 1991 og árið 1995 var hann kjörinn varaformaður UMFÍ. Hann var svo einróma kjörinn formaður UMFÍ árið 2001 og var formaður félagsins til 2007. Þá var Björn formaður í norrænu ungmennasamtökunum NSU (Nordisk Samorganisasjon for Ungdomsarbeid) frá 1998 til 2002.

Björn hefur fengið viðurkenningar frá heildarsamtökunum fyrir sín góðu störf en hann hefur verið sæmdur bæði gullmerki UMFÍ og ÍSÍ. Þá var hann gerður að heiðursfélaga UMFÍ árið 2011.



Björn og Guðni voru heiðraðir á héraðsþinginu í Aratungu.

## Guðni Sighvatsson sæmdur silfurmerki HSK

Á héraðsþinginu í Aratungu 2025 var Guðni Sighvatsson, gjaldkeri glímuráðs HSK og gjaldkeri Umf. Laugdæla, sæmdur silfurmerki HSK.

Guðni Sighvatsson er íþróttakennari að mennt og hefur kennt í Rangárþingi, Bláskógabyggð og

á leikjánaðmskeiðum HSK, samhliða því að þjálfa ýmsar greinar hjá nokkrum aðildarfélögum HSK. Guðni sat í borðtennisnefnd HSK um árabíl og frá árinu 2012 hefur hann verið gjaldkeri glímuráðs HSK. Hann á sæti í stjórn Umf. Laugdæla og er gjaldkeri

félagsins. Guðni hefur einnig komið að æskulýðs- og íþróttamálum sem sveitarstjórnarmaður, en hann situr í sveitarstjórn Bláskógabyggðar og er formaður íþrótt- og lýðheilsunefndar sveitarfélagsins á þessu kjörtímabili.



### Heimasíða HSK

Árið 2015 var útliti síðunnar breytt, en heimasíðan er einnig hönnuð fyrir spjaldtölur og síma. Það var fyrirtækið Kubbar ehf. sem hannaði síðuna og sér það um tæknilega aðstoð við viðhald hennar. Félögum og deildum er bent á að senda upplýsingar um viðburði sem fram undan eru á hsk@hsk.is og verður þeirra þá getið í viðburðadagatali. Slóðin á síðuna er www.hsk.is.

### HSK fréttir í héraðsfréttamiðlum

Undanfarin ár hefur mikið af fréttum frá HSK birst á sunnlenska fréttavefnum sunnlenska.is og fréttir af starseminni hafa verið birtar í Dagskránni og vefnum dfs.is. Þá hefur útvarpsstöðin Suðurland FM fjallað talsvert um íþróttir og starfsemi HSK.

### Ársskýrslur HSK á hsk.is

Fyrsta prentaða ársskýrsla sambandsins kom út á héraðsþingi árið 1966. Skýrslurnar hafa síðan ýmist verið prentaðar eða ljósritaðar. Undanfarin ár hefur ársskýrslan



verið prentuð og áhersla lögð á að hafa mikið af myndum úr starfinu.

Í ársskýrslum HSK er mikill sögulegur fróðleikur um íþrótt- og ungmennafélagsstarf í héraði. Nefndir og sérráð HSK og aðildarfélög senda Skarphéðni yfirlit yfir störf liðins árs og stjórn HSK gerir grein fyrir starfinu á árinu. Ársskýrslur síðustu ára má sjá á www.hsk.is.

Þinggerð var unnin af riturum þingsins og var send út með tölvupósti og sett á heimasíðu HSK. Úrslit héraðsmóta voru send út með tölvupósti og þau voru einnig birt á heimasíðu HSK.

### Annað kynningarstarf

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa kynnt starfsemi HSK á nokkrum aðalfundum aðildarfélaganna og sérráða HSK og einnig á nefndarfundum hjá HSK. Þá eru fréttir frá HSK sendar með tölvupósti til fjölda aðila að jafnaði einu sinni í viku.

## Þakkar til þeirra sem styrktu starfsemina

Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárframlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfböðavinnu, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar o.fl.

Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

## Fundir, þing og ráðstefnur:

Í þessum hluta ársskýrslunnar verður greint frá nokkrum af þeim þingum, fundum og ráðstefnum sem HSK hefur staðið fyrir eða forystan hefur sótt. Listinn er ekki tæmandi.

### 130 manns á héraðsþingi HSK í Aratungu

103. héraðsþing HSK var haldið í Félagsheimilinu Aratungu í Reykholti í Bláskógabyggð 27. mars 2025. Þetta var í fimmta sinn sem þingið er haldið í Aratungu, það fyrsta í röðinni var haldið fyrir 60 árum síðan, árið 1965.

106 fulltrúar frá 44 félögum og tveimur sérráðum mættu til þings, auk varamanna, gesta, forystu HSK, starfsmanna þingsins og þeirra sem voru heiðraðir á þinginu. Samtals mættu 131 á héraðsþingið að þessu sinni.

Líkt og undanfarin ár voru þinggögn, önnur en ársskýrsla HSK, ekki á borðum þingfulltrúa. Þau eru öll aðgengileg á heimasíðu HSK á vefslóðinni [www.hsk.is](http://www.hsk.is). Þar er bláleitur hnappur sem vísar á héraðsþingsgögnin.

Stjórn HSK lagði fram 11 tillögur á þinginu og voru þær allar samþykktar. Sú tillaga sem fékk mesta umfjöllun var tillaga að breyttri lottóreglugerð HSK. Tillagan felur í sér grundvallarbreytingu á úthlutun lottótækna til félaga. Nú er tekið mið af iðkendafjölda félaga 18 ára og yngri, auk þess sem 15% af lottópottinum er úthlutað miðað við mætingu á héraðsþing. Samkvæmt gömlu reglugerðinni var miðað við mætingu á héraðsþing og félagsmannafjölda þar sem bæði 15 ára og yngri og 16 ára og eldri töldu.

Allir stjórnarmenn HSK gáfu kost á sér áfram og var stjórnin endurkjörin með lófataki. Þá var tillaga kjörnefndar að nefndaskipan HSK 2025 samþykkt.

Val á íþróttakonu og íþróttakarli HSK 2024 var kunngjört á þinginu. Handknattleikskonan Perla Ruth Albertsdóttir og skotíþróttamaðurinn Hákon Þór Svavarsson voru valin úr hópi þeirra sem tilnefndir voru úr fjölmörgum greinum sem stundaðar eru hjá aðildarfélögum HSK.

Ein ný verðlaun voru veitt á héraðsþinginu, en það eru Hvatningarverðlaun HSK. Stjórn ákvað að horfa til verkefna aðildarfélaga sambandsins sem nefnd eru í ársskýrslum félaga, sem borist höfðu þegar stjórn kom saman um miðjan febrúar. Það var Hestamannafélagið Sleipnir sem hlaut þessi verðlaun fyrir verkefnið Félagshesthúsið.

HSK heiðraði þrjá einstaklinga á héraðsþinginu. Björn Bjarndal Jónsson, fyrrverandi formaður HSK og UMFÍ, var sæmdur gullmerki sambandsins og Guðni Sighvatsson, gjaldkeri glímuráðs HSK, var sæmdur silfurmerki HSK. Þá var Jóhanna M. Hjartardóttir í Þorlákshöfn valin öðlingur ársins.

UMFÍ heiðraði fjóra einstaklinga úr Bláskógabyggð, en Geirþrúður Sighvatsdóttir, Guðný Rósa Magnúsdóttir, Sveinn Sæland og Helgi Kjartansson voru öll sæmd starfsmerki UMFÍ.

Kjartan Lárusson, frá Umf. Laugdæla var sæmdur heiðurskrossi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, en það er æðsta heiðursmerki ÍSÍ og þá sæmdi ÍSÍ Þorbjörgu Vilhjálmsdóttur, Íþróttafélaginu Suðra, gullmerki ÍSÍ.

### Formannafundur HSK

Rúmlega 30 manns mættu á formannafund HSK sem haldinn var í Selinu á Selfossi 15. janúar 2025. Formenn og framkvæmdastjórnar aðildarfélaga HSK, stjórn HSK og formenn nefnda og sérráða HSK fengu boð um að mæta á fundinn.

Á fundinum voru fjögur mál og verkefni kynnt



Helgi og Engilbert voru fulltrúar HSK á Formannafundi ÍSÍ og Selvissingurinn Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti ÍSÍ var að sjálfsögðu mætt.

sérstaklega með framsögu og fundarfólki gafst svo færi á að bera fram fyrirspurnir eða leggja eitthvað til málanna.

Fyrsta framsöguerindið flutti Valdimar Gunnarsson verkefnisstjóri „Allir með“ sem er samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og Íþróttasambands fatlaðra. Verkefnið er þriggja ára verkefni þar sem markmiðið er að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna.

Næst var kynning á nýjum svæðisstöðvum íþróttahreyfingarinnar, sem hófu starfsemi sína á haustdögum 2023. Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir og Raket Magnúsdóttir svæðisfulltrúar á Suðurlandi kynntu þau verkefni sem þær hafa verið að vinna að og eru í farvatninu.

Helgi S. Haraldsson varaformaður HSK upplýsti fundarfólk um hvað þurfi til varðandi skráningu félaga á almannaheillaskrá. Þá fór hann yfir þann

ávinning sem félög geta notið við það að skrá sig á almannaheillaskrá.

Síðasta framsöguerindi fundarins var um breytingar á lottóreglugerðum hreyfingarinnar. Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK hafði framsögu. Hann fór yfir úthlutun lottótækna ÍSÍ og UMFÍ til HSK fyrir og eftir reglugerðarbreytingar sem tóku gildi á síðasta ári.

Það var mál manna að loknum fundi að þetta hafi verið upplýsandi fundur um þau málefni sem tekin voru fyrir.

### Málstofa um íþróttamál í Uppsveitum Árnassýslu

Málstofa um íþróttamál í Uppsveitum Árnassýslu var haldin í Aratungu sunnudaginn 27. apríl 2025. Þar sem ætlunin var að ræða saman um möguleikana á að stækka og efla íþróttastarfið í Uppsveitunum.

## Stjórnarfundir HSK árið 2025

Stjórn HSK fundaði sex sinnum árið 2025 og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfunda og mætingar stjórnarmanna. Stjórnarfundirnir voru allir haldnir í Selinu á Selfossi. Guðmundur Kr. Jónsson heiðursformaður HSK á samkvæmt lögum HSK rétt á að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Guðmundur Kr. mætti á fyrsta stjórnarfund eftir héraðsþing.

Formaður, gjaldkeri og ritari áttu sæti í framkvæmdastjórn sambandsins. Framkvæmdastjórnin fundaði þrisvar sinnum á starfsárinu. Tveir fundir voru í Selinu á Selfossi og einn fundur var haldinn í Ráðhúsinu í Þorlákshöfn. Fundargerðir stjórnar eru á [www.hsk.is](http://www.hsk.is).

#### Mætingar á stjórnarfundum HSK 2025

	15/1	18/2	3/3	5/5	27/8	27/10
Guðríður	x	x	x	x	x	x
Guðmundur	x	x	x	x	x	
Helgi	x	x	x	x	x	x
Anný	x	x	x	x	x	x
Jón Þröstur		x			x	
Gestur	x	x				x
Lárus Ingi			x	x	x	
Guðrún Ása	x	x		x		
Engilbert	x	x	x	x	x	x

#### Mæting á framkvæmdastjórnarfundum HSK 2025

	10/4	9/9*	29/9**
Guðríður	x	x	x
Guðmundur	x	x	x
Anný	x	x	
Engilbert	x	x	x
Helgi		x	x

\*Fundurinn var haldinn samhliða vinnufundi stjórnar, þar sem salurinn í Selinu var málaður.

\*\*Fundurinn var haldinn að loknum fundi sem HSK hélt með félögum í Ólfusi og Hveragerði.

Það voru Heilsueflandi Uppsveitir og Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur sem stóðu að skipulagningunni í samstarfi við HSK og svæðisstöð íþróttahéraða á Suðurlandi.

Viðburðurinn heppnaðist frábærlega. Mætingin var framar björtustu vonum og voru gestir ánægðir með þau erindi sem hlýtt var á, en annars vegar fjallaði Jóhann Árni Ólafsson um Grindavíkurléiðina og hins vegar hélt Vésteinn Hafsteinsson erindi undir yfirheitinu Áfram Ísland - samvinna til árangurs. Þá var dýrindis kaffihlaðborð í boði og að lokum fór vinnustofa fram þar sem rætt var um íþróttaaðstöðu í Uppsveitum, núverandi starfsemi íþróttafélaganna á svæðinu og framtíðarsýn.

## Vorfundur UMFÍ

Vorfundur UMFÍ fór fram í húsnæði Skólábúða UMFÍ á Reykjum í Hrítafirði dagana 9. og 10. maí 2025. Vorfundurinn er óformlegur fundur sambandsaðila UMFÍ þar sem forsvarsfólk sambandsaðila, stjórn og starfsfólk UMFÍ koma saman og ræða málin.

Á fundinum var meðal annars farið yfir undirbúning fyrir komandi viðburði ársins.

Guðríður Aadnegard formaður HSK og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK voru fulltrúar HSK á fundinum.

## 77. Íþróttaping ÍSÍ

77. Íþróttaping ÍSÍ var haldið 16. – 17. maí 2025 á Hótel Natura í Reykjavík. Þingið vakti að þessu sinni þjóðarathygli, einkum vegna forsetakjörs. Fimm einstaklingar voru í framboði og ljóst að kjörinn yrði nýr forseti, þar sem Lárus Blöndal gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Willum Þór Þórsson hlaut afgerandi kosningu og var kjörinn nýr forseti ÍSÍ. Selfyssingurinn Olga Bjarnadóttir hlaut næstflest atkvæði. Hún var kosin í stjórn á síðasta þingi til fjögurra ára og situr því áfram í stjórn sambandsins.

Á þinginu var kosið um sjö sæti í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Þau sem hlutu kjör til næstu fjögurra ára eru Heimir Örn Árnason, Kári Mírissón, Sigurjón Sigurðsson, Trausti Gylfason, Viðar Garðarsson, Þórdís Anna Gylfadóttir og Þórey Edda Elisadóttir. Einnig var Anton Sveinn McKee staðfestur í framkvæmdastjórn ÍSÍ til næstu tveggja ára, fyrir hönd Íþróttamannanefndar ÍSÍ. Fyrir í framkvæmdastjórn eru, til næstu tveggja ára þau Daniel Jakobsson, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkhardsdóttir og Olga Bjarnadóttir.

HSK átti rétt á að senda sex fulltrúa á þingið. Þau sem mættu frá HSK voru Guðríður Aadnegard formaður HSK, Helgi S. Haraldsson varaformaður HSK, Guðmundur Jónasson gjaldkeri HSK, Anný Ingimarsdóttir ritari HSK, Lárus Ingi Friðfinns Bjarnason varastjórn HSK og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK. Þá voru nokkrir Sunnlendingar á kjörbrefi fyrir sérsamböndin.

Á íþróttapinginu voru veittar heiðursviðurkenningar til forystufólks úr íþróttahreyfingunni. Tvö þeirra sem hlutu viðurkenningu koma frá HSK. Guðríður Aadnegard formaður HSK til 15 ára var sæmd Heiðurskrossi ÍSÍ og Jón M. Ívarsson var gerður að Heiðursfélagi ÍSÍ.

Fjöldamargar tillögur voru til umræðu á þinginu og þar á meðal tvær frá HSK. Mestur tími fór í umræður og afgreiðslu um breytingar á lögum ÍSÍ. Á heimasíðu ÍSÍ má sjá allar þær tillögur sem samþykktar voru sem og ársskýrslu ÍSÍ 2025 á stafrænu formi.

Lárus Blöndal var í lok þings kjörinn heiðursforseti ÍSÍ. Hann er sá þriðji sem hlýtur þessa heiðursnafnbót. Gísli Halldórsson og Ellert B. Schram, sem báðir eru látnir, voru kjörnir heiðursforsetar, Gísli árið 1994 og Ellert árið 2006.



Á þingi ÍSÍ var Guðríður Aadnegard sæmd heiðurskrossi ÍSÍ og Jón M. Ívarsson var gerður að heiðursfélagi ÍSÍ.



Frá fundi stjórnar HSK með aðildarfélögum og sveitarfélögum sem haldinn var á Hellu.

## Fyrsti samráðsfundur stjórna íþróttahéraða á Suðurlandi

Fyrsti samráðsfundur stjórna HSK, USVS og ÍBV með svæðisfulltrúum íþróttahreyfingarinnar á Suðurlandi var haldinn í Vestmannaeyjum föstudaginn 29. ágúst 2025. Fulltrúar HSK á fundinum voru Guðríður Aadnegard formaður, Helgi S. Haraldsson varaformaður, Guðmundur Jónasson gjaldkeri og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri.

Segja má að þessi fundur hafi verið sögulegur, en þetta er í fyrsta sinn sem forysta HSK mætir til fundar í Vestmannaeyjum og þetta var einnig fyrsti formlegi fundur HSK með félögum okkar í ÍBV og USVS. Áður hafa verið haldnir netfundir með ÍSÍ og UMFÍ vegna svæðisskrifstofu íþróttahéraða á Suðurlandi, sem hóf starfsemi sína á síðasta ári.

Á fundinum var m.a. rætt um hugsanleg samstarfsverkefni héraðanna sem svæðisfulltrúarnir koma til með fylgja úr hlaði með íþróttahéruðunum þremur. Auk fundarhaldna skoðuðu fundarmenn glæsileg íþróttamannvirki Eyjamanna og góðri samverustund lauk með kvöldverði á Einsa Kalda. Að honum loknum var haldið heim með Herjólf.

Á heimleiðinni kom upp sú hugmynd að þingfulltrúar héraðanna þriggja yrðu samferða á sambandsþing UMFÍ í Stykkishólmi í október.

## Fundur stjórnar HSK með aðildarfélögum og sveitarfélögum

Stjórn HSK ákvað á stjórnarfundum í ágúst 2025 að halda fjóra fundi viðs vegar um sambandsvæðið með forystu aðildarfélaga HSK í sveitarfélögum á viðkomandi svæði. Einnig var ákveðið að bjóða fulltrúum sveitarfélaganna á fundina.

Fyrsti fundur stjórnar HSK af fjórum með fulltrúum aðildarfélaga og sveitarfélaganna var haldinn

í Þorlákshöfn 29. september 2025. Á fundinum voru boðaðir fulltrúar frá Sveitarfélaginu Ölfusi og Hveragerðisbæ og einnig forystufólk aðildarfélaga HSK sem starfandi eru í þessum sveitarfélögum.

Ákveðið var að funda næst með félögum sem starfa í Rangárvallasýslu og á fundinum voru einnig boðaðir fulltrúar frá Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Fundurinn var haldinn í Menningarsalnum á Hellu 14. október 2025.

Þriðji fundurinn var með félögum sem starfa í Sveitarfélaginu Árborg og Flóahreppi og á fundinum voru einnig boðaðir fulltrúar frá Árborg og Flóahreppi. Fundurinn var haldinn í Selinu við Engjaveg á Selfossi 27. október 2025.

Fjórdi og síðasti fundurinn í þessari fundarlotu var með félögum sem starfa í Uppsveitum Árnessýslu og á fundinum voru einnig boðaðir fulltrúar frá Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Fundurinn var haldinn í Félagsheimilinu á Flúðum 19. janúar 2026.

Fundirnir voru hugsaður sem samráðs- og upplýsingafundir og segja má að það hafi gengið eftir, en góðar umræður urðu um málefni hreyfingarinnar á öllum fundunum. Nefnt var á fundunum að full þörf væri að halda fundi sem þessa oftar.

## Þing Ungmennafélags Íslands

Þing UMFÍ var haldið í Stykkishólmi 10.-12. október 2025. Sambandsaðilar UMFÍ áttu samtals rétt á að senda 124 fulltrúa á þingið. HSK á rétt á að senda 11 fulltrúa og mætti með fullmannað þinglið. Að þessu sinni var ákveðið að fara með rútu og var fulltrúum ÍBV og USVS boðið með og tveir fulltrúar ÍBV þáðu boðið.

Fulltrúar HSK á þinginu voru Guðríður Aadnegard, formaður, Helgi S. Haraldsson, Ástþór Jón Ragnheiðarson, Engilbert Olgeirsson, Gestur Einarsson, Guðjóna Björk Sigurðardóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Lárus Ingi Friðfinns Bjarnason, Olga Bjarnadóttir, Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Þórir Haraldsson. Varafulltrúar HSK sem voru á staðnum voru þau Guðmundur Sigmarsson og Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage.

Töluverðar breytingar urðu á stjórn UMFÍ á þinginu, en sjö frambjóðendur, sem hafa ekki átt sæti í 11 manna stjórn og varastjórn UMFÍ náðu kjöri. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, var sjálfkjörinn en hann gaf einn kost á sér í það embætti.

Helgi Sigurður Haraldsson varaformaður HSK og

formaður Umf. Selfoss er einn þeirra sem kemur nýr inn í aðalstjórnina. Skúli Bragi Geirdal, sem kemur frá Íþróttabandalagi Akureyrar, Halla Margrét Jónsdóttir frá Íþróttabandalagi Akraness, Guðný Stefánía Stefánsdóttir frá Héraðssambandi Vestfirðinga og Margrét Sif Hafsteinsdóttir, sem kemur frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur, koma öll ný inn í stjórn UMFÍ. Sigurður Óskar Jónsson hlaut kosningu á ný en hann kemur frá Ungmennasambandinu Úlflijóti.

Birgir Már Bragason frá Íþróttabandalagi Reykjaneshæjar og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson frá Ungmennasambandi Vestur-Skaftafellssýslu koma nýir inn í varastjórn. Gunnar Þór Gestsson Ungmennasambandi Skagafjarðar og Ragnheiður Högnadóttir frá Ungmennasambandi Vestur-Skaftafellssýslu, sem bæði áttu sæti í stjórn, voru kosin í varastjórn.

Guðmundur Sigurbergsson, Gunnar Gunnarsson og Ásgeir Sveinsson náðu ekki endurkjöri og þá gáfu fjórar stjórnarkonur ekki kost á sér áfram, þær Guðmunda Ólafsdóttir, Hallbera Eiríksdóttir, Málfriður Sigurhansdóttir og Rakel Másdóttir.

Ársskýrslu UMFÍ og þinggerð sambandsþingsins má nálgast á vef UMFÍ.

### Samráðsfundur aðildarfélaga innan HSK, ÍBV og USVS

Eftir fund íþróttahéraðanna á Suðurlandi sem haldinn var í Vestmannaeyjum í lok ágúst var svæðisfulltrúum Suðurlands falið að skipuleggja samráðsfund allra aðildarfélaga innan HSK, ÍBV og USVS. Ákveðið var að bjóða stjórnnum íþróttahéraða ásamt formönnum/ staðgenglum og framkvæmdastjórnunum aðildarfélaga á fundinn.

Fundurinn var haldinn á Stracta Hotel á Helli föstudaginn 14. nóvember 2025. Fundinn skipulögðu þær Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir og Rakel Magnúsdóttir, svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna á Suðurlandi, í samráði við HSK, USVS og ÍBV. Kostnaður við samráðsfundinn var greiddur af auka fjárveitingu sem ÍSÍ og UMFÍ settu í svæðisstöðvarnar.

Fundurinn sóttu u.þ.b. 50 manns frá íþróttahéruðum á Suðurlandi, formenn og framkvæmdastjórnir innan HSK, ÍBV og USVS. Þar að auki sátu fundinn gestir og fluttu sumir þeirra erindi. Þar á meðal voru þau Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, og Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ.

Á dagskránni voru fjölbreytt erindi. Kristín Skjaldardóttir, samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs, sagði frá starfi embættisins og knattspyrnuþjálfarinn og markþjálfarinn Halldór Björnsson, flutti erindi sem bar með sér að afreksfólk fæðist alls staðar. Að lokum fjallaði Magnús Ragnarsson, formaður Skotíþróttafélagsins Skyttur og ritari Skotíþróttasambands Íslands, um hagnýt ráð fyrir íþróttafélög.



Fulltrúar HSK, ÍBV og USVS, ÍSÍ og UMFÍ, auk svæðisfulltrúa á samráðsfundinum á Helli.

Eftir að erindum lauk skiptust fundargestir í vinnuhópa og ræddi fólk þar um áskoranir, tækifæri og þjónustu íþróttahéraðanna, auk þess sem sjálfbæði á fundinum fengu sérstaka athygli. Kvöldið endaði á kvöldverðarhlaðborði sem mökum þátttakenda var boðið til. Þar ræddi fólk saman og styrkti tengslin frekar.

Samráðsfundurinn opnaði nýjar dyr fyrir samstarf milli félaga og héraða auk þess sem hann var kjörinn vettvangur til að ræða áskoranir og framtíðarmöguleika í samstarfi.

### Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ fór fram föstudaginn 21. nóvember 2025, í golfskála Golfklúbbsins Leynis á Akranesi. Fundurinn var vel sóttur en um er að ræða árlegan upplýsingafund framkvæmdastjórnar ÍSÍ, og formanna og framkvæmdastjóra sársambanda, héraðssambanda og íþróttabandalaga. Fjölmargir fundargestir nýttu ferðina á Skagann í að skoða glæsileg og ný íþróttamannvirki, sem nú hafa verið tekin í notkun að Jaðarsbökkum á Akranesi, áður en formannafundurinn var settur í golfskálanum síðdegis.

Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, setti fundinn og flutti ávarp. Að því loknu flutti Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, skýrslu framkvæmdastjórnar ÍSÍ og þá greindi Olga Bjarnadóttir, 2. varaforseti ÍSÍ og formaður stjórnar Afreksmiðstöðvar Íslands, frá þeirri vinnu sem stendur yfir hjá Afreksmiðstöðinni. Daníel Jakobsson, gjaldkeri ÍSÍ, tók svo við og fór yfir fjármál ÍSÍ.

Helga Þórðardóttir, lögfræðingur á skrifstofu ÍSÍ, fór yfir stefnu um verndun og velferð í íþróttahreyfingunni, sem kynnt var á 77. Íþróttapingi í maí síðastliðnum. Var samþykkt á þinginu að leggja fullunna stefnu fram til afgreiðslu á formannafundi 2025. Stefnan hefur nú verið fullklárud og staðfest af framkvæmdastjórn ÍSÍ og var hún borin upp til samþykktar á formannfundinum og samþykkt samhljóða.

Segja má að stefnumótunarvinna hreyfingarinnar hafi hafist með formlegum hætti á fundinum, en allir fundargestir tóku þátt í stefnumótunarvinnu, undir stjórn Ingibjargar Aspar Stefánsdóttur frá ráðgjafafyrirtækinu Expectus. Var vel unnið á öllum borðum og ýmislegt gagnlegt og áhugavert sem kom út úr þeirri vinnu, sem mun nýtast inn í stefnumótunarvinnuna sem framundan er fyrir íþróttahreyfinguna í heild sinni. Sú vinna verður umfangsmikil og mun fara fram á næstu tveimur árum með aðkomu bæði ÍSÍ og UMFÍ, sambandsaðilum þeirra og grasróttinni.

Helgi S. Haraldsson varaformaður HSK og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK voru fulltrúar HSK á fundinum.

### Þing sársambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjölmörg þing sársambanda á árinu. Sambandið á fulltrúa í stjórnnum nokkurra sársambanda. Landeyingurinn Freyr Ólafsson er formaður Frjálsíþróttasambands Íslands.



(F.v.) Vilhelm, Ivan, Tómas, Aron Leví og Heiðar voru meðal keppenda á héraðsmótnu í taekwondo.

## HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi nefndir hjá HSK

### Árlegt HSK mót í taekwondo haldið í Baulu

HSK mótið í taekwondo var haldið í íþróttahúsinu Baulu við Sunnulækjarskóla sunnudaginn 14. desember 2025. Keppt var í poomsae (formum), Kyorugi (bardaga) og þrautabraut. Verðlaunahafa á mótnu má sjá á [www.hsk.is](http://www.hsk.is).

## Golfklúbbur Hraunborga sækir um aðild að HSK

Golfklúbbur Hraunborga óskaði formlega eftir aðild að Héraðssambandinu Skarphéðni með bréfi til sambandsins 3. júní 2025. Það hafði haft nokkurn aðdraganda. Í ágúst 2023 hafði formaður félagsins samband við skrifstofu HSK og viðraði þær hugmyndir að félagið yrði eitt af aðildarfélögum HSK og þar með fullgilt félag innan golfhreyfingarinnar.

ÍSí tók lögin til skoðunar og þann 20. ágúst staðfesti framkvæmdastjórn ÍSí lög félagsins, með fyrirvara um að gerðar yrðu lagfæringar á lögnum. Félagið tók lögin til endurskoðunar, sbr. óskir ÍSí og munu tillögur að breytingum verða lagðar fram á aðalfundi félagsins 5. mars 2026.

Stjórn HSK veitti félaginu bráðabirgðaaðild að Héraðssambandinu Skarphéðni, eftir samþykkt stjórnar ÍSí. Tillaga þess efnis var samþykkt á fundi stjórnar HSK 27. ágúst 2025.

Samkvæmt lögum HSK þurfa ný félög að hljóta samþykki héraðsþings Skarphéðins og verður tillaga þess efnis lögð fram á þinginu á Borg 26. mars 2026.

Golfklúbbur Hraunborga var stofnaður 29. ágúst 2013. Að stofnum klúbbsins stóð félag



sumarhúsa eigenda í Hraunborgum í Grímsnes- og Grafningshreppi. Klúbburinn rekur níu holu golfvöll á landi Sjómannadagsráðs, en félagið tók formlega við rekstri vallarins með samkomulagi árið 2019, eftir að hann hafði áður verið í höndum Sjómannadagsráðs.

Klúbburinn er opinn öllum og stendur fyrir fjölbreyttri starfsemi yfir sumartímann, þar á

meðal meistaramótum og öðrum viðburðum fyrir félagsmenn.

Félagsmenn telja nú um 200 og fer sá fjöldi vaxandi. Börn og barnabörn félagsmanna 15 ára og yngri fá að spila frítt og taka þátt í mótum, sem er liður í að efla íþróttaiðkun og samveru á öllum aldri. Starfsemin byggir að mestu á sjálfbærðavinnu. Á svæðinu hefur verið komið upp klúbbhúsi með salernisaðstöðu og sérstökum geymslugámum fyrir tæki og vélar.

Klúbburinn heldur úti heimasíðu, gkh.is, og miðlar reglulega upplýsingum til félagsmanna í gegnum Facebook.

Stjórn Golfklúbbs Hraunborga 2025 skipa Ragnheiður K. Guðmundsdóttir, formaður, Anna Sigríður Ásgeirsdóttir, gjaldkeri, Viðar Geirsson, ritari, Sigurður Ingvar Geirsson, vallarstjóri, Magnús Eiríksson, Stefán Íseld og Oddsteinn Gíslason.

Stjórn HSK óskar félaginu velfarnaðar í störfum þess á komandi árum.

## Suðri gengur til liðs við Umf. Selfoss sem deild um starf fatlaðra



Á aðalfundi Íþróttafélagsins Suðra þann 24. febrúar 2025 var tekin ákvörðun um að færa starfsemi félagsins til nýrrar deildar um íþróttastarf fatlaðra innan Umf. Selfoss. Strax að loknum aðalfundi Suðra var haldinn stofnfundur deildar um íþróttastarf fatlaðra sem hefur farið fram undir merki Íþróttafélagsins Suðra til þessa.

Tilkynning um þessa breytingu barst til HSK síðar á árinu og greint frá því að starfsemi félagsins og aðild að HSK hafi lagst í dvala. Þar kemur fram að breytingin hafi verið gerð í þeim tilgangi að efla starfið. Jafnframt að lögð verði áhersla á að öll fornleg skráning fari fram í samræmi við reglur og verklag HSK og að aðlögun verði sem allra best fyrir alla aðila. Óskað var eftir að breytingin taki gildi hjá HSK áramótin 2025-2026. Það er í samræmi við 5. grein laga HSK.

Stjórn HSK tók erindið fyrir og samþykkti að taka Íþróttafélagið Suðra af skrá sem aðildarfélag HSK frá áramótum.

Stjórn HSK óskaði eftir skýrslu frá félaginu um starfið frá 1. janúar 2025 og fram að þeim tímamarki að það lagðist í dvala. Sú skýrsla birtist hér aftur í ársskýrslu HSK.

Stjórn HSK þakkar Íþróttafélaginu Suðra fyrir samstarfið undanfarna fjóra áratugi, en félagið var stofnað 22. febrúar 1986. Vonast er til að starfsemin blómstri enn frekar innan nýrrar deildar Umf. Selfoss.



Frá síðasta aðalfundi Íþróttafélagsins Suðra, sem haldinn var í Tíbrá, félagshemili Ungmennafélags Selfoss. Að fundi loknum var haldinn stofnfundur deildar um íþróttastarf fatlaðra innan ungmennafélagsins.



## Samstarfsverkefni:

### Verkefni svæðisfulltrúa íþróttahéraða fjölbreytt

Störf okkar svæðisfulltrúa hafa gengið þrýðilega undanfarið ár. Tengslanetið hefur stækkað mikið og félagar innan hreyfingarinnar farnir að leita í auknum mæli til okkar.

Störf okkar eru ansi fjölbreytt og dreifast út um víðan völl. Það mætti alveg líkja okkur við kolkraþba þar sem okkar hlutverk er að vera með alla anga úti og tengja ólíka hagaðila saman, bæði til að koma nýjum verkefnum af stað eða styðja við verkefni sem eru nú þegar í gangi. Það er dýrmætt að finna að þegar við böðum öngunum út þá er fólk farið að taka á móti.

Gott samstarf hefur verið á milli héraðanna okkar þriggja á Suðurlandi. Upphaf þess samstarfs má rekja til stjórnarfundar sem haldinn var í Vestmannaeyjum haustið 2025. Í kjölfarið var okkur svæðisfulltrúum falið að skipuleggja og boða til samráðsfundar allra íþróttahéraðanna. Þar sem stjórnarmönnum héraðanna þriggja, formönnum allra aðildarféлага auk starfandi framkvæmdarstjórnum héraðanna og aðildarfélaganna var boðið. Fundurinn var haldinn á Stracta Hótel á Hellu 14. nóvember 2025 og heppnaðist með eindæmum vel.

Fundurinn markaði mikilvæg spor innan svæðisins þar sem mikilvæg tengsl voru mynduð og hugmyndir að verkefnum fæddust. Stjórnirnar funda saman eftir þörfum og bjóðum við ávallt upp á flæði á milli landshluta í þeim verkefnum sem verið er að vinna, þó það sé stundum erfitt að láta það ganga upp af landfræðilegum sökum. Við erum stjórnur okkar innan handar og tökum þau verkefni sem þau deila með okkur til að létta undir þeirra störfum. Eitt af þeim verkefnum er að leiða vinnu er tengist umsókn að fyrirmyndarhéraði fyrir HSK og ÍBV.

Svæðisstöðvarnar á landsvísu starfa saman að fjölda verkefna og er það dýrmætt skref í hagræðingu á þeim verkefnum sem héruðin eru að fást við. Við viljum að því sögðu benda á heimasíðu okkar [www.siu.is](http://www.siu.is) en þar má finna ýmis gagnýtt gögn sem eiga að einfalda störf sjálfbóðaliða í þeirra mikilvægu störfum.



Frá heimsókn starfsmanna ÍSÍ til svæðisfulltrúanna á Suðurlandi.

#### Dæmi um verkefni á árinu 2025:

- Samráðsfundur úti í Eyjum.
- Samráðsfundur íþróttahéraða á Suðurlandi á Hellu.
- Tómtunda- og frístundamessa Uppsveita.
- Samstarfsverkefni með ÍSÍ og UMFÍ.
- Fræðslu- og kynningarmál, raddir ungs fólks og ýmis átaksverkefni.
- Vetraríþróttavika Evrópu í samstarfi við heilsuefandi Uppsveitir og Heilsuefandi samfélag í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Íslandsleikarnir á Selfossi í mars 2025.
- Stjórnuleikarnir í Vallaskóla í febrúar 2026.
- Átaksverkefni í körfuknattleik og knattspyrnu.
- Aðstoð með umsóknir í sjóði.
- Hvatasjóður, fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ og hinir ýmsu samfélagssjóðir.
- Fjölbreytt ráðgjöf.

- Abler, skilakerfi ÍSÍ, samskiptaráðgjöf, þjálfarar, fræðsla, til sveitarfélaga.
- Farsældarráð.
- Stjórnarseta fyrir hönd íþróttahreyfingarinnar í Farsældar- og framkvæmdaræði Suðurlands.
- Stjórnarseta í samráðshópi vegna stuðnings við börn með sér- og stuðningsþarfir.
- Frístundastyrkur í Rangárþingi eystra.
- Greiningarvinna og kynning.
- Aðstoð í samningamálum félaga við sveitarfélög.

Við hvetjum félagi á hreyfingunni áfram til góðra verka! Nýtum þau verkfæri sem einfalda störfin, grípum tækifærin og verum í virkum samskiptum!

**Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir, bryndis@siu.is**  
**Rakel Magnúsdóttir, rakel@siu.is**

#### Selið á Selfossi

Á síðasta ári sátu í húsnefnd Selsins eftirtaldir aðilar og skiptu þannig með sér verkom: Helgi S. Haraldsson frá HSK, formaður, Hjördis Leósdóttir frá KS, gjaldkeri og Ingibjörg Stefánsdóttir frá SSK, ritari

Aðalfundur Selsins var haldinn 18. febrúar 2025 í Selinu. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, en stjórnarmenn ræða saman í síma ef og þegar ástæða þykir til og eru í tölvupóst samskiptum. Framkvæmdastjóri HSK hefur séð um útleigu á salnum, hvort sem það er fyrir aðstöðu til lengri tíma eða litla kvöldfundi og skráir auk þess alla fundi sem eignaraðilarnir nota salinn til fundarhalds eða námskeiða.

Eins og alltaf er eitthvað sem þarf að lagfæra til að viðhalda húsinu, bæði innan sem utan. Keyptir voru nýir stólar í salinn og settar upp nýjar gardínur í sal og eldhúsi. Keypt var ný eldavel með góðum ofni. Klárað var að setja upp lýsingu á gaffl hússins til að bæta aðgengi og sýnileika við aðkomu að húsinu. Einnig var byrjað á að skipta um tengla og innstungur í sal og forstofu. Loks var salurinn málaður. Nauðsynlegt er að reyna jafnóðum að halda við húsinu og innanstokksmunum eins og þörf krefur. Kvenfélögin innan SSK hafa skipst á um að sjá um allsherjarþrif á eldhúsinu einu sinni á ári og halda áhaldaskrá yfir alla innanstokksmuni í eldhúsinu, í ár var það í höndum Kvenfélags Biskupstungna.

Að lokum vill húsnefnd Selsins þakka öllum notendum þess, samstarfið sem og öðrum er komið hafa að rekstri þess og aðhlyningu á síðastliðnu ári.

**Helgi S. Haraldsson, formaður hússtjórnar**

## Heildarstigatafla HSK 2025

Alls töldu 25 héraðsmót til stiga í heildarstigakeppni HSK 2025. Dímon sigraði í heildarstigakeppninni með 142 stig, Selfoss varð í öðru sæti með 137 stig og Laugdælir urðu í þriðja sæti með 90,5 stig.

Röð félaga 2025	Bædrinton, héraðsmót	Blak, héraðsmót karla	Blak, héraðsmót kvenna	Blak, héraðsmót drengja	Blak, héraðsmót stúlkna	Blak, héraðsmót karla	Blak, héraðsmót kvenna	Borðtennis, héraðsmót	Bríðs, tímenningsur	Bríðs, sveitakeppni	Frjálsíþróttir, héraðsmót innan.	Frjálsíþróttir, unglingamót innan.	Frjálsíþróttir, aldursflokkamót innan.	Frjálsíþróttir, héraðsmót utan.	Frjálsíþróttir, aldursflokkamót utan.	Glima, héraðsmót stúlkna	Glima, héraðsmót drengja	Glima, héraðsmót karla	Íþróttir fallaðra, héraðsmót	Skák, sveitakeppni	Sund, aldursflokkamót	Sund, unglingamót	Sund, héraðsmót	Taekwondo, héraðsmót 13 ára og eldri	Taekwondo, héraðsmót 12 ára og yngri	stíg samtals	
1. Íþr.f. Dímon	9	5	10	9		5	9	2	2,5	7	9	9	9	9	10	10	8			10	9					142	
2. Umf. Selfoss								8	10	10	10	10	10	10							9	10	10	10	10	10	137
3. Umf. Laugdæla	3	9	8	9	10	9	6		4	0,5					5	9	8	10								90,5	
4. Íþr.f. Hamar	10	10	1	6		10	9		6	8,5											8	9	9			86,5	
5. Umf. Þjótandi								8	6,5		5	8	6	8	8	7										56,5	
6. Umf. Hekla			5	8			5			9	6	6	8	7												54	
7. Íþr.f. Garpur								10		4,5	8	8	7	7	4											48,5	
8. Umf. Hrunamanna	8	9				7	8		2	2,5	7															43,5	
9. Umf. Biskupstungna																7	9	9								25	
10. Umf. Hvöt				1			1,5	8	8,5						3											22	
11. Umf. Gnúpverja								6	8												7					21	
12. Íþr.f. Mímir	7	3				8	1,5																			19,5	
13. Umf. Þór										0,5					6						8					14,5	
14. Umf. Eyrarbakka										5	6,5															11,5	
15. Íþr.f. Suðri																								10		10	
16. Umf. Sokkseyrar								7																		7	
17. Hestam.f. Geysir									2	4,5																6,5	

## Öll aðildarfélag HSK skiluðu starfsskýrslu ÍSÍ og UMFÍ

Öll Íþrótt- og ungmennafélög sem eru innan hreyfingarinnar þurfa að skila starfsskýrslu ÍSÍ og UMFÍ og í ár var skýrslunni í þriðja sinn skilað í nýju kerfi sem tók við af Felixkerfinu.

Samkvæmt 8. grein laga ÍSÍ þá þurfa allir sambandsaðilar ÍSÍ og félag innan þeirra vébanda að skila inn starfsskýrslu til ÍSÍ og UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert. Öll aðildarfélag HSK skiluðu starfsskýrslunni, en sá áfangi náðist 14. maí 2025.

Starfsskýrsluskil þurfa að innihalda upplýsingar um:

- iðkendur og félagsmenn
- innslegnar lykluupplýsingar úr ársreikningum
- núverandi stjórn og starfsfólk
- Síðan þarf að skila skoðuðum ársreikningi og nógildandi lögum í pdf. formi.

HSK hvetur félögin til að yfirfara féлага- og iðkendaskrár sínar vel svo upplýsingar séu réttar í skilakerfinu. Það er alltaf á ábyrgð hvers félags að yfirfara upplýsingarnar áður en þær er lesnar inn og staðfesta réttan fjölda við skil.

Nánari upplýsingar varðandi starfsskýrsluskil veitir Elías Atlason, sérfræðingur hjá ÍSÍ. Netfangið hans er elias@isi.is og sími 514 4000.

## Mikill munur á starfsemi íslenskra getrauna og erlendra veðmálafyrirtækja

Íslenskar getraunirerfyrirtækisem er í eigu íþróttahreyfingarinnar og er markmið þess að afla íþróttahreyfingunni fjár með ábyrgum og sjálfbærum hætti. Rekstur Getrauna hefur gengið vel og hefur fyrirtækið skilað íþróttahreyfingunni hundruðum milljóna ár hvert



Á sama markaði eru starfandi fjöldi erlendra veðmálafyrirtækja sem eru í samkeppni við Íslenskar getraunir, en þurfa ekki að lúta þeim lögum og reglum sem gilda á Íslandi.

En er einhver munur á starfsemi íslenskra getrauna og erlendu veðmálafyrirtækjanna, annar en sá að Getraunir skila arðinum til íþróttahreyfingarinnar og erlendu veðmálafyrirtækin skila arðinum til sinna eigenda?

Svarið má sjá í töflunni hér fyrir neðan þar sem Getraunir eru bornar saman við erlendu veðmálafyrirtækin.

Samkvæmt íslenskum lögum hafa Íslenskar getraunir einkarétt á að bjóða upp á íþróttaveðmál á Íslandi. Hvorki stjórnvöld né laganna verðir hafa haft áhuga á að fara eftir lögum landsins og koma í veg

fyrir starfsemi erlendra veðmálafyrirtækja. Úrræðin eru fyrir hendi og nýtt í öllum öðrum löndum Evrópu.

Við óbreytt ástand munu Íslenskar getraunir eiga undir högg að sækja en vonandi eru breytingar framundan sem tryggja áframhaldandi tekjustreymi frá Getraunum til íþróttahreyfingarinnar.

**Pétur Hrafn Sigurðsson**  
sviðsstjóri

## Lottótekjur framur vonum vegna aukagreiðslu frá Íslenski Getspá

Heildarlottótekjur inn á HSK svæðið árið 2025 voru samtals 62.285.962 kr. og hafa aldrei verið meiri. Það var nokkuð óvænt, þar sem hluteild HSK í lottótekjum frá ÍSÍ og UMFÍ er minna en áður vegna úthlutunarreglna ÍSÍ og UMFÍ sem tóku gildi í júlí 2024 og voru því að fullu fram komnar 2025.



Til samanburðar voru lottótekjur árið 2024 kr. 60.497.320, árið 2023 kr. 55.429.201, árið 2022 kr. 55.864.539, árið 2021 kr. 48.794.306, árið 2020 kr. 41.873.112, árið 2019 kr. 32.735.488, árið 2018 kr. 29.989.087, árið 2017 kr. 28.767.749, 2016 kr. 26.423.014, 2015 kr. 22.500.290 og árið 2014 kr. 23.017.220.

Lottótekjur HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lottóíð út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna. Framlag ÍSÍ árið 2025 var kr. 40.527.392 og frá UMFÍ kr. 20.048.143. Miklu munaði að Íslensk Getspá ákvað á árinu að greiða út 600 milljón króna aukagreiðslu til eignaraðila og var hlutur HSK frá ÍSÍ og UMFÍ samtals kr. 9.350.466.

Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfulu tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a. frá erlendum leikjum á netinu.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lottóinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjabandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á [www.lotto.is](http://www.lotto.is).

## Lottóreglugerð HSK breytt 2025

Lottóreglugerð HSK var breytt á héraðsþinginu í Aratungu 2025. Forsendur skiptingar milli félaga og ráða fara ekki lengur eftir félagsmannafjölda bæði barna og fullorðinna. Nú er tekið mið af fjölda iðkenda 18 ára og yngri og svo fjölda mætttra fulltrúa á héraðsþing.

Samkvæmt reglugerð um lottóúthlutun HSK rennur 8% í Verkefnasjóð HSK, 20% til HSK og 72% til aðildarfélaga og sérráða.

### 2. Skipting milli félaga og ráða:

A. 15% eftir fjölda mætttra fulltrúa á HSK þingi.

B. 85% eftir fjölda iðkenda 18 ára og yngri. Ef iðkandi er skráður iðkandi hjá fleiri en einu félagi/deild telur hann hjá báðum/öllum félögum/deildum.

Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Sérrað geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkandatölum.

### 3. Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna:

a) Starfi félag og sérrað ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag og sérrað skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliððu starfsár, sbr. 13. laga HSK. Ef misbrestur verður á þessu rennur lottóúthlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.

b) Vegna reglu 2A, þarf fulltrúi að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og sitja þingið til að teljast hafa mætt á HSK þing.

c) Fjórir úthlutunardagar verða á hverju ári: 1. maí, 1. ágúst, 1. nóvember og 31. desember. Á hverjum úthlutunardegi verður öllu því lottófé úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun.

## 29 vinnustaðir á HSK svæðinu tóku þátt í verkefninu Hjólað í vinnuna

Heilsu- og hvatninarverkefnið Hjólað í vinnuna stóð yfir í þrjár vikur í vor. Megin markmið verkefnisins er að þátttakendur hugi að daglegri hreyfingu og nýti til þess virkan ferðamáta til og frá vinnu, en það er einfaldasta leiðin til að auka hreyfingu í daglegu lífi.

4.346 virkir þátttakendur frá 330 vinnustöðum tóku þátt í verkefninu í ár og hjóluðu þeir samtals 297.450 km sem samsvarar 222 hringjum í kringum landið. 29 vinnustaðir úr sjö sveitarfélögum á HSK svæðinu tóku þátt. Efnalaug Suðurlands sem hefur margoft tekið þátt, varð í öðru sæti í keppni vinnustaða með 3-9 starfsmenn.

Nokkrir leikir voru í gangi á meðan á átakinu stóð og veglegir vinningar voru í boði. Vinningshafa má finna á heimasíðu Hjólað í vinnuna, [hjoladivinnuna.is](http://hjoladivinnuna.is).

HSK þakkar vinnustöðum á sambandssvæðinu fyrir þátttökuna.

## Grunnskólinn í Þorlákshöfn hlaut þátttökuverðlaun í Ólympíuhlaupi ÍSÍ

Ólympíuhlaup ÍSÍ fór fram í grunnskólum landsins á haustmánuðum. Með hlaupinu er leitast við að hvetja nemendur í grunnskólum landsins til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Hver skóli sem tekur þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ fær viðurkenningu þar sem fram kemur hversu margir nemendur tóku þátt og heildarfjöldi kílómetra sem nemendur lögðu að baki.

Þrjú skólar voru dregnir og hlaut hver þeirra 150.000 kr. inneign í Altis, en Altis selur vörur til íþróttaiðkunar sem nýtast nemendum á skólalóðinni eða í íþróttahúsinu. Þessir skólar eru Grunnskólinn í Þorlákshöfn, Skarðshlíðarskóli og Húnaskóli.

HSK þakkar skólunum á sambandssvæðinu kærlega fyrir þátttökuna.

## Sundlaugin á Selfossi í sjötta sæti í landsátakinu Syndum

Landsátakið Syndum var haldið í nóvember 2025. Um er að ræða sameiginlegt átak Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Sundsambands Íslands.

Syndum er viðburður undir Íþróttaviku Evrópu, sem fagnaði 10 ára afmæli í ár en markmið Íþróttaviku Evrópu er að kynna íþróttir og almenna

### Ólöglegar erlendar veðmálasíður

Bónusar  
VIP stofa (eyða meira=betri þjónusta)  
Hundruðir leikja „live“ á hverjum degi

Hundruðir leikja „live“ á hverri nóttu

Hundrað evrur „gefins“  
Unglingaleikir  
Engin hámarksupphæð  
Ekkert hámark á tapi  
Ekkert hámark á inneign á spilareikning  
Allskonar veðmál, Eurovision, pólitik ofl  
Neikvæð veðmál  
Markaðssett fyrir ungt fólk  
Spilviti

Marktæk tengsl við spilavanda og spilafíkn

### Lengjan

Engir bónusar  
Engin VIP stofa  
Lengjan beint frá 08 – 23 virka daga  
12 – 20 leikir í dag – max 700 á mán.  
Lengjan beint – engir næturleikir  
2 – 3 næturleikir um helgar.  
Engar peningagjafir  
Engin unglíngaleikir  
Hámarksupphæð pr. dag, viku, mánuð  
Hámark á tapi  
Hámarksupphæð á spilareikning  
Aðeins íþróttir  
Engin neikvæð veðmál  
Ekki markaðssetning fyrir ungt fólk  
Ekki spilaviti

Engin tengsl við spilavanda og spilafíkn

hreyfingu um alla Evrópu og sporna þannig við auknu hreyfingarleysi meðal almennings.

Til þess að taka þátt í átakinu skráðu þátttakendur sig til leiks á heimasíðu Syndum og skráðu metrana sem þeir syntu. Níu grunnskólar tóku þátt í verkefninu að þessu sinni og tveir þeirra eru á sambandssvæði HSK, Sunnlækjarskóli á Selfossi og Stekkjarskóli á Selfossi.

Þátttakendur af öllu landinu skráðu metrana sína í alls 58 laugum. Sú laug sem var með flesta skráða metra var Ásvallalaug í Hafnarfirði með 10.005,13 km. Ef lítið er til lauga á sambandssvæði HSK var Sundlaugin á Selfossi í sjötta sæti yfir landið, en var með flesta metra í óformlegri HSK keppni, eða 485,02 km. Sundlaugin í Þorlákshöfn kom þar næst með 397,52 km og Sundlaugin í Laugaskarði í Hveragerði var með 210,35 km.

HSK hvetur skóla og sundlaugar á sambandssvæðinu að taka virkan þátt í verkefninu næsta haust.

### Sjálfbóðaliði Suðurlands árið 2025

Ragna Gunnarsdóttir frá Hestamannafélaginu Sleipni er sjálfbóðaliði Suðurlands árið 2025.

Ragna hefur verið formaður reiðhallarnefndar Sleipnis til nokkurra ára. Hún ásamt reiðhallarnefnd hafa haft umsjón með eftirliti og almennu viðhaldi á reiðhöllinni. Hún hefur einnig alltaf verið boðin og búin til að hjálpa til við hina ýmsu viðburði hvort sem það sé vegna móta eða annarra viðburða á vegum félagsins.

Á degi sjálfbóðaliðans 5. desember var tekið upp á þeirri skemmtilegu nýbreytni hjá Svæðisstöðum íþróttahéraðanna að velja sjálfbóðaliða ársins. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að sjálfbóðaliðar voru tilnefndir á flestum svæðum og var dregið úr innsendum tillögum. Ragna er ein af þeim sjálfbóðaliðum sem tilnefndir voru af stjórnun aðildarféлага HSK.

Með valinu er heiðrað það mikilvæga starf sem sjálfbóðaliðar um allt land vinna, en án þeirra væri íþróttastarf víða einfaldlega ekki mögulegt. Sjálfbóðaliðar gegna lykilhlutverki og eru ómissandi stoð í starfi íþróttahreyfingarinnar.



Ragna Gunnarsdóttir sjálfbóðaliði Suðurlands 2025.



Jón Arnar Magnússon, ásamt Árna Þór Grétarssyni sjálfbóðaliða hjá handknattleiksdeild Selfoss, sem var einn þriggja sem ÍSL tilnefndi sem Íþróttaldhuga ársins 2025.

### Jón Arnar fyrstur Sunnlendinga í Heiðurshöll ÍSÍ

Sunnlendingurinn Jón Arnar Magnússon var um áramót útnefndur í Heiðurshöll Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, en framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti útnefninguna einróma á fundi sínum í nóvember 2027. Jón Arnar er 27. Íþróttamaðurinn sem útnefndur er í Heiðurshöllina og fyrsti íþróttamaðurinn af sambandssvæði HSK sem hlotnast þessi heiður.

Afhending viðurkenningarinnar fór fram þegar úrslit úr kjöri Samtaka Íþróttaféttamanna um Íþróttamann ársins 2025 voru tilkynnt.

Jón Arnar Magnússon er fæddur 28. júlí 1969. Hann hóf snemma keppni í frjálsíþróttum og varð strax sigursæll. Jón Arnar varð Norðurlandameistari í tugþraut árið 1988 í Svíþjóð. Ári síðar fékk hann fimm gullverðlaun í flokki 15-22 ára á Íslandsmeistaramótinu.

Jón Arnar keppti á þrennum Ólympíuleikum, meðal annars í tugþraut á Ólympíuleikumum í Atlanta þar sem hann varð í 12. sæti með 8.274 stig, sem var nýtt Íslandsmet í greininni.

Meðal árangurs Jóns Arnars má nefna bronsverðlaun á EM innanhúss í sjöþraut árið 1996 og bronsverðlaun á HM innanhúss í sjöþraut 1997. Þá vann hann þrenn gullverðlaun og eitt brons á Smáþjóðaleikum 2001. Jón Arnar var kjörinn Íþróttamaður ársins árin 1996 og 1997.

Jón setti fjölda Íslandsmeta á sínum ferli og ennþá standa metin hans í 110 m grindarhlaupi frá 1997, tugþraut frá 1998, 60 m grindarhlaup innanhúss frá 2000, langstökk innanhúss frá 2000 og sjöþraut innanhúss frá 1999. Hann á sem sagt 25-28 ára gömul met sem enginn hefur enn slegið. Þá á hann einnig Íslandsmet í 50 m grindahlaupi frá 2000 og 300 m hlaupi frá 1994.

Jón Arnar setti fjölmörg HSK met á ferlinum og í dag á hann samtals 26 gildandi HSK met í fjölda greina. Það elsta er 46 ára gamalt, en árið 1980 stökk hann 1,40 metra í hástökki í flokki 11 ára drengja.

### Sunnlendingur tilnefndur sem Íþróttaldhugi ársins

Árni Þór Grétarsson, sjálfbóðaliði hjá handknattleiksdeild Umf. Selfoss, var einn þriggja sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands tilnefndi sem Íþróttaldhuga ársins 2025.

Kallað var eftir tilnefningum úr hreyfingunni og frá landsmönnum og bárust alls 208 tilnefningar um 116 einstaklinga úr 25 íþróttagreinum. Úr röðum þeirra valdi sérstök valnefnd þrjá einstaklinga en auk Árna Þórs voru það Bjarni Malmquist Jónsson, Ungmennafélaginu Vísi og formaður USÚ og Hugarún Hjálmarsdóttir, Íþróttafélaginu Hetti.

Árni Þór hefur verið ómetanlegur burðarás í handboltastarfinu á Selfossi í áratugi. Hann er alltaf til staðar, mætir á alla leiki heima og að heiman og tekur að sér öll þau verkefni sem þarf að sinna, hvort sem það er lýsing á leikjum, auglýsingagerð, aðstoð við ferðalög eða skipulagningu. Hann gerir þetta allt með jákvæðu hugarfari og brosi á vör.

Árni hefur séð um samfélagsmiðla, hlaðvörp, útsendingar á leikjum og verið liðstjóri bæði hjá meistaraflokki og yngri flokkum. Hann ferðast með liðum innanlands og erlendis, tekur þátt í fjárfloflunum og er meira og minna í íþróttahúsinu allan daginn. Hann er til fyrirmyndar í samskiptum og hefur haft djúpstæð áhrif á fjölda ungra iðkenda sem líta upp til hans sem fyrirmynd og leiðtoga.

Árni Þór er dæmi um ósérhlífinn einstakling sem vinnur fyrir félagið af eldmóði og einlægri ástríðu. Hann leitar ekki eftir athygli eða hrósi, heldur vinnur af hreinni elju og hjartahlýju. Með dugnaði sínum, einlægni og góðvild hefur hann haft djúpstæð áhrif á íþróttalíf á Selfossi og verðskuldar sannarlega tilnefningu til Íþróttaldhuga ársins 2025, segir í greinargerð með valinu.

Tilkynnt var um úrslitin í hófi um kjör Íþróttamanns ársins 2025 og fyrir valinu varð Bjarni Malmquist Jónsson formaður USÚ.

Þetta er í annað sinn sem sjálfbóðaliði af sambandssvæði HSK er tilnefndur, en Ólafur Elí Magnússon var einn þriggja Íþróttaldhuga sem tilnefndir voru árið 2023.

## Myndir úr starfinu



Frá setningarathöfn Unglingalandsmóts UMFÍ á Egilsstöðum.



Skógrættarreitir Umf. Ingólfs.



Keppendur í flokki 11 ára og yngri stráka á HSK móti í badminton 2025.



Daníel Halldórsson, vallarstjóri Selsvallar, að safna kröftum.



Við rásmarkið í styttri vegalengdinni í Bláskógaskokkinu í ár.



Bikarlið HSK í frjálsum 15 ára og yngri.



Frá bekkjarmóti Mímis í knattspyrnu.



Þingfultrúar HSK á þingi UMFÍ.

Ýmsar upplýsingar:

# Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

## 1. gr.

Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

## 2. gr.

Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSÍ.

## 3. gr.

Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

## 4. gr.

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSÍ.

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagaskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

## 5. gr.

Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmat að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

## 6. gr.

Aðildarfélögum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.

Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félögum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvörum.

Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfallingu félaga samkvæmt þessari grein. Óski félag sem fellt hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.

## 7. gr.

Héraðsþing skal háð fyrir lok mars ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflaga með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarfélaga og sérráða með minnst viku fyrirvara.

Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1–200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201–400 tvo fulltrúa, frá 401–700 þrjú fulltrúa, 701–1000 fjóra fulltrúa o.s.frv. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.

## 8. gr.

Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kys fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórnandi. Héraðsþing kys þrjú menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kann að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

## 9. gr.

Heimilt er stjórninni að kalla saman aukabætur ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarfélaga óskar þess. Aukabætur skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gilti á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukabætur skal boðað bréflaga með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði.

Á aukabætur má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hafi sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf.

## 10. gr.

Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarfélaga, sérráða og nefnda er heimilt að koma saman til formannafundar ef stjórn og/eða aðildarfélög sjá ástæðu til. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjóti þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

## 11. gr.

Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttgrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarfélaga sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélögin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sérsamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.

Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. – 29. grein laga ÍSÍ.

## 12. gr.

Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mættum þingfulltrúum eru samþykki því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

## 13. gr.

Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarfélaga og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandsskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSÍ. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.

Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambandssvæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettum tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag telst ekki starfandi ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritaða á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

## 14. gr.

Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiðast af viðkomandi félögum.

## 15. gr.

Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskiptabanka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagripri og aðra minjagripri sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

## 16. gr.

Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrslitum.

## 17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.

(Síðast breytt á héraðsþingi 2017)

# Aðildarfélagin og formenn félaga um áramót 2025

## Akstursíþróttafélög:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa  
Torfærulúbburinn

Sigurjón Snær Jónsson  
Sigurður Ingi Sigurðsson

Berghyl, Hrunamannahreppi  
Hamarskoti, Flóahreppi

## Golfklúbbar:

Golfklúbbur Ásatúns  
Golfklúbburinn Dalbúi  
Golfklúbburinn Flúðir  
Golfklúbburinn Geysir  
Golfklúbbur Hellu  
Golfklúbbur Hveragerðis  
Golfklúbbur Kiðjabergrs  
Golfklúbbur Selfoss  
Golfklúbburinn Tuddi  
Golfklúbburinn Úthlíð  
Golfklúbbur Þorlákshafnar  
Golfklúbburinn Þverá  
Golfklúbbur Öndverðarness

Sigurjón Harðarson  
Gísli B. Ívarsson  
Ottó Leifsson  
Pálmi Hlökkversson  
Heimir Hafsteinsson  
Sigurður Egilsson  
Guðmundur K. Ásgeirsson  
Grímur Arnarson  
Bjarni Magnússon  
Sveinn Eyland Garðarsson  
Árni Hrannar Arngrímsson  
Kristinn Bjarki Valgeirsson  
Guðmundur Pálmason

Rjúpnasölum 14, Kópavogi  
Dyngjugötu 1, Garðabæ  
Hrímóum 1, Garðabæ  
Breiðvangi 5, Hafnarfirði  
Freyvangi 14, Hellu  
Kambahrauni 1, Hveragerði  
Baugakór 6, Kópavogi  
Miðtúni 2A, Selfossi  
Móbergi 2, Hafnarfirði  
Jónsgeisla 3, Reykjavík  
Básahrauni 29, Þorlákshöfn  
Helgafellsbraut 18, Vestmannaeyjum  
Sogavegi 222, Reykjavík

## Hestamannafélög:

Hestamannafélagið Geysir  
Hestamannafélagið Háfeti  
Hestamannafélagið Jökull  
Hestamannafélagið Ljúfur  
Hestamannafélagið Sleipnir

Eiríkur Vilhelm Sigurðarson  
Monika Sjöfn Pálsdóttir  
Bragi Viðar Gunnarsson  
Ragnhildur Gísladóttir  
Berglind Sveinsdóttir

Árbæjarhjáleigu, Holtum  
Selvogsbraut 5a, Þorlákshöfn  
Túnsbergi 2, Hrunamannahr.  
Dyngskógum 26, Hveragerði  
Dranghólum 35, Selfossi

## Íþróttafélög:

Íþróttafélagið Dímon  
Íþróttafélagið Garpur  
Íþróttafélagið Gnýr  
Íþróttafélagið Hamar  
Íþróttafélagið Milan  
Íþróttafélagið Mímir  
Íþróttafélagið Suðri  
Íþróttafélag Uppsveita

Sigurður Kristján Jenson  
Steindór Tómasson  
Kristján Þór Steinþórsson  
Þorsteinn T. Ragnarsson  
Ari Sverrir Magnússon  
Vésteinn Loftsson  
Ófeigur Á. Leifsson  
Sólmundur M. Sigurðarson

Öldugerði 11, Hvolsvelli  
Kambi, Holtum  
Bláskógum, Sólheimum  
Valsheiði 26, Hveragerði  
Álalæk 6, Selfossi  
Heimavist ML, Laugarvatni  
*Gauksrima 10, Selfossi\**  
Austurhlíð 3, Biskupstungum

## Judofélag:

Judofélag Suðurlands

Garðar Skaptason

Starengi 13, Selfossi

## Knattspyrnufélög:

Knattspyrnufélag Árborgar  
Knattspyrnufélag Rangæinga  
Knattspyrnufélagið Ægir

Árni Páll Hafþórsson  
Tinna Erlingsdóttir  
Guðbjartur Örn Einarsson

Kleppsvegi 144, Reykjavík  
Gilsbakka 31, Hvolsvelli  
Finnsbúð 10, Þorlákshöfn

## Körfuknattleiksfélag:

Körfuknattleiksfélag Selfoss

Guðbjörg Bergsveinsdóttir

Nauthólum 20, Selfossi

## Skotíþróttafélög:

Skotíþróttafélag Suðurlands  
Skotíþróttafélagið Skyttur

Gunnar Egilsson  
Magnús Ragnarsson

Lóurima 12, Selfossi  
Strandvegi 8, Vík

## Ungmennafélög:

Umf. Biskupstungna  
Umf. Dagsbrún  
Umf. Eyfellingur  
Umf. Eyrarbakka  
Umf. Framtíðin  
Umf. Gnúpverja  
Umf. Hekla  
Umf. Hrunamanna  
Umf. Hvöt  
Umf. Ingólfur  
Umf. Laugdæla  
Umf. Merkið  
Umf. Selfoss  
Umf. Skeiðamanna  
Umf. Stokkseyrar  
Umf. Trausti  
Umf. Þjóttandi  
Umf. Þór  
Umf. Þórsmörk

Kristín Isabella Karlsdóttir  
Arnþór Einar Guðnason  
Ármann Fannar Magnússon  
Pétur Logi Pétursson  
Karen Eva Sigurðardóttir  
Magnea Guðmundsdóttir  
Ástþór Jón Ragnheiðarson  
Jóhanna Bríet Helgadóttir  
Guðrún Ása Kristleifsdóttir  
Þróstur Guðnason  
Smári Stefánsson  
Sigurður Einar Guðmundsson  
Helgi S. Haraldsson  
Viktoría Rós Guðmundsdóttir  
Ingi Þór Jónsson  
Bjarki Freyr Sigurjónsson  
Guðmunda Bríet Steindórsdóttir  
Hjörtur Sigurður Ragnarsson  
Árni Sigurpálsson

Kistuholti 19, Biskupstungum  
Guðnastöðum, Landeyjum  
Hrútafelli, Eyjafjöllum  
Háeyrarvöllum 14, Eyrarbakka  
Gerði, Þykkvabæ  
Þrándarlundi, Skeiða-Gnúpv.  
Fossöldu 4, Hellu  
Hrafnkelsstöðum 1, Hrunamannahr.  
Hraunbraut 12, Borg í Grímsnesi  
Lækjarbraut 9, Rauðalæk  
Traustatúni 1, Laugarvatni  
Helli, Landsveit  
Engjavegi 45, Selfossi  
Holtabraut 20, Skeiða- Gnúpv.  
Íragerði 6, Stokkseyri  
Efstu-Grund, V-Eyjafjöllum  
Hrygg 2, Flóahreppi  
Heinabergi 7, Þorlákshöfn  
Neðri-Þverá, Fljótshlíð

\*Suðri verður frá áramótum 2025/2026 tekið af skrá sem eitt aðildarfélag HSK. Starfsemi Suðra fer nú fram á vegum deildar um starf fatlaðra hjá Umf. Selfoss.

# Gull og silfurmerki HSK

Gull- og silfurmerki voru fyrst veitt á 100 ára afmælisári sambandsins og nú hafa 19 einstaklingar hlotið gullmerki HSK og 17 hafa fengið silfurmerki sambandsins.

## Eftirtalin hafa hlotið gullmerki HSK:

Hafsteinn Þorvaldsson	Selfossi	2010
Jóhannes Sigmundsson	Syðra-Langholti	2010
Karl Gunnlaugsson	Varmalæk	2010
Valgerður Auðunsdóttir	Húsatóftum	2010
Jón M. Ívarsson	Frá Vorsabæjarhóli	2010
Guðmundur Kr. Jónsson	Selfossi	2011
Haraldur Júlíusson	Frá Akurey	2012
Lísa Thomsen	Búrfelli	2012
Þorgeir Vigfússon	Efri-Brúnavöllum	2012
Markús Ívarsson	Vorsabæjarhóli	2013
Þórir Haraldsson	Selfossi	2014
Kjartan Lárusson	Feney	2015
Svanur Ingvarsson	Selfossi	2016
Jón Jónsson	Hellu	2017
Árni Þorgilsson	Hvolsvelli	2018
Guðni Guðmundsson	Þverlæk	2019
Aðalsteinn Sveinsson	Kolsholti	2022
Þröstur Guðnason	Lækjarbraut 9, Rauðal.	2023
Björn B. Jónsson	Kluftum	2025

## Eftirtalin hafa hlotið silfurmerki HSK:

Kristinn Guðnason	Þverlæk	2010
Olga Bjarnadóttir	Selfossi	2011
Helgi S. Haraldsson	Selfossi	2011
Ragnar Sigurðsson	Þorlákshöfn	2012
Helgi Kjartansson	Reykholti	2014
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	Selfossi	2014
Benóný Jónsson	Hvolsvelli	2015
Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Selfossi	2016
Puríður Ingvarsdóttir	Selfossi	2016
Ingvar Garðarsson	Selfossi	2017
Ólafur Guðmundsson	Selfossi	2017
Gissur Jónsson	Selfossi	2019
Haraldur Gísli Kristjánson	Hólum	2019
Guðbjörg Viðarsdóttir	Flúðum	2021
Fanney Ólafsdóttir	Hurðarbaki	2022
Guðmunda Ólafsdóttir	Selfossi	2024
Guðni Sighvatsson	Laugarvatni	2025

# Fjöldi iðkenda eftir greinum

Hér að neðan er samtölulisti yfir iðkendur hjá aðildarfélögum HSK í einstökum íþróttgreinum sérsambanda og sérgreina, samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2024, samkvæmt upplýsingum úr skýrslum sem var skilað 2025. Einnig eru birtar tölur síðustu ára.

<u>Íþróttgrein</u>	<u>2014</u>	<u>2015</u>	<u>2016</u>	<u>2017</u>	<u>2018</u>	<u>2019</u>	<u>2020</u>	<u>2021</u>	<u>2022</u>	<u>2023</u>	<u>2024</u>
Golf	2981	2921	3163	3018	3028	3617	3347	3176	3893	4261	4541
Hestaiþróttir	2070	2078	2016	2077	2028	2200	2171	2227	2244	2560	2681
Knattspyrna	1456	1337	1481	1379	1561	1741	1755	1757	1861	2135	2304
Fimleikar	1262	1193	1056	973	1280	1359	1380	1109	934	1297	1389
Skotfimi	313	248	242	253	446	456	454	493	696	819	910
Körfuknattleikur	821	874	797	828	766	1104	965	640	740	794	1044
Almenningsíþróttir	1857	1879	1909	1862	722	1921	748	59	601	1478	1478
Handknattleikur	565	511	549	253	414	463	451	391	439	558	534
Frjálssar íþróttir	764	961	978	644	676	751	703	416	304	366	514
Blak	235	280	137	238	194	266	278	169	263	261	364
Sund	229	187	189	475	509	278	282	232	157	182	201
Badminton	137	160	73	143	175	184	203	119	125	164	193
Taekwondo	137	127	150	43	121	113	102	102	74	146	154
Júddó	55	55	171	44	116	116	86	94	50	99	168
Kraftlyftingar	92	71	71	71	70	74	85	69	77	88	79
Borðtennis	66	59	44	58	56	59	57	46	68	82	161
Motocross	104	114	151	152	150	160	155	15	14	82	59
Akstursíþróttir	26	31	49	50	57	69	74	137	192	71	63
Íþróttir fatlaðra	76	86	86	69	71	77	63	52	64	64	71
Glíma	179	163	188	193	203	177	195	46	42	28	94
Lyftingar	26	41	25	36	42	56	84	24	24	10	28
Pílukast										8	4
Bogfimi				6	11	12	15	13	5	5	6
Bridds	30	30	30	29	29	28	28				
Karate		9	8	9	7	8	7				
<u>Annað</u>											
Skipulagt félagsstarf								20		204	45
Leiklist	73	73	66	66	38	58	34				
Skógrækt	5	5									
<b>SAMTALS</b>	<b>13554</b>	<b>13488</b>	<b>13629</b>	<b>12969</b>	<b>12770</b>	<b>15347</b>	<b>13722</b>	<b>11406</b>	<b>12266</b>	<b>14885</b>	<b>17085</b>

# Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunum

Öll félög innan hreyfingarinnar verða árlega að skila starfsskýrslu ÍSÍ og UMFÍ, með upplýsingum um félagsmenn, iðkendur, stjórn og lykiltölur úr reikningum. Samkvæmt innsendum starfsskýrslum sem skilað var 2025 voru félagsmenn aðildarféлага HSK samtals 23.024 en voru árið áður 21.788, sem er fjölgun um 5,67%. Íbúum á sambandsvæðinu fjölgaði um 983 á milli ára, sem er 3,83% fjölgun og eru nú 25.644 talsins í sveitarfélögunum 11 í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Aðildarfélag og sérráð	félagsmenn		alls	tekjur af lottói	getrauna- númer	tekjur félaga getraunasölu
	17 ára -	18 ára +				
Frjálsíþróttaráð HSK				545.270		
Glimuráð HSK				175.728		
Akstursíþr.f. Hreppakapp	9	12	21	105.560		
Golfkl. Ásatúns	2	359	361	72.818	830	0
Golfkl. Dalbúi	5	163	168	14.033	813	120.039
Golfkl. Flúðir	14	287	301	192.411		
Golfkl. Geysir	3	80	83	77.494		
Golfkl. Hellu	16	201	217	74.843	852	14.118
Golfkl. Hveragerðis	27	419	446	316.683	812	939
Golfkl. Kiðjabergs	54	412	466	252.599	797	374
Golfkl. Selfoss	206	719	925	1.217.462	808	2.102
Golfkl. Tuddi	2	22	24	9.355		
Golfkl. Úthlið	0	127	127	46.038		
Golfkl. Þorlákshafnar	61	586	647	475.726		
Golfkl. Þverá	3	84	87	14.033	867	0
Golfkl. Öndverðarness	30	696	726	140.332		
Hestamannaf. Geysir	325	596	921	1.774.115		
Hestamannaf. Háfeti	22	61	83	102.911		
Hestamannaf. Jökull	134	608	742	880.664		
Hestamannaf. Ljúfur	71	158	229	395.582		
Hestamannaf. Sleipnir	178	528	706	1.023.024		
Íþróttaf. Dímon	288	420	708	2.763.148	859	479
Íþróttaf. Garpur	59	16	75	526.559	855	2.370
Íþróttaf. Gnýr	0	22	22	63.460		
Íþróttaf. Hamar	811	2294	3105	5.695.940	810	99.538
Íþróttaf. Milan	0	43	43	63.460		
Íþróttaf. Mimir	103	28	131	545.270		
Íþróttaf. Suðri	16	41	57	138.306	827	485
Íþróttaf. Uppsveita	189	139	328	1.165.384		
Judof. Suðurlands	28	22	50	95.019		
Knattsp.f. Árborg	0	27	27	126.923	811	5.467
Knattsp.f. Rangæinga	394	688	1082	1.792.825	866	75.735
Knattsp.f. Ægir	192	176	368	922.140	822	10.324
Körfuknattl.f. Selfoss	245	42	287	1.272.972		
Skotíþr.félagið Skyttur	71	194	265	459.042	795	166
Skotíþr.félag Suðurlands	0	648	648	190.383	823	259
Torfæruklúbburinn	4	115	119	72.818		
Umf. Biskupstungna	93	283	376	660.186	803	12.921
Umf. Dagsbrún	0	157	157	63.460		
Umf. Eyfellingur	0	55	55	0		
Umf. Eyrarbakka	37	110	147	0	820	10.083
Umf. Framtíðin	43	2	45	264.605		
Umf. Gnúpverja	40	300	340	110.239	802	103
Umf. Hekla	244	685	929	1.596.359	851	6.772
Umf. Hrunamanna	60	0	60	395.582	801	13.696
Umf. Hvöt	27	18	45	278.638		
Umf. Ingólfur	0	106	106	63.460	850	601
Umf. Laugdæla	97	52	149	872.713	840	24.122
Umf. Merkihvoll	0	56	56	63.460		
Umf. Selfoss	1949	2662	4611	13.102.692	800	209.144
Umf. Skeiðamanna	41	281	322	164.345	799	276.658
Umf. Stokkseyrar	38	193	231	241.216	825	13.828
Umf. Trausti	7	93	100	63.460	862	166
Umf. Þjótandi	88	175	263	529.208	804	39.089
Umf. Þór	360	17	377	2.459.094	815	36.647
Umf. Þórsmörk	0	60	60	0	861	2.153
<b>Samtals</b>	<b>6.686</b>	<b>16.338</b>	<b>23.024</b>	<b>44.729.047</b>		<b>978.378</b>

# Íþróttaiðkendur aðildarféлага HSK

Eitt af árlegum verkefnum félaga er að skila starfsskýrslu þar sem merkt er við iðkendur í hinum ýmsu greinum. Hér að neðan eru upplýsingar úr innsendum starfsskýrslum félaga fyrir árið 2024, sem skilað var á árinu 2025.

	18 ára og yngri			samtals 18 ára og yngri	19 ára og eldri			Samtals 19 ára og eldri	Iðkendum alls
	Drengir	Stúlkur	Annað		Karlar	Konur	Annað		
<b>Aðildarfélag HSK</b>									
Akstursíþr.f. Hreppakappa	7	2		9	12			12	21
Golfkl. Ásatúns	2			2	256	103		359	361
Golfkl. Dalbúi	3			3	77	53		130	133
Golfkl. Flúðir	13	1		14	160	127		287	301
Golfkl. Geysir	1	2		3	57	23		80	83
Golfkl. Hellu	11	5		16	115	86		201	217
Golfkl. Hveragerðis	18	9		27	233	186		419	446
Golfkl. Kiðjabergrs	34	20		54	255	157		412	466
Golfkl. Tuddi	1	1		2	17	3		20	22
Golfkl. Selfoss	157	49		206	441	278		719	925
Golfkl. Úthlíð				0	67	60		127	127
Golfkl. Þorlákshafnar	43	18		61	416	170		586	647
Golfkl. Þverá	3			3	45	39		84	87
Golfkl. Öndverðarness	22	8		30	391	305		696	726
Hestamannaf. Geysir	131	193	1	325	294	302		596	921
Hestamannaf. Háfeti	9	13		22	35	26		61	83
Hestamannaf. Jökull	56	76	2	134	312	292	4	608	742
Hestamannaf. Ljúfur	21	50		71	80	77	1	158	229
Hestamannaf. Sleipnir	53	125		178	271	254	3	528	706
Íþróttaf. Dímon	288	262		550	1	36		37	587
Íþróttaf. Garpur	62	37		99	3	9		12	111
Íþróttaf. Gnýr				0	9	13		22	22
Íþróttaf. Hamar	577	505		1082	534	477	21	1032	2114
Íþróttaf. Milan				0	43			43	43
Íþróttaf. Mimir	47	56		103	8	20		28	131
Íþróttaf. Suðri	12	4		16	22	11		33	49
Íþróttaf. Uppsveita	167	55		222	27			27	249
Judofélag Suðurlands	18	10		28	8	14		22	50
Knattsp.f. Árborgar				0	27			27	27
Knattsp.f. Rangæinga	208	121		329	29	15		44	373
Knattsp.f. Ægir	141	29		170	19			19	189
Körfuknattleiks.f. Selfoss	170	75		245	35	7		42	287
Skotiþróttafélagið Skyttur	53	18		71	172	25		197	268
Skotiþróttafélag Suðurlands				0	636	11	1	648	648
Torfæraklúbburinn	2			2	52	1		53	55
Umf. Biskupstungna	68	46		114				0	114
Umf. Dagsbrún				0				0	0
Umf. Eyfellingur				0				0	0
Umf. Eyrarbakka				0				0	0
Umf. Framtíðin	26	17		43	1			1	44
Umf. Gnúpverja	10			10	26	6		32	42
Umf. Hekla	168	119		287	11	2		13	300
Umf. Hrunamanna	22	49		71				0	71
Umf. Hvöt	33	13		46		13		13	59
Umf. Ingólfur				0				0	0
Umf. Laugdæla	94	79		173	25	27		52	225
Umf. Merkihvoll				0				0	0
Umf. Selfoss	1482	1102		2584	170	141		311	2895
Umf. Skeiðamanna	4	4		8	2	5		7	15
Umf. Stokkseyrar	22	16		38	157	40		197	235
Umf. Trausti				0				0	0
Umf. Þjótandi	48	38		86	28	23		51	137
Umf. Þór	235	250		485	12	5		17	502
Umf. Þórsmörk				0				0	0
<b>Samtals</b>	<b>4542</b>	<b>3477</b>	<b>3</b>	<b>8022</b>	<b>5591</b>	<b>3442</b>	<b>30</b>	<b>9063</b>	<b>17085</b>

# Íþróttakarlar og Íþróttakona HSK

HSK hefur frá árinu 2018 valið íþróttakarlar og íþróttakona HSK.

Ár	Íþróttakarlar	Félag	Íþróttagrein
2018	Elvar Örn Jónsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2019	Haukur Prastarson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2020	Breki Bernhardsson	Umf. Selfoss	judó
2021	Styrmir Snær Prastarson	Umf. Þór	körfuknattleikur
2022	Egill Blöndal	Umf. Selfoss	judó
2023	Sigurjón Ægir Ólafsson	Íþróttaf. Suðri	íþróttir fatlaðra
2024	Hákon Þór Svavarsson	Skotiþróttaf. Suðurlands	skotiþróttir
2025	Eric Máni Guðmundsson	Umf. Selfoss	motocross

Ár	Íþróttakona	Félag	Íþróttagrein
2018	Dagný María Pétursdóttir	Umf. Selfoss	taekwondo
2019	Fjóra Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2020	Heiðrún Anna Hlynsdóttir	Golfkl. Selfoss	golf
2021	Heiðrún Anna Hlynsdóttir	Golfkl. Selfoss	golf
2022	Heiðrún Anna Hlynsdóttir	Golfkl. Selfoss	golf
2023	Heiðrún Anna Hlynsdóttir	Golfkl. Selfoss	golf
2024	Perla Ruth Albertsdóttir	Umf. Selfoss	handknattleikur
2025	Heiðrún Anna Hlynsdóttir	Golfkl. Selfoss	golf

## Myndir úr starfinu



Dímonarstelpur í 3. og 4. bekk á körfuknattleiksmóti.



Ungur Háfetadrengrur að taka sín fyrstu skref í hestamennskunni.



Formannskipti urðu hjá Dagsbrún á árinu. Albert Rútsson hætti og Arnþór Einar Guðnason tók við keflinu, í þessu tilfalli töskunni!



Lið Hvatar á yngri flokka móti í blaki haustið 2025.

## Matmenn HSK í 60 ár

Matmaður HSK hefur verið valinn á héraðsþingum HSK frá árinu 1966. Það er sá sem ber titilinn sem velur eftirmann sinn og fær sá er valinn er það hlutverk að þakka matráðsfolkum fyrir veitingar á þinginu. Vigfús Þór Hróbjartsson Umf. Selfoss var valinn matmaður þingsins 2024. Vigfús komst ekki á þingið í Aratungu og það kom í hlut Hjalta Jóns Kjartanssonar að velja matsmann þingsins 2025. Fyrir valinu varð Lárus Arnar Guðmundsson Knattspyrnufélaginu Ægi. Þakkaði hann kokkunum í Aratungu fyrir góðan mat.

Ár	Matmaður HSK	Þingstaður	Ár	Matmaður HSK	Þingstaður
1966	Stefán Jasonarson	Njálshúsið	1997	Þórunn D. Oddsdóttir	Gunnarshólmi
1967	Féll niður	Flúðir	1998	Guðmundur Kr. Jónsson	Þorlákshöfn
1968	Hreinn Erlendsson	Borg	1999	Páll Eggertsson	Laugaland
1969-70	Féll niður	Skarphéðinshúsið	2000	Helga Fjóra Guðnadóttir	Borg
1971	Sigurður Geirdal	Hvoll	2001	Jón Andrésson	Hvoll
1972	Hörður Óskarsson	Árnes	2002	Ólafur Elí Magnússon	Flúðir
1973	Hreinn Erlendsson	Laugaland	2003	Sigurður Jónsson	Þjórsárver
1974	Guðmundur Guðmundsson	Aratunga	2004	Guðmundur Viðarsson	Þykkvibær
1975	Klemenz Erlingsson	Gunnarshólmi	2005	Markús Ívarsson	Selfoss
1976	Pétur Pétursson	Borg	2006	Þröstur Guðnason	Hveragerði
1977	Björn Gíslason	Hella	2007	Bolli Gunnarsson	Laugaland
1978	Jón Ólafsson	Tryggvaskáli	2008	Kristinn Guðnason	Þorlákshöfn
1979	Gunnar Kristjánsson	Hvoll	2009	Hallur Halldórsson	Hvolsvöllur
1980	Féll niður	Laugarvatn	2010	Þór Ólafur Hammer	Þingborg
1981	Helgi Stefánsson	Njálshúsið	2011	Helgi S. Haraldsson	Hella
1982	Kjartan Lárusson	Þjórsárver	2012	Anný Ingimarsdóttir	Brautarholt
1983	Soffía Rósa Gestsdóttir	Gunnarshólmi	2013	Guðríður Aadnegard	Aratunga
1984	Jón M. Ívarsson	Árnes	2014	Lárus Ingi Friðfinnsson	Borg
1985	Einar H. Haraldsson	Heimaland	2015	Sæmundur Steingrímsson	Flúðir
1986	Þráinn Þorvaldsson	Selfoss	2016	Gestur Einarsson	Selfoss
1987	Kári Rafn Sigurjónsson	Laugaland	2017	Guðmundur Pálsson	Hveragerði
1988	Halldóra Gunnarsdóttir	Félagslundur	2018	Guðmundur Jónasson	Þorlákshöfn
1989	Sigurjón Karlsson	Hvoll	2019	Baldur Gauti Tryggvason	Laugaland
1990	Valgerður Auðunsdóttir	Hveragerði	2020	Bryndís Eva Óskarsdóttir	Hvolsvöllur
1991	Elínborg Gunnarsdóttir	Skógar	2021	Féll niður vegna fjarþings	
1992	Þórir Haraldsson	Laugarvatn	2022	Hafdis Hafsteinsdóttir	Þingborg
1993	Puríður Jónsdóttir	Njálshúsið	2023	Jóhanna Briet Helgadóttir	Hella
1994	Jón Jónsson	Aratunga	2024	Vigfús Þór Hróbjartsson	Árnes
1995	Jens Pétur Jóhannsson	Hella	2025	Lárus Arnar Guðmundsson	Aratunga
1996	Hafsteinn Eyvindsson	Þingborg			

## Sleifarhafar HSK í 60 ár

Sleifarkeppni HSK var fyrst haldin árið 1966 í vesturferð HSK. Árið eftir var hún haldin í landgræðsluferð HSK og árin 1968 og 1971 á kvöldvöku HSK. Frá árinu 1972 hefur keppnin verið haldin á héraðsþingum sambandsins. Keppt er í óhefðbundnum greinum, þar sem léttleikinn er í fyrirrúmi. Hermann Ólafsson Umf. Selfoss sá um sleifarkeppnina á þinginu í Aratungu 2025. Sigurður Snær Jónsson Umf. Hrunamanna, Hafsteinn Valdimarsson Íþr. Hamri, Smári Stefánsson Umf. Laugdæla og María Rósa Einarisdóttir Íþr. Dímon kepptu. Hermann valdi keppendur út frá frægð félaganna í blakkeppnum. Við tók spurningakeppni sem vakti mikla kátínu þinggesta. Keppni var hörð en Smári Stefánsson Umf. Laugdæla bar sigur úr þytum.

Ár	Sleifarhafi	staður	Ár	Sleifarhafi	staður
1966	Hafsteinn Þorvaldsson	Kaldalón	1998	Sigríður Heiðmundsdóttir	Þorlákshöfn
1967	Böðvar Pálsson	Hvítárnes	1999	Ragnar Sigurðsson	Laugaland
1968	Hafsteinn Þorvaldsson	Borg	2000	Sigríður Ósk Sigurðardóttir	Borg
1969-70	Engin keppni		2001	Jón H. Sigurmundsson	Hvoll
1971	Hjörtur Jóhannsson	Borg	2002	Kári Jónsson	Flúðir
1972	Hafsteinn Þorvaldsson	Árnes	2003	Guðmundur Jóhannesson	Þjórsárver
1973	Jóhannes Sigmundsson	Laugaland	2004	Páll Arnar Erlingsson	Þykkvibær
1974	Hafsteinn Þorvaldsson	Aratunga	2005	Helga Guðrún Guðjónsdóttir	Selfoss
1975	Karl Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	2006	Þór Ólafur Ólafsson	Hveragerði
1976	Rúnar Guðjónsson	Borg	2007	Sigurgeir L. Ingólfsson	Laugaland
1977	Jóhannes Sigmundsson	Hella	2008	Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir	Þorlákshöfn
1978-81	Engin keppni		2009	Guðni Árnason	Hvolsvöllur
1982	Rúnar Guðjónsson	Þjórsárver	2010	Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir	Þingborg
1983	Sigurður Eggertsson	Gunnarshólmi	2011	Steinunn E. Þorsteinsdóttir	Hella
1984	Magnús Óskarsson	Árnes	2012	Björg Halldórsdóttir	Brautarholt
1985	Guðmundur Adolfsson	Heimaland	2013	Þröstur Guðnason	Aratunga
1986	Jón M. Ívarsson	Selfoss	2014	Ólafur Elí Magnússon	Borg
1987	Markús Ívarsson	Laugaland	2015	Sigrúnur Harðardóttir	Flúðir
1988	Unnur Stefánsdóttir	Félagslundur	2016	Gylfi Þorkelsson	Selfoss
1989	Valgerður Auðunsdóttir	Hvolsvöllur	2017	Rut Stefánsdóttir	Hveragerði
1990	Puríður Jónsdóttir	Hveragerði	2018	Svanur Bjarnason	Þorlákshöfn
1991	Kjartan Lárusson	Skógar	2019	Kristín Svandís Jónsdóttir	Laugaland
1992	Hjálmur Sigurðsson	Laugarvatn	2020	Engin keppni, vegna heimsfaraldurs	
1993	Gunnar Sverrisson	Njálshúsið	2021	Engin keppni, vegna fjarþings	
1994	Þorgeir Vigfússon	Aratunga	2022	Jón Snæbjörnsson	Þingborg
1995	Kristinn Guðnason	Hella	2023	Guðmundur Karl Sigurdórsson	Hella
1996	Hrafnhildur Guðmundsdóttir	Þingborg	2024	Hermann Ólafsson	Árnes
1997	Emil Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	2025	Smári Stefánsson	Aratunga

# Fréttapunktur frá ÍSí 2025



Árið 2025 var þingár hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands. Íþróttþing ÍSí fór fram dagana 16. og 17. maí 2025 og þar kaus íþróttahreyfingin sér nýja forystu. Willum Þór Þórssón var kjörinn nýr forseti ÍSí til næstu fjögurra ára. Einnig urðu allnokkrar breytingar á stjórn sambandsins. Lárus L. Blöndal, fráfarandi forseti, var kjörinn heiðursforseti ÍSí. Samþykktir Íþróttþingsins voru fjölmargar og hafa stjórn og starfsfólk unnið að þeim málefnum í kjölfar þingsins.

## Stjórnsýslan

Stjórnsýslusvið ÍSí annast öll mál er varða lög og reglur í hreyfingunni og er tengiliður við dómstóla ÍSí. Verkefni sviðsins eru víðfem enda regluverki hreyfingarinnar flókið og lagskipt.

Unnið er að uppfærslum á regluverki hreyfingarinnar og eftirlit með einum eða öðrum hætti og veitir sambandsaðilum stuðning og leiðbeiningar er varða lög og reglur. Sviðið hefur umsjón með gæðaverkefnum ÍSí, Fyrirmyndarfélag ÍSí og Fyrirmyndarhérað ÍSí. Stjórnsýslulegum verkefnum fjölga jafnt og þétt með auknum kröfum á íþróttahreyfinguna og síbreytileika starfsumhverfis íþróttar.

## Formannafundur ÍSí og stefnumótun

Formannafundur ÍSí fór fram á Akranesi 21. nóvember. Þar voru tekin fyrstu skref í sameiginlegri stefnumótun ÍSí og UMFÍ en um verður að ræða gagnadrifna grasrótarmótun, en stefnt er að því að leggja fram nýja stefnu á Íþróttþingi ÍSí árið 2027. Leitað verður eftir sem víðtækustu samtali við hagaðila í íþróttahreyfingunni og samfélaginu.

## Afreksmálefni

Afreksmiðstöð Íslands festi sig í sessi á árinu og hefur miðstöðin nú sérfræðinga á sínum snærum, til þjónustu fyrir allt helsta afreksíþróttafólk landsins, eftir þörfum.

ÍSí fékk á Fjirlögum Alþingis vegna ársins 2025 framlag að upphæð 637 milljónir króna til innleiðingar á nýju fyrirkomulagi afreksstarfs. Tæpum 300 milljónum af þeim fjármunum var úthlutað í febrúar 2025 til afreksstarfs sársambanda, til að styðja við almennt landsliðs- og afreksstarf þeirra sem og þátttöku í stórmótum á árinu 2025.

Settur var á stofn launasjóður fyrir afreksíþróttafólk og afreksþjálfara og hófust greiðslur til valinna einstaklinga síðla árs 2025. Auk þess hóf ÍSí endurgreiðslur til einstaklinga í gegnum sársamböndin vegna kostnaðar ungmenna sem taka þátt í landsliðsverkefnum sársambanda. Afreksjóður ÍSí úthlutaði samtals tæpum 520 milljónum króna til afreksstarfs sársambanda vegna ársins 2025.

ÍSí sendi keppendur til Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar, bæði vetrarhátíð í Bakuriani, Georgíu 9. til 16. febrúar, og sumarhátíð í Skopje, Norður Makedóníu 20. til 26. júlí 2025. Hátíðirnar eru fyrir evrópsk ungmenni á aldrinum 14 til 18 ára. Eins fór fjölmennur hópur á vegum ÍSí á Smáþjóðaleikana í Andorra í maímánuði 2025.

## Fræðslu- og almenningsíþróttaverkefni

ÍSí stendur fyrir fjölmörgum fræðsluviðburðum á hverju ári, oft í samstarfi við UMFÍ og fleiri hagaðila. Einnig er þjálfaramenntun ÍSí sívinsæl en áhersla hefur verið á fjarnám undanfarin ár.

Íþróttahreyfingin sinnir stórum verkefnum árlega, sem hafa það að markmiði að bæta lýðheilsu þjóðarinnar. Má þar nefna Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna, Hjólað í skólann, Göngum í skólann,



Kjartan Lárusson var sæmdur heiðurskrossi ÍSí og Þorbjörg Vilhjálmsdóttir gullmerki ÍSí á héraðsþinginu HSK í Aratungu. Olga Bjarnadóttir og Hafsteinn Pálsson úr stjórn ÍSí afhentu þeim viðurkenningararnar.



Vel var mætt á Formannafund ÍSí sem haldinn var á Akranesi.

Íþróttaviku Evrópu, Ólympíuhlaupið, Ólympíudaginn og Syndum. Frábær þátttaka var í verkefnum ÍSí á árinu. Unnið er að samþættingu verkefna á sviði almenningsíþróttar, einföldun skráninga og uppfærslu kerfa.

Bjartur lífsstíll er samstarfsverkefni ÍSí og Landssambands eldri borgara (LEB), með fjárstuðningi frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti. Megináhersla er lögð á að skipulögð hreyfing og tómsundastarf standi öllu fólki 60 ára og eldra til boða. Athygli er vakin á lendingarsíðunni Hreyfing í boði, á Ísland.is, sem sýnir fjölbreytt úrval af hreyfingu og tómsundarstarfi fyrir eldra fólk viðs vegar um landið.

Eins má nefna verkefnið Allir með sem samstarfsverkefni ÍSí, UMFÍ og Íþróttasambands fatlaðra, sem er liður í að ná markmiðum 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og auka þátttöku fatlaðra í íþróttastarfi.

## Ferðasjóður

Árlega er úthlutað úr Ferðasjóði íþróttafélaga. Fjárframlag í sjóðinn kemur alfarið frá ríkinu en ÍSí hefur umsjón með sjóðnum, þ.e. umsóknarferli,

úrvinnslu og úthlutun. Síðastliðin ár hefur verið úthlutað árlega 123,9 milljónum til íþróttafélaga um allt land, byggt á umsóknum. Framlag í sjóðinn vegna ársins 2026 hækkar um 100 m. króna, samkvæmt samningi við mennta- og barnamálaráðuneytið.

## Svæðisstöðvar íþróttahéraða

Svæðisstöðvar íþróttahéraða er sameiginlegt verkefni ÍSí og UMFÍ með fjárframlagi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu og er markmiðið með því að efla íþróttahéruð með sameiginlegum starfsstöðvum sem þjónusta íþróttahéruðin og íþróttafélögin í nærumhverfi sínu með samræmdum hætti. Á heimasíðu svæðanna, [www.siu.is](http://www.siu.is) má finna verkferakistu með gagnlegum skjölum er varða m.a. rekstur íþróttafélaga.

Hvatvasjóður, á vegum ÍSí og UMFÍ og með stuðningi mennta- og barnamálaráðuneytis, stuðlar að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, með áherslu á börn með fötlun og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Upplýsingar um starfsemi og verkefni ÍSí má finna á heimasíðu ÍSí, [www.isi.is](http://www.isi.is).

# Fréttapunktur frá UMFÍ 2025

Mikið var um að vera í starfi UMFÍ árið 2025. Áfram er unnið að því að auka samstarf í íþróttahreyfingunni, mikilvægar ákvarðanir voru teknar á þingi og stefnumótun ÍSÍ og UMFÍ var ytt úr vör. Árið 2025 er árið sem öll íþróttahéruð urðu aðilar að UMFÍ þegar ÍBV bættist í hópinn og eru nú því öll 25 íþróttahéruð og þar með talin öll aðildarfélag aðilar að UMFÍ.

## Sambandsþing UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ fór fram dagana 10. - 11. október 2025. Sambandsþingið er æðsta vald í málefnum UMFÍ hverju sinni. Fjölmenni var á þinginu og fleiri þingfulltrúar en nokkru sinni. Á þingið mættu í fyrsta sinn fulltrúar Íþróttabandalags Vestmannaeyja (ÍBV) en bandalagið hafði fengið aðild að UMFÍ um vorið. Til marks um tímamótin komu fulltrúar allra íþróttahéraða á Suðurlandi á þingið saman í lítilli rútu á vegum Guðmundar Tyrfingssonar. Aldrei áður hafa fulltrúar allra íþróttahéraða landsins setið sambandsþing UMFÍ.

Á fundinum voru afhent fern Hvatningarverðlaun UMFÍ. Þau hlutu Ungmennafélagið Visir í Suðursveit, Ungmennafélag Reykdæla, Íþróttafélagið Undri í Dalabyggð og heilbrigðisteymi Skautafélags Akureyrar.

## Ný stjórn UMFÍ

Á Sambandsþingi UMFÍ urðu töluverðar breytingar á stjórn UMFÍ. Af ellefu einstaklingum í stjórn komu sjö nýir inn. Eftir stöðu fjórir af fyrri stjórn. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, var sjálfkjörinn áfram.

Ný inn í stjórnina komu Guðný Stefánía Stefánsdóttir, Halla Margrét Jónsdóttir, Helgi Sigurður Haraldsson, Margrét Sif Hafsteinsdóttir og Skúli Bragi Geirdal voru kosin í aðalstjórn. Birgir Már Bragason og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson voru kosnir í varastjórn. Þau sem hlutu endurkjör voru: Sigurður Óskar Jónsson, sem kosinn var í aðalstjórn og Gunnar Þór Gestsson og Ragnheiður Högnadóttir, sem voru kosin í varastjórn með Sigurði Eyjólf.

## Öll íþróttahéruð í UMFÍ

Íþróttabandalag Vestmannaeyja (ÍBV) varð sambandsaðili UMFÍ í maí árið 2025. Þar með lauk vegferð sem hófst fyrir rúmum 25 árum þegar íþróttabandalög landsins sóttu fyrst um aðild að UMFÍ. Þau fengu lengi vel neitun. Fyrstu íþróttabandalögin fengu umsókn um aðild að UMFÍ samþykkt árið 2019 og hefur þeim fjölgað síðan þá. Með aðild ÍBV voru öll íþróttafélög landsins orðin að aðildarfélögum UMFÍ.

## Björgunarpakkinn

Samþykkt var á Sambandsþingi UMFÍ í október 2025 að greiða tilteknum íþróttahéruðum samtals 60 milljónir króna næstu tvö árin. Þetta er tímabundin fjárhagsaðstoð sem veitt er annars vegar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ og hins vegar með því að ganga á eigið fé UMFÍ. Aðgerðin var talin nauðsynleg til að dempa höggið sem sumir sambandsaðilar urðu fyrir vegna breytinga á útgreiðslu lottófjár sem samþykktar voru á sínum tíma.

Eftir Sambandsþingið var vinnuhópur settur á lagginnar sem vann tillögurnar áfram. Í nóvember sama ár voru tillögurnar og útfærslan á björgunarpakkanum kynnt sambandsaðilum UMFÍ. Enn hélt vinna áfram við útfærsluna og sviðsmyndgreiningar. Uppfærðar tillögur voru lagðar fram á fundi stjórnar UMFÍ 12. desember 2025.



Ný stjórn UMFÍ í góðum gir.

Niðurstaðan var sú að 19 íþróttahéruð af 20 sem sóttu um björgunarpakkann uppfylltu skilyrði og fengu greiðslur úr björgunarpakkanum. Tekið var fram við útgreiðsluna að um var að ræða einskisþaágerð sem ekki er hægt að gera ráð fyrir til framtíðar.

## Lottó

UMFÍ greiddi sambandsaðilum 361,5 milljón krónur á síðasta ári. Hluti af upphæðinni er 63,2 milljóna króna aukagreiðsla sem greidd var eignaraðilum Íslenskrar getspár vegna góðrar afkomu á árinu. Af heildarupphæðinni, 361,5 milljónum króna, fóru 63,7 milljónir, eða sem nemur 15% til svæðisstöðva íþróttahéraðanna.

Til samanburðar nam heildargreiðslan 293 milljónum króna árið 2024, þar af nam aukagreiðsla vegna góðrar afkomu Íslenskrar getspár, 44 milljónum króna.

## Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið dagana 27. - 29. júní árið 2025 í Fjallabyggð. Keppt var í þrettán greinum bæði á Siglufirði og á Ólafsfirði. Þetta var í þrettánda sinn sem mótið var haldið og fyrsta skiptið sem það var haldið í Fjallabyggð. Mikill áhugi var á mótinu í Fjallabyggð og voru þátttakendur 350 talsins. Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, og Björn Skúlason, maður hennar, voru viðstödd setningu mótsins og sagði Halla þátttökuna sýna að aldur er engin fyrirstaða.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður í Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit og dreifist keppnissvæðið nokkuð. Mótið er haldið í samstarfi við Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE) og sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit.

## Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2025. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmenna- og íþróttasamband Austurlandi (ÚA) og sveitarfélagið Múlaþing. Þátttakendur voru 1.082 talsins á aldrinum 11-18 ára og voru skráningar 5.588 talsins, sem er met. Boðið var upp á 21 íþróttagrein og fjölda opinna viðburða fyrir þátttakendur og mótsgesti. Héraðssamband

Þingeyinga (HSP) hlaut Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ.

Unglingalandsmót UMFÍ fer næst fram á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2026 í samstarfi við Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og sveitarfélagið Skagafjörð.

Úthlutun Unglingalandsmóta hefur verið breytt. Nú er horft til þess að mótið færast reglulega á milli nokkurra sambandsaðila.

## Drulluhlaup Krónunnar

Drulluhlaupið er samstarfsverkefni UMFÍ og Krónunnar. Það var haldið í fjórða sinn í Mosfellsbæ 16. ágúst 2025. Þátttakendum hefur fjölgað jafnt og þétt og voru þeir annað árið í röð yfir eitt þúsund. Það er um þreföldun frá fyrsta hlaupi. Hlaupaleiðin er jafn löng og áður og með fjölda hindrana, sem var breytt að stórum hluta árið 2025.

## Skólabúðir á Reykjum

UMFÍ tók við rekstri Skólabúðanna á Reykjum í Hrutafirði haustið 2022. Reksturinn er nú orðinn að umfangsmesta verkefni UMFÍ með átta manns í föstu starfi og nokkrum í hlutastarfi. Árlega koma þangað um 3.200–3.600 nemendur í 7. bekk og umsjónarfólk af öllu landinu og dvelur hver hópur í fjóra daga. Í búðunum fá nemendur tækifæri til þess að efla leiðtogaþæfni og sjálfsmynd og þroska styrkleika sína.

Húsnæði Skólabúðanna á Reykjum henta afar vel fyrir vinnustofur, fundi og ráðstefnur. Þar er gisting fyrir 120 manns og rými til funda í þremur stórum húsum, íþróttahús, sundlaug og gott útivistarsvæði. UMFÍ hvetur aðildarfélag sín til þess að nýta húsnæðið fyrir hópefli eða aðra viðburði á sínum vegum.

## Stefnumótun UMFÍ

Árið 2021 kom út stefna UMFÍ sem bar yfirskriftina Horft til framtíðar. Samhliða henni kom út starfsáætlun til þriggja ára. Á sambandsráðsfundi UMFÍ í október 2024 var samþykkt að láta stefnu UMFÍ gilda til sambandsþings UMFÍ 2025. Á þingi UMFÍ var svo samþykkt að fara í sameiginlega stefnumótun með ÍSÍ. Sú vinna hófst með formlegum hætti á formannafundi ÍSÍ á Akranesi strax í nóvember. Í

framhaldinu var fundað með fulltrúum íþróttafélaga, sveitarfélaga og mörgum fleirum um heildstæða stefnumótund. Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, ráðgjafi hjá fyrirtækinu Expectus ráðgjöf hefur stýrt fundinum frá upphafi. Unnið hefur verið að því að heyra sem raddir flestra. Í kjölfarið hafa verið skipulagðir fundir víða um land með forsvarsfólki íþróttahéraða og sveitarfélaga þar sem einblínt er á stefnumótun íþróttahreyfingarinnar.

### Ertu á almannaheillaskrá?

Það getur borgað sig að skrá íþrótt- og ungmennafélagið sem félag til almannaheilla og á almannaheillaskrá Skattsins. Félög á skránni fá endurgreiddan fjármagnstekjuskatt og getur það munað heilmiklu fyrir félög hvort sem þau eru stór eða lítil. Skráning á almannaheillaskrá Skattsins eykur líkur á að fólk og fyrirtæki leggi félagi sínu til stuðning ef fyrir liggur að viðkomandi fær endurgjöf í formi skattafrádráttar.

### Ungt fólk og lýðheilsa

Um 100 ungmenni á aldrinum 15 – 25 ára af öllu landinu tók þátt í ráðstefnu ungmennaráðs UMFÍ, Ungt fólk og lýðheilsa, sem fram fór í húsnæði Skólalúðanna á Reykjum í Hrutafirði í september 2025. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar voru félagslegir tófrar og þau ósýnilegu gildi sem verða til í samskiptum og samveru fólks. Þeir móta hugmyndir, hegðun og sjálfsmýnd fólks. Draga fólk hvert að öðru, gerir hóp að liði og samfélag að samfélagi. Ráðstefnan hefur það markmið að hvetja ungt fólk til þátttöku í félagsstarfi íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar á nýjan hátt, ekki aðeins með því að mæta á hefðbundar íþróttæfingar. Félagsfræðingurinn Viðar Halldórsson flutti erindi um félagslega töfra og stýrði vinnustofum.

Markmið ráðstefnunnar er að skapa vettvang fyrir ungt fólk til þess að koma saman og koma með tillögur að bættari lýðheilsu í samfélaginu. Þátttakendur sem hafa áður komið á ráðstefnuna sögðu áhrif hennar afar góða. Ungmennaráð UMFÍ stóð að öllum undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar.

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðheilsa er haldin um svipað leyti á hverju ári. Ráðstefnan 2025 verður haldin í húsnæði Skólalúðanna í september 2026.

### Starfsskýrsluskil

Fyrstu skil í nýtt starfsskýrsluferki sambandsaðila og aðildarfélaga UMFÍ og ÍSÍ fóru fram vorið 2023. Eins og á við um alla hluti er ævinlega unnið að því að bæta kerfið og gera það notendavænna.

Það er á ábyrgð hvers félags að yfirfara eigin upplýsingar og staðfesta þær við skil þeirra í kerfin.

Skilafrestur er til 15. apríl ár hvert. Þrátt fyrir það trassa nokkur félög skilin þegar lokadagurinn rennur upp. UMFÍ hvetur íþróttahéruð til þess að bregðast við sé skýrslum ekki skilað.

### Útgáfa og kynningamáli

Þrjú tölublöð af Skinfaxa komu út árið 2025, Göngubók og tvö mótublöð í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Auk þess gefur UMFÍ líka út mjög reglulega fréttabréf með upplýsingum úr hreyfingunni og gagnlegum upplýsingum fyrir sambandsaðila. UMFÍ sinnir jafnframt lýðræðislegu hlutverki og sendir nefndum Alþingis umsagnir um tugi mála á hverju ári.

### Samstarf

UMFÍ leggur áherslu á samvinnu og tekur í samræmi við það þátt í fjölmörgum verkefnum og viðburðum



UMFÍ veitti fjögur starfsmerki á þingi HSK 2025, (f.v.) Helgi, Geirprúður, Guðný Rósa og Sveinn.

með öðrum samtökum. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og UMFÍ vinna náið saman að fjölmörgum verkefnum.

Stærsta sameiginlega verkefnið eru svæðisstöðvar íþróttahéraðanna auk skilakerfis íþróttahreyfingarinnar og ýmsum viðburðum eins og ráðstefnan Konur og íþróttir, sem haldin hefur verið ár hvert upp á síðkastið í tilefni af Alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Nú síðast var viðburðurinn haldinn föstudaginn 6. mars 2025 þar sem m.a. voru kynnt rúmlega 40 fræðsluvideo. Um 80 þátttakendur mættu á viðburðinn sem fram fór í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Margir fleiri viðburðir eru unnir saman, þar á meðal stefnumótun íþróttahreyfingarinnar og fleiri minni verkefni.

Ekki má gleyma viðburðum á Degi sjálfbóðaliðans 5. desember ár hvert, sálfélagsslegri þjálfun sem byggir á aðferðafræði 5C, verkefninu Vertu með, sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi - og mörg fleiri.

UMFÍ vinnur líka með ÍSÍ að ýmsum öðrum verkefnum, svo sem í slagtoyi við Íþróttasamband fatlaðra að verkefninu Allir með, ráðstefnu á Reykjavíkurléikunum með Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Forvarnardeginum, sem haldinn er í grunn- og framhaldsskólum landsins einu sinni á ári með embætti landlæknis, forsetaembættinu og fleirum. Á meðal annarra verkefna má nefna Æskulýðsvettvanginn, sem UMFÍ starfrækir með Bandalagi íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Undir merkjum Æskulýðsvettvangsins og í samstarfi við m.a. samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsstarfi hefur verið unnin samræmd viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsfélög, síðareglur og ýmislegt fleira.

Þá er ótalin Leiðtogaþjálfun, sem var ýtt úr vör í byrjun árs 2026 og er samstarfsverkefni UMFÍ, KSÍ og UEFA (evrópska knattspyrnusambandsins). Fyrirtækið KVAN vinnur í samstarfi við íþróttafélagið Fram og Dalsskóla, Ingunnarskóla og Sæmundarskóla. Verkefnið byggir á þeirri hugmynd að öll sem vilja geti tileinkað sér leiðtogahefni og þess háttar hegðun og geti unnið gegn neikvæðri hegðun.

### Svæðisfulltrúar

Sextán svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna hófu störf um allt land um mitt ár 2024. Á þeim tíma hafa

þeir unnið að fjölda verkefna sem snúa að aukinni þátttöku barna í íþróttum, bættu aðgengi og samvinnu hagsmunaaðila. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð geti tekist á við núverandi og fyrirséð verkefni, styrki stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísi.

Ásamt því að hver svæðisfulltrúi vinni á sínu svæði, þá vinna þeir saman í vinnuhópum þvert á svæðin. Málefnin sem hóparnir vinna að hverju sinni eru ákveðin í takt við það sem ákall er um í hreyfingunni.

Vefsíða svæðisstöðva íþróttahéraðanna er [www.siu.is](http://www.siu.is).

### Hvatásjóður íþróttahreyfingarinnar

Hvatásjóður íþróttahreyfingarinnar er nýr sjóður á vegum ÍSÍ og UMFÍ með stuðningi Mennta- og barnamálaráðuneytis. Sjóðurinn styrkir verkefni sem miða að útbreiðslu íþróttar og aukinni þátttöku barna í íþróttum í samræmi við sérstaka áhersluflokka.

Opnað var fyrir umsóknir í sjóðinn í byrjun árs 2025 og voru veittir 154 styrkir upp á samtals 87 milljónir króna í þau þrjú skipti sem opnað var fyrir umsóknir.

58 styrkir voru veittir til eflingar þátttöku barna með fötlun, 20 styrkir veittir til að efla þátttöku barna frá tekjulægri heimilum og 22 styrkir voru veittir til að efla þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Til viðbótar voru 54 styrkir veittir til útbreiðslu og þátttöku barna í íþróttum.

### Fræðslu- og verkefnasjóður

Sambandsaðilar UMFÍ og fleiri geta sótt um í nokkrum sjóðum. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ er stærstur sjóðanna en hann styður við fræðsluverkefni hreyfingarinnar. Umsóknarfrestir eru tveir á ári, að vori og að hausti. Árið 2025 bárust sjóðnum 242 umsóknir um styrki. Styrkir voru veittir til 195 verkefna upp á rúmar 53,5 milljónir króna. Til samanburðar hlutu 177 verkefni styrki upp á rétt rúmar 39,2 milljónir króna árið 2024 og 144 verkefni hlutu styrk upp á rúmar 20 milljónir árið 2023. Umhverfissjóður UMFÍ

UMFÍ veitir jafnframt styrki úr Umhverfissjóði. Árið 2025 voru veittir styrkir til fimmtán verkefna upp á 6,2 milljónir króna. Til samanburðar voru verkefni sex árið 2025 upp á 3,4 milljónir.

## Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkti 195 verkefni árið 2025, samtals að upphæð 53.528.052 kr. Af því fengu 28 verkefni á sambandsvæði HSK styrk samtals að upphæð 3.215.000 kr. Rétt til umsóknar úr sjóðnum eiga sambandsaðilar UMFÍ, aðildarfélög sem eru virk í starfi og deildir innan þeirra. Sjóðurinn úthlutar styrkjum tvisvar á ári og er umsóknarfrestur 1. maí og 1. nóvember ár hvert.

### Áherslur í úthlutun

Í samræmi við reglugerð sjóðsins leggur sjóðsstjórn áherslu á að veita styrki til:

- Fræðslu- og forvarnaverkefna sem eru til þess fallin að auka þekkingu og fagmennsku innan héraðs, félags og/eða deildar.
- Þjálfara- og/eða dómaramámskeiða.
- Verkefna sem stuðla að aukinni þekkingu og varðveislu á menningu og sögu héraðs, félags og/eða héraðs.
- Verkefna og/eða viðburða sem hafa það að markmiði að efla þjálfun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfbæðiliða í íþróttastarfsemi.
- Verkefni sem stuðla að stærðarhagkvæmni og samnýtingu í upplýsingatæknimálum.

### Úthlutun styrkja

Athygli er vakin á því að sjóðurinn styrkir EKKI tækja-, áhalda- og búnaðarkaup, fundakostnað (þ.m.t. veitingar og almennan rekstur félaga.

- Styrkur er að öllu jöfnu aldrei hærrí en 400.000 kr. Sjóðsstjórn getur þó veitt hærrí styrki í undantekningartilfellum.
- Fræðslu- og forvarnaverkefni hljóta 80% styrk gegn kvittunum með lokaskýrslu.
- Þjálfaramámskeið hljóta 50% styrk gegn kvittunum með lokaskýrslu.
- Verkefni til varðveislu sögu og menningu hljóta 50% styrks gegn kvittunum með lokaskýrslu.
- Verkefni tengd áhersluatriðum sjóðsins hljóta 80% styrks. Styrkurinn er jafnan greiddur út við skil á lokaskýrslu, en hægt er að óska eftir útgreiðslu á hluta af styrkupphæð ef þörf er á.

### Verkefni innan HSK sem hlutu styrk í maí 2025:

Félag/deild	Verkefni	Upphæð
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaramámskeið	110.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Fræðsluferð til Danmerkur	200.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Móttökunámskeið	75.000
Fimleikadeild Umf. Þórs	Þjálfaramámskeið	300.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Endurmenntunarferð þjálfara til Danmerkur	200.000
Körfuknattleiks. Selfoss	Karakter í Selfoss Körfu	288.000
Motocrossdeild Umf. Selfoss	Keppnistjóranámskeið í Rugby í Bretlandi á vegum FIM	150.000
Umf. Biskupstungna	Málstofa um íþróttamál í Uppsveitum	50.000

### Verkefni innan HSK sem hlutu styrk í nóvember 2025:

Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaramámskeið FSÍ	194.500
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaramámskeið í Danmörku	175.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Fyrirlestur um taugaþroskaraskanir í salnum	36.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Haus hugarþjálfun	72.000
Fimleikadeild Umf. Þórs	Námskeið fyrir yngri þjálfara	85.000
Fimleikadeild Umf. Þórs	Námskeið eldri þjálfara	43.000
Hestamannafélagið Sleipnir	Nýdómaramámskeið	142.500
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	KSÍ B3 Þjálfaramámskeið	20.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	KSÍ B1 Þjálfaramámskeið	40.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	KSÍ B2 Þjálfaramámskeið	40.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	KSÍ B4 Þjálfaramámskeið	32.500
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	UEFA Youth Elite	75.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	KSÍ A þjálfaraskóli	22.500
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaraskóli KSÍ	14.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Heimasíða UMFS	150.000
Knattspyrnufélagið Ægir	Þjálfaramámskeið UEFA Pro	125.000
Knattspyrnufélagið Ægir	Ný og uppfærð heimasíða	150.000
Körfuknattsl.d. Íþr.f.Hamars	Vinnustofa og fræðsla fyrir leikmenn meistarafll. kvenna	100.000
Umf. Selfoss	Bragi - Ársrit Umf. Selfoss	125.000
Umf. Stokkseyrar	Stofnun Borðtennisdeildar á Stokkseyri	200.000

**Samtals**

**3.215.000**

## Úthlutun úr Íþróttasjóði 2025

Íþróttanefnd úthlutaði úr Íþróttasjóði 21,5 milljónum til 71 verkefna fyrir árið 2025. Alls bárust 194 umsóknir að upphæð rúmlega 230 milljónir króna um styrki úr Íþróttasjóði vegna ársins 2025. Sex verkefni á sambandsvæði HSK hlutu styrk úr sjóðnum, samtals að upphæð kr. 1.700.000. Heildarúthlutun fyrir árið 2025 var 21.150.000 kr., sem skiptist sem hér segir; aðstaða 9.000.000, (38 verkefni), fræðsla og útbreiðsla 6.859.000 (27 verkefni) og rannsóknir 5.300.000 (6 verkefni).

### Styrkir til aðildarfélaga HSK:

Félag/deild	Verkefni	Upphæð
Borðtennisdeild Umf. Selfoss	Innkaup á borðtennis skilveggjum	200.000
Golfklúbburinn Hella	Barna og unglingastarf GHR	200.000
Íþróttafélagið Hamar	Endurnýjun búnaðar	300.000
Knattspyrnufélagið Ægir	Boltakaup	300.000
Ungmennafélagið Hekla	Inngilding barna af erlendum uppruna	400.000
Ungmennafélag Selfoss	Inngilding barna- og unglunga af erlendum uppruna	300.000

Umsóknarfrestur til að sækja um styrk úr Íþróttasjóði er til 1. október ár hvert. Upplýsingar um sjóðinn og úthlutanir eru á heimasíðu Rannís.

# Ferðasjóður íþróttafélaga

Ferðasjóður íþróttafélaga hefur fengið árlegt framlag á Fjárlögum Alþingis, allt frá árinu 2007, til úthlutunar til íþrótt- og ungmennafélaga í landinu vegna keppnisferða innanlands á fyrir fram skilgreind styrkhæf mót. Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands var falin umsjón á útreikningi og úthlutunum úr sjóðnum og úthlutar sambandið árlega styrkjum úr sjóðnum. Ferðasjóðnum er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrótt- og forvarnarstarf. Til úthlutunar vegna ársins 2025 voru 123,9 milljónir króna og verður greitt úr sjóðnum í mars 2026.

## Úthlutun til aðildarfélaga HSK fyrir keppnisferðir 2016–2025:

	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	SAMTALS
Golfkl. Geysir			18.117								18.117
Golfkl. Hveragerðis							21.920	12.531			34.451
Golfklúbbur Kiðjabergs									5.926		5.926
Golfkl. Selfoss			22.835			19.140			14.158		56.133
Golfkl. Öndverðarnesi			17.205	6.388							23.593
Hestam.f. Ljúfur	7.259										7.259
Íþr.f. Dimon			97.026	46.237		66.155	45.360	46.050	22.170	28.453	351.451
Íþr.f. Garður			15.874		24.383	18.110					58.367
Íþr.f. Gnýr		22.206		20.280							42.486
Íþr.f. Hamar		214.651	433.104	525.795	601.421	559.954	575.550	207.989	282.114	214.007	3.614.585
Íþr.f. Milan	22.819	63.057	38.163								124.039
Íþr.f. Suðri		44.413		48.165				27.573	33.037	33.390	186.578
Íþr.f. Uppsveita					22.973	58.699	53.783	29.260	156.291		321.006
Knattsp. Árborg	38.851	26.710	18.769				48.073		34.572		166.975
Knattsp. Rangæinga			180.705	136.407	366.813	272.355	59.905	182.639	246.476	154.545	1.599.845
Knattsp. Ægir	347.346	271.713	206.462	274.640	320.737	271.179	136.219	319.821	228.082		2.376.199
Körfukn.fél. Selfoss	86.942	93.748	371.273	285.921	91.892	259.894	176.633	254.080	204.878	447.667	2.272.928
Umf. Gnúpverja		34.043	47.079								81.122
Umf. Hekla			14.441	23.929	13.300	13.687			10.061		75.418
Umf. Hrunamanna	91.052	93.171	104.531	169.563	100.788	403.195	124.145	232.185	13.701		1.332.331
Umf. Laugdæla						26.484	19.125	82.593	141.711	135.240	405.153
Umf. Selfoss	1.611.712	2.628.863	2.138.051	2.150.981	1.271.028	2.663.519	2.005.621	1.624.865	2.205.349	2.492.174	20.792.163
Umf. Þjótandi			27.969						9.146		37.115
Umf. Þór	131.116	200.360	101.850	158.968	111.986	421.731	296.419	325.031	154.021	248.636	2.150.118
<b>Samtals</b>	<b>2.337.097</b>	<b>3.692.935</b>	<b>3.853.454</b>	<b>3.572.634</b>	<b>2.879.224</b>	<b>5.103.660</b>	<b>3.697.713</b>	<b>3.161.015</b>	<b>3.853.432</b>	<b>3.982.194</b>	<b>36.133.358</b>

## Umhverfissjóður UMFÍ 2025

Umhverfissjóður UMFÍ, sem er Minningarsjóður um Pálma Gíslason fyrrverandi formann UMFÍ, úthlutaði 6.200.000 kr. til 15 verkefna á árinu 2025. Alls bárust 18 umsóknir í sjóðinn í ár. Umhverfissjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja umhverfisverkefni félaga eða einstaklinga innan ungmennafélagsheyringarinnar. Skilyrði fyrir styrkjum er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og verkefnið sé umhverfisverkefni.

### Verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Félag/deild	Verkefni	Upphæð
Ungmennafélag Selfoss	Fegrún á íþróttavallarsvæði Umf. Selfoss	350.000
Ungmennafélag Selfoss	Fallegra umhverfi	250.000

Þá fékk Brastarskógarnefnd tveggja milljón króna styrk úr sjóðnum til feagnar og uppbyggingar í Prastaskógi, en skógurinn er á sambandsvæði HSK og er í eigu UMFÍ.

## Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar

Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar er nýr sjóður á vegum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands með stuðningi Mennta- og barnamálaráðuneytis. Sjóðurinn tengist stofnun átta svæðisstöðva íþróttahéraða á síðasta ári og markmiðum um eflingu íþróttastarfs á landsvísi. Sjóðurinn styrkir verkefni sem miða að útbreiðslu íþróttar og aukinni þátttöku barna í íþróttum með áherslu á þátttöku barna með fötlun, af tekjulægri heimilum og með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. Íþróttahéruð, íþróttafélög og deildir þeirra, sersambönd í samstarfi við íþróttahéruð, félög eða deildir félaga geta sótt um styrk í Hvatasjóðinn. Nánari upplýsingar um sjóðinn eru á heimasíðu UMFÍ. Heildarúthlutun úr Hvatasjóði árinu nemur rúmum 86 milljónum króna sem skiptast á milli 154 verkefna. Fjórtn verkefni aðildarfélaga HSK hlutu styrk úr sjóðnum í ár, samtals að upphæð 7.350.000 kr.

### Úthlutun til aðildarfélaga HSK 2025:

Nafn umsækjenda	Verkefni	Styrkur
<b>Fyrsta úthlutun í janúar</b>		
HSK og Umf. Selfoss	Íslandsleikar	1.000.000
HSK og Umf. Selfoss	Íþróttir fyrir börn með fatlanir	1.500.000
<b>Önnur úthlutun í júní</b>		
Umf. Selfoss, knattspyrnudeild	Fótbolti fyrir alla	250.000
Umf. Hekla	Frá brottfalli til bætinga	1.000.000
Íþr.f. Uppsveita, körfukn.deild	Uppbygging körfuboltastarfs Uppsveita	300.000
Umf. Biskupstungna	Allir saman	100.000
Umf. Selfoss, Suðradeild	Sumarfrístund fyrir börn með sér og stuðningsþarfir	700.000
Umf. Selfoss	Íþróttir fyrir fötluð börn og unglinga-Framhaldsumsókn	1.000.000
<b>Þriðja úthlutun í nóvember</b>		
Íþr.f Hamar	Hamarsport unglíngar	250.000
Umf. Laugdæla	Körfubolti fyrir stúlkur frá 16-18 ára	100.000
Umf. Hvöt	Spilum pílu saman	250.000
Umf. Hekla	Inngilding barna af erlendum uppruna	350.000
Umf. Laugdæla	Íþróttaskóli barnanna	250.000
Umf. Selfoss, Knattsp.d/Suðrad.	Fótbolti fyrir alla	300.000

**UMFÍ**

Fjölskyldu- og íþróttahátíð

# UNGLINGALANDS- MÓT UMFÍ

SAUÐÁRKRÓKI UM  
VERSLUNARMANNAHELGINA



ALLT UM MÓTIÐ  
**UMFI.IS**

**UMFÍ**

Mót fyrir fólk á besta aldri

# LANDSMÓT UMFÍ 50+

HRAFNAGILSHVERFI  
Í EYJAFJARÐARSVEIT  
26.-28. JÚNÍ 2026



ALLT UM MÓTIÐ  
**UMFI.IS**

## Nefndir skipaðar af stjórn:

### Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að stjórnarskipan HSK og nefndaskipan í 17 starfsnefndir sambandsins.

Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd: Guðrún Tryggvadóttir, formaður, Umf. Selfoss, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Gestur Einarsson, varastjórn HSK, Jóhannes Óli Kjartansson, Umf. Selfoss, Jón Þröstur Jóhannesson, stjórn HSK og Valgerður Auðunsdóttir, Umf. Skeiðamanna.

Á héraðsþingi 2025 lagði nefndin fram tillögur sínar til afgreiðslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá fremst í ársskýrslunni og hér aftar í skýrslunni er greint frá nefndaskipan 2025.

Brynja Hjálmtýsdóttir og Bergur Guðmundsson voru kjörin skoðunarmenn reikninga sambandsins.

### Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK

Frá árinu 2007 hefur sérstök valnefnd kosið íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK. Á héraðsþingi HSK árið 2018 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK og hefur nefndin síðan þá haft það hlutverk að velja íþróttakonu HSK og íþróttakaril HSK.

Fundur í valnefndinni var haldinn 10. mars 2026 í Selinu á Selfossi og eftirtaldir mættu: Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Gestur Einarsson, varastjórn HSK, Þórir Haraldsson, Umf. Selfoss, Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK og Lárus Ingi Friðfinns Bjarnason varastjórn HSK.

Valnefndin hefur stuðst við eftirfarandi þætti í vali sínu á íþróttamanni HSK:

1. Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvísu.
2. Íþróttamaður HSK þarf að hafa náð 16 ára aldri.
3. Staða greinarinnar.

### Val á íþróttakarli og íþróttakonu HSK 2025

Á dagskrá fundarins var aðeins eitt mál, að velja íþróttakaril og íþróttakonu HSK fyrir árið 2025. Notast var við greinargerðir sem borist höfðu. Farið var yfir listann og afrek hvers einstaklings fyrir sig vegin og metin. Mikil samstaða var í nefndinni um að velja eftirfarandi einstaklinga. Íþróttakaril HSK 2025: Eric Máni Guðmundsson motokrossmaður frá Umf. Selfoss. Íþróttakona HSK 2025: Heiðrún Anna Hlynsdóttir golfari úr Golfklúbbi Selfoss.

### Unglingalandsmótsnefnd HSK 2025

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Heiða Pálrún Leifsdóttir, Umf. Biskupstungna, Anný Ingimarsdóttir, Umf. Þjótanda og Guðrún Ása Kristleifsdóttir, Umf. Hvöt. Þá starfaði Guðrún Tryggvadóttir, sumarstarfsmaður HSK og fyrrverandi formaður nefndarinnar, að undirbúningi með nefndinni fyrir mót.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina og þetta var í þriðja sinn sem mótið er haldið þar. Rúmlega 1.000 keppendur voru skráðir á mótið og komu 82 þeirra frá HSK.

Það var glæsilegur HSK hópurinn sem gekk inn á völinn á setningarhátið mótsins, en allir keppendur sambandsins fengu að gjöf bláa HSK treyju merka HSK og Arion banka. Bankinn er aðalstyrktaraðili HSK og samstarfið ein aðalforsenda þess að hægt sé að afhenda treyjuna endurgjaldslaut.

Keppendur HSK unnu unglingsmóts titla í níu mismunandi íþróttgreinum. Hér að neðan er getið um Unglingalandsmótsmeistarar af sambandssvæðinu.



Anný Ingimarsdóttir ritari stjórnar HSK var fánaberi á Unglingalandsmóttinu.

### Unglingalandsmótsmeistarar HSK:

#### Fimleikar

Fimleikalíð af sambandssvæðinu, sem kallaði sig Ice girls urðu Unglingalandsmótsmeistarar í flokki 11-14 ára. Í liðinu voru vinkonurnar Andrea Sjöfn Óskarsdóttir, Ásta Kristín Ólafsdóttir, Bergþóra Hauksdóttir og Stella Natalia Ársælsdóttir.

#### Frjálsar íþróttir

Keppendur HSK unnu 16 unglingsmóts titla í frjálsum á móttinu. Margir voru að bæta sinn persónulega árangur, þó engin HSK met hafi verið bætt að þessu sinni.

Nikulás Tumi Ragnarsson varð Unglingalandsmótsmeistari í kúluvarpi í 11 ára flokki stráka.

Í 14 ára flokki vann Ásta Kristín Ólafsdóttir titil í spjótkastrí stúlkna og Birkir Aron Ársælsson vann spjótkastrí í sama aldersflokki pílta.

Anna Metta Óskarsdóttir varð þrefaldur unglingsmeistari í 15 ára flokki, vann 200 metra hlaup, hástökk og þristökk. Adda Sóley Sæland vann langstökk og kúluvarp í sama aldersflokki.

Í flokki 16-17 ára vann Kristján Kári Ólafsson kringlukast og sleggjukast. Helgi Reynisson stökk lengst allra í langstökki og Bryndís Embla Einarisdóttir bætti við titlasafn sitt í spjótkastrí.

Í elsta aldersflokknum varð Ísold Assa Guðmundsdóttir fjórfaldur meistari, vann 100 metra hlaup, hástökk, þristökk og kúluvarp. Daniel Smári Björnsson tryggði sér titilinn í þristökki í 18 ára aldersflokknum.

#### Glíma

Aron Logi Danielsson varð landsmótsmeistari í glímu í flokki 13-14 ára stráka og Víkingur Karl Línason vann gullverðlaun í 11-12 ára flokki stráka.

#### Golf

Freyja Ósk Ásgeirsdóttir varði titil sinn frá því í fyrra, en hún varð meistari í golfi í 14-15 ára flokki stúlkna.

#### Grashandbolti

Strumparnir voru öflugir í flokki stráka 11-12 ára, en tvö lið með því nafni tóku þátt í nokkrum greinum á móttinu. Strumparnir 2 urðu landsmótsmeistarar í grashandbolta og þeir sem skipuðu liðið voru þeir Birkir Rafn Ingason, Dagur Ágústsson, Dagur Rafn

Gunnarsson, Hafsteinn Ingi Magnússon, Leó Hrafn Danielsson og Tómas Otrason.

#### Knattspyrna

Strumparnir 2 urðu unglingsmótsmeistarar í knattspyrnu í flokki 11-12 ára. Í sigurliðinu voru þeir Birkir Rafn Ingason, Dagur Rafn Gunnarsson, Hafsteinn Ingi Magnússon, Leó Hrafn Danielsson og Tómas Otrason.

#### Krakkahreysti

Krakkahreysti var ný grein á móttinu. Þar áttum við sigurvegara, en þær Ástís Lilja Guðmundsdóttir og Ísold Edda Steinþórsdóttir, sem kölluðu lið sitt Ice girls, unnu í flokki 11-12 ára stúlkna.

#### Kökuskreytingar

Í þessari vinsælu grein stóðu HSK krakkarnir sig vel. Í einstaklingskeppninni í flokki 11-12 ára varð Linda Björk Smáradóttir unglingsmótsmeistari og Andrea Sjöfn Óskarsdóttir sigraði í flokki 13-14 ára. Í liðakeppni í flokki 13-14 ára vann liðið Meistararnir titil. Liðið skipuðu þær Ásta Kristín Ólafsdóttir og Stella Natalia Ársælsdóttir.

#### Sund

Í sundi vann Arnór Karlsson tvo titla, en hann varð meistari í 50 metra baksundi og 100 metra skriðsund í flokki 15-16 ára pílta.

Vinkonurnar í Icegirls, þær Andrea Sjöfn Óskarsdóttir, Ásta Kristín Ólafsdóttir, Bergþóra Hauksdóttir og Stella Natalia Ársælsdóttir, urðu Landsmótsmeistarar í 4x50m skriðsundi stúlkna.

Hér er ekki getið um þá fjölmörgu sem unnu silfur og brons í ofantöldum greinum. Keppendur frá HSK unnu að auki til verðlauna borðtennis, frísbíggj, grasblaki, hjólríðum, körfuknattleik, pílukastrí og stafsetningu. Krakkarnir kepptu einnig í skák og motocross og voru nærri verðlaunasætum. Þá eru þrjár keppnisgreinar ótaldir, en engin þátttakandi af sambandssvæðinu keppti í rafíþróttum, skák og upplestri.

Úrslit greina má nálgast á [www.umfi.is](http://www.umfi.is).

Næsta Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2026.

# Nefndarskipan og stjórnir sérráða HSK 2025

Yfirlit um skipan nefnda sem kosnar voru á héraðsþingi HSK 2025 og stjórnir sérráða HSK sem kosnar voru á aðalfundum ráðanna.

## Almenningsíþróttanefnd

Formaður: Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna  
Magnús Jóhannsson, Umf. Selfoss  
Aðalsteinn Geirsson, Umf. Hvöt  
Varamaður: Vigfús Eyjólfsson, Umf. Selfoss

## Badmintonnefnd

Formaður: Friðrik Sigurbjörnsson, Íþróttafélaginu Hamri  
Hrund Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri  
Ólafur Dór Steindórsson, Íþróttafélaginu Hamri  
Varamaður: Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon

## Blaknefnd

Formaður: Haraldur Örn Björnsson, Íþróttafélaginu Hamri  
Guðný H. Indriðadóttir, Íþróttafélaginu Dímon  
Hrund Pálsdóttir, Umf. Hrunamanna  
Varamaður: Freyja Rós Haraldsdóttir, Umf. Laugdæla

## Borðtennisnefnd

Formaður: Stefán Sverrisson, Umf. Selfoss  
Bæring J. Guðmundsson, Íþróttafélaginu Garpi  
Óli Guðmar Óskarsson, Íþróttafélaginu Dímon  
Varamaður: Reynir Björgvinsson, Íþróttafélaginu Dímon

## Briddsnefnd

Formaður: Garðar Garðarsson, Umf. Selfoss  
Ómar Olgeirsson, Íþróttafélaginu Garpi  
Kristján Hálfðanarson, Íþróttafélaginu Dímon  
Varamaður: Sveinn Þór Gunnarsson, Umf. Gnúpverja

## Fimleikanefnd

Formaður: Ingibjörg Garðarsdóttir, Umf. Selfoss  
Heiðrún Ósk Sævarsdóttir, Umf. Selfoss  
Kolbrún Marín Wolfram, Íþróttafélaginu Hamri  
Varamaður: Ásdís Birta Auðunsdóttir, Umf. Þór

## Stjórn Frjálsíþróttaráðs

Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir, Umf. Þjótanda,  
Eyrún María Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Dímon  
Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss  
Guðmundur Finnbogason, Umf. Selfoss  
Tinna Björnsdóttir, Umf. Selfoss

## Stjórn Glimuráðs

Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Þjótanda  
Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson, Umf. Laugdæla  
Ritari/varaf.: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi  
Varamenn: Óðinn Þór Kjartansson, Umf. Laugdæla  
Sigurður Þór Emilsson, Umf. Þjótanda

## Golfnefnd

Formaður: Einar Lyng Hjaltason, Golfklúbbi Hveragerðis  
Einar Tryggvason, Golfklúbbum Geysi  
Hjördís Björnsdóttir, Golfklúbbum Úthlíð

## Handknattleiksnefnd

Formaður: Einar Sindri Ólafsson, ÍF Milán  
Hjörtur Leó Ólafsson, ÍF Milán  
Anton Ingi Arnarson, Umf. Selfoss  
Varamaður: Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Umf. Selfoss

## Hestaíþróttanefnd

Formaður: Bragi Viðar Gunnarsson, Hestamannafélaginu Jökli  
Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Hestamannafélaginu Geysi  
Berglind Sveinsdóttir, Hestamannafélaginu Sleipni  
Varamaður: Ísleifur Jónasson, Hestamannafélaginu Geysi

## Íþróttanefnd eldri félagsmanna

Formaður: Tómas Jónsson, Umf. Selfoss  
Markús Ívarsson, Umf. Þjótanda  
Jón Smári Lárusson, Íþróttafélaginu Dímon  
Varamaður: Ásberg Lárenzínusson, Umf. Þór

## Íþróttanefnd fatlaðra

Formaður: Þorbjörg Vilhjálmsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra  
*María K. Jacobsen\**, Íþróttafélaginu Gný  
Valgeir Backman, Íþróttafélaginu Gný  
Varamaður: Ófeigur Ágúst Leifsson, Íþróttafélaginu Suðra

## Knattspyrnuefnd

Formaður: Gestur Einarsson, Umf. Gnúpverja  
Sigurður Sigurðsson, Knattspyrnufélagi Árborgar  
Gústaf Sæland Skúlason, Íþróttafélagi Uppsveita  
Varamaður: Þorsteinn Theodór Ragnarsson, Íþróttafélaginu Hamri

## Körfuknattleiksnefnd

Formaður: Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna  
Jóhanna M. Hjartardóttir, Umf. Þór  
Aníta Ólöf Jónsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi  
Varamaður: Bjarni Bjarnason, Umf. Laugdæla

## Skáknefnd

Formaður: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss  
Björgvin Helgason, Umf. Heklu  
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu  
Varamaður: Úlfhéðinn Sigurmundsson, Umf. Gnúpverja

## Starfsíþróttanefnd

Formaður: Fanney Ólafsdóttir, formaður, Umf. Þjótanda  
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu  
Kolbrún Júlíusdóttir, Umf. Þjótanda  
Varamaður: Sigurgeir Ingólfsson, Umf. Eyfellingi

## Sundnefnd

Formaður: Guðmundur Pálsson Umf. Selfoss  
Laufey Sif Lárusdóttir, Íþróttafélaginu Hamri  
Anna Guðrún Sigurðardóttir, Umf. Selfoss  
Varamaður: Jóhanna Margrét Eðvaldsdóttir, Umf. Selfoss

## Sögu- og minjanefnd

Formaður: Kjartan Lárusson, Umf. Laugdæla  
Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon  
Aðalsteinn Sveinsson, Umf. Þjótanda  
Varamaður: Einar Magnússon, Hestamannafélaginu Geysi

\* María lést 26. september 2025

## Yfirlit um störf nefnda og ráða HSK:

Upplýsingar um íþróttamenn einstakra greina, sem nefndir og ráð tilnefndu eru á einum stað hér framfar í ársskýrslunni á bls. 12-13.

### Almenningsíþróttanefnd

Þrettán HSK met og eitt brautarmet var sett í Bláskógaskokkinu sem haldið var 15. júní 2025.

Fjóla Signý Hannesdóttir bætti HSK metið í kvennaflokki í Bláskógaskokkinu í 5 mílna hlaupinu. Hún kom fyrst kvenna í mark á tímanum 41,37 mín. og bætti fimm ára gamalt met Guðnýjar Hrunðar Rúnarsdóttur um 61 sek, en metið var 42,38 mín. Fjóla setti einnig HSK met í flokki 35-39 ára kvenna.

Anna Metta Óskarsdóttir Selfossi bætti eigið HSK met í 5 mílna hlaupinu í fjórum aldursflokkum frá 15 til 22 ára. Hún hljóp á 43,01 mín., en hún átti 44,27 mín frá árinu 2023.

Andri Már Óskarsson bróðir Önnu setti HSK met í sjö flokkum í 10 mílna hlaupinu. Ekki voru skráð HSK met í flokkum 12 ára til 18-19 ára þar sem enginn keppandi af HSK svæðinu, svo ungur, hefur hlaupið þessa vegalengd fyrr svo vitað sé. Andri hljóp á 1;20,38 klst. Andri bætti svo metið í flokki 20-22 ára um níu sekúndur, en Magnús Bjarki Snæbjörnsson átti HSK metið í þeim flokki sem var 1;20,47 klst., sett árið 2012.

Eitt brautarmet var bætt í hlaupinu í ár. Daníel Snær Eypósson kom fyrstur í mark í karlaflokki í 5 mílna hlaupinu á 29,57 mín og bætti þar með brautarmet Sigurðar Ingvarssonar um eina sekúndu, en Sigurður hljóp á 29,58 mín bæði árin 2023 og 2024.

Sérverðlaun frá verslunni Fætur toga voru veitt fyrir fyrsta karl og fyrstu konu í hlaupinu í báðum vegalengdum. Einnig voru veitt nokkur útdráttarverðlaun frá Fætur toga. HSK þakkar eiganda fyrirtækisins, henni Fjólu Signýju Hannesdóttur kærlega fyrir stuðninginn og aðstoð. Einnig þökkum við Fontana á Laugarvatni fyrir stuðninginn.

Heildarútslit má sjá á timataka.net.

### Badmintonnefnd

Nefndin hélt eitt mót á árinu. Meistaramót HSK í badminton fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Þorlákshöfn sunnudaginn 4. maí 2025 og mættu samtals um 40 keppendur til leiks frá Íþróttafélaginu Hamri, Íþróttafélaginu Dímon og frá Ungmennafélagi Laugdæla.

Keppt var í samtals 10 aldursflokkum og var mikil og góð stemning á mótinu. Allir keppendur undir 11 ára fengu þátttökuverðlaun, en keppt var til verðlauna í öðrum aldursflokkum. Fór svo að Íþróttafélagið Hamar stóð uppi sem sigurvegari í stigakeppni mótsins, Íþróttafélagið Dímon í öðru sæti og Ungmennafélag Laugdæla í því þriðja. Í lok mótsins fékk Íþróttafélagið Hamar því afhentan nýjan farandsbikar meistaramóts HSK sem Orkan í Hveragerði er gefandi að.

### Blaknefnd

Blaknefnd HSK hélt héraðsmót fyrir karla, konur og unglunga á árinu og héraðsmót fyrir karla og konur.

### Héraðsmót kvenna veturinn 2024-25

Seinni umferð HSK móta kvenna og karla fóru fram í mars, en í ár þurfti að hafa tvö kvöld fyrir konurnar þar sem 10 lið voru skráð til leiks. Bæði kvöldin voru löng og ströng svo ákveðið var að hafa fleiri umferðir veturinn 2025-26. HSK meistarar kvenna 2024-25 urðu Dímon/Hekla.

#### Útslitin voru eftirfarandi:

1. Dímon/Hekla A - 11 stig
2. Hrunakonur A - 10 stig
3. Laugdælur A - 5 stig
4. Dímon Hekla B - 4 stig
5. Laugdælur B



Þátttökuliðin í héraðsmóti stúlkna í blaki 2025.

6. Dímon Hekla C
7. Hrunakonur B
8. Mímír
9. Hamar
10. Hvöt

### Héraðsmót karla veturinn 2024-25

Karlamegin varð lið Hamars HSK meistari, en fimm lið tóku þátt veturinn 2024-25. Það er fjölgun um tvö lið, en annað nýju liðanna var lið Mímis sem tók þátt á héraðsmóti í fyrsta sinn árið 1977 og varð þá HSK meistari. Á næstu árum þar á eftir tók félagið þátt í fimm skipti, síðast árið 1987, og í öll skiptin varð liðið í öðru sæti. Það var sérstaklega ánægjulegt að fá Mími til leiks á ný eftir 37 ára hlé.

#### Útslitin voru eftirfarandi:

1. Hamar - 12 stig
2. Laugdælir - 8 stig
3. Hrunamenn - 7 stig
4. Mímír - 3 stig
5. Naglar (Hamar B) - 0

### Fyrsti blaktitill Laugdælastúlkna á HSK móti

Héraðsmótt unglunga í blaki 16 ára og yngri var haldið á Hvolsvelli föstudaginn 11. apríl 2025. Þrjú lið tóku þátt í stúlknaflokki, en mótið var nú haldið í 25. sinn. Lið Laugdæla varð HSK meistari í fyrsta sinn í sögu keppinnar, en mótið var fyrst haldið árið 1999. Með liði Laugdæla léku einnig stúlkur úr nærsveitum.

Fimm lið kepptu í drengjaflokki og þar varð Dímon HSK meistari fjórða árið í röð.

#### Útslit í stúlknaflokki:

- |                   |        |
|-------------------|--------|
| 1. sæti Laugdælur | 6 stig |
| 2. sæti Dímon A   | 3 stig |
| 3. sæti Dímon B   | 0 stig |

#### Útslit í drengjaflokki:

- |                   |         |
|-------------------|---------|
| 1. sæti Dímon A   | 12 stig |
| 2. sæti Laugdælir | 8 stig  |
| 3. sæti Hekla     | 5 stig  |
| 4. sæti Dímon B   | 3 stig  |
| 5. sæti Hamar     | 2 stig  |

### Dímon/Hekla héraðsmeistari kvenna í blaki

Þriðugasta héraðsmót HSK í blaki kvenna var haldið á Laugarvatni 13. október 2025. 11 lið voru mætt til leiks sem er ótrúlega góð þátttaka, en liðin sem mættu komu frá Dímon-Heklu, Hamri, Hrunakonum, Hvöt, Mími og Laugdælum.

Mótið gekk nokkuð vel þrátt fyrir örlitlar seinkanir, enda varla við öðru að búast þegar 32 leikir eru spilaðir á einni kvöldstund.

Spilað var í tveimur riðlum og efstu tvö liðin úr hvorum riðli spiluðu svo til úrslita.

Dímon/Hekla yngri bar sigur úr býtum í úrslitaleik við Hamar og er þar með Hraðmótsmeistari 2025. Þetta er í fjórða sinn sem sameiginlegt lið Dímonar og Heklu nær titli á mótinu. Hamarskonur, sem hafa 18 sinnum fagnað sigri á mótinu, urðu í öðru sæti og Hrunakonur enduðu í þriðja sæti, en þær unnu Dímon-Heklu ungar í leik um þriðja sætið.

### Hamarskarlar héraðsmeistarar fimmta árið í röð

Hraðmót HSK í blaki karla var haldið 15. október 2025 á Laugarvatni. Mótið í ár var það þriðugasta í röðinni, en fyrsta héraðsmót HSK var haldið árið 1995. Mótið hefur farið fram árléga síðan, utan covid ársins 2020.

Keppnin var hörkuspennandi og skemmtileg og í lok dags var ljóst að Hamarsmenn hefðu unnið héraðsmótsmeistararitil HSK, fimmta árið í röð. Hamar er þar með kominn með 14 titla frá upphafi, jafn marga og Hrunamenn sem enduðu að þessu sinni í fjórða sæti. Laugdælir sem hafa einu sinni unnið mótið urðu í öðru sæti og Mímisdrengir úr ML tryggðu sér bronsið.

### Héraðsmót kvenna í blaki veturinn 2025-26

Í vetur eru 10 lið skráð kvennamegin og prófum við nýtt fyrirkomulag á mótinu svo álagið verði ekki eins mikið og síðasta vetur. Þátttökuliðunum tíu var skipt upp í tvo jafna riðla og var miðað við úrslit Hraðmóts HSK sem haldið var fyrir í haust. Allir spila við alla í sínum riðli, þ.e. fjórir leikir á lið. Öll liðin léku tvo leiki á Hvolsvelli og seinni tveir leikirirnir verða svo spilaðir í janúar. Niðurstöður fyrri umferða raða svo efstu liðum hvors riðils saman í nýjan riðil sem spilar til úrslita í mars. Næstu lið hvors riðils spila svo saman um röð liða í neðri sætum.

Dímon/Hekla A og A lið Hrunakvenna hafa tekið forystu í A-riðli og í B riðli eru lið Hamars og Dímon/Hekla B í forystu.

### Héraðsmót karla í blaki veturinn 2025-26

Fyrri umferðin í héraðsmóti karla í blaki fór fram á Flúðum 13. nóvember 2025. Eftir fyrri umferðina eru Laugdælir efstir með fullt hús stiga, Hamar kemur þar á eftir með tvo sigra, Hrunamenn með einn og Mímír meðstír án sigurs.

**Fyrir hönd blaknefndar HSK,  
Haraldur Örn Björnsson**

## Borðtennisnefnd

Alls voru 100 keppendur frá sex félögum skráðir til leiks á héraðsmót HSK í borðtennis, sem fram fór að Laugalandi sunnudaginn 19. október 2025. Mótið hefur einu sinni áður verið haldið á Laugalandi, en það var árið 1988.

Segja má að um 50 ára afmælistót hafi verið að ræða, en fyrsta héraðsmótið var haldið árið 1975. Mótið hefur verið haldið nær árlega síðan.

Á mótinu í ár var keppt í tólf aldursflokkum. Garpur vann stigabikarinn annað árið í röð og í þriðja sinn í sögu mótsins. Dímon sem hefur unnið stigakeppnina oftast allra, eða 20 sinnum, varð í öðru sæti og Selfyssingar urðu svo í þriðja sæti.

### Stigakeppni félaga:

1. Íþr.f. Garpur	90,75 stig
2. Íþr.f. Dímon	64,75 stig
3. Umf. Selfoss	33,5 stig
4. Umf. Stokkseyrar	2 stig
5. Umf. Gnúpverja	0 stig

Úrslit úr öllum leikjum á mótinu má sjá á vef Tournament Software. Myndir frá mótinu má sjá á bordtennis.is.

## Briddsnefnd

### HSK tvímenningurinn

HSK mótið í tvímenning í bridds var haldið í Karlaósssalnum á Selfossi 2. janúar 2025. Spiluð voru 36 spil, þ.e. níu umferðir með fjórum spilum í hverri umferð. 17 þór mættu til leiks að þessu sinni.

Björn Snorrason og Höskuldur Gunnarsson urðu HSK meistara með skor upp á 58,5%, í öðru sæti voru Kristján Már Gunnarsson og Runólfur Þór Jónsson með 56,5% skor og bronsið hlutu Gunnar B. Helgason og Hrannar Erlingsson með 55,4% skor.

Heildarúrslit mótsins má sjá á bridge.is.

### HSK mótið í sveitakeppni

Hin árlega sveitakeppni HSK í bridds var haldin í Fjölbautaskóla Suðurlands 29. nóvember 2025 og mættu 14 sveitir til leiks, sem allar hétu eitthvað og fæstar kenndar við félag eða heimahaga keppenda. Spilaðir voru 8 spila leikir með monrad fyrirkomulagi. Mótið taldi til silfurstiga og sjá má silfurstig keppenda á heimasíðu Bridgesambands Suðurlands.

Úrslit urðu þau að sveitin Félagar Bjössa Bónða varð HSK meistari með 103,01 stig. Í sigursveitinni voru þeir Björn Snorrason, Runólfur Jónsson, Guðmundur Þ Gunnarsson og Kristján Már Gunnarsson.

Gervigreind varð í öðru sæti með 89,43 stig og þar spiluðu Sigurður Jón Björgvinsson, Sveinn Ragnarsson, Hermann Friðriksson og Gunnlaugur Sævarsson. Íslenskur Landbúnaður tók svo bronsið með 87,21 stig. Í sveitinni voru Höskuldur Gunnarsson, Þróstur Arnason, Helgi Hermannsson og Brynjólfur Gestsson.

Úrslit má sjá á bridge.is og lokastöðu á hsk.is.

## Frjálsíþróttaráð

Stjórn Frjálsíþróttaráðs HSK skipa: Formaður: Guðmundur Ólafsdóttir Umf. Þjótanda. Meðstjórnendur: Eyrún María Guðmundsdóttir íþr.f. Dímon, Guðmundur Finnbogason, Umf. Selfoss, Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss og Tinna Ósk Björnsdóttir Umf. Selfoss. Aðalfundur ráðsins var haldinn 7. apríl 2025. Stjórn ráðsins hélt óbreytt frá síðasta ári.

Haldið var áfram að keppa undir merkjum HSK/ Selfoss á meistaramótum og sigruðum við eitt mót á árinu og var það Mí unglunga utanhúss. Það var líka gaman að sjá mikinn vöxt í stigastöðunum liðsins á Mí aðalhluta miðað við síðasta ár.

Hér eru úrslit HSK/Selfoss á meistaramótum og bikarkeppnum á árinu:



Héraðsmótið í borðtennis var haldið á Laugalandi í annað sinn í 50 ára sögu mótsins.

### Mí 11-14 ára innahúss

5. sæti 4 Íslandsmeistararitlar

### Mí Unglinga innahúss

3.sæti 12 Íslandsmeistararitlar

### Mí Aðalhluti innahúss

9. sæti 0 Íslandsmeistararitlar

### Bikarkeppni innahúss

4. sæti 0 Bikarmeistararitlar

### Bikarkeppni 15 ára og yngri innahúss

5.sæti 1 Bikarmeistararitill

### Mí 11-14 ára utanhúss

5.sæti 6 Íslandsmeistararitlar

### Mí unglunga utanhúss

1.sæti 23 Íslandsmeistararitlar

### Mí aðalhluti utanhúss

4.sæti 2 Íslandsmeistararitlar

### Bikarkeppni fullorðinna utanhúss

5. sæti 2 Bikarmeistararitlar

### Bikarkeppni 15 ára og yngri utanhúss

4.sæti 3 bikarmeistararitlar

HSK á 11 ungmenni í Æfingahóp unglingslandsliðs FRÍ og það lítillæg fjölgun frá síðasta ári þar sem við áttum níu fulltrúa. Flest ungmennin hafa náð lágmarkum í fleiri en einni grein og sá sem flestum lágmarkum hefur náð er með lágmark í tíu greinum svo það má segja að um fjölhæfan hóp sé að ræða. Fulltrúar HSK í hópnum eru: Anna Metta Óskarsdóttir Umf. Selfoss, Arndís Eva Vigfúsdóttir Umf. Selfoss, Bryndís Embla Einarsdóttir Umf. Selfoss, Daniel Breki Elvarsson Umf. Selfoss, Helga Fjóra Erlendsdóttir Íþr.f. Garpi, Helgi Reynisson Umf. Þjótanda, Hjálmar Vilhelm Rúnarsson Umf. Selfoss, Ívar Ylur Birkisson Íþr.f. Dímon, Kristján Kári Ólafsson Umf. Selfoss, Vésteinn Loftsson Umf. Selfoss og Þorvaldur Gauti Hafsteinsson Umf. Selfoss.

Frjálsíþróttamaður HSK 2025 var valinn af frjálsíþróttaráði Hjálmar Vilhelm Rúnarsson Umf. Selfoss. Hann setti aldursflokkamet í flokki 16-17 ára í tugbraut á Norðurlandameistaramótinu í fjölbraut þar sem hann bætti sig í sex greinum af tíu og endaði í 5. sæti. Hann keppti einnig í tugbraut á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar þar sem hann náði 8. sæti við afskaplega krefjandi aðstæður. Hann varð einnig Íslandsmeistari og bikarmeistari í hástökki á árinu og er þar með kominn í fremstu röð í fullorðinsflokki í frjálsum íþróttum þrátt fyrir ungan aldur. Fyrir afrek ársins hlaut hann nafnbótina piltur ársins 19 ára og yngri á lokahófi Frjálsíþróttasambands Íslands.

Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss er frjálsíþróttakona HSK árið 2025. Hún var efst á

afrekalista íslenskra kvenna í hástökki á árinu og í 15. sæti á Evrópulista í flokki 20-22 ára. Hún er í afrekshópi unglunga hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands. Hún náði lágmarki og keppti á Evrópumeistaramóti yngri en 23 ára, náði einnig að komast á lokamót NCAA (stærstu háskólakeppni Bandaríkjanna). Hún er í þriðja sæti yfr bestan árangur kvenna í hástökki á Íslandi frá upphafi.

Líkt og undanfarin ár voru metaskrár HSK í frjálsíþróttum uppfærðar í öllum flokkum frá 11 ára aldri, bæði innan- og utanhúss.

272 HSK met voru sett á árinu, 107 met voru sett innahúss og 165 utanhúss. Metin hafa líklega aldrei verið fleiri á einu almanaksári, en til samanburðar voru 220 HSK met sett árið 2024 og 157 árið 2023.

Keppendur 11–22 ára settu 105 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu fjögur met, keppendur í flokkum 30 ára og eldri settu 150 met og keppendur í fötlunarflokkum settu 13 met. 57 þessara meta eru einnig landsmet í viðkomandi flokki.

Anna Metta Óskarsdóttir, keppandi Selfoss í 15 ára flokki, setti flest met í yngri aldursflokkum og upp í fullorðinsflokk, en hún setti 32 HSK met á árinu í fjórum flokkum og voru fjögur þeirra jafnframt Íslandsmet, þrjú í þristökki og eitt í fimmtarþraut. HSK metin sem hún setti voru auk þess í langstökki, stangarstökki, 100 m hlaupi, 4x200 m boðhlaupi og 5 mílna Bláskógaskokki.

Kristján Kári Ólafsson keppandi Selfoss í 16-17 ára flokki setti samtals 27 HSK met í þremur aldursflokkum. Flest met hans voru í sleggjukasti, en einnig í lóðkasti og kastþraut. Næst kom svo Andri Már Óskarsson, 12 ára keppandi úr Umf. Selfoss og bróðir Önnu Mettu. Hann setti samtals 12 HSK met í sjö aldursflokkum í 1.000 m hlaupi, 2.000 m hlaupi, 5 km götuþlaupi og 10 mílna Bláskógaskokki.

Í aldursflokkum 30 ára og eldri setti Páll Jökull Pétursson keppandi Selfoss samtals 54 HSK met í flokki 65-69 ára í fjölmörgum greinum bæði innan- og utanhúss og tvö þeirra eru einnig landsmet. Árný Heiðarsdóttir keppandi Selfoss setti 23 HSK met á árinu og öll þau met voru jafnframt landsmet. Fyrri hluta árs keppti hún í flokki 65-69 ára, en hún varð sjötug í apríl og keppti í sumar í flokki 70-74 ára.

Og feðgar komast á listann yfir þá sem settu flest met í fyrra, en Ólafur Guðmundsson Selfossi og faðir Kristjáns Kára setti 22 HSK met á árinu í flokki 55-59 ára.

Í flokkum fatlaðra setti Sigurjón Ægir Ólafsson úr Suðra 11 HSK met og öll þeirra voru einnig landsmet. Hrólfur Geir Björgvinsson einnig úr Suðra setti tvö HSK met.



Hurðarbaksbræður skipuðu boðhlaupsveit Þjótanda á héraðsmótinu í frjálsum, (f.v.) Kristján, Sigurjón, Unnsteinn og Helgi.

Frjálsíþróttaráð stóð fyrir skemmtikvöldi fyrir 11-14 ára í nóvember. Hópur krakka af öllu sambandsvæðinu hittist í Goðalandi í Fljótshlíð síðdegis á miðvikudegi. Þar var farið í leiki og síðan í vasaljósagöngu í Tumastaðaskógi. Dagskráin endaði með pizzahlaðborði á Gallerí Pizza á Hvolsvelli. Kvöldið var mjög vel heppnað og þátttaka ágæt þrátt fyrir að það hafi verið auglýst með frekar skömmum fyrirvara. Það er alltaf skemmtilegt fyrir krakkana að hittast og gera eitthvað saman til að efla andann utan vallar. Rangárþing eystra fær sérstakar þakkir fyrir að lána ráðinu aðstöðuna í Goðalandi.

Það er mikilvægt fyrir félögin innan HSK að eiga félag með héraðsdómarréttindi innan sinna raða. Ákveðið var að halda dómaraámskeið í Selinu í lok maí þar sem átta manna hópur kom saman, horfði á kennsluferni dómaraámskeiðs FRÍ sem er nú aðgengilegt á netinu og borðaði saman kvöldmat. Einhverjir einstaklingar mættu ekki á staðinn en horfðu á námsfernið og tóku prófíð sjálfir heima í gegnum vefinn. Nettó gaf hráefni í kvöldmatinn á námskeiðinu og erum við þeim gríðarlega þakklát fyrir það og þeirra góða stuðning í gegnum árin.

Stærsta hlutverk Frjálsíþróttaráðs er mótahald og stóð ráðið fyrir 12 mótum á árinu. HSK var úthlutað framkvæmd MÍ aðalhluta og ÍM fatlaðra sem fóru fram dagana 22.-24. ágúst á Selfossvelli. Skipuð var framkvæmdanefnd fyrir mótin og í henni sátu: Guðmunda Ólafsdóttir, Guðmundur Finnbogason, Hjalti Jón Kjartansson, Rúnar Hjálmarsson og Þuríður Ingvarsdóttir. Auk þess var Ólafur Guðmundsson fenginn í hlutverk starfsmannastjóra. Mótin gengu að mestu leiti mjög vel fyrir sig og má þar þakka sérstaklega okkar frábæru sjálfbóðaliðum sem stóðu vaktina allt mótið og leystu vel úr öllum vandamálum sem upp komu.

Hér verður farið yfir öll HSK mótin sem haldin voru á vegum Frjálsíþróttaráðs HSK árið 2025.

## HSK mót 2025 Aldursflokkmót HSK

Aldursflokkmótið var haldið í Selfosshöllinni sunnudaginn 25. janúar. Mótið hófst á keppni 11-12 ára keppenda kl. 11:00 og þegar þeir höfðu lokið keppni tóku 13-14 ára keppendurnir við. Á mótinu voru rétt tæplega 60 keppendur frá fimm félögum og er það fjölgun frá fyrra ári. Stigakeppnin fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 288 stigum, íþrf. Dímon varð í öðru sæti með 202,5 stig og Umf. Þjótandi var í þriðja sæti með 145 stig.

## Unglingamót HSK

Unglingamót HSK fór fram í Selfosshöllinni sunnudaginn 25. janúar, strax að loknu aldursflokkmótinu. Keppendur voru 23 frá fjórum félögum og gekk vel. Umf. Selfoss sigraði stigakeppni mótsins með 210 stig, í öðru sæti var íþrf. Dímon með 60 stig og í þriðja sæti varð íþrf. Garpur með 28 stig.

## Héraðsmót HSK

Mótið fór fram í Selfosshöllinni 15. mars. Mættir voru til leiks 46 keppendur frá fjórum félögum. Mótið var haldið eftir hádegi, strax að Héraðsleikum loknum. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 149,5 stig, í öðru sæti var Umf. Hekla 40 stig og í þriðja sæti var íþrf. Garpur með 24 stig.

## Héraðsmót HSK fatlaðra

Mótið var haldið í annað sinn innanhúss, samhliða Héraðsmóti HSK. Þrjú keppendur voru skráðir til leiks og keppt í kúluvarpi í þremur flokkum, F20, F37 og F34.

## Héraðsleikar innanhúss

Héraðsleikarnir voru haldnir 15. mars í Selfosshöllinni og mættu 98 keppendur til leiks á mótið sem er gríðarleg fjölgun frá síðasta ári. Keppt var í hefðbundnum keppnisgreinum og tímaseðillinn leikinn af fingrum fram eftir því sem keppninni vatt fram til þess að lágmarka biðtíma keppenda. Dagurinn gekk mjög vel og allir keppendur fengu viðurkenningu í mótslok.

## Vormót HSK

Vormót HSK var haldið 14. maí á Selfossvelli í dásamlegu veðri. 115 keppendur voru skráðir til leiks og erum við þá aftur búin að ná upp þeim fjölda sem við viljum að sækji mótið eftir lægð á síðasta ári. Mótið var skráð sem Global Calendar mót sem merkir að árangur sem næst á mótinu gildir til lágmarka á stórmótum. Gerðar eru meiri kröfur á þessi mót heldur en almenn mót og þarf t.d. að vera yfirdómari frá FRÍ á mótinu. Vandað var til umgjörðar mótsins og til að laða að fleiri keppendur var farið í samstarf við verslunina Fætur toga. Verslunin lofaði þeim keppanda sem myndi setja Íslandsmet í flokki fullorðinna 100.000 kr úttekt í versluninni. Við þökkum Fjólu í Fætur toga kærlega fyrir þennan stuðning þrátt fyrir að ekki hafi verið sett neitt Íslandsmet á mótinu. Einnig fengu allir sigurvegarar mótsins gjafabréf í Skyrland á Selfossi. Þeim er einnig

þakkað kærlega fyrir stuðninginn. Fjórir keppendur hlupu Jónshlaupið og var sigurvegarinn Bjarki Fannar Benediktsson úr FH.

## Aldursflokkmót HSK 11-14 ára utanhúss

Aldursflokkmót 11-14 ára í frjálsum íþróttum fór fram dagana 14.-15. júní á Selfossvelli. Rúmlega 50 keppendur voru skráðir til leiks og er það fjölgun frá fyrra ári. Keppendur máttu glíma við mikla rigningu fyrir keppnisdag mótsins en sá seinni var dálítið skárrí þó það væri blautt. Sérstaka athygli vakti að Þórsarar mættu aftur til leiks á aldursflokkmót eftir nokkurra ára hlé og voru þess vegna átta lið sem mættu til leiks á mótið. Boðið var uppá grindahlaup með unglingahæðum sem aukagreinar á mótinu en fáir nýttu sér þann möguleika. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 311 stigum, í öðru sæti var íþrf. Dímon með 226 stig og í þriðja sæti Umf. Þjótandi með 119 stig.

## Héraðsleikar HSK utanhúss

Héraðsleikar 10 ára og yngri í frjálsum íþróttum fóru fram 14. júní á frjálsíþróttavellinum á Selfossi, samhliða aldursflokkmótinu. Keppendur á Héraðsleikum voru 75 talsins og er það nokkur fjölgun frá síðasta ári. Mótið gekk vel þrátt fyrir mikla rigningu og allir þátttakendur fengu verðlaun fyrir þátttöku.

## Héraðsmót HSK utanhúss

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum fór fram dagana 15.-16. júlí. Ákveðið var að sleppa því að halda Unglingamót HSK þetta árið og halda veglegra Héraðsmót í staðinn. Á mótið voru skráðir um 100 keppendur sem er fjölgun frá síðasta ári og skýrist af því að á mótinu voru 49 gestakeppendur utan HSK á móti 20 árið áður. Mótið var skráð sem Global calendar mót og það var gaman að sjá keppendur úr öðrum félögum nýta sér mótið til bætinga. Héraðsmótið er stigakeppni milli félaga og Umf. Selfoss sigraði mótið með 384 stigum. Í öðru sæti var íþrf. Dímon með 67 stig og Umf. Hekla var í þriðja sæti með 22 stig.

## Héraðsmót fatlaðra

Mótið fór fram samhliða Héraðsmóti HSK 15.-16. júlí. Fimm keppendur voru skráðir á mótið og þar af tveir gestakeppendur. Keppt var í kringlukasti og kúluvarpi í flokki karla F37 (sitjandi flokki) og öllum kastgreinum í flokki kvenna F20. Það var virkilega skemmtilegt að fylgjast með auknum áhuga á köstum í flokki F37 á árinu og vonandi að keppendum haldi áfram að fjölga á héraðsmótum fatlaðra.

Að loknu frjálsíþróttarárinu 2025 vil ég þakka sjálfbóðaliðum sérstaklega fyrir þeirra starf á árinu því eins og við vitum gerist ekkert á frjálsíþróttavellinum án sjálfbóðaliða, hvort sem þeir eru að ræsa hlaup, raka sand eða afgreiða í sjoppunni. Sjálfbóðaliðarnir á HSK svæðinu eru löngu orðnir landsþekktir fyrir kunnáttu, aðlögunarhæfni og jákvæðni innan vallar svo það verður enginn svikinn af því að mæta á mót sem Frjálsíþróttaráð HSK stendur fyrir. Takk kærlega fyrir þið öll og vonandi eruð þið búin að taka helgina 22.-23. ágúst 2026 frá vegna þess að þá ætlum við að halda glæsilegt MÍ öldunga og fjölþrauta saman á Selfossvelli. Þjálfarar, forsvarsmenn félaganna og starfsmenn Selfossvallar eiga líka hrós skilið fyrir góð samskipti á árinu og að endingu vil ég þakka styrktaraðilum fyrir þeirra framlag. Áfram frjálsar íþróttir!

**Guðmunda Ólafsdóttir, formaður**

## Glimuráð HSK

Aðalfundur ráðsins var haldinn í Selinu 25. mars. Á fundinum kom fram að fjárhagur ráðsins stendur vel og voru fundarmenn einhuga um að viðhald og eflingu glímustarfs á sambandssvæðinu. Í stjórn voru kosin eftirfarandi: Stefán Geirsson Umf. Þjótanda formaður, Guðni Sighvatsson Umf. Laugdæla gjaldkeri og Jana Lind Ellertsdóttir lþf. Garpi ritari/ varaformaður. Varamenn voru kosnir Sigurður Þór Emilsson Umf. Þjótanda og Óðinn Þór Kjartansson Umf. Laugdæla.

## Grunnskólámót HSK

Grunnskólámót HSK 2025 var haldið í Reykholti, Bláskógabyggð 12. febrúar. Alls mættu 51 keppendur til leiks frá 4 skólum á sambandssvæði HSK. Keppt var 5. til 10. bekk drengja og stúlkna og síðan voru veitt verðlaun í stigakeppni skólanna samkvæmt reglugerð mótsins. Mótsstjóri var Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og dómamar og annað starfsfólk mótsins kom úr röðum HSK.

### Sigurvegarar í einstökum flokkum:

#### 5. bekkur stelpna

1. Yrja Rós Árnadóttir Bláskógaskóla

#### 5. bekkur stráka

1. Greipur Hilmarsson Reykholtsskóla

#### 6. bekkur stelpna

1. Kristín María Sigurðardóttir Flóaskóla

#### 6. bekkur stráka

1. Þórarinn Breki Þórisson Hvolsskóla

#### 7. bekkur stelpna

1. Briet Klara Örvarsdóttir Bláskógaskóla

#### 7. bekkur stráka

1. Egill Freyr Traustason Bláskógaskóla

#### 8. bekkur stelpna

1. Freydís María Guðmarsdóttir Bláskógaskóla

#### 8. bekkur stráka

1. Ármann Þorri Þórisson Hvolsskóla

#### 9. bekkur stelpna

1. Ásdís Erla Helgadóttir Reykholtsskóla

#### 9. bekkur stráka

1. Böðvar Snær Jóhannsson Hvolsskóla

#### 10. bekkur stelpna

1. Steinunn Lilja Jóhannesdóttir Bláskógaskóla

#### 10. bekkur stráka

1. Lúkas Týr Sigurðsson Hvolsskóla

### Stigakeppni skólanna

#### 5.-7. bekkur stráka

1. Hvolsskóli 19 stig

2. Bláskógaskóli 18

3. Reykholtsskóli 10

#### 5.-7. bekkur stelpna

1. Bláskógaskóli 22 stig

2. Flóaskóli 11

3. Hvolsskóli 9,5

4. Reykholtsskóli 0,5

#### 8.-10. bekkur stráka

1. Hvolsskóli 23 stig

2. Reykholtsskóli 14

#### 8.-10. bekkur stúlkna

1. Reykholtsskóli 16

2. Bláskógaskóli 12

## Héraðsmót HSK

Héraðsmót HSK fór fram á Hvolsvelli 8. apríl. Alls kepptu 47 keppendur í 13 flokkum. Hreinn Heiðar Jóhannsson Umf. Laugdæla vann Skarphéðinsskjöldinn í annað sinn en keppni um Bergþórusskjöldinn féll niður vegna þátttökuleysis.

### Sigurvegarar í einstökum flokkum:

#### 11 ára stelpur

1-2. Ingibjörg Elín Traustadóttir Bisk.

1-2. Birna Bjarkadóttir Bisk.

#### 11 ára strákar

1. Greipur Guðni Hilmarsson Bisk.



Hreinn Heiðar Jóhannsson sigraði á Skjaldarglímu Skarphéðins 2025.

#### 12 ára stelpur

1-2. Ásgerður Saga Stefánsdóttir Þjótanda

1-2. Kristín María Sigurðardóttir Þjótanda

#### 12 ára strákar

1. Þórarinn Breki Þórisson Dímon

#### 13 ára stelpur

1-2. Vedís Daniélsdóttir Laugdælum

1-2. Briet Klara Örvarsdóttir Laugdælum

#### 13 ára strákar

1. Egill Freyr Traustason Laugdælum

#### 14 ára stelpur

1. Freydís María Guðmarsdóttir Laugdælum

#### 14 ára strákar

1. Brynjar Máni Hafsteinsson Dímon

#### 15 ára stelpur

1. Saga Ársælsdóttir Dímon

#### 15 ára strákar

1. Böðvar Snær Jóhannsson Dímon

#### 16 ára strákar

1. Lúkas Týr Sigurðsson Dímon

#### 17 – 20 ára unglingar

1. Heimir Árni Erlendsson Dímon

### Karlaflokkur Skjaldarglíma Skarphéðins

1. Hreinn Heiðar Jóhannsson Laugdælum

### Stigakeppni félaga í þremur flokkum

#### 16 ára og yngri stelpur

1. Dímon 23

2. Laugdælir 17

3. Þjótandi 11

4. Bisk 11

#### 20 ára og yngri strákar

1. Dímon 52,5

2. Bisk 26,5

3. Laugdælir 14

4. Þjótandi 4

#### Karlaflokkur

1. Laugdælir 6

2. Bisk 5

3. Dímon 4

## Fjórðungsglíma Suðurlands 2025

Fjórðungsglíma Suðurlands 2025 var haldin í Þróttahúsinu á Hvolsvelli fimmtudaginn 4. desember 2025.

Alls mættu 27 keppendur til leiks frá tveimur félögum. Keppt var í 9 flokkum barna og unglinga og karlaflokki. Keppni í nokkrum flokkum féll niður vegna þátttökuleysis.

### Sigurvegarar í einstökum flokkum:

#### Karlar 16 ára og eldri

1. Ingvar Máni Bjarnason Dímon

## Stúlkur 10 ára og yngri

1. Katla Kolbrún Hoffritz Dímon

## Strákar 10 ára og yngri

1. Franeke Noge Dímon

## Stúlkur 11 ára

1. Elvíra Sigurðardóttir Dímon

## Strákar 11 ára

1. Héðinn Bjarni Antonsson Dímon

## Stúlkur 12 ára

1. Viktoría Alba Dímon

## Strákar 12 ára

1. Matthías Magnússon Dímon

## Strákar 13 ára

1. Sæþór Jóhannsson Dímon

## Strákar 14 ára

1. Jens Eyvindur Ágústsson Dímon

## Strákar 15 ára

1. Micha Dmitrogezyn Dímon

## Janúarmót GLÍ

Haldið á Hrafnaglí 11. janúar 2025

### Karlar -84 kg

1. Gústaf Sæland HSK

## Bikarglíma Íslands

Haldin á Reyðarfirði 8. febrúar 2025.

### Karlar -80 kg

1. Gústaf Sæland HSK

## Íslandsmót í glímu

Haldið á Hvolsvelli 8. mars 2025. Sigurvegarar úr röðum HSK urðu eftirfarandi:

### 11-12 ára strákar

1. Þórarinn Breki Þórisson HSK

### 13-14 ára strákar

1. Ármann Þorri Þórisson HSK

### Karlar -84 kg

1. Gústaf Sæland HSK

### Opinn flokkur kvenna

1. Heiðrún Fjóra Pálsdóttir HSK

## Grunnskólámót Íslands

Fór fram í Ármannsheimilinu í Reykjavík 13. apríl 2025. Sigurvegarar úr röðum HSK urðu eftirfarandi:

### 5. bekkur

1. Greipur Guðni Hilmarsson

### 7. bekkur

1. Egill Freyr Traustason

## Íslandsglíman

Fór fram í Reykjavík 10. maí. Í keppninni um Grettisbeltið hafnaði Gústaf Sæland í 3. sæti af níu keppendum og Guðjón Óli Inguson í því 9. Í keppninni um Freyjumenið hafnaði Heiðrún Fjóra Pálsdóttir í 2. sæti af þremur keppendum.

## Haustmót GLÍ

Haldið 18. nóvember í íþróttahúsi Melaskóla Reykjavík.

### 10 ára strákar

1. Hallgrímur Ragnar Hilmarsson HSK

### 11 ára strákar

1. Greipur Guðni Hilmarsson HSK

## Lokaorð

Hér hefur verið farið yfir það helsta úr starfi Glimuráðs HSK árið 2025. Nánari úrslit móta er að finna á heimasíðu GLÍ og HSK sem og í árbók Glimusambandsins sem er einnig aðgengileg á heimasíðu Glimusambandsins. Fyrir hönd Glimuráðs HSK vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við starf ráðsins á árinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir.

**Stefán Geirsson, formaður**



Sigurlið Selfoss á aldursflokkamóti HSK í sundi 2025.

## Íþróttanefnd eldri félagsmanna Þáttaka HSK á 13. Landsmóti UMFÍ 50+ í Fjallabyggð

Hið árlega Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Fjallabyggð helgina 27.-29. júní 2025 og fór keppni fram bæði á Siglufirði og Ólafsfirði. Keppendur frá HSK voru 38 í ár og tóku þátt í fjölmörgum greinum. Alls kepptu 336 keppendur á mótinu víðsvegar af landinu.

Keppendur HSK komust á verðlaunapall í bridds, frjálsíþróttum, ringói og stígvélakasti. Hér að neðan er getið um landsmótsmeistarara sem voru í keppnisliði HSK, samkvæmt skráningum inn á mótið.

### Frjálsíþóttir

Í frjálsum átta HSK landsmótsmeistarara í nokkrum greinum. Guðmundur Jónasson sigraði 100m og 400m hlaup í flokki 55-59 ára. Í sama aldursflokki vann Ólafur Guðmundsson kúluvarp, kringlukast, lóðkast, hástökk án atr., langstökk án atr. og þristökk án atr. Yngvi Karl Jónsson sigraði 100m, 400m og lóðkast í flokki 60-64 ára. Páll Jökull Pétursson keppti í flokki 65-69 ára sigraði kúluvarp, kringlukast, hástökk án atr., langstökk án atr. og þristökk án atr. Jón M. Ívarsson varð meistari í kúluvarpi, lóðkasti og kringlukasti í flokki 75-79 ára. Anný Ingimarsdóttir var eina HSK konan sem varð landsmótsmeistari á mótinu hún sigraði spjótkast, langstökk án atr. og þristökk án atr. Hún keppti í flokki 55-59 ára.

Þessir fimm frænku landsmótsmeistarar settu samtals 11 HSK met í fjórum aldursflokkum frá 55-79 ára. Upplýsingar um metin má sjá á [www.hsk.is](http://www.hsk.is).

### Stígvélakast

Síðasta grein mótsins er jafnan stígvélakast og þar var tekið á því. Ólafur Guðmundsson varð landsmótsmeistari í stígvélakasti í sínum aldursflokki.

Mótið fer fram að ári liðnu í Hrafnagilshverfi, haldið af Ungmennasambandi Eyjafjarðar í samvinnu við Eyjafjarðarsveit dagana 26.-28. júní 2026.

## Íþróttanefnd fatlaðra

Helstu verkefni nefndarinnar eru héraðsmót í íþróttagreinum sem eru stundaðar á svæðinu og fara þau mót fram í samvinnu við þjálfara viðkomandi greina.

### Héraðsmót í golfi fatlaðra

Mótið var haldið 3. september á Strandarvelli á Hellu. Keppendur voru sex talsins.

Reglulegar golfæfingar fóru fram í sumar á vegum Íþróttafélagsins Suðra eins og undanfarin ár og voru

allir keppendur úr þeirra hópi. Þjálfari var Alexandra Eir Grétarsdóttir. Úrslit voru eftirfarandi:

#### Konur

1. Telma Þöll Þorbjörnsdóttir
2. María Sigurjónsdóttir
3. Sigríður Erna Kristinsdóttir

#### Karlar

1. Árni Bárðarson
2. Óskar Ingi Helgason
3. Eðvald Huginn Hólmarrson

## Héraðsmót fatlaðra í frjálsum íþróttum

Mótið fór fram 23. júní og er skipulagt af frjálsíþróttaráði HSK, þar tóku þrír keppendur þátt.

María Sigurjónsdóttir keppti í kúluvarpi, kringlukasti og sleggjukasti. Hákon Atli Bjarkason og Sigurjón Ægír Ólafsson kepptu í kúluvarpi og kringukasti.

Á mótinu var keppt í nýjum sérhönnuðum kaststól fyrir hreyfihamlaða. Þessi stóll er algjör bylting fyrir þá sem ekki geta staðið í fæturna. Það var Kristján Sæmundsson sem hannaði og smíðaði stólinn.

Íþróttanefnd fatlaðra hvetur fólk með fötlun að taka þátt í íþróttum. Rannsóknir hafa sýnt að þær efla líkamlega getu, félagsþroska og jákvæða sjálfsmynd. Fólk með fötlun stundar fjölbreyttar íþróttir hér á landi, bæði með almennum íþróttafélögum og íþróttafélögum fatlaðra. Íþróttasamband fatlaðra if@ifsport.is (s. 5144080) veitir allar upplýsingar um það sem í boði er og aðstoðar einnig gjarnan við að koma á nýjungum sem fólk hefur áhuga á.

**Þorbjörg Vilhjálmsdóttir**

## Skáknefnd

### Sveitakeppni HSK í skák

Héraðsmót HSK í sveitakeppni í skák fór fram í Selinu mánudagskvöldið 8. desember 2025. Til keppni mættu sex sveitir og var keppnin stórskemmtileg þar sem háð var hraðskákskeppni til að skera úr um hvaða sveit yrði í þriðja sæti. Þar vann sveit Þórs sveit Gnúpverja 2½-1½.

#### Úrslit mótsins urðu eftirfarandi:

- |                         |                |
|-------------------------|----------------|
| 1. Íþr.f. Dímon A sveit | 17 vinningar   |
| 2. Umf. Selfoss A sveit | 14 ½ vinningar |
| 3. Umf. Þór Þorlákshöfn | 10 vinningar   |
| 4. Umf. Gnúpverja       | 10 vinningar   |
| 5. Íþr.f. Dímon B sveit | 7 ½ vinningar  |
| 6. Umf. Selfoss B sveit | 1 vinningur    |

## Sundnefnd

Líkt og undanfarin ár voru þrjú HSK mót haldin í sundi í ár.

## Aldursflokkamót HSK

Aldursflokkamót HSK í sundi var haldið í sundlauginni á Hvalsveili 29. apríl 2025. Á mótinu var keppt í fjórum aldursflokkum barna og unglinga 17 ára og yngri. Í yngsta flokknum 10 ára og yngri var ekki keppt til verðlauna og þar fengu allir jafna viðurkenningu. Í flokkum 11 ára og eldri var keppt um gull, silfur og brons. Besta afrek mótsins samkvæmt alþjóðlegri stigatöflu vann Arnór Karlsson. Hann synti 100 metra skriðsund á 1:05,49 mín. sem gaf 323 stig.

Selfoss vann stigakeppni félaga örugglega með 170 stig. Dímon varð í öðru sæti með 52 stig eftir hörkukeppni við Hamar, en þeir enduðu með 40 stig.

## Héraðsmót HSK

Héraðsmót HSK í sundi var haldið í Hveragerði fimmtudaginn 15. maí 2025. Keppendur mættu frá Selfossi og Hamri. Selfyssingar unnu 10 HSK meistaratitla og Hamarskeppendur unnu tvo titla. HSK veitir jafnan þrenn sérverðlaun til einstaklinga á þessu móti, þ.e. fyrir besta afrek mótsins og fyrir stíghæsti karl og kona. Besta afrek mótsins samkvæmt alþjóða stigatöflu vann Freyr Sturluson Schacht úr Umf. Selfoss fyrir 50m skriðsund, en hann synti á 0:31,51 mín. sem gaf 292 stig. Freyr var einnig stíghæsti karl mótsins, hlaut 21 stig fyrir að vinna þrjár greinar. Stíghæsta kona mótsins var Birta Margrét Larsen, Umf. Selfoss, hún hlaut 21 stig fyrir að sigra þrjár greinar.

Selfoss vann stigakeppni félaga með 109 stig og Hamar hlaut 62 stig.

## Unglingamót HSK

Unglingamót HSK í sundi var haldið í Sundhöll Selfoss 16. nóvember 2025. Keppt var til stiga í flokkum 11-12 ára og 13-14 ára á mótinu, en keppendur 10 ára og yngri fengu allir þátttökuverðlaun. Keppendur 11-14 ára máttu keppa í þremur greinum til stiga og verðlauna. Umf. Selfoss vann stigakeppni félaga örugglega með 129 stig og Íþróttafélagið Hamar varð í öðru sæti með 29 stig. Bikar fyrir mestu bætingu frá síðasta unglíngamót fékk Salka Gautadóttir Umf. Selfoss sem bætti sig um 10,67sek. í 50m bringusundi.

## Sögu- og minjanefnd

Nefndina skipa: Kjartan Lárusson Umf. Laugdæla formaður, Ólafur Elí Magnússon Íþr.f. Dímon, Aðalsteinn Sveinsson Umf. Þjótanda. Varamaður Einar Magnússon Hestamannaf. Geysi. Með nefndinni starfar Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og er framlag hans mjög mikilvægt. Nefndin kom saman einu sinni á starfsárinu.

Eins og undanfarin ár gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á öðlingi ársins. Nefndin samþykkti einróma að tilnefna Svan Ingvarsson úr Umf. Selfoss og Íþr.f. Suðra sem öðling ársins 2025. Svanur er fæddur 12. febrúar 1963.

Hlé var gert á myndgreiningarverkefni HSK og Héraðsskjalasafns Árnesinga að ósk safnsins. Búið er að halda fjölda myndafunda á undanförunum árum þar sem fundarfólk reyndi að finna út hverjir væru á myndunum. Svo var komið að mest allt myndasafn HSK til 1990 hefur verið yfirfarið með þessum hætti. Myndir sem á eftir að greina eru flestar yngri en 35 ára. Því er ekki eins aðkallandi að kalla til fólk sem þekkir til þeirra sem á myndunum eru.

Myndir HSK og fleiri aðila má skoða á síðunni [www.myndasetur.is](http://www.myndasetur.is). Við hvetjum fólk til þess að skoða myndir HSK á síðunni og senda inn ábendingar ef einhverjar myndir eru rangt skráðar eða ef hægt er að bæta skráninguna á einhvern hátt. Það er gert með því að senda inn ábendingu með því að yta á ábendingarhnappinn sem birtist þegar einstakar myndir eru skoðaðar.

## Skýrslur aðildarfélaga HSK:

### Akstursíþróttafélag Hreppakappa

Árið 2025 var stærsta ár Hreppakappa til þessa, það þarf vissulega ekki mikið til.



Haldin var fimm klukkustunda þolaksturskeppni (enduro) í Langholti í Hrunamannahreppi. Þar voru um það bil 130 keppendur sem spreyttu sig á sirka 16 km langri braut sem keyrð var í fimm tíma. Nokkrir flokkur voru keyrðir, járnkarl og járnkerling sem er flokkur sem stakir ökumenn keyra allan tíman. Tvímenningur er flokkur þar sem tveir ökumenn skipta tímanum á milli sín eins og þeim hentar. Þrímenningur, afkvæmaflokkur og fleira. Ræst var í keppnina klukkan 12:00 og flaggað út klukkan 17:00. Um morguninn fyrir keppnina var haldin krakkakeppni í hluta brautarinnar þar sem yngri kynslóðin fékk að spreyta sig í 30 mín, skemmtikeppni. Þessi fyrsta keppni stóð heldur betur undir væntingum og verður hún haldin aftur 30. maí 2026. Félagið er með leyfi til næstu fimm ára. Tveir keppendur frá félaginu kepptu í Íslandsmeistaramótinu í motocross sl. sumar. Það voru þau Kristín Ágústa Axelsdóttir og Hjörvar Ingi Axelsson. Kristín var að keppa sitt fyrsta tímabil enda fyrst núna komin með aldur til, en hún má byrja 14 ára að keppa í opnum kvennaflokk. Þar voru heldur betur bætingar frá fyrstu umferð til þeirrar síðustu. En í fyrstu keppninni sinni var hún nálægt því að enda heilum hring á eftir tveimur fyrstu sætunum. Það tók okkar kona ekki í mál og endaði hún sumarið með því að vinna þær stelpur sem voru á hring á undan henni í fyrstu umferðinni. Kristín hlaut svo verðlaunin nýliði ársins á lokahófi MSÍ. Hjörvar Ingi Axelsson keppti sitt annað sumar í 85cc flokki en varð fyrir því tjóni að axlabrotna á æfingu og var því frá nánast allt sumarið, en mætir klár í það næsta. Aðalfundur var haldinn hjá félaginu þann 14. janúar s.l. og var þá kosin ný stjórn.

Þeir sem sitja í stjórn eru Axel S. Arndal formaður, Heimir Sigurðsson, Andri Þórarinsson, Ingvar Jóhannsson og Páll Orri Prastarson.

### Golfklúbbur Ásatúns



Aðalfundur Golfklúbbs Ásatúns fyrir árið 2025 var haldinn 28. febrúar 2026. Stjórn var endurkjörin. Sigurjón Harðarson formaður, meðstjórnendur Árni Sófússon, Eiríkur Stefánsson, Edda Ólafsdóttir og Edda Eðvaldsdóttir. Mjög góð fjárhagsstaða er í klúbbnum og veitti klúbburinn Golfklúbbi Flúða 500 þúsund krónur til framkvæmda á árinu 2025. Stjórnarmenn unnu við framkvæmdir og viðhald á Golfvelli Flúða sem er heimavöllur Golfklúbbs Ásatúns. Einnig var vordagurinn í maí, þá var unnið við hreinsun á vellinum, ásamt ýmsum verkefnum. Stjórnarmenn fóru í heimsókn að Húsfelli og spiluðu einn golfhring. Gist var á Hótelinu og er umgjörð þessa svæðis til fyrirmyndar. Unnið var við smíði á geymsluportu við golfskála Flúða, ásamt því að helluleggja portið, hellusteinar voru fengnir að gjöf frá Erni Gunnlaugssyni, Hátorfu 1. Fulltrúar klúbbsins mættu á héraðsþing HSK sem haldið var í Aratungu. Talsverð aukning hefur orðið á skráningu félaga í klúbbinn og eru um það bil 370 skráðir. Þetta er nú það helsta sem gert var á árinu 2025.

### Golfklúbburinn Dalbúi

Segja má að þetta ár hjá okkur hafi verið ár sjálfbæðaliðans og uppbyggingar. Það tókst að koma í gang hjá okkur vökvunarkerfi fyrir flatirnar hjá okkur en sú vinna var mest á herðum vallaefndar



Krakkakeppni Akstursíþróttafélags Hreppakappa var haldin í Langholti í Hrunamannahreppi.

og nokkurra aðila sem komu og hjálpuðu til við þetta stóra verkefni. Varlega áætlað má gera ráð fyrir því að 400 til 500 vinnustundir hafi farið í þetta verkefni en þetta er örugglega með stærra ef ekki stærsta verkefni sem klúbburinn hefur lagt í.



Þessum aðilum verður seint fullþakkað fyrir þetta framtak. Næsta sumar munum við skoða það að koma upp vökvunarkerfi fyrir upphafsteigana. Það verk verður ekki jafn stórt og umfangsmikið eins og hitt var. Annað sem gleðilegt er að segja frá líka er að við vorum með Íslandsmót golfklúbba, 5. deild karla hjá okkur í ágúst á Dalbúa og sigruðu okkar menn mótið með glæsibrag og færðust við það upp í 4. deild. Við vorum að gera svona í fyrsta skiptið og tókst það með miklum ágætum. Júlíus Símon Pálsson félagi í GD leiddi þessa vinnu fyrir klúbbinn og var liðsstjóri okkar og setti saman liðið. Einnig fékk hann til sín nokkra félaga okkar úr klúbbnum til þess að vinna hin og þessi verkefni sem þurfti að sinna. Við réðum inn dómara sem heitir Eggert Ólafsson og passaði hann og Eiríkur Þorláksson félagi upp á það að allt færi rétt fram. Við getum verið stolt af okkar mönnum en það var gaman og æsispennandi að fylgjast með þeim þessa þrjá keppnisdaga á golf gamebook appinu eða á staðnum, en við fengum yfir okkur mikið þrumuveður fyrsta daginn. Það hvatti

okkar menn greinilega enn frekar. Þessi framkvæmd var sérlega glæsileg í alla staði og buðum við okkur fram til þess að sjá um 4. deildina á næsta ári og var það samþykkt af mótanefnd golfsambandsins. Eins og árin áður þá vorum við aðeins með fyrir fram rástímaskráningar en aðilar utan GSI skráðu sig í skála við komuna með því að senda inn beiðni fyrir fram vegna skráningar á völlinn. Það sama átti við fyrir aðila innan Grafú, RSÍ, VM og aðila sem hafa keypt af okkur kort fyrir sumarhús á svæðinu. Í sumar auglýstum við nokkuð eins og áður með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum með yfirskriftinni „Fallegi Dalbúi“ og „Það er hagkvæmt að vera félagi í Dalbúa“ og náði það að kynna Dalbúa vel. Félagsmönnum hefur fjölgað nokkuð þrátt fyrir að aðrir hafi hætt af ýmsum ástæðum en við vorum 206 í lok sumars en vorum í kringum 160 talsins í upphafi sumars. Við þurfum að halda áfram að fá inn nýja og yngri félaga en það er ein af forsendum þess að Dalbúi haldi áfram að vaxa og dafna. Þann 11. maí vorum við með vinnudag hjá klúbbnum. Mæting var að venju góð þar sem félagsmenn tóku til hendinni. Glompur voru hreinsaðar, vökvunargræjum komið fyrir, skálinn yfirfarinn o.s.frv. Næstu daga á eftir var svo unnið við frágang flata og teiga fyrir opnun vallarins. Við opnuðum völlinn svo fyrir félagsmenn 16. maí og voru félagar beðnir um það að fara varlega með völlinn þar sem hann var þá frekar blautur og viðkvæmur. Heilt yfir þá má segja það að völlurinn



Sigurveit Dalbúa á Íslandsmóti golfklúbba í 5. deild karla.

hafi verið í góðu standi hjá okkur í sumar og var okkur hrósað mikið fyrir ástand vallarins. Umfangsmestu úrbótaverkefni sem unnin voru þetta sumarið fyrir utan vökvunarkerfið var að við tókum í notkun einn stóran slátturróbót, CEOCERA 546 EPOS, þannig að við vorum með einn stóran róbót ásamt tveimur minni sem komu í vinnu hjá okkur fyrra sumarið. Við keyptum nýjan golfbíl sem hefur verið í notkun og útleigu hjá okkur í sumar. Einnig fjárfestum við í tjaldi sem nýttist okkur einstaklega vel í stærri mótum og í Íslandsmótinu. Þegar lítið er yfir vélakost Dalbúa þá er hann í þökkalegu standi en við seldum frá okkur eitthvað af gömlum búnaði sem hætt var að nota. Vallarnefnd GD leggur til að halda róbótavæðingunni áfram og reiknum við með því að bæta við hjá okkur einum stærri og tveimur millistærðar róbótum á næsta ári. Þá ættum við að vera komin mjög langt með að klára hjá okkur róbótavæðinguna á vellinum. Við munum þurfa að ráða inn slátturfólk og/eða umsjónarmenn fyrir völlum fyrir næsta sumar og reiknum við með því að þeir aðilar verði á forræði stjórnar og vallarnefndar. Róbótavæðingin er að einfalda margt vegna umhirðu á vellinum. Rétt þykir að taka upp gæðakerfi fyrir umhirðu vallar og verklag. Það sama væri gott að gera fyrir starfsfólk skála og aðra sem vinna fyrir klúbbinn okkar. Þau verkfæri munu aðstoða nýtt fólk við það að komast inn í þau verk sem þarf að sinna. Til þess að auðveldla utanumhald vegna starfsmannafélagu tókum við Golfmore appið í notkun en þá fækkar pappírskránningum. Nokkur starfsmannafélög bættust við hjá okkur í sumar. Victor Viktorsson golfkennari mætti nokkrum sinnum til okkar í sumar þar sem gestir og gangandi gátu fengið tilsögn í golfi án endurgjalds. Ágætis þátttaka og ánægja var með þetta framtak. Sett var á fót framtíðarnefnd fyrir Golfklúbbinn Dalbúa. Rætt var þar um að setja í forgang að klára vökvunarkerfið, halda áfram með róbótavæðinguna, laga hjá okkur bönkerana til framtíðar og bæta hjá okkur salernisadstöðuna við skálanum. Frábæra Sigga Dóra Matthíasdóttir og systur og sjálfbóðaliðar stóðu vaktina í skálanum hjá okkur þetta sumarið og sinnu starfinu með miklum ágætum. Keyptur var nýr frystiskápur og ný eldunartæki sem gerðu það að verkum að hægt var að bjóða upp á meira úrval af matarveitingum í skálanum. Sigga Dóra tók brosandí á móti kylfingum eftir golfhring og bauð upp á veitingar af ýmsu tagi og kallaði fram brosi á öllum. Við þökkum öllum kærlega fyrir þeirra góða framlag. Golfmót sumarsins voru átta þetta sumarið og heppnuðust þau öll mjög vel og var góð þátttaka í þeim öllum. Í nokkrum af mótunum þurfti að ræsa tvöfalt upp á nokkrum teigum. Í öllum mótum var rafræn skráning á skori sem mæltist mjög vel fyrir. Það fyrirkomulag auðveldar mjög uppgjör á mótunum. Space hágreiðslustofa tók að sér kvennamótið okkar og var það mjög fjölmennt og með glæsilegum vinningum. Við vorum svo með hjóna og paramót sem er nýbreyttni hjá okkur og þar vorum við með veglega vinninga og buðum svo upp á glæsilegan brunch sem ein hjónin í klúbbnum tóku að sér með glæsibrag, fyrir þá sem tóku þátt í mótinu og þótti það takast einstaklega vel. Dalbúabíkarinn var í gangi hjá okkur í sumar en núna var hann settur upp sem riðlakeppni. Liðið Laugdælir stóðu þar uppi sem sigurvegarar í úrslitaleik sem fór fram sama dag og lokamótið okkar var haldið. Lokamót Dalbúa var sett upp sem bændaglíma í grímufötum og enduðum við mótið og starfsárið með grillveisu þar sem maður var manns gaman. Anna Helgadóttir ritarinn okkar sá um að gera allar auglýsingar fyrir viðburðina hjá okkur og voru þær allar sérlega glæsilegar eins og von er frá henni. Við lokuðum vellinum hjá okkur sunnudaginn 21. september en þá var haustið farið að minna vel



Fyrirverandi og núverandi formenn GF plöntuðu fjórum birkiplöntum í sérstökum afmælisreit klúbbsins á 40 ára afmælishátíð sem fram fór sumarið 2025. Reiturinn kemur svo til með að vaxa og dafna um ókomna tíð. Frá vinstri: Ragnar Pálsson, Ottó Leifsson, Karl Gunnlaugsson og Árni Tómasson.

á sig. Í lok september buðum við aðilum sem lögðu mest á sig hjá okkur í sumar og þeim sem störfuðu hjá okkur í klúbbhúsinu og á vellinum í mat í Efstadal. Þar áttum við góða kvöldstund saman þar sem við gátum þakkað þessum aðilum fyrir þeirra starf á þessu stóra ári hjá okkur.

Aðalfundur Golfklúbbsins Dalbúa fór fram miðvikudaginn 26. nóvember 2025. Þar var kosið um formann og hefur ný stjórn skipt með sér verkum. Stjórnina skipa nú Gísli B. Ívarsson, formaður, Guðbjörg Ingvars Ingólfssdóttir, varaformaður, Ragnar Örn Steinsson, gjaldkeri, Ásta Kristín Svavarsdóttir, ritari, Júlíus Símon Pálsson, meðstjórnandi, Bryndís Scheving, varamaður og Helgi Einarsson, varamaður.

### Golfklúbburinn Flúðir

Golfklúbburinn Flúðir varð 40 ára þann 29. júlí 2025, en klúbburinn var stofnaður þann dag árið 1985. GF hélt afmælistakaffi í tilefni af tímamótunum og til okkar mætti fjöldi gesta á fallegum sumardeg. Það náðist að kalla saman alla formenn klúbbsins, fyrirverandi og núverandi og gróðursettu þeir tré í nýjum afmælislundum norðan við golfskálann. Stefnir er að því að gera þennan lund aðgengilegan fyrir alla sem eiga hér leið um, golfara og annað útivistarfólk, að sumri jafnt sem vetri.

Yfir 80 meðlimir í golfklúbbnum héldu í afmælisferð til Almerimar á Spáni í byrjun október í tilefni afmælisins. Allir komu heilir heim og skemmtu sér við golfið og spjall.

Ástráður Sigurðsson, golfkennari PGA, sinni kennslu unglunga nokkrar helgar í sumar og var þátttaka góð. Við höfum haft þá stefnu að bjóða ungmennum fría golfkennslu og pizzu á eftir og hefur þetta gengið mjög vel undanfarin ár. Við endurtókum leikinn varðandi samfelld námskeið fyrir börn og unglunga og buðum upp á vikulangt námskeið í golfi fyrir unglunga í góðri samvinnu við Hrunamannahrepp. Námskeiðið hófst með kennslu golfkennara, Ástráðs Sigurðssonar PGA, síðan tóku félagsmenn við og leiðbeindu og léku með unglungunum dag hvern og svo lauk námskeiðinu með yfirferð golfkennara og öllum var boðið í pizzuveislu á eftir.

Alls tóku 566 kylfingar þátt í sex golfmótum sumarsins, en eitt mót féll niður vegna þátttökuleysis, enda framboð golfmóta töluvert á svæðinu.

Meistaramót GF fór fram í júlí og klúbbmeistarar að þessu sinni eru þau Magdalena Sírý Þórisdóttir og Agnar Reidar Róbertsson.

Tvö GSÍ mót voru haldin á Selsvelli sl. sumar; Íslandsmót golfklúbba 2. deild karla 23. - 25. júlí þar sem keppt var í holukeppni og Unglingamótaröðin 29. - 30. júlí þar sem unglingar á aldrinum 15 - 18 ára keptu í höggleik.

Sveit GF tók þátt í LEK móti karla, 65 ára og eldri sem fram fór í Hveragerði 12. - 13. ágúst. Sveitina skipuðu þeir Elías Kristjánsson, Broddi Kristjánsson, Ari Stefánsson, Árni Tómasson, Hannes Ragnarsson og Guðlaugur Guðlaugsson. Alls tóku sjö sveitir þátt í mótinu og enduðu okkar menn í 5. sæti.

Eins og undanfarin ár var unnið að margvíslegum framkvæmdum á vellinum og byggðist starfið að verulegu leyti á sjálfbóðaliðum. Nýjar flatir og brautir á 15, 16. og 17. voru teknar í notkun og hafa þær breytingar fallið vel í kramið meðal kylfinga. Drenframkvæmdir voru gerðar á 11., 17. og 18. braut auk annarra verkefna m.a. grísjun og snyrtingu trjágróðurs sem prýðir vallarsvæðið með áberandi hætti.

Fjöldi skráðra hringja á Selvelli var alls 12.423 á árinu samanþorið við 11.831 skráða hringja á árinu 2024. Væðing sumarsins var afar hagstætt og aðsókn góð, eins og víðast hvar annars staðar á golfvöllum landsins. Alls voru skráðir félagar í GF 320 í lok árs 2025 (310 árið á undan) og hafði því fjölgað lítillega frá árinu áður. Rekstur GF gekk afar vel á árinu og var árið 2025 besta rekstrarár klúbbsins frá upphafi. Fjárhagsstaða klúbbsins er því sterk.

Aðalfundur GF vegna starfsársins 2025 var haldinn þann 21. nóvember 2025. Þar sem reikningsári GF hefur verið breytt þá verða aðalfundir framvegis haldnir í nóvember ár hvert. Reikningsár klúbbsins er nú 1. október - 30. september ár hvert, í stað almanaksársins áður.

Stjórn GF hélt sex formlega fundi á starfsárinu auk nokkurra óformlegra funda. Stjórnina skipuðu Ottó Leifsson, formaður, Ásgeir Þorvarðarson, varaformaður, Sævar Gestur Jónsson, gjaldkeri, Sveinn A. Sæland, ritari og Vilhelmína Þorvarðardóttir, meðstjórnandi.

Vallarstjóri var Daníel Halldórsson Apeland og rekstur golfskála og veitinga annaðist Guðmundur R. Lúðvíksson.

## Golfklúbburinn Geysir

Starfsemi Golfklúbbsins Geysis á árinu 2025 var með hefðbundnu snið. Völlurinn er áfram í eigu sömu aðila og frá upphafi en rekstur hans er í samstarfi við eigendur Hótel Geysis. Starfsfólk hótelsins sér um skráningar og móttöku kylfinga. Eins og áður þá hefur klúbburinn styrkt starfsemi vallarins með því að leggja til grasfræ til viðhalds og umhirðu.

Aðsókn að vellinum jókst um 1,72% á milli ára. Aldrei hafa fleiri dagar verið með 100 skráða hringi á dag síðan völlurinn opnaði. Árgjaldid var áfram með lægsta móti. Fjölgun félagsmanna var allt að 60% og eru þeir nú nær 130 (frá um 80 í fyrra). Þar af eru margir í fjaraðild sem felur í sér þrjá hringi, aðild að GSÍ, HSK o.fl. Þessi fjölgun hafði í för með sér auknið álag á stjórnarmeðlimi, m.a. við skráningar, leiðréttingar á forgjöf og svörun fyrirspurna. Það teljum við vel þess virði og vonum að vöxturinn haldi áfram.

Tvö mót voru á vegum klúbbsins. Haldið var eitt innanfélagsmót GEY til þess að reyna endurvekja meistaramótið en ekki hefur náðst næg þátttaka til þess undanfarin ár. Þá var haldið eitt opið Texas Scramble mót í lok ágúst sem var fullbókað og hefur það mót væntanlega fest sig í sessi. Að auki voru haldin nokkur mót á vellinum á vegum hópa og einstaklinga sem klúbburinn kom ekki að.

Golfklúbburinn sendi að venju GEY lið í Íslandsmót klúbbanna í 4. deild hjá GVG í Grundarfirði. Mótið var vel skipulagt en veður setti aðeins strik í reikninginn. Liðið okkar náði 3. sæti, sem var í samræmi við markmið. Keppnisveit GEY skipuðu: Pálmi Hlöðversson, Breki Kjartansson, Gylfi Dagur Leifsson, Páll Theódórsson og Karl Jóhann Einarsson. Liðstjóri hópsins var Einar Tryggvason.

Rekstrarniðurstaða reglulegrar starfsemi klúbbsins eftir skatta var lítils háttar tap, eða 18.654 þúsund krónur. Í rekstraráætlun fyrir árið 2026 er hins vegar gert ráð fyrir um 55.000 þúsund króna hagnaði. Á aðalfundi klúbbsins, sem haldinn var 27. nóvember 2025, var stjórn Golfklúbbsins Geysis endurkjörin án mótframbóða. Formaður er áfram Pálmi Hlöðversson. Aðrir stjórnarmenn eru Einar Tryggvason, Frímánn Birgir Baldursson, Gunnar Skúlason og Hermann Marínó Maggýjarsón. Athygli vekur að meirihluti stjórnar hefur setið í stjórn félagsins allt frá stofnun þess vorið 2006.

Á árinu 2026 fagnar Golfklúbburinn Geysir 20 ára afmæli sínu. Af því tilefni er fyrirhugað að halda veglegt afmælið í samstarfi við Hótel Geysi og er stefnt að því að mótið fari fram í júní.

## Golfklúbbur Hellsu

Á aðalfundi GHR fyrir árið 2024 sem haldinn var 24. nóvember voru kjörin í stjórn: Heimir Hafsteinsson, Bjarni Jónsson, Steinar Tómasson, Guðrīður Tómasdóttir og Sigrún Þórarinsdóttir. Haraldur Eiríksson og Sólveig Stolzenwald varamenn. Sigrún óskaði lausnar frá stjórnarstórfum og kom Haraldur Eiríksson í aðalstjórn í stað hennar. Einnig var kosið í aðrar nefndir á vegum klúbbsins, duglegt og kraftmikið fólk sem lyft hefur grettistaki í utanumhaldi og umhirðu vallarins.

Innanfélagsmót voru haldin að venju. Meistaramót GHR var haldið í byrjun júlí. Klúbbmeistarar eru Andri Már Óskarsson og Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir. Sigurvegari holukeppinnar er Jóhann Unnsteinsson. Mjög góð þátttaka var í Bændaglimunni og lokahófinu 20. september sl. Tvö GSÍ mót voru haldin á vegum klúbbsins í sumar. 25.-27. júní var haldið Íslandsmót 18 ára og yngri og 17.-



Unnið að söndun og götun á Strandarvelli.

19. júlí var síðan haldið Íslandsmót 50 ára og eldri.

Boðið var upp á fría golfkennslu fyrir börn og unglinga undir leiðsögn Steinars Tómassonar í fjórar vikur frá byrjun júní. Þátttaka mætti vera betri og hlýtur það að vera forgangsverkefni að fjölga ungum kylfingum í klúbbnum. Eldri borgarar stunduðu þúttæfingar af miklum krafti eins og undanfarin ár.

Áður en lengra en haldið er rétt að taka fram að allur rekstur og fjárfestingar er varða völlinn og skálann er í höndum dótturfélags okkar, Rekstrarfélagsins Strandarvallar ehf. Þegar þetta er ritað bendir allt til verulegra góðrar rekstrarafkomu hjá Strandarvelli árið 2025.

Vallarnefnd og stjórn tóku þá ákvörðun í apríl að ráðast í gagngerar endurbætur á flötum vallarins og var í þeim tilgangi gengið til samninga við Grastec ehf. þ.e. Brynjar Sæmundsson um að veita ráðgjöf og eftir aðstæðum útvega tæki og áburð sem til þyrfti. Byrjað var á söndun í byrjun apríl og tindagötun í maí, götuninni fylgt eftir með söndun og völtun. Síðsumars voru flatir tappagataðar og síðan sáning og mikil söndun í framhaldinu.

Ívortókstjórn í samvinnu við vallarnefnd ákvörðun um að ráðast í róbóta-væðingu Strandarvallar. Byrjað var á því að kaupa eitt stykki Husqarna róbót af MHG, sem staðsettur var í sumar á íþróttavellinum á Hvolsvelli og sá þar um að halda öllu í góðu lagi, en klúbburinn hefur séð um slátt íþróttavallarins mörg undanfarin ár samkvæmt samningi. Gallinn við það fyrirkomulag var sá að flytja þurfti sláttuvélina einu sinni í viku á Hvolsvöll til að sinna þessu. Í það fór bæði tími og vinna sem kom sér mun betur á vellinum sjálfum. Í kjölfarið voru síðan keypti tveir samskonar róbótar sem hafa síðan um mitt sumar séð alfarið um slátt brautanna fyrir vestan Strandarsíkið, þ.e. brautir: 1-8-9-10-11-12 og 18. Strandarvöllur hefur lagt út fyrir tveim róbótum en einn var keyptur fyrir styrk frá velunnara klúbbsins. Nú þegar er vallarnefnd byrjuð á undirbúningi á áframhaldi þessa þarfa verkefnis og verður því vonandi lokið næsta sumar. Nú í septemberlok bættist í tækjaflotann okkar, notaður valteri sem keyptur var í Bandaríkjunum núna seinnipart sumars. Á óskalistanum er auk fleiri og stærri róbóta, lítil dráttarvél, sandari, áburðardreifari og ymislegt annað sem nauðsynlegt er að eiga.

Í sumar var nánast ekkert unnið í nýju skemmmuni enda einbeitti stjórn sér að rekstri og uppbyggingu vallarins. Nú stendur til að bæta úr því fyrir veturinn og klára húsið að utan og koma rafmagni og hita á húsið svo hægt verði að nota það til geymslu og viðgerða á tækjum. Fyrir liggur tilboð í endanlegan frágang utanhúss frá Naglverk ehf. kr. 1.041.848 án efniskostnaðar. Þegar þetta er ritað er beðið eftir tilboði í einangrun frá Húsasmiðjunni. Rafmagnsverkstæði Ragnars á Hvolsvelli mun sjá um að leggja rafmagn í húsið. Einnig hafa verið fest

kaup á tveimur varmadælum til upphitunar. Við fókheldi mun kostnaður við skemmuna verða u.þ.b. 40 milljónir. Eins og áður er sagt þá heyrja þessar framkvæmdir allar undir Strandarvöll ehf. Hér áður þegar klúbbfélagar voru mun færri var ákveðið að árgjöld klúbbfélaga skiptust jafnt milli Golfklúbbsins og Strandarvallar ehf. Stjórn ákvað nýlega að breyta þessum hlutföllum í að Golfklúbburinn fengi 25% af félagsgjöldum og Strandarvöllur 75%.

Klúbbfélagar eru 263, 103 konur og 160 karlar. Til gamans er meðalaldur klúbbfélaga 56,7 ár. Nýir félagar í klúbbnum eru samtals 49. Klúbbfélagar spiluðu 3500 staðfesta hringi samkvæmt Golfbox. Við vitum að þeir eru fleiri því ekki er alltaf skráð, sérstaklega vor og haust. Heildarskráning á völlinn í sumar er tæplega 10.000 hringir skv. tölum úr Golfboxinu. Í alla stæði er að baki frábært golfsumar. Þrátt fyrir töluverða úrkomu var hlýtt og völlurinn mikið spilaður, bæði af klúbbfélögum og öðrum góðum golfurum. Eins og áður nýttu fjölmargir golfarar úr öðrum klúbbum sér vinavallasamninga og var almenn ánægja meðal þeirra sem spiluðu völlinn með ástand og aðstöðu.

Í júníbyrjun var samið við Spóa gistihús (Gallery Pizza) um veitingarekstur á efri hæð klúbbhússins á Strönd. Ekki er enn komin full reynsla á það samstarf en vonandi verður það í lagi.

Töluvert var fjarlægð af dauðum trjám á vellinum og er því verkefni hvergi nærri lokið. Stjórn skipaði fjórar vaskar konur í „Gröðurnefnd“ og hefur hún þegar skilað af sér ítarlegum tillögum um hvar og hverju skuli plantað.

Ólöf Garðarsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri klúbbsins í lok apríl og starfaði hún til loka september. Vallarstjóri er Nils Munsch en auk hans voru þrjú með honum í fullu starfi í sumar og þar að auki voru þrjú aðilar í mismunandi starfshlutfalli á vegum Félagsþjónustu Rangárþings og Vinnuálastofnunar.

Stjórn þakkar öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn í sumar, það framlag er ómetanlegt og hreinlega gerir okkur kleift að reka fallega völlinn okkar með sóma.

## Golfklúbbur Hveragerðis

Sumarið 2025 einkenndist af skin og skúrum og mikilli umferð á völlinn. Mikil aukning er á öllum vígstöðvum í rekstri, fjölgun leikinna hringja og aukningu í fjölda félagsmanna sem er það mesta sem hefur verið hjá okkur í GHG frá upphafi. Á árinu voru spilaðir 25.000 golfhringir og er það 5.000 hringja aukning frá síðasta rekstrarári. Til upplýsingar má nefna að við opnuðum völlinn inn á sumarflatir þann 1. maí.





Strákar úr GHG sem tóku þátt í Íslandsmóti golfklúbba á Hellu, ásamt framkvæmdastjóra klúbbsins. F.v. Theodór Hilmarrson, Einar Lyng, Auðunn Ingi Hafsteinsson, Sigurður Grétar Gunnarsson og Árni Geir Ármannsson.

Árið fór af stað eins og áður, með vetraræfingum fyrir börn og unglinga. Þorrablót var haldið í febrúar og komust færri að en vildu. Mótahald gekk vel á árinu og mót voru vel sótt. LEK mót 65+ og var haldið hjá okkur enn eitt árið í 2. deild, það var mjög vel heppnað og keppendur ánægðir með völlinn og þá sérstaklega flatir. Lið GHG endaði í öðru sæti í mótinu. Kvennamót var haldið í júní og var það vel sótt og góð mæting. Kvennanefndin var með mjög öflugt og flott starf í sumar og var mjög góð mæting á þeirra viðburði á árinu. Meistaramótið var haldið í fyrstu viku júlí og var met þátttaka í mótið. Klúbbmeistarar vor þau Fannar Ingi Steingrímsson og Harpa Rós Björgvinsdóttir. Kjörís mótið nýtur alltaf mestra vinsælda af okkar opnu mótum og var uppselt í það eins og svo oft áður. Opna TA Sport var á sínum stað og vonandi er það að ná að festa sig í sessi sem eitt okkar stærri mót.

Heilmiklar framkvæmdir var farið í á árinu og var allt tekið í gegn í hitamálum í skemmu og golfbilageymslu. Ný hitaveitulögn að skálanum og svo var farið af stað með miklar framkvæmdir í skála. Nýjar innréttingar í eldhúsi, salur lagaður og nýir ofnar í sal. Hermir er vel sóttur af félögum og stendur hann alltaf fyrir sínu. Eins og undanfarin ár þá sinntu vallarstarfsmenn GHG umhíru á íþróttavöllum Hveragerðisbæjar og gildir sá samningur út þetta rekstrarár.

Aðalfundur var haldinn þann 9. desember 2025 og voru kosningar til stjórnar, fundurinn var vel sóttur. Rekstur félagsins gengur mjög vel, skammtímaskuldir mjög lágar og ekki neinar langtíma skuldir. Aukning er á félagsmönnum og barna- og unglíngastarfið að dafna vel, farið var með lið í Íslandsmót golfklúbba 16 ára og yngri á Hellu. Karlasveit fór á Sauðárkrók og endaði þar í 3. sæti. Karlasveit 50+ keppti á Selfossi og enduðu þeir í 5. sæti. Kvennasveit keppti í 2. deild sem fram fór í Keflavík og þær enduðu í 8. sæti. Það sem framundan er að það á að efla alla starfsemi í barna, unglínga, almennra kylfinga og þeim eldri hjá GHG á komandi árum. Stjórn félagsins skipa: Sigurður Egilsson nýkjörinn formaður, Þórhallur Einisson, varaformaður, Sveinn Ingvason, gjaldkeri, Erlingur Arthursson, Ólafur Dór Steindórsson, Ásta Björg Ásgeirsdóttir og Brynja Hrafnkelsdóttir. Varamenn eru þeir Arnar Geir Helgason, Hjörtur B. Árnason og Gunnar Árnason.



Alls voru 24 golfmót haldin í Kiðjobergi á árinu, myndin er tekin á meistaramóti klúbbsins í sumar.

### Golfklúbbur Kiðjabergs

Rekstur Golfklúbbsins Kiðjabergs gekk vel, andinn í klúbbnum er mjög góður, völlurinn okkar var einstaklega glæsilegur og virkilega gaman að spila Kiðjbergið síðastliðið sumar.

Starfsárið endaði einstaklega skemmtilega fyrir okkur því að Golfvöllur Kiðjabergs var valinn besti golfvöllur Íslands 2025 af World Golf Awards og var þetta í annað sinn í röð sem við vinnum þessi verðlaun. GKB félagar spiluðu 6.392 hringi á árinu og samtals voru spilaðir 13.412 hringir í Kiðjobergi í ár. Meðalföldi hringja hjá hverjum klúbbfélaga voru 15 hringir en meðlimir spiluðu allt frá engum hring í sumar og upp í 70 hringi sem er sambærilegt við síðasta ár.

24 golfmót voru haldin í Kiðjobergi á árinu og er það sami fjöldi og á síðasta ári. Meistaramótið okkar tókst mjög vel og tóku um 90 þátt í mótinu sem er sami fjöldi og á síðasta ári, en rúmlega helmingur tók þátt í tveggja daga mótinu. Klúbbmeistari karla er Gunnar Þór Heimisson og klúbbmeistari kvenna er Bergljót Kristinsdóttir. Gull 24 Open var fjölmennasta mótið okkar en 295 tóku þátt í því og var það nánast sami fjöldi og á síðasta ári. GKB sendi fjórar sveitir í sveitakeppni golfklúbba. Það var meistaraflokkur karla, karlar 50 ára og eldri, konur 50 ára og eldri og karlar 65 ára og eldri. Kærar þakkir til fyrirlíða og þátttakenda fyrir að taka þátt og keppa fyrir hönd GKB.



Í dag eru 417 meðlimir í GKB, karlar eru 62% og konur eru 38%. Meðalaldur er 53,9 ár og 66% félaga eru 50 ára og eldri, meðal forgjóf klúbbfélaga er 25,5. Af þeim 30 meðlimum sem spila völlinn mest eru 73% 71 ára og eldri.

Stjórn klúbbsins var þannig skipuð: Guðmundur Ásgeirsson formaður, Brynhildur Sigursteinsdóttir gjaldkeri, Jónas Kristinsson ritari, Gunnar Þorláksson og Magnús Þór Haraldsson meðstjórnendur. Varamenn stjórnar sem taka fullan þátt í stjórnarstörfum eru Þórhalli Einarsson og Sigurlaug Gissurardóttir. Stjórnin hélt átta stjórnarfundir á árinu og er mjög góð samstaða í stjórn klúbbsins og kærar þakkir til allra stjórnarmanna fyrir vel unnin störf.

Völlurinn kom mjög vel undan vetri og var í mjög góðu standi í allt sumar og er óhætt að segja að Alin og hans starfsfólk hafi unnið mjög gott starf á völlum við krefjandi aðstæður. Vinnudagur var haldinn 10. maí í samstarfi við lóðafélagið og var ágætis mæting en um 50 manns mættu, helstu verkefni voru vökvunarkerfið, stígagerð, skemma, tyrfa og fleira. Gríðarlega mikið sjálfböðastarf hefur verið unnið af okkar bestu mönnum við að gera völlinn að besta golfvelli Íslands og áætlum við að u.þ.b. 950 vinnustundir hafi verið unnar í sjálfböðavinnu á árinu. Stór hluti af þeirri vinnu var unninn í byrjum september þegar unnið var að lagningu nýs vökvunarkerfis á seinni hluta Kiðjbergsvallar ásamt æfingafloðum. Verkefnið var liður í markvissri uppbyggingu vallarins og mikilvægt skref í átt að betri umhírðu og auknum gæðum vallarins til framtíðar. Markmið verkefnisins er að tryggja jafna og skilvirka vökvu á þessum hluta vallarins til að bæta grassprettu auka endingu flatanna og skapa betri aðstæður fyrir iðkendur. Með uppsetningu vökvunarkerfisins skapast mun meiri möguleiki á að stýra vökvun eftir þörfum, sem bæði eykur nýtingu vatns og stuðlar að heilbrigðari og sterkari gróðri.

Við þökkum öllum félagsmönnum fyrir liðið ár og sérstaklega þeim sjálfböðaliðum sem komu og aðstoðuðu okkur við stjórnun og rekstur á GKB. Þakkir til allra stjórnarmanna og nefndarmanna fyrir vel unnin störf og þá sérstaklega mótanefnd, vallarnefnd og kvennanefnd.

### Golfklúbbur Selfoss

Aðalfundur Golfklúbbs Selfoss fór fram miðvikudaginn 10. desember 2025 í félagsheimili klúbbsins að Svarfhóli. Fundurinn var settur kl. 18:33 af fráfarandi formanni, Páli Sveinssyni, sem bauð félagsmenn velkomna og hóf dagskrá með kosningu fundarstjóra og fundarritara. Jón Gíslason var kosinn fundarstjóri og Helena Guðmundsdóttir fundarritari, bæði einróma.

Í skýrslu stjórnar kom fram að inniaðstaða klúbbsins sé orðin of lítil miðað við mikla aðsókn. „Við erum einfaldlega sprungin,“ sagði Páll Sveinsson og bætti við að huga þyrfti að stækkun bæði inniaðstöðu og klúbbhúss. Hann hvatti nýja stjórn til að nálgast þessi verkefni, „með framsýni og djörfung.“ Vallarframkvæmdir eru á áætlun og 14 holar voru opnaðar 10. maí en stefnt er að fullum 18 holum velli árið 2027. Félagsmenn eru nú 888 talsins og nýliðun heldur áfram, bæði í barna- og unglíngastarfinu og meðal 18–30 ára kylfinga.

Hlynur Geir Hjartarson framkvæmdastjóri kynnti ársreikning 2025. Rekstrartekjur námu 222,7 milljónum króna og hagnaður ársins eftir afskriftir og fjármagnsliði var 38 milljónir króna. „Við stöndum á traustum grunni og getum horft bjartsýn til framtíðar,“ sagði Hlynur. Fjárhagsáætlun fyrir árið



2026 gerir ráð fyrir 218,5 milljónum króna í tekjur og 39,4 milljóna króna hagnaði. Félagsgjöld hækka lítilllega en áfram verður boðið upp á 5% afslátt ef greitt er fyrir 15. janúar 2026.

Páll Sveinsson og Helena Guðmundsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og var þeim þakkað fyrir ómetanlegt starf. Grímur Arnarson bauð sig fram til formanns og var sjálfkjörinn. Í ávarpi sínu sagði Grímur: „Það er mér mikill heiður að fá traust félagsmanna. Ég hlakka til að leiða klúbbinn inn í nýtt tímabil þar sem 18 holu völlurinn og stækkun aðstöðu verða í brennidepli. Við eigum að vera stolt af því sem við höfum byggt upp og enn stoltari af því sem við eigum eftir að skapa.“ Nýja stjórn skipa Grímur Arnarson, formaður, Bjarki Már Magnússon, varaformaður, Auður Róseyjardóttir, meðstjórnandi, Bjarki Már Magnússon, varaformaður, Heiðrún Anna Hlynsdóttir, meðstjórnandi, Leifur Viðarsson, gjaldkeri, Magnús J. Magnússon, meðstjórnandi, María Ragna Lúðvígsdóttir, ritari. Á fundinum voru veittar árlegar viðurkenningar: Efnilegasti unglingur: Sölvi Berg Auðunsson. Háttvísibikarinn: Bergsveinn Halldórsson. Golfkona ársins: Heiðrún Anna Hlynsdóttir. Golfkarl ársins: Heiðar Snær Bjarnason.

Fundurinn endaði á hlýjum þökkum til fráfarandi formanns og gjaldkera. „Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið að leiða klúbbinn þessi sex ár,“ sagði Páll Sveinsson í lok fundarins. Nýr formaður, Grímur Arnarson, tók við keflinu með bjartsýni: „Árið í ár var frábært golfár og næstu ár verða það líka. Ég hlakka til að vinna með ykkur öllum að því að gera GOS enn öflugri.“

## Golfklúbburinn Úthlíð

Aðalfundur GÚ var haldinn 9. desember 2025



Aðalstjórn skipa Sveinn Eyland formaður, Rúnar Jón Arnason varaformaður, Jóhann Gunnar Stefánsson ritari, Þorsteinn Sverrisson gjaldkeri og meðstjórnendur Skúli Þórðarson, Jóhann Sigurþórsson, Björn Örvar, Konráð Ægisson og Jóhanna Kristófersdóttir. Varastjórn skipa Edda Erlendsdóttir, Jóna Lárusdóttir og Helgi Birgisson.

Helstu verkefni klúbbsins er að halda fjögur golfmót á árinu, halda utan um forgjöf félagsmanna og stuðla að því að Úthlíðarvöllur verði sem fyrr frábær gleðigjafi fyrir alla þá sem hafa áhuga á að spila þessa skemmtilegu íþrótt.

Klúbburinn fékk styrk frá Verkefnasjóði HSK að upphæð kr. 50 þús. til þess að stuðla að barna og unglingastarfi hjá GÚ. Mikilvægt er að hlúa að ungmennastarfi innan klúbbsins og þar geta afar og ömmur spilað stórt hlutverk. Á aðalfundi var samþykkt að börn og barnabörn fullgildra klúbbfélaga upp að 16 ára aldri fái frjá klúbbaðild og megi spila á velli um í fylgd forráðamanna. Einnig að reynt verði að stuðla að barna- og unglingastarfi t.d. með sérstökum mótum eða öðrum hætti.

## Golfklúbbur Þorlákshafnar

Stjórn GÞ skipuðu Árni Hrannar Arngrímsson formaður, Gyða Steina Þorsteinsdóttir varaformaður, Ottar Ingólfsson gjaldkeri, Sigríður Lára Ásbergsdóttir ritari og Ingvar Jónsson meðstjórnandi.



Vigdís Gunnarsdóttir er framkvæmdastjóri klúbbsins og Edwin Roald vallaarstjóri. Sextán manns unnu launað starf á árinu, auk fjölmargra sjálfboðaliða.

Um 3,5 milljóna króna afgangur var af rekstri



Glompuhögginn æfð á svartri sólarströnd við Þorláksvöll. Að sjálfsgöngu slegið í átt frá sjó og boltar teknir upp aftur.

golfklúbbsins 2025, að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða. Án þeirra var rekstrarafkoman jákvæð sem nemur um 8 milljónum króna. Heildartekjur voru 104,7 milljónir króna og jukust þær um tæp 22% milli ára. Metföldi hringja var leikinn árið 2025. Árlegum heimsóknum á Þorláksvöll, eða leiknum hringjum, fjölgaði um 47% milli ára. 636 félagar eru í Golfklúbbi Þorlákshafnar en mikill meirihluti þeirra býr utan bæjarins, eða um 74%. Konur eru 28% félaga í heild. Gerð var viðhorfskönnun meðal félaga GÞ í janúar 2026, til að gefa meðlimum færi á að tjá sig um starfið, ekki síst hvað megi betur fara og hvaða verkefni þeir töldu brynast að ráðast í fram undan. 93,4% aðspurðra um viðhorf sitt til klúbbsins í heild sögðust ýmist mjög ánægðir eða frekar ánægðir. Í viðhorfskönnuninni, sem 229 manns tóku þátt í, var m.a. spurt opinna spurninga, þar sem félögum gafst kostur á að tilgreina takmarkalaust hvað bæta megi í starfi klúbbsins. Einnig hvaða verkefni félagar telji mikilvægast að ráðast í næst.

Þeim merka áfanga var náð í sögu GÞ að kvennalið var sent í fyrsta sinn til keppni á Íslandsmóti golfklúbba. Konurnar léku í 2. deild á Garðavelli Golfklúbbsins Leynis á Akranesi. Liðið hafnaði í 10. sæti en var hársbreidd frá því að komast í hóp sex liða í efri hluta deildarinnar. Klúbbmeistarinn Linda Björk Bergsveinsdóttir náði 50% árangri í holukeppninni eftir að hafa leikið best GÞ-kvenna í högggleikum, eða á 84 höggum við erfiðar aðstæður. Karlalið GÞ komst í undanúrslit í 4. deild á Grundarfirði með sætum og naumum sigri í miklum spennuleik við Golfklúbb Fljótshálsá. Í undanúrslitum varð liðið þó að lúta í lægra haldi gegn heimamönnum í Golfklúbbum Vestarr og svo aftur í bronsleik við Golfklúbbinn Geysi. Tvö GSF-mót voru haldin. Þar á meðal var Íslandsmót unglinga 15-18 ára. Meistaramót GÞ, sem fór fram 16. - 19. júlí, var hið langfjölmennasta hingað til, en 67 kylfingar tóku þátt. Linda Björk vann með talsverðum yfirburðum í kvennaflokki og Brynjar Logi Bjarnþórsson vann í karlaflokki, eftir æsispennandi keppni þar sem úrslit réðust ekki fyrr en á lokaholunni.

Haldin var kynning á golfíþróttinni og golfklúbbum fyrir konur á Heima Bistro 2. apríl. Kynningin var vel sótt og ákvæðu nokkrar konur að spreya sig í göðum hópi, sem lék saman reglulega á miðvikudögum milli kl. 18 og 19. Alls spiluðu 42 konur á miðvikudögum og eru þær flestar, ef ekki allar, komnar með aðild að klúbbum.

Stærsta verkefni síðasta starfsárs var innleiðing sjálfvirkra, rafknúinna sláttuvéla en undir lok síðasta sumars slógu vélar, öðru nafni róbatar eða þjarkar,

allt gras á vellið nema á flötum. Um leið voru eldri vélar teknar úr notkun og er þar með allur sláttur orðinn rafknúinn.

Áformað er að taka enn stærra skref í þá átt í vor. Þjarkarnir munu þá safna kröftum í hleðslustöðvum í eða við áformuð ný áningarhús, með kærkominni salernisaðstöðu á tveimur miðlægum stöðum á vellið. Stöðvarnar munu nýta endurnýjanlega orku sem framleidd verður með sólpiljum á húspökunum, en vart er hægt að hugsa sér hentugri iðju til að framkvæma með sólarorku, þar sem grasið vex varla nema birtu njóti við. Þessir nýju starfskraftar koma frá sænska stórfyrirtækinu Husqvarna, gegnum íslenska umboðsaðilann MHG-verslun, sem á hrós skilið fyrir framúrskarandi þjónustu. Fimm vélanar eru af stærstu gerð, sem nefnist CEORA 546. Þær slá um 48.000 fermetra á 48 klst., en auk þeirra voru keyptir fjórir minni þjarkar, AM 580, sem geta slegið ofan í skarparni kverjum, í meiri halla o.s.frv., um 16.000 fermetra á 48 klst. Róbatarinn spara mikinn tíma, sérstaklega með tilliti til aukinnar sprettu á brautum og gerir GÞ framvegis kleift að leggja meiri áherslu á ýmis afmörkuð verkefni víða um völinn og aðra þjónustu við kylfinga úti á velli, sem talið er að munu bæta upplifun fólks af svæðinu og gera golfið skemmtilegra. Til þess er leikurinn gerður.

Tekin voru jarðvegssýni úr brautum, flötum og teigum í lok mars og þau send til greiningar í Bandaríkjunum. Niðurstöður sýndu umtalsverðan skort á köfnunarefni, sem er aðalnæringarefni, en einnig á snæfilefnum eins og brennisteini. Tekið var mið af þessu við val á áburði og ákvörðun um næringarmagn. Gjóf á brautum virðist lofa góðu en mikilvægt er að hún verði nákvæmari framvegis og markmið vel skilgreind. Jákvætt svar barst frá Umhverfis- og skipulagsnefnd Ölfuss við erindi klúbbsins síðla árs, um heimild til stækkunar á sjálfu lendingarsvæðinu á æfingarsvæði (driving range) klúbbsins, en það er bæði svo stutt og mjótt að fjölmargir boltar fara út fyrir. Einnig verður settur kortalesari á boltasjálfsalann og merkingum eða sérkennum svæðisins breytt.

Golfklúbbur Þorlákshafnar nýtur fulltingis margra aðila og er þar stuðningur Sveitarfélagsins Ölfuss í algerum sérlokki. Framlög þess gegna lykilhlutverki í áframhaldandi uppbyggingu golfíþróttarinnar á svæðinu, vallarins og klúbbsins. Unnið var formlega með allnokkrum fyrirtækjum á árinu, en auk þeirra sýndu fjölmörg fyrirtæki klúbbum velvilja með sérstaklega göðum kjörum og þjónustu. Stjórn er öllum þessum aðilum þakklát.

### Golfklúbburinn Þverá

Aðalfundur var haldinn á Hellishólum 8. mars 2025. Þá létu af störfum Ragnar Borgþórsson formaður, Anton Smári Rúnarsson formaður mótanefndar og Víðir Jóhannsson gjaldkeri.



Nýja stjórn skipa Kristinn Valgeirsson, formaður, Írena Sif Kjartansdóttir, gjaldkeri, Marínó R. Pálsson, formaður mótanefndar, Magús Vilhjálmsson, formaður vallarnefndar og Ragnar Borgþórsson, ritari.

### Golfklúbbur Öndverðarness

Aðalfundur GÖ var haldinn í golfskóla GÖ laugardaginn 22. nóvember 2025 að viðstöddum um 60 félögum auk þess sem þó nokkrir félagar streymdu fundinum. Fram fóru venjuleg aðalfundarstörf, skýrsla formanns, reikningar lagðir fram, árgjöld ákveðin og kosningar. Líflugar umræður áttu sér stað um margvísleg málefni klúbbsins. Samarið 2025 rak klúbburinn sjálfur veitingasöluna í klúbbsúsinu í fyrsta sinn og mun það halda áfram 2026. Reikningar félagsins og skýrsla formanns eru aðgengileg á heimasíðu klúbbsins. Helstu tölur úr rekstrarreikningi: Rekstrartekjur: kr. 172.104.780, samanborið við 105.809.706 árið 2024. Rekstrargjöld: kr. 165.272.919 samanborið við 102.914.526 árið 2024. Rekstrarhagnaður kr. 6.211.260 samanborið við 2.895.180 árið 2024. Árgjöld án afsláttar voru samþykkt sem eftirfarandi kr. 116.000 auk þess sem innheimt verður skálagjald kr. 9.000 líkt og undanfarin ár.



Þrjár breytingar urðu á stjórn fyrir komandi starfsár. Í aðalstjórn tóku sæti Harpa Þorlákssdóttir og Þröstur Jón Sigurðsson í stað Brynjars Stefánssonar og Hannesar Björnssonar og í stað Ólafs Jónssonar tók Ingi Gunnar Þórðarson sæti í varastjórn. Stjórn GÖ skipa því Guðmundur Pálmason, formaður, Harpa Þorlákssdóttir, varaformaður, Guðlaug Þorgeirsdóttir, gjaldkeri, Gígja Hrónn Eidsdóttir, ritari og Þröstur Jón Sigurðsson, stjórnarmaður. Ingi Gunnar Þórðarson og Guðjón Bragason eru í varastjórn.

### Hestamannafélagið Geysis

Starf Hestamannafélagsins Geysis á árinu 2025 var virkilega öflugt líkt og árin á undan. Fimm nefndir voru starfandi auk stjórnar og því mikið um að vera hvort sem það voru sýnikennslur, fyrirlestrar, námskeið fyrir alla aldurshópa og gríðarlega öflugt æskulýðsstarf sem við getum verið virkilega stolt af.



Geysis stendur fyrir gríðarlega öflugum mótahaldi en félagið hélt þrjú vetrarmót, stöðum að Suðurlandsdeild með Rangárhöllinni líkt og síðustu ár, héldum WR Íþróttamót, Gæðingamót og Suðurlandsmót. Gríðargóð þátttaka er á öllum mótum félagsins og sýnir árangurinn sig á stórmótum.

Aðstaða hestamanna í Rangárvallasýslu er að verða betri og betri með hverju árinu. Geysis hefur verið í virku samtali við sveitarfélögin til þess að auka þeirra aðkomu að aðstöðusköpun. Reiðveganefnd Geysis í samstarfi við Rangárþing eystra vann að uppbyggingu reiðvega í kringum hesthúshverfið á Hvolsvelli með tengingu við reiðvegakerfið þar í kring. Einnig hefur Geysis lagt fjármagn í bættu aðstöðu í reiðhöllinni á Hvolsvelli. Á Hellu var haldið áfram með uppbyggingu aðstöðu inni í Rangárhöll sem mun



Frá Æskulýðssýningu Geysis 2025.

nýtast gríðarlega vel í öllu námskeiðahaldi, einnig eru áform um uppbyggingu reiðvega í kringum keppnis- og hesthúsasvæðið 2026 í samstarfi Geysis og Rangárþings ytra. Víða um Rangárþing hefur svo reiðveganefnd sett fjármagn í uppbyggingu og viðhald reiðvega sem og áningarhólfa á láglendi sem og hálendi.

Barna- og unglingsstarfið er hjartað í öllu starfinu. Það var gríðarlega góð þátttaka á námskeiðum og býður Geysis nú upp á það í báðum þéttbýliskjörnum að börn geti sótt námskeið hluta úr ári hvort sem þau eigi hest eða ekki. Hestafimleikar héldu einnig áfram að vaxa. Síðustu ár hefur félagið boðið upp á reiðnámskeið á haustin fyrir börn og unglinga þar sem hesturinn er á staðnum. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar með að halda almennt reiðnámskeið þar sem börn og unglingar mæta sjálf með sinn hest en ekki hefur náðst þátttaka hingað til. Það varð breyting á því haustið 2025 en þá fór af stað almennt reiðnámskeið í Rangárhöllinni þar sem voru 18 þátttakendur og er það til marks um það að við séum að ná að þróa hestamenskuna í átt að öðrum íþróttgreinum þar sem fram fer starf allt árið.

Markmið stjórnar Geysis er að geta boðið upp á hestamenskuna til jafns við aðrar íþróttir.

Geysisfélagar halda áfram að ná mögnuðum árangri á keppnisbrautinni svo eftir er tekið. Geysis hampar Íslandsmeistara- og heimsmeistaratitlum í röðum ásamt því að knapar sem keppa undir merkjum Geysis eru gríðarlega áberandi á flestum mótum. Geysis átti Íslandsmeistara í barnaflokki, unglingsflokki, ungmennaflokki og meistaraflokki. Einnig náðu tveir félagsmenn þeim magnaða árangri að koma heim með fimm heimsmeistaratitla að loknu heimsmeistaratóti sem fram fór í Sviss.

### Hestamannafélagið Háfeti

Aðalfundur Hestamannafélagsins Háfeta var haldinn 15. janúar 2025. Stjórn félagsins skipuðu Monika Sjöfn Pálsdóttir, formaður, Sigríður Birna Ingimundardóttir, ritari, Josefíne Wikenholm, gjaldkeri, og meðstjórnendur Katrín Stefánsdóttir og Davíð Örn Jónsson.



Starfsemi félagsins var öflug á árinu 2025 og var líf og fjör í hesthúshverfinu allt árið. Mikið var riðið

út yfir vetrartímamann og félagslegt starf var virkt bæði á útreiðum og á kaffistofum félagsmanna. Félagið stóð jafnframt fyrir skipulagðri dagskrá, mótahaldi og fjölbreyttu félagsstarfi.

Á árinu var lögð sérstök áhersla á samskipti við sveitarfélagið varðandi skipulagsmál tengd hestamenskunni. Í kjölfar funda með fulltrúum sveitarfélagsins var stofnaður starfshópur um reiðvegamála innan sveitarfélagsins og var fyrsti fundur hópsins haldinn 13. ágúst. Samskipti við sveitarfélagið voru almennt jákvæð og talið mikilvægt að halda áfram markvissu samstarfi á þessum vettvangi.

Félagið tók þátt í Stórsýningu sunnlenskra hestamanna á Hellu á skírdag, 17. apríl. Hópur knapa á breiðu aldursbili tók þátt og æfingar fóru fram í aðdraganda sýningarinnar. Þátttakan var mikilvæg reynsla fyrir unga knapa, styrkti samspil knapa og hests og jók samheldni í hópnum. Sýningin var haldin af Rangárbökkum til styrktar Landsmóttssvæðis Sunnlendinga.

Mótanefnd hélt úti öflugum mótahaldi á árinu. Haldin voru þrjú hallarmót, auk Járnkarlsmóts, firmakeppni og Ármannsmóts.

Skemmti- og ferðanefnd hélt úti virku félagsstarfi með reiðtúrum og samveru. Farið var í skemmtireiðtúr, fjölskyldureiðtúr í lok apríl og sleppitúr á sand í júní. Félagsleg samvera var stór hluti viðburða ársins. Fræðslunefnd stóð fyrir fjölbreyttu fræðslustarfi. Haldinn var fyrirlestur um knapaþjálfun, vörðun, einkatímar, sýnikennsla og helgamámskeið með góðri þátttöku. Jafnframt var unnið að fræðsluáætlun fyrir næstu önn. Æskulýðsnefnd hélt úti öflugum barna- og unglingsstarfi. Haldin voru þrjú námskeið fyrir börn á árinu og í fyrsta sinn var boðið upp á knapamerkmámskeið (knapamerki 1). Fjölskyldureiðtúr æskulýðs var haldinn 25. maí og æskulýðssýning 8. júní þar sem börn og unglingar sýndu afrakstur námskeiða.

### Hestamannafélagið Jökull

Eins og undanfarin ár eru námskeið ríkjandi þáttur í vetrarstarfi Jökuls. Bæði eru haldin fullorðinsnámskeið en æskulýðsdeild hestamannafélagsins sinnir góðu og öflugum námskeiðahaldi fyrir yngstu



félagsmenn, heldur úti fræðsluvöldum og skemmtikvöldum sem og tekur þátt í samstarfi um mótahald við önnur hestamannafélög í nágrenninu.

Uppsveitadeildin hófst í byrjun febrúar og þá með breyttu sniði á þann veg að lögð var áhersla á að hvetja heimamenn til að söðla gæðinga sína og skrá sig til leiks. Uppsveitadeildin er mótaröð þar sem keppt er í fjórgangi, fimmgangi og að síðustu í tólti. Keppendur skrá sig í lið og samanstandur hvert lið af áhugamönnum og atvinnumönnum og er með þeim hætti verið að höfða til þeirrar breiddar sem er í þessari íþrótt. Skemmt er frá að segja að Uppsveitadeildin tókst einkar vel og fylltu áhugafólk, aðstandendur og félagsmenn stúkuna öll kvöldin og er óhætt að segja að félagsmenn séu sannarlega vel riðandi.

Aðalfundurinn var haldinn 27. febrúar í reiðhöllinni á Flúðum. Góð mæting var á fundinn en engar mannbreytingar urðu í stjórn. Stjórn skipar sem áður: Bragi Víðar Gunnarsson, formaður, Ólafur Gunnarsson, gjaldkeri, Vilborg Ástráðsdóttir, ritari, Guðrún K. Snæbjörnsdóttir, Ragnheiður Eggertsdóttir, Ragnhildur S. Eypórsdóttir og Svavar Jón Bjarnason meðstjórnendur. Fastur liður á aðalfundi er að æskulýðsnefndin haldi kynningu um starf líðandi árs, en starf nefndarinnar er með eindæmum gott og ótult og eiga nefndarkonur miklar þakkir skilið.

Vetrarmót eru einnig fastur liður í starfi félagsins og tókust þau einnig með þrýði. Þar fá pollar, börn, unglingar og ungmenni einnig að spreyta sig í keppni og er það alltaf góð og mikilvæg reynsla.

Hestamannafélaginu Jökli barst vegleg gjöf frá Hrossaræktarfélagi Hrunamanna en það var ágóði af happadrætti sem var haldið á folaldasýningu í mars. Stjórn Hrossaræktarsambandsins bætti um betur og tvöfaldaði upphæðina og gaf til æskulýðsstarfs Jökuls. Firmakeppnin fór fram í blíðskapar veðri að vanda og sem áður grillaði skemmtinefndin pulsar í gesti og keppendur.

Æskulýðsnefndin hélt sín árlegu sumarnámskeið í Hrísholti annars vegar og Miðengi hins vegar, en þetta er síðasta árið sem námskeið verður haldið í Hrísholti og er mikil eftirsjá af þeim stað en líka þökk fyrir góða aðstöðu. Tveir kvöldreiðtúrar voru skipulagðir af útreiðarnefndinni, annar í gamla Gnúpverjahreppnum en hinn í Tungunum. Einnig var farið í stórskemmtilega kvennareid á Kvennafrídaginn. Gæðingamótið okkar var haldið 23.-27. júlí og tókst það afar vel. Gæðingamótið er sannarlega einn af okkar stærstu viðburðum og er stærsta gæðingamót landsins fyrir utan Landsmótið sjálft. Veðurguðirnir léku við hvern sinn fingur og er það sannarlega góð viðbót á keppnisdögum. Þetta gæðingamót er opið öllum og koma fjölmargir úr öðrum hestamannafélögum keyrandi að um langar leiðir til að taka þátt í þessu góða móti. Mót sem þetta kallar á marga sjálfbóðaliða og er þeim öllum þakkað af heilum hug. Vallarmót á Laugarvatni er stórskemmtilegt, öðruvísi mót þar sem lögð er rík áhersla á að yngsta kynslóðin fái að njóta sín, enda er það líka lokapunktur á námskeiði sem er haldið í Miðengi, sem fylgt er úr hlaði með útreiðartúr í Kringlumýri þar sem börnin gista og fara síðan riðandi á Vellina þar sem mótið sjálft er haldið. Mót sem þessi eru mikilvæg hefð sem ekki má með nokkru móti fjara undan, en á undir högg að sækja vegna þess að það stólar á óeigingjarnt starf sjálfbóðaliða.

Árshátið Jökuls var haldin með pomp og prakt í Ánesi og er lítið á hana sem uppskeruhátið félagsmanna því maður er mans gaman, sérstaklega ef hann er hestamaður. Að lokum var haldin skótuveisla í Reiðhöllinni annað árið og tókst hún ekki síður vel. Skótuveislan hefur þann tilgang að vera



Á Vallarmóti Jökuls á Laugardalsvöllum er lögð rík áhersla á að yngsta kynslóðin fái að njóta sín.



Ljúfsfélagar á góðri stund á sumardeggi.

fjáröflun fyrir Reiðhöllina sjálfa. Á það sama við um þá veislu eins og aðra viðburði, hún getur ekki gengið upp nema að þeim komi öflugur hópur sjálfbóðaliða sem er tilbúin til að leggja sitt á vogarskálarnar.

### Hestamannafélagið Ljúfur

Aðalfundur Ljúfs var haldinn 13. febrúar 2025. Stjórnina skipa Ragnhildur Gísladóttir, formaður, Erla Björk Tryggvadóttir, varaformaður, Cora Jovanna Claas, gjaldkeri, Aníta Margrét Aradóttir, ritari og Linda Sif Brynjarsdóttir, meðstjórnandi. Fjöldi félagsmanna Ljúfs í lok árs 2024 eru 218.



Fjöldi viðburða voru á dagskrá hjá okkur árið 2025 og byrjum við sterk með vel sótttri sýnikennslu með heimsmeistara systrunum á Sunnuhvoli, þeim Glóðisi og Védísi sem kynntu fyrir okkur hvernig þær byrja þjálfun á hrossum fyrir komandi keppnistímabil. Katrín og Helga voru einnig með fyrirlestur um umönnun á ræktunarhrýssum og fleira tengt því. Við héldum okkar árlegu Þorra og Páskamót auk Mjólkurtöltsmóts sem var mjög skemmtilegt. Þar var keppt í að halda á mjólkurglasi heilann hring á hringvellinum, á tólti, á sem stystum tíma. Einnig héldum við sameiginlegt Hallarmót með Háfeta sem tókst gríðarlega vel.

Haldin voru fjölda reiðnámskeiða fyrir börnin

í félaginu og vorum við með 8 vikna fjölbreytt námskeið í byrjun árs sem tókst gríðarlega vel. Pollanámskeiðin voru á sínum stað en þau eru alltaf vel sótt. Sumarnámskeiðin hjá Reiðskólanum á Bjarnastöðum voru einnig mjög vel sótt í sumar. Í lok árs hófst keppnisnámskeið fyrir þau börn sem stefna á úrtöku eða önnur mót í sumar.

Tveir félagsfundir voru haldnir á árinu og sunnudagskaffi á vetrarmánuðum. Félagshemilið var málað í hvítum og fallegum Ljúfs-bláum lit. Ferðanefndin stóð fyrir þrem velheppnuðum reiðtúrnum. Farið var inn í Marardal, riðið um Ölfusús og riðið að Þorlákshafnarfjöru.

### Hestamannafélagið Sleipnir

Aðalfundur Hestamannafélagsins Sleipnis var haldinn í Hliðskjálfi 11. febrúar 2025. Formaður félagsins, Berglind Sveinsdóttir, og meðstjórnendur hennar Elísabet Sveinsdóttir og Solveig Pálmadóttir, ásamt Bryndísi Guðmundsdóttur í varastjórn, áttu áfram ár eftir af kjörtímabili sínu. Anna Björg Nielsdóttir og Sigurvaldi Rafn Hafsteinsson voru endurkjörin í aðalstjórn og Jón Valgeir Geirsson í varastjórn. Því hélt stjórn félagsins áfram óbreytt eftir aðalfundinn. Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund sem haldinn var 26. febrúar var ákveðið



að Bryndís Guðmundsdóttir og Solveig Pálmadóttir skiptu um sæti og Bryndís tók einnig við sem ritari félagsins.

Strax á nýju ári hófust reiðnámskeiðin í félagshesthúsinu hjá Katrínu Evu. Námskeiðin voru vel sótt og kennt í tveimur hópum tvisvar í viku fram á vor. Einnig hófust pollanámskeið, almenn reiðnámskeið, keppinámskeið og Knapamerki 1 og 2.

Fræðslunefndin stóð fyrir fjölbreyttum námskeiðum og fræðsluerindum yfir árið, m.a. knapabjálfun, einkatímum hjá reyndum reiðkennurum, járninganámskeiði, hestauddnámskeiði og fræðsluerindi. Æskulýðsnefndin skipulagði fjölskyldureiðtúra og tveggja daga fjölskylduhestaferð í Félagslund þar sem gist var yfir nótt og vakti þessi ferð mikla lukku. Sumarreiðskóli Sleipnis féll því miður niður vegna óviðráðanlegra aðstæðna þetta árið en í staðinn var boðið upp á þriggja vikna námskeið á Sólvangi í staðinn. Félagshesthúsið hóf starfsemi á ný í haust. Að þessu sinni komu fimm krakkar inn sem hófu reiðmennsku sína á námskeiðum Katrínar og eru nú í fyrsta skipti með sinn eigin hest á húsi. Krakkarnir sinna allri hirðingu undir eftirliti umsjónaraðila og standa sig af miklum dugnaði. Glæsilegur hópur sem er að taka sín fyrstu skref í ábyrgð og umhirðu hrossa.

Ánað mót Æsku Suðurlands var haldið í reiðhöllinni á Brávöllum þar sem keppt var í tölti, mjólkurtölti og pollatölti. Sýningin Hestafjör fór einnig fram með góðum undirtektum. Þar er þátttakendum skipt í hóp sem setja saman atriði eftir eigin hugmyndum. Sýningin var vel sótt og að henni lokinni var grillað fyrir þátttakendur og gesti.

Hestaferðir félagsins voru á sínum stað á árinu: Þorraleið, Skírdagsreið, baðtúrinn, kvennareiðin, Sleipnishestaferðin og haustreiðtúrinn. Sumarferð Sleipnis var farin dagana 14.-16. júní um Vík í Mýrdal og nágrenni í blíðskaparveðri og nutu þátttakendur fjölbreyttra og fallegra reiðleiða. Sumarferðin er jafnan vel sótt og skapaði hún líkt og áður frábæra stemningu og samveru.

Mótahald Sleipnis var öflugt á árinu. Haldið var Vetrarmótariðin, Páskatölt, Firmakeppni og WR Íþróttamót Sleipnis. Góð þátttaka var á öllum mótunum. Keppendur nutu einstaklega góðs veðurs á WR Íþróttamótinu í maí, sól og allt að 20 gráðu hiti settu skemmtilegan svip á mótið. Gæðingakeppni Sleipnis sem átti að fara fram í byrjun júní var frestað vegna dræmrar þátttöku. Reynt var að halda mótið að nýju í ágúst en þátttaka reyndist enn ófullnægjandi og því varð að aflýsa mótinu. Hápunktur ársins í mótahaldi var án efa Íslandsmót ungmenna og fullorðinna sem haldið var á Brávöllum í lok júní. Mótið tókst með eindæmum vel. Mótsveiðir hefur aldrei litið jafn glæsilega út og keppt var í frábæru veðri. Sett var heimsmet í 250 m skeiði sem fékkst staðfest þar sem aðstæður og framkvæmd voru til fyrirmyndar. Framkvæmdastjórn mótsins og sjálfboðaliðar eiga miklar þakkir og hrós skilið fyrir framkvæmd og undirbúning sem skiluðu einstöku móti. Kynbótasýningin sem halda átti í ágúst féll niður vegna lítillar þátttöku. Á árinu gerði Sleipnir tveggja ára samning við Eidfaxi TV um sýningarrétt á stórmótum félagsins 2025 og 2026 ásamt Íslandsmóti ungmenna og fullorðinna 2025 og Íslandsmóti barna og unglínga sem haldið verður á Brávöllum í lok júlí 2026.

Uppskeruhátiðir Sleipnis fyrir eldri og yngri flokka fyrir árið 2025 voru haldnar í nóvember í Hlíðskjálfi. Á uppskeruhátið eldri flokka voru veittar almenn verðlaun ásamt sérstökum viðurkenningum fyrir framúrskarandi árangur á árinu. Þar var Krókus frá Dalbæ heiðraður, Védísí Huld Sigurðardóttir fyrir að verða tvöfaldur Íslandsmeistari og tvöfaldur



Stjórn Sleipnis á sjálfboðaliðskvöldi félagsins, ásamt fulltrúa úr stjórn ÍSÍ. F.v. Bryndís Guðmundsdóttir, Anna Björg Nielsdóttir, Elísabet Sveinsdóttir, Berglind Sveinsdóttir og Hafsteinn Pálsson stjórn ÍSÍ.

heimsmeistara í fjórgangi og tölti ungmenna og Bergur Jónsson og Olíu Amble fyrir ræktun á Drangi frá Ketilsstöðum sem varð heimsmeistari í 6 vetra flokki stóðhesta.

Þann 10. desember var síðan haldið stórglæsilegt sjálfboðaliðakvöld þar sem öllum þeim sjálfboðaliðum sem störfuðu fyrir félagið á árinu var boðið í mat og skemmtikvöld. Kvöldið var einstaklega ánægjulegt og gaf góða mynd af samhug og krafti innan félagsins. Á sama viðburði hlaut Sleipnir viðurkenningu fyrir endurnýjun sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Fyrir utan hestaferðir, mótahald og fjölbreytt námskeið voru haldnir ýmsir viðburðir á árinu. Haldnir voru hreinsunar- og tiltektardagar, vinnudagar við Hlíðskjálfi (garður og æfingargerði) og þríf og tiltekt í reiðhöllinni. Í Hlíðskjálfi fóru fram umfangsmiklar endurbætur bæði að innan sem utan sem lyftu allri aðstöðunni upp og bættu nýtingu þess. Félagið fór fyrir skrudgöngu 17. júní og kröfugöngu 1. maí. Teymt var undir börnum í reiðhöllinni bæði 17. júní og á bæjarhátíðinni Sumar á Selfossi en í ár tók Sleipnir í fyrsta sinn þátt í bæjarhátíðinni með þessum hætti.

Í nóvember missti Sleipnir góðan og traustan félagsmann, Sigurvalda Rafn Hafsteinsson, en hann lést 2. nóvember. Fyrir andlát hans náði félagið að veita honum æðstu viðurkenningu sem Sleipnir veitir – Heiðursfélagi Sleipnis. Sú viðurkenning er aðeins veitt þeim sem hafa sýnt félaginu einstaka hollustu, förmýsi og ómetanlegt framlag. Eftir fráfall Sigurvalda tók Anna Björg, meðstjórnandi, við sem gjaldkeri félagsins og Solveig Pálmadóttir steig inn í aðalstjórn.

Árið 2025 einkenndist af samstöðu, árangri og fjölbreyttum viðburðum innan Hestamannafélagsins Sleipnis. Framtíðin biður með spennandi tækifærum sérstaklega í ljósi þess að nýtt deiliskipulag fyrir hesthúsaferðir á Selfossi var samþykkt af Árborg. Það skapar mikilvægan grunn undir áframhaldandi uppbyggingu og mun Sleipnir halda áfram að efla starfsemi, bæta öryggi félagsmanna og styrkja aðstöðu til hestaíþróttarinnar á svæðinu.

## Íþróttafélagið Dímon

Aðalfundur félagsins var haldinn 16. mars 2025 í Hvolnum á Hvolsvelli. Stjórn félagsins er þannig skipuð; Formaður: Sigurður Kristján Jónsson, Gjaldkeri: Christiane Bahner. Ritari: Esther Sigurpáldóttir. Meðstjórnendur; Ólafur Elí Magnússon og Ragnar Jóhannsson. Varamenn; Árni Ólafsson og Jóhann Gunnar Böðvarsson. Fulltrúi unga fólksins: Viktor Máni Ólafsson.



Stefna félagsins er að bjóða upp á fjölbreytta hreyfingu og að halda gjöldum í lágmarki. Við bjóðum upp á badminton, blak, borðtennis, fimleika, frjálsar, glímu, körfubolta, rafíþróttir og sund fyrir iðkendur í grunnskóla.

## Íþróttafélagið Garpur

Aðalfundur Íþróttafélagsins Garps 2025 var haldinn að Laugalandi þann 8. apríl 2025. Var hann því miður fámennur en engu að síður góður. Stjórnarfolk og varamenn Íþróttafélagsins Garps gáfu öll kost á sér til næsta aðalfundar. Stjórn og varastjórn til næsta aðalfundar 2026 skipa því; Steindór Tómasson, formaður, Brynja Dögg Ólafsdóttir, gjaldkeri, Ólafur Brynjar Ásgeirsson, ritari, Árbjörg Sunna Markúsdóttir fyrsti varamaður og Anton Óskar Ólafsson annar varamaður.



Æfingar og æfingatíðni var með svipuðum hætti og undanfarin misseri. Borðtennis, handbolti, körfubolti og frjálsar íþróttir. Auk þess voru styttri námskeið í ýmsum dónsum haldin á vorönn og var þátttaka í þeim mjög góð. Þjálfarar eru þeir sömu og verið hafa utan þess að nýr körfuknattleiksþjálfari er kominn til starfa í 1.-6. bekk og aðstoðarþjálfari í körfu 7.-10. bekk. Það er mikilvægt að ná að halda í góða þjálfara og Garpar eru lánsamir með það að þar er stöðugleiki. Leikjanámskeið voru tvær fyrstu vikurnar í júní frá 8-12. Þau voru ætluð elsta árgangi leikskólans

og upp í 4. bekk grunnskólans og var þátttaka mjög góð og ánægja hjá öllum hlutaðeigandi. Síðastliðið haust hófust æfingar í byrjun september. Ekki náðist að hafa æfingar 1.-4. bekkjar á skólatíma nema tvo daga í viku en stefnt að því í samstarfi við grunnskólann á Laugalandi að það verði þannig fjóra daga vikunnar á komandi hausti. Það sýnir sig að það hefur verulega jákvæð áhrif á þátttöku yngstu barnanna, að hægt sé að stunda æfingar á skólatíma og komast heim með skólabílum.

Eins og að framan segir þá hefur Íþróttfélagið Garpur á sínum snærum hæfa og metnaðarfulla þjálfara og á yngsta stigi er nálgunin sem fyrr að sem flestir finni sér farveg til hreyfingar í skemmtilegum hópi. Samstarf milli Garps, Dímonar og Heklu í körfubolta fyrir 7.-10. bekk heldur áfram og sannast þar að oft þarf þolinmæði til að láta reyna á hlutina, en aðeins einn fulltrúi kom frá Garpi í fyrra. Nú komu inn í 7. bekk iðkendur úr yngri flokkum og fer Görpum því fjölgandi í þessu vel heppnaða samstarfi. Það er full ástæða til að þakka Sigurði Kristni Jenssyni formanni Dímonar fyrir traust utnumhald í körfunni og eldmóð í starfi.

Iðkendur Garps tóku þátt í ýmsum mótum á árinu. Alltaf voru þeir félaginu sínu til sóma og gerðu sitt besta hvort sem verðlaun unnust eða ekki. Garpur er fyrst og fremst félag sem hvetur börn og unglinga til hollrar hreyfingar og reynir að skapa farveg fyrir það með góðu framboði og fjölbreytni í greinum. Þó hafa komið frá Garpi afreksfólk í sínum greinum og má nefna að þessu sinni sérstaklega Helgu Fjólu Erlendsdóttur sem var verðlaunuð fyrir frjálsíþróttafrek sín og að auki útnefnd íþróttakona ársins 2025 í Rangárbíngi ytra. Einnig fengu viðurkenningu fyrir íþróttafrek Lea Mábíl Andradsdóttir, Guðný Lilja og Guðbjörg Stella Pálmadsætur og Guðmundur Ólafur Bæringsson, borðtennisíðkendur. Þá var borðtennisþjálfarinn okkar Rubén Illera López kosinn borðtennisþjálfari ársins 2025.

Uppbygging íþróttastarfs byggist á stöðugleika, virkum iðkendum og góðum þjálfurum. Þeim er öllum þakkað fyrir góð og fagleg störf og góðrar framkomu í keppnum undir merkjum Garps. Íþróttfélagið Garpur starfar í tveim sveitarfélögum, R-ytra og Ásahreppi og stýðja þau bæði myndarlega við starfsemi félagsins og það mikilvæga starf sem stjórn félagsins innir af hendi í sjálfböðavinnu. Að öllum ólöstuðum hefur þó enginn gert eins mikið fyrir rekstur Garps og Guðni Guðmundsson á Þverlæk, sem hvergi lætur deigan síga á nítingasta og þriðja aldrsári, heldur uppteknum hætti að styrkja Garp með myndarlegum framlögum frá dósasöfnun. Styrkur ársins nemur um það bil andvirði 80 þúsund dósa, sem er með hreinum ólíkindum. Stuðning Guðna fáum við aldrei fullþakkað, en hann er okkur sem yngri erum (sem eru hérumbil allir í sveitarfélögunum) einstök fyrirmynd um það hvað ein manneskja getur afrekað, sé vilji og eldmóður til staðar.

### Íþróttfélagið Gnýr

Aðalfundur var haldinn 16. mars 2025 og þar var María K. Jacobsen endurkjörin sem formaður. María lést 22. september og tók Kristján Þór Steinþórsson tímabundið við fram að næsta aðalfundi. Þá er Anna María Daniélsdóttir meðstjórnandi ekki að starfa á Sólheimum lengur og hætti í stjórn.

Stjórn skipa því í dag þau Kristján Þór Steinþórsson, formaður, Valgeir Fridolf Backman, ritari og gjaldkeri og meðstjórnendurnir Kamma Viðarsdóttir og Arna María Andrésdóttir.



Körfuboltið Garps að lokinni þátttöku á Bakarameistaramóti 2025.

Menningarveisla Sólheima var sett í 20. skiptið 7. júní, 5. júlí var merkisdagur en þá áttu Sólheimar 95 ára afmæli. Við byrjuðum árið á Þrettándagleiði 6. janúar og þorrlót Sólheima á bóndadegi. Bocciaæfingar voru fjórum sinnum í viku þriðjudaga og fimmtudaga kl. 11-12 og 15-16. Sundlaug Sólheima, blak og vatnsleikfimi og vakt á ákveðnum tímum. Dansað í tíu skipti í hádeginu með Eddu Björgvinsdóttur og stólayoga með Eddu í lok vinnudags nokkrum sinnum á völdum dögum. Edda er að gera hvað hún getur með okkur til að gleðja. Héraðsþing HSK 27. mars og Allir með 30. mars.

Íþróttfélagið Gnýr tók þátt í Hængsmótinu á Akureyri í fyrsta skipti síðan 2005. Leikritið gengur fyrir! Skátafundir voru fái en góðir og Skátamessa ávallt á konudaginn í Sólheimakirkju. Það eru sirka 10. messur í Sólheimakirkju árlega. Skátapung var 4. apríl og skátafélagið sendi nokkra hressa Sólheimaskáta. 17. ágúst var skáta- og fjölskyldudagurinn með hoppuköstulum, grilli og gleði. Vestfjarðarganga Kristjáns Atla Sævarssonar vakti mikla athygli og árangri, söfnun Kristjáns fyrir nýjum brennsluofni (ofninn kom 18. ágúst) fyrir leirgerðina gekk svo vel að digur sjóður verður notaður til að kaupa fleira fyrir vinnustofuna. Gönguhópar í söguleiðsagnir, leikskóla- og grunnskólabörn koma árlega í kynningu á Sólheimum. Hópar eldri borgara koma í sögukynningu og leiðsögn um Sólheima, Sögusýning í Sólheimahúsi skoðuð og endað á kaffihúsi. Leikfélag Sólheima tók þátt í uppfærslu á Fúsa sem sló í gegn með leikurum í leikfélagi Sólheima. Tvö minni leikrit

voru sett upp í samstarfi Skaftholts og leikfélags Sólheima. Sólheimahlaup Frískra Flóamanna var í september og Guðrún Jóna fékk Framfarabikarinn og Kristján Atli fékk sérstakan bikar fyrir sitt framlag. Kristján Ellert Arason vann svartapétursmótið, í öðru sæti Hanný og Gulla í þriðja. Frístunda- og íþróttahlaðborð Uppsveita á Laugarvatni þar sem við kynntum Íþróttfélagið Gný, Skátafélag Sólheima og Leikfélag Sólheima, heppnaðist vel og við lang flottust. 14. nóvember var fundur á Stracta hótél með héraðssamböndum og íþróttafélögum á Suðurlandi þar sem rætt var meðal annars um auknið samstarf. 26. nóv., Kerhólsskóli kemur, starfsmenn nemendur og kennarar, kveikt var á jólatré, dansað og heitt súkkulaði. Aðventugarðurinn og jólahlaðborð fyrir starfsmenn fyrsta sunnudag í aðventu. 7. des. Litlu jólin Lionsmenn í Ægi og íbúar. Kærleikstónleikar voru 7. des með Erni Árnasyni Halldóru Katrínu og Jónasi Þóri. Jólabocciamót Sólheima, í fjórða sæti voru Grímsnes- og Grafningshreppur 60+, þriðja sæti Bjarkar, Erla Björk og Ólafur Hauksson Íþróttfélagið Gnýr, annað sæti Gulla, Leifur og Berglind Íþróttfélagið Gnýr, fyrsta sæti Elfa, Kæja og Kristín. Jólamarkaður Sólheima sló í gegn aftur og eru vinnustofur þegar byrjaðar að undirbúa fyrir næsta markað, enda eru sölumet slegin ár hvert. Falleg jóla- og svo gamlársmessma kláraði árið 2025 sem var gott en 2026 verður betra.

Félagsmenninir Sigurður Gíslason, Ebba Engilbertsdóttir og María K. Jacobsen létust á árinu. Blessuð sé minning þeirra.



Frá Jólabocciamóti Gnýs á Sólheimum.



Hamar og deildir félagsins hlutu viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ í nóvember 2025.

### Íþróttafélagið Hamar

Ný stjórn framkvæmdastjórnar Hamars var kosin þann 13. mars 2025. Stjórn Hamars skipa Þorsteinn T. Ragnarsson, formaður, Jónas Guðnason, gjaldkeri, Dagrún Ösp Óssurardóttir, ritari og meðstjórnendur eru Ágúst Logi Valgeirsson og Eva Harðardóttir.



Margt jákvætt hefur gerst á árinu 2025 hjá Hamri þó svo að Hamar líði enn fyrir að hafa misst stóra hlutann af íþróttaaðstöðu sinni fyrir næstum fjórum árum og mikil orka hefur farið að finna öllum deildum farveg í að sinna sínu hlutverki. Er óhætt að sýna Þorlákshöfn og Selfoss þakklæti er varðar nýtingu á þeirra aðstöðu. Byggingarnefnd vegna nýs íþróttahúss er enn að störfum og vonir liggja í að nýtt íþróttahús líti dagsins ljós á árinu 2027. Biðin er orðin löng og ljóst að mikilvægi þess að áætlanir standist eru orðnir mjög miklar. Iðkendum fjölgar ár frá ári. Vonir stóðu til að nýr knattspyrnuvöllur yrði tekinn í gagn 2025 en sú varð því miður ekki raunin. Vonir eru bundnar við vorið 2026.

Sá stóri áfangi að verða fyrirmyndarfélag ÍSÍ varð að veruleika á árinu 2025 og er Hamar verulega stolt af þeim áfanga. Krafan um skilvirka og góða stjórnun hefur aldrei verið meiri og því mikilvægt að hafa náð þessum titli. En skattakóngurinn ríkir yfir íþróttahéminum á Íslandi og mikilvægt að Hamar sé í stakk búið til að takast á við breyttar reglur í rekstri. Unnið er því markvisst við að gera Hamar sem heild sterkt bæði út á við og inn á við. Hamar tókst einnig á árinu 2025 að verða almannaeiðlafélag.

Almenningsíþróttir Hamars hafa aldrei verið öflugri og núna hafa lyftingar kvenna og líkamsrækt karla vaxið verulega og jákvætt að hópur iðkenda Hamars fer stöðugt vaxandi í þessum íþróttum. Hamarsport unglingar er hópur sem við erum stolt af en þar fá tækifæri unglingar sem kannski síður finna sér farveg í hópíþróttum. Fjölgreinaverkefni Hamars hefur núna starfað í þrjú ár og fer stöðugt vaxandi enda fer iðkenda hópurinn stækkandi á milli ára. Þetta er verkefni fyrir börn í fyrsta og öðrum bekk þar sem þau fá tækifæri til að kynnst öllum íþróttum sem í boði eru í Hveragerði. Ánægjulegt að deildir sem hafa verið frekar litlar eins og sund og blak hafa stækkað verulega með auknum áhuga iðkenda í gegnum þetta verkefni. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu háði erfiða baráttu í sumar við að halda sér í 4. deild og með samstilltu átaki þjálfara, leikmanna, starfsmanna, stuðningsaðila og áhorfenda þá tókst það. Markús Andri hélt áfram

sinni velgengi í landsliðum í knattspyrnu U15 og U16 en hann er einnig fyrirliði U15 landsliðsins. Hamar Þór konur í körfubolta héldu sér áfram í Bónus deild og körfuboltalið karla er í 1. deild. Stór hópur drengja fór í körfuboltabúðir til Spánar og á næsta ári stefna stelpurnar á að fara í sömu búðir. Meistaraflokkur karla í blaki er áfram eitt af efstu liðum þeirrar deildar. Ánægjulegt að segja frá því að þeir Hafsteinn og Kristján Valdimarssynir spiluðu báðir sinn hundraðasta leik með landsliði Íslands. Badmintonið gengur vel. Hrund Guðmundsdóttir og Þórhallur Einisson urðu Íslandsmeistarar í tvenndarleik 2. deild og Hulda María Hilmisdóttir í einliðaleik U15 b – Meyjar. Fimleikadeild fór í æfingarferðlag til Ítalíu sem heppnaðist ákaflega vel.

### Íþróttafélagið Milán

Eftir nokkur róleg ár hjá félaginu tók starfið aftur við sér á haustdögum 2024. Sá þróttur hélt áfram árið 2025 og var starf félagsins á árinu einkar kraftmikið. Æfingar og keppni í 2. deild karla í Íslandsmótinu héldu áfram frá ársbyrjun og til loka maí. Liðið endaði í 10. sæti deildarinnar af 12 liðum og var mikill stigandi í liðinu á tímabilinu. Á lokahófi félagsins voru síðan veitt einstaklingsverðlaun og viðurkenningar. Ari Sverrir Magnússon var valinn



leikmaður ársins, Hörður Másson var markahæsti maður tímabilsins. Sóknarmaður ársins var Gunnar Flosi Grétarsson og varnarmaður ársins var útnefndur Bogi Pétur Thorarensen. Jón Valgeir Guðmundsson var efnilegasti leikmaður ársins, Sveinn Kristinn Símonarson var útnefnd belja ársins og Einar Sindri Ólafsson var kosinn bestur í fótbolta í upphitun.

Eftir gott sumarfrí hófust æfingar að nýju og bættust ungir og efnilegir drengir í hópinn. Um 60-70 manns eru á einn eða annan hátt virkir iðkendur, þjálfarar, sjálfbóðaliðar og félagsmenn en um 20-30 manns hafa reglulega verið að mæta á æfingar liðsins. Liðið heldur áfram uppteknum hætti í 2. deild karla og hefur sýnt góða takta það sem af er tímabilsins.

Breytingar urðu á stjórn á aðalfundi félagsins sem haldinn var þann 27. ágúst. Guðmunda Ólafsdóttir lét af störfum sem ritari félagsins og er henni þökkúð góð störf. Ari Sverrir Magnússon tók við sem formaður félagsins af Einarí Sindra Ólafssyni sem færði sig yfir í ritarastólinn. Eyþór Jónsson hélt áfram sem gjaldkeri og þeir Örn Þrastarson og Hjörtur Leó Guðjónsson voru kosnir meðstjórnendur. Stjórn ákvað á haustdögum að láta hanna nýja búninga fyrir liðið auk þess sem merki félagsins var endurbætt. Gildi félagsins standa þó óhögguð; densilegir, stálslegnir, fórnúsir. Milán er venslalið handknattleiksdeildar Umf. Selfoss og hefur átt með þeim gott samstarf á árinu sem og fyrri ár.

Á haustdögum dró til tíðinda þegar fyrsta æfing hjá kvennaliði Milán fór fram. Stúlkurnar hafa verið að æfa reglulega í vetur og eru þjálfarar þær Sólvéig Erla Oddsdóttir og Sigríður Lilja Sigurðardóttir. Vel hefur verið mætt á æfingar og hafa tæplega 40 iðkendur mætt á æfingar. Þetta er virkilega jákvætt og verður spennandi að fylgjast með kvannahreyfingu Milán vaxa og dafna á komandi árum. Að lokum þakkar stjórn sjálfbóðaliðum, samstarfsaðilum og öllum félögum fyrir samstarfið á árinu.

### Íþróttafélagið Mímis

Á seinasta aðalfundi voru stjórnarskipti þar sem Allan Hólm Rúnarsson og Baltasar Smári Stefánsson tóku við störfum af Reyni Inga Helgasyni og Vésteini Loftssyni sem íþróttformenn nemandafélagsins Mímis. Aðalfundur Mímis var haldinn 12. febrúar sl. Íþróttformenn bera ábyrgð á því að halda upp á ML-tíma sem er íþróttatími eftir skóla fyrir nemendur. Þeir eiga vera haldnir þrisvar í viku. Reynt er að halda þessum tímum mjög fjölbreyttum svo að allir finni



Á haustdögum dró til tíðinda hjá Milunni þegar í fyrsta sinn í sögu félagsins var boðið upp á æfingar í kvennaflokki.

eitthvað við sitt hæfi. Einnig á að halda bekkjarmót mánaðarlega. Þar er keppt í einhverri íþrótt sem ákveðið er á milli bekkja. Einnig er stefnt á að halda upp á ML tröllið og skessuna eins og hvert annað ár í haust sem er kraftakeppni í ýmsum greinum t.d. að lyfta Atlas steini. Mikil tilhlökkun er fyrir því að sinna þessu embætti og vonandi að lífga upp á íþróttalífð á Laugarvatni.

### Íþróttafélagið Suðri

Aðalfundur félagsins var haldinn í Tíbrá þann 24. febrúar 2025. Allir stjórnarmenn gáfu kost á sér. Ófeigur Ágúst Leifsson gaf kost á sér til áframhaldandi formannssetu, Þórdís Bjarnadóttir



sem gjaldkeri, Bryndís Jónsdóttir sem ritari og meðstjórnendur eru Guðbjörg Gína Pétursdóttir og Guðrún Lilja. Fulltrúi iðkenda er Kristín Sigurðardóttir. Á aðalfundinum var samþykkt að ganga formlega inn í Umf. Selfoss sem deild íþróttatfatlaðra en við köllum okkur Selfoss-Suðri. Með þessu vonumst við til með að verða sýnilegri auk þess að fá aðgang að Aðlar kerfinu og bókaru, þetta auðveldar iðkendum að skrá sig í aðrar deildir innan UMF Selfoss og eykur samstarf á milli deilda. Þannig að Íþróttafélagið Suðri verður ekki lengur aðildarfélag HSK um áramótin 2025-2026 heldur sem deild innan UMF Selfoss. Vill formaður þakka HSK samstarfið á síðustu 39 árum og vonast til að eiga áframhaldandi gott samstarf.

Æfingar voru í boccia, golfi, lyftingum, taekwondo, fótbolta, frjálsum og Hreyfifjóri. Iðkendur í boccia voru 21, æfingar fóru fram í Vallaskóla á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 17:00-18:00 og er Ófeigur Ágúst Leifsson yfirþjálfari. Farið var á Íslandsmótið í sveitakeppni í Reykjanesbæ og náðum við frábærum árangri. Kristján Gíslason, Sveinn Gíslason og Valdís Hrönn urðu Íslandsmeistarar í 1. deild. Ína Owen, Telma Þöll og Sigríður Karen náðu fyrsta sæti í 2 deild. Einnig var farið á Hængsmótið á Akureyri sem líka var Íslandsmeistararnót í einstaklingskeppni. Stóðu keppendur sig vel og komust margir í útslit. Þetta ár 2026 er 40 ára afmælisár Suðra og verðum við með Íslandsmót í einstaklingskeppni hér á Selfossi dagana 30. okt. - 1. nóv. Þetta verður mjög stórt mót og munum við að spila í Vallaskóla og lðu, lokahófið verður á Hótel Selfoss. Í golfi voru 6 iðkendur og æft var á miðvikudögum, Alexandra Eir Grétarsdóttir er yfirþjálfari. HSK mótið var haldið á Strandarvelli 3. sept. Golfið er í samstarfi við Golfklúbb Selfoss. Lyftingaárið hjá Selfoss-Suðra árið 2025 var heldur betur skemmtilegt og árangursríkt. Fjórir iðkendur tóku þátt í tveimur mótum á árinu. Þau unnu öll til verðlauna og stóðu sig frábælega. Á árinu 2025 voru 8 iðkendur á vorönn en 6 á haustönn. Lyftingadeild Suðra vill vera sá staður þar sem einstaklingar geta stundað sína iðkun af metnaði og krafti en geta líka haft gaman og verið í góðum félagssskap. Maríu Sigurjónsdóttur var boðið að taka þátt í Heimsmeistararnóti Special Olympics. Hún stóð hún sig frábælega, komst á pall í hnéibeygju ásamt systur sínum Huldu og Siggu. Þetta sýnir að fatlaðir og hreyfihamaðir geta gert allt með réttum búnaði og þjálfun. Davíð Ingimar Þórmundsson er yfirþjálfari. Í taekwondo hafa Skúli, Eðvald og Arnar verið duglegir að sækja æfingar. Þeir mæta einnig á mánuðögum og miðvikudögum og æfa með öðrum hópi og því hefur mikil framför orðið hjá þeim. Arnar tók beltapróf í desember og stóðst það með þryði. Vonast er til að fleiri iðkendur komi. Þjálfarar taka þátt í Hreyfifjóri til að kynna íþróttina betur en Sigurjón Bergur Eiríksson er yfirþjálfari. Selfoss - Suðri knattspyrna æfðu tvisvar í viku í Lindex höllinni, föstudaga og sunnudaga. Iðkendur voru 8 talsins. Hópurinn fór á



Yngstu iðkendur körfuknattleiksdeilda Íþróttafélags Uppsveita fengu lið Heklu og Dímonar í heimsókn.

knattspyrnumótið Open Malmö 2025 sem haldið var í byrjun febrúar í Svíþjóð. Þau stóðu sig með þryði og enduðu í 4. sæti á mótinu. Einnig var farið í vorferð og gengið upp í Reykjadal þar sem fór fram létt hópefli ásamt því að hópurinn snæddi saman. Stefna hópsins er að búa til jákvætt umhverfi fyrir einstaklinga til að stunda hópiþrótt og huga að heilsu einstaklinga 16 ára og eldri. Reglulega yfir tímabilið voru skipulagðir félagslegir hittingar þar sem hópurinn gerði eitthvað skemmtilegt saman. Þórdís Rakef Smáradóttir Hansen er yfirþjálfari. María, Hróðmar og Sigurjón Áegir æfðu kastgreinar hjá frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss. Í mars í fyrra var tekinn í notkun sérsmiðaður kaststóll fyrir hreyfihamaða. Stóllinn var hannaður og smíðaður af þeim eðalmanni Kristjáni Sæmundssyni. Þar geta Sigurjón Áegir og Hróðmar kastað kúlu, kringlu, spjóti og keilu. Þetta er eini kaststóllinn á landinu. Voru það Mjólkursamsalan og Vélsmiðja Suðurlands sem gáfu efnið en einnig komu að þessu verkefni fyrirtækin Blikkmenn og Baldvin og Þorvaldur. Við færum þeim miklar þakkir fyrir þetta risa framlag og þess má geta að nú er komin beiðni um annan stól til að hafa í Laugardalshöll. Í byrjun Hreyfifjors voru 4-5 krakkar. Í desember voru þeir orðnir 9-10. Núna í febrúar ('26) eru 18 skráðir iðkendur á aldrinum 4-14 ára. Stelpurnar eru 4 og strákararnir eru 14. Í upphafi tímans er byrjað í nokkrar mínútur saman í hring þar sem eru gerðar örfáar liðkunar og/eða jóga æfingar. Ávallt er þrautabrot, körfubolti og badminton og stundum bandý/hokký. Einnig er alltaf hægt að gera rólegri hluti eins og að leika sér með fíkdót, spila fiskaspil og minnisspil. Stundum eru snertisteinar/fletir og flokkun eftir litum, boccia og fleira skemmtilegt. Eftir 10-15 mín af tímanum er opnað inn í fimleikasalinn þar sem eru dýnur, stökkgölf og trampólín. Tekið er tillit til þess ef krakkar hafa lítið úthald, eiga erfitt með að fara eftir fyrirmælum eða fylgja plani. Námskeiðið er aðlagð að þáttakendum hverju sinni. Það sem af er vetri höfum við fengið heimsókn frá þjálfurum í taekwondo og fimleikum. Á dagskrá er að fá þjálfara í handbolta, borðtennis og frjálsum íþróttum og hugsanlega fleiri. Mikil gleði og ánægja er með tímana og að fyrir suma er þetta hápunktur vikunnar. Ása Björg Þorvaldsdóttir sér um hreyfifjóri.

### Íþróttafélag Uppsveita

Aðalfundur 2025 var haldinn í Aratungu þann 3. apríl og er stjórn skipuð eftirfarandi: Formaður Sólmundur Magnús Sigurðarson, gjaldkeri Gústaf Sæland, meðstjórnendur eru Auður Ólafsdóttir, Ragnar Dagur Hjaltason, Gísli Þór Brynjarsson, Ragnheiður Georgsdóttir og Jón Forni Snæbjörnsson.



Boltinn hjá knattspyrnudeildinni rúllaði eftir hefðbundnum hætti þetta árið og um 80 iðkendur æfðu á fjórum stöðum og kepptu saman. Tindur Örvar Örvarsson og Veigar Freyr Kristjánsson sáu um yngri flokka þjálfun. Meistaraflokkurinn tók þátt í öllum helstu keppnum KSÍ og var heimavöllurinn í þetta sinn á Laugarvatni. Ágætlega tókst til að búa til sterka umgjörð og stemningin á leikjum oft góð. Gústaf Sæland þjálfaði liðið þetta tímabilið, það náðust fjórir sigrar og eitt jafntefli í 14 leikjum á Íslandsmóti. Körfuknattleiksdeildin þróaðist á árinu og er starfið þar sífellt að eflast sem og stemningin fyrir íþróttinni á svæðinu. Árið 2025 hófst þannig að körfuknattleiksdeild (kkd) ÍBU var hálfnuð með sitt fyrsta tímabil. Haustið 2024 færðist körfuknattleikur í Hrunamannahreppi yfir í ÍBU. Kkd var með meistaraflokk karla í 2. deild í Íslandsmótinu og æfingar fyrir börn og unglinga á Flúðum og í Reykholti. Í apríl 2025 tók við ný stjórn kkd sem samanstóð af Sigurjóni Snæ Jónssyni, formanni, Ragnheiði Georgsdóttur, gjaldkera, og Elmu Jóhannsdóttur, ritara. Tímabilinu lauk með þeim þjálfurum og æfingum sem höfðu verið á dagskrá. Ný stjórn fór svo að skipuleggja næsta vetur ásamt því að stilla upp körfuboltabúðum. Í 15. skiptið voru körfuboltabúðir haldnar á Flúðum sem hjónin Heiðrún Kristmundsdóttir og Áegir Þór Steinarsson standa að baki og árið 2025 var það fyrst gert í nafni ÍBU. Um 190 börn og unglingar sóttu búðirnar sem eru þær stærstu á landinu og með mikinn fjölda af þjálfurum úr efstu hillu. Það sem gerði búðirnar 2025 einstaklega sérstakar var það að evrópubíkarinn og lukkudýr væntanlegs Evrópumóts í körfuknattleik karla mættu á svæðið ásamt stjórnendum KKÍ. Þá voru einnig á svæðinu nokkrir leikmenn landsliðsins sem voru á þeim tíma á leið á EM fyrir hönd Íslands.

Í lok sumars og í haust var veturinn svo skipulagður. Ný stjórn ætlaði að einbeita sér að barna- og unglíngastarfi á svæðinu. Ráðnir voru

inn þjálfarar og haustið 2025 var ÍBU með æfingar á þremur stöðum. Í Reykholti, Árnesi og á Flúðum. Sumir þjálfaranna eru að taka sín fyrstu skref í þjálfun en markmið nýrrar stjórnar var að reyna að virkja alla sem hafa áhuga á körfubolta og veita þeim tækifæri til þess að öðlast reynslu. Meistaraflokkurinn færðist yfir á hendur Umf. Laugdæla sem keppir í 2. deild Íslandsmóts karla sem Laugdælir – ÍBU.

Hópurinn er þá með nokkra leikmenn sem léku með UMFH í 1. deild nokkur tímabil áður sem og þetta eina tímabil sem leikið hefur verið undir nafni ÍBU. Þessi meistaraflokkur er svo með æfingar á Flúðum og á Laugarvatni en heimavöllur þeirra er á Laugarvatni. Eins og áður var skrifað átti áherslan að fara í barna- og unglíngastarfið. Brugðið var á það ráð að leita að liði í nágrenninu sem vildi koma í heimsókn að spila við okkar yngstu iðkendur. Hekla-Dímon kom einn laugardagsmorgun til okkar að spila og var markmiðið að leyfa iðkendum að spila við annað lið við þægilegar aðstæður án þess að vera með tímappressu líkt og á fjöllidamóti eða með stúttfullu íþróttahúsi af fólki. Því næst fórum við í heimsókn á Selfoss til þess að prófa að fara í annað íþróttahús. Sama var uppi á teningnum í þeirri heimsókn. Afslöppuð nálgun í körfubolta. Eftir þetta var farið á fyrsta fjöllidamótið í Reykjavík hjá Val og voru allir hæstánægðir með það og þá búnir að fá smá smjörpöf af slíku til þess að átta sig aðeins á aðstæðum fyrst. Í viðbót við þetta fékk kkd sálfræðingana í Hugrænum styrk til þess að koma til okkar og halda námskeiði. Námskeiðið hét kvíði og frammistaða í íþróttum. Fyrst voru þrjú kvöld fyrir foreldra og svo var eitt kvöld fyrir iðkendur. Mæting fór fram úr björtustu vonum og almenn ánægja var með þetta námskeið og þessa nálgun á barnastarfið. Vissulega var íþróttaiðkun viðfangsefnið en þetta á við um flest allt í lífinu og erum við að nýta körfuknattleik til þess að styrkja sem flesta þætti hjá börnum og unglíngum á svæðinu.

### Knattspyrnufélag Árborgar

Aðalfundur 2025 var haldinn 26. febrúar. Formaður stjórnar er Árni Páll Hafþórsson. Aðrir stjórnarmenn eru Óttar Guðlaugsson, Bjarni Haukur Guðnason, Sindri Rúnarsson og Steinar Sigurjónsson.



Félagið tók þátt í nokkrum mótum á vegum KSÍ þetta árið. Má þar nefna Lengjubikarinn, Fótbolta.net bikarinn og Íslandsmótið í 4. deild. Félagið átti virkilega góða spretti í bikarnum og gerði vel þar, ásamt mörgum öðrum sigrum. Íslandsmótið, 4. deild karla. Frábær árangur þar sem við settum okkur það markmið að halda okkur í toppbaráttunni. Nokkur sterk lið voru í deildinni og endaði liðið í 3. sæti, hársbreidd frá því að koma sér upp um deild þetta árið.

Eitt af markmiðum félagsins er að tryggja að til staðar sé í Sveitarfélaginu Árborg ásættanlegur kostur, hvað aðbúnað og fagmennsku varðar fyrir unga leikmenn til að eflast sem knattspyrnumenn til spila í heimabyggð. Með gleði, keppnisskap og fagmennsku í fyrirrúmi teljum við að allt sé hægt. Félagið tekur markvisst þátt í samfélaginu og sækir styrki og styrkir þá sem minna mega sín. Á síðasta ári má nefna að Knattspyrnufélagið Árborg styrkti knattspyrnuliði Suðra ásamt Macron um æfinga- og keppnisfatnað ásamt því að styrkja félagið vegna keppnisferðar til Svíþjóðar. Félagið sér um að halda Sumar á Selfossi, stærstu bæjarhátíð Suðurlands ár hvert. Með hverju árinu verður hún stærri og stærri. Gríðarlega gott sjálfbodaðistarf er unnið í kringum félagið er varðar bæði sumarið og hátíðina sjálfa.



Knattspyrnufélag Árborgar og Macron tóku sig saman og útveguðu knattspyrnuliði Suðra keppnisfatnað fyrir ferð Suðra á Malmö Open í Svíþjóð. Árborgarar styrktu Suðra einnig um 180 þúsund krónur vegna ferðarinnar og kom sú upphæð úr sektarsjóði leikmanna Árborgar.

### Knattspyrnufélag Rangæinga

Aðalfundur KFR var haldinn 13. mars 2025. Að auki venjulegra aðalfundarstarfa var stjórn frá síðasta aðalfundi endurkjörin. Formaður er Tinna Erlingsdóttir, gjaldkeri Klara Viðarsdóttir, ritari Sandra Sif Úlfarsdóttir, meðstjórnendur eru Jónas Örn Hreiðarsson og Elísabeth Lind Ingólfssdóttir. Varamenn eru Gunnar Aron Ólason og Ellert Geir Ingvason. Ellert Geir er einnig formaður meistaraflokksráðs karla og kvenna, Guðmundur Jónasson er gjaldkeri meistaraflokka en í ráðinu að auki þeim eru nokkrir virkir félagsmenn.



KFR er nú á 29. starfsári en félagið var stofnað veturinn 1997 og því stórafmæli á næsta ári. Félagið sinnir æfingum í þremur sveitarfélögum, Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Iðkendafjöldi hefur farið ört vaxandi undanfarin ár og eru um 280 leikmenn sem mæta á æfingar á vegum KFR á Hvolsvelli, Hellu, Laugalandi og Selfossi alla virka daga vikunnar og jafnvel um helgar. Yngri flokka iðkendur eru á aldursbilinu 3-18 ára. Meistaraflokkar karla og kvenna eru á aldrinum 17-35 ára, meðalaldurinn 22 ár. Meistaraflokkur karla spilaði í 5. deildinni á árinu en stóðu uppi sem sigurvegarar 5. deildar og fara því

upp í 4. deild á næsta ári. Guðjón Þorvarðarson er þjálfari meistaraflokks karla. Meistaraflokkur kvenna hefur verið í hraðri uppbyggingu og tóku þær þátt í Íslandsmóti KSÍ í innanhússknattspyrnu á árinu þar sem þær lentu í 2. sæti. Helgi Valur Smárason hefur séð um þjálfun meistaraflokks kvenna. Mannauður KFR er gríðarlegur en það starfa 12 þjálfarar í hlutastörfum og 8 aðstoðarþjálfarar.

Æfingar og keppnisleikir/mót eru allan ársins hring og ekki tekin pása frá æfingum nema yfir hásumartímam hjá 10 ára og yngri. Félagið vinnur gríðarlega mikilvægt forvarnarstarf og leggur mikinn metnað í að bjóða iðkendum sínum upp á sem besta þjálfun, æfingar og tækifæri til þess að keppa á landsvísi og á vegum annarra knattspyrnufélaga og KSÍ. Allir yngri flokkar KFR taka þátt í Faxaflóamóti yfir vetrartímam og Íslandsmóti KSÍ yfir sumartímam. Þeir fara líka allir á lengri mót yfir sumartímam, eins og Orkumót, TM mót ÍBV, N1 mót KA, öll Selfossmótin, Síamamótið og Reycup. Reynt er að fara með 3. flokk annað hvert ár erlendis á keppnismót. 3. flokkur kvenna fór á Costa Blanca cup og í sumar fer 3. flokkur karla á Costa Blanca Cup sumarið 2026.

Stærsta og mest krefjandi áskorun félagsins hefur verið hingað til aðstöðuleysi. Íþróttahúsin eru þéttsetin og lítil sveigjanleiki á æfingatímum.



Meistaraflokkslið KFR eftir sigur í 5. deild 2025.



Lið Ægis eftir lokaleik Íslandsmótsins í 2. deild karla 2025 þar sem sigur vannst og deildarmeistaratitill í höfn.

Utanhúsknattspyrnuaðstaða hefur loksins verið bætt og er nú risinn gervigrasvöllur í fullri stærð í Rangárvallasýslu. Á vellinum, sem staðsettur er á Hellu, er bráðabirgðalýsing en hann er ekki upphitaður, sem hefur aðeins dregið úr notkunarmöguleikum hans. Til stendur einnig að leggja hálf gervigras á Hvolsvelli til æfinga.

Helstu nýjungar í starfinu eru tækniæfingar í boði fyrir iðkendur. Þetta eru aukæfingar einu sinni í viku þar sem iðkendum gefst kostur á að læra og bæta grunnboltatækni. Æfingarnar henta því vel þeim sem byrja seinna að æfa knattspyrnu og vilja bæta kunnáttu sína og einnig þeim sem vilja verða enn betri með bolta einstaklingslega.

## Knattspyrnufélagið Ægir

Aðalfundur félagsins var haldinn 7. apríl. Núverandi aðalstjórn félagsins skipa eftirtaldir: Guðbjartur Örn Einarsson formaður, Kolbrún Rákel



Helgadóttir ritari, Helga Gylfadóttir meðstjórnandi, Lárus Guðmundsson meðstjórnandi og Jón Reynir Sveinsson meðstjórnandi. Yfirþjálfari félagsins: Torfi H. Björnsson

Árið byrjaði mjög vel og var góður hópur af börnum að æfa, sérstaklega í yngstu flokkunum 6., 7. og 8. flokk, en þar eru u.þ.b. 65 börn af ca. 85 iðkendum í heildina. Fjöldinn hefur verið frekar jafn undanfarin ár en aðeins fjölgað með stærð sveitarfélagsins. Yngri-flokka mót gengu ágætlega í sumar. Við höfum farið á Norðurlámsmótið á Akranesi undanfarin fjögur ár og fjöldi iðkenda farið úr 6 strákum upp í 19 krakka í sumar og náðum einnig í flott stelpulið. Sameiginlegt lið 4. flokks Hamar/Ægis spilaði til úrslita í sínum flokki á Rey-cup en töpuðu fyrir geysi sterku liði ÍBV 5-1 og var það eini ósigur þeirra á mótinu. Stelpurnar okkar kepptu sem Ægir og fóru á Síamamótið í 6. flokki og tefldu þar fram liði sem innihélt einnig stelpur úr 7. flokki. Þær spiluðu úrslitaleikvið nággranna sína frá Selfossi og unnu góðan 3-1 sigur og fengu bikar í verðlaun. Íslandsmótið í 4. og 5. flokk var í samstarfi við Hamar í bæði stúlkna og drengjaflokki. Mótið gekk frekar illa hjá okkar liðum en skipulag KSÍ varðandi styrkleikaflokka hjá liðum er okkur litlu liðunum ekki í hag og árangurinn eftir því. Því miður erum við ekki með neina krakka í 2.-3. flokk og þeir krakkar sem gengu upp úr 4. flokk hættu í fótbolta. Það hjálpar heldur ekki til að samstarfsfélag okkar í Hamri er líka með mjög fáa krakka á 3. flokks aldri. En líklegt er að Hamar/Ægir leiti til samstarfs við Selfoss til að þessir krakkar fái verkefni við hæfi. Vonandi tekst okkur að halda þeim

í fótboltanum sem lengst og getum farið að búa til framtíðarleikmenn fyrir meistaraflokkinn okkar. Okkar stærsta hindrun er skortur á vetraraðstöðu til að æfa nútíma knattspyrnu, erum með ónýtan gervigrasvöll sem erfitt er að æfa á nema fyrir krakka af yngri kynslóðinni. Við höfum dregist mikið aftur úr hvað varðar aðstöðu í samanburði við önnur lið hér á Suðurlandi. Við sjáum t.d. upphitað gervigras bæði í Hveragerði og Hellu sem allir iðkendur geta nýtt sér. Vonum svo sannarlega að þetta komist í einhvern góðan farveg og við fáum annaðhvort yfirbyggða höll eða upphitaðan gervigrasvöll sem allir flokkar geta æft á.

Eftir erfitt tímabil hjá meistaraflokki karla í 2. deild 2024 var allt annar bragur á liðinu 2025. Kjarninn af leikmönnum var áfram og skipti máli að þeir voru búnir að spila saman síðustu 2-3 ár. Að auki komu nýir leikmenn inn sem styrktu liðið mikið. Að auki voru sömu þjálfarar og undanfarin ár, Nenad, Arnar Logi og Choki. Það kom fljótlega í ljós á vormánuðum 2025 að liðið var líklegt til árangurs og var í efsta sæti og með góða forystu megnið af mótinu. Hins vegar lenti liðið í talsverðum áföllum þegar lykilmenn meiddust og leikbönn fóru að hafa áhrif í seinni hluta mótsins og við töpuðum þremur leikjum í röð. En við náðum sem betur fer að vinna síðustu þrjá leikina sem tryggði deildarmeistaratitilinn og það var í rauninni ekki fyrr en í síðasta leiknum sem það kom í ljós. En það voru þrjú lið að berjast við að komast upp, Ægir, Gróttta og Þróttur V. En í mjög spennandi lokaleik við Víði í Garði náðum við markmiði okkar að vinna leikinn og þar með tryggja okkur efsta sætið sem þýðir að félagið leikur á ný í Lengjudeild 2026.

Stjórn félagsins vill þakka öllum ráðum, leikmönnum, þjálfurum og stuðningsfólki fyrir tímabilið og árið 2025. Ekki síður öllum þeim sjálfbóðaliðum sem komu að starfinu í sumar. Áfram Ægir.

## Körfuknattleiksfélag Selfoss

Aðalfundur var haldinn 23. apríl 2025, í stjórn voru kjörin Guðbjörg Bergsveinsdóttir formaður, Linda Rós Jóhannsdóttir, Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, Hilmar Jónsson, Hákon Þorvaldsson, Magnús Stephensen og Silvía Karen Heimisdóttir.

Yngri flokkastarfið vex og dafnar og hefur iðkendum fjölgað mikið síðustu ár. Þjálfarateymið var klárt um mitt sumar og þar eru flottir þjálfarar sem þekkja vel til starfsins og hafa farið reglulega á námskeið til að ná sér í meiri menntun. Í lok árs birtist



val þjálfara yngri landsliða Íslands og þar áttum við sex fulltrúa, þau Einar Jökull, Patrek Må, Benjamín, Andreu Lif og Steindór Orra sem voru öll valin í æfingahóp fyrir U-15 auk þess sem Sigríður Svanhvít var valin fyrir U-16, frábær árangur hjá þeim! Árni Þór Hilmarsson var ráðinn sem yfirþjálfari yngri flokka og Eyþór Orri Árnason var ráðinn sem umsjónarmaður yngri flokka. Eyþór Orri er einnig þjálfari körfubolta Akademiunnar sem kennd er við Fjölbrotaskóla Suðurlands ásamt því að vera aðstoðarmaður meistaraflokks karla og þjálfari yngri flokka.

Meistaraflokkur karla lék í 1. deild og náðu inn í úrslitakeppnina í lokaleik, sem var mjög ánægjulegt, en liðið endaði í 8. sæti. Áfram höldum við að spila ungu leikmönnum okkar sem við höfum verið að bíða eftir að komast upp úr yngri flokkum félagsins og fá þeir að spreya sig á móti öðrum liðum sem eru með fullvaxta karlmenn og marga erlenda leikmenn. Í haust vorum við einnig með lið í 2. deild karla og þeim gengur mjög vel.

Meistaraflokkur kvenna lék í 1. deild og komust í úrslitakeppnina en þær enduðu í 4. sæti. Mjög flottur árangur hjá liðinu og gaman að fylgjast með hörkuni og keppnisskapinu hjá stelpunum. Þær munu ná langt.

Við höldum áfram með okkar árlegu fjáraflanir eins og páskahappdrættið, grænmetismarkaðinn, fjölskyldubingóíð, sem haldið var í lok nóvember, og partý bingóíð sem var haldið 27. desember. Þann sama dag höldum við jólamót í körfubolta sem heppnaðist mjög vel og verður haldið aftur að ári.

Körfuknattleiksmaður og kona ársins 2025 voru valin Pétur Hartmann Jóhannsson og Valdis Una Guðmannsdóttir.

## Skotíþróttafélagið Skyttur

Aðalfundur félagsins var haldinn 20. mars 2025. Tveir nýir aðilar komu inn í stjórn félagsins, Jón Ægir Sigmarsson sem aðalmaður og Rákel Rún Karlsdóttir sem varamaður.



Núverandi stjórn félagsins skipa: Magnús Ragnarsson formaður, Haraldur Gunnar Helgason varaformaður, Jóhann Þórir Jóhannsson gjaldkeri, Jón Ægir Sigmarsson ritari, Valur Gauti Ragnarsson meðstjórnandi og varamennirnir Viðar Rúnar Guðnason og Rákel Rún Karlsdóttir.

Starfsemi félagsins á árinu var að mestu leyti hefðbundin. Haldnar voru æfingar í barna- og unglingastarfi, með laser-rifflum og loftbyssum, bæði á vorönn og haustönn. Einnig voru æfingar í loftgreinum hjá fullorðnum á báðum önnum, auk þess sem opin æfingavöld voru haldin yfir sumartímann á leirúfuvelli félagsins.

Hvað varðar keppnisárangur stendur helst upp úr að Rúnar Helgi Sigmarsson landaði silfurverðlaunum á Íslandsmeistaramóti í loftskammyssu í maí með 545 stigum, en með þeim árangri skaut hann sig upp í 1. flokk í loftskammyssu. Magnús Ragnarsson náði 3. sæti á landsmóti sem haldið var 13. desember í loftskammyssu með 534 stigum.

Híð árlega Áramót í loftskammyssu var haldið 29. desember og mættu þrjár keppendur til leiks. Keppnin var engu að síður æsispennandi og lauk henni með sigri Einars Magnúsar Einarssonar í úrslitakeppni. Þorsteinn Ragnar Guðnason hafnaði í öðru sæti og Bjarki Rúnarsson í því þriðja.

Á árinu hófst einnig námskeiðahald í loftskammyssu fyrir fullorðna. Um er að ræða sex vikna námskeið og voru tvö slík haldin síðasta haust. Námskeiðin gengu mjög vel og eru ætluð þeim sem vilja læra að skjóta loftskammyssu frá grunni. Engrar



Atli Jamal keppandi Torfærklúbbsins varð í öðru sæti á Íslandsmótinu.

fyrri reynslu eða byssuleyfis er krafist til þátttöku. Stefnt er að því að halda fleiri slík námskeið á árinu 2026.

Mesta orka félagsins fór þó í byggingu nýs ríffillhúss á skotsvæði félagsins að Geitasandi. Húsið reis á árinu og tókst að loka því áður en árið var liðið. Verkefnið hefur verið í undirbúningi í nokkur ár og er nú farið að bera sýnilegan árangur. Vonir standa til þess að hægt verði að opna húsið formlega á árinu, þó enn sé eftir nokkur frágangsvinna.

Ríffillhúsið verður með tíu skotbrautum og þar verður hægt að skjóta liggjandi, sitjandi eða standandi. Húsið er ætlað til æfinga og keppni í fjölbreyttum skotgreinum, svo sem 50 m liggjandi riffli, þristöðu, 300 m riffli og 50 m benchrest, svo dæmi séu tekin.

Að auki hefur félagið átt í viðræðum við sveitarfélagið Rangárþing eystra um stækkun loftsalar í tíu brautir. Viðhorf til verkefnisins eru jákvæð og vonir standa til þess að félagið geti á næstunni boðið upp á keppnishæfa íþróttaaðstöðu í loftgreinum.

Á næsta ári er stefnan sett á að vinna áfram að helstu verkefnum sem hér hafa verið nefnd, þ.e. stækkun loftsalar, áframhaldandi uppbyggingu ríffillhússins og eflingu barna- og unglingastarfs félagsins. Einnig er stefnt að auknu mótahaldi, meðal annars með því að halda tvö landsmót á árinu. Stjórn félagsins er því mjög spennet fyrir komandi starfsári.

## Skotiþróttafélag Suðurlands

Stjórnfélagsins skipa: Gunnar Egilsson formaður, Margrét Ósk Jónasdóttir gjaldkeri, Guðmundur G Þórisson meðstjórnandi, Steinþór Hjartarson varaformaður og Hákon Þór Svavarsson ritari. Varamenn eru Jón Þór Eyjólfsson og Gunnar Jökull Guðmundsson.

Aðalfundur félagsins var haldinn 8. apríl og mættu 28 á fundinn, félagsmenn eru um 640 manns.

Á árinu var haldið eitt Landsmót, eitt Íslandsmeistaramót í skeet og fimm opin mót í ýmsum greinum bæði í haglabyssu og riffli.

Önnur starfsemi og þjónusta í félaginu fólst m.a. í því að hafa tekið á mótí áhöfnum skemmtiferða- og vísindaskipa, sem eru á leið á norðurlóðir í rannsóknir og skoðunarferðir, en þessir hópar hafa fengið að nota svæðið til æfinga.

Einnig var tekið á mótí fyrirtækjahópum og

öðrum gestum í óvissuferðum. Alls fóru 138 manns í hreindyrarpróf á árinu. Árangurinn fer batnandi og færri þurfa nú að þreyta prófið aftur.

Helst er að fréttu af keppendum að Hákon Þór Svavarsson og Jakob Þór Leifsson náðu góðum árangri á heimsbikarmóti í Lonato á Ítalíu og voru báðir með 120 stig af 120 mögulegum. Kepptu þeir einnig á Evrópumeistaramóti í Chateroux í Frakklandi og Heimsmeistaramóti í Apenu á árinu.

## Torfærklúbburinn

Aðalfundur félagsins var haldinn 17. febrúar 2025. Stjórn félagsins skipa: Sigurður Ingi Sigurðsson formaður, Páll Jónsson varaformaður, Heiða Björg Jónasdóttir gjaldkeri, María Antonía Jónasdóttir ritari og Bára Gunnlaugsdóttir meðstjórnandi.

Árið 2025 var stórt afmælisár torfærunnar þar sem keppnisgreinin varð 60 ára. Um páskana hélt klúbburinn upp á afmælið með stórrí torfærubílasýningu í reiðhöllinni í Viðidal. Sýningin var vel sótt alla dagana. Þar mátti sjá söguleg keppnistæki frá fyrstu árum torfærunnar ásamt nýjustu ökutækjum dagsins í dag. Augljóst var hversu gríðarleg þróun hefur átt sér stað á þeim 60 árum sem liðin eru síðan keppni hófst í greininni. Einnig var hægt að skoða sögu torfærunnar í myndum og blaðagreinum.



Torfærklúbburinn hélt þrjár keppni í sumar. Tvö Íslandsmót og tvö bikarmót þar sem fyrsta keppnin var hvort tveggja. Tvær keppni fóru fram í Stangarhyl og ein á Blönduósi.

Klúbburinn hélt áfram með verkefnið að sýna beint frá keppnum og voru þær sýndar í gegnum Livey. Stefnt verður að gera enn betur í sjónvarpsmálum á næsta keppnistímabili.

Á tímabilinu var prófuð sú nýjung að hafa varadómara á keppnum sem fólst í að skoða dóma út frá myndbandsupptökum. Það verkefni gekk vel og búist er við að þetta verði sett í reglur þannig að hægt verði að notast við myndbönd til að dæma á torfærukeppnum.

Klúbburinn er orðin sá stærsti meðal keppenda þar sem 31 af 47 keppendum sem tóku þátt í Íslandsmótinu í ár eru að keppa fyrir hönd klúbbsins og er þar með fjórða stærsta aðildarfélag í akstursíþróttum á landinu.

Í október hélt klúbburinn veglegt lokahóf þar sem farið var í styrktarsöfnun fyrir Ólaf Braga og konuna hans þar sem mikil veikindi hafa dunið á þeim. Þetta kvöld söfnuðust 3.5 milljónir fyrir þau og klúbburinn er stoltur að hafa getað veitt aðstoð á þessum erfiðum tímum. Við treystum því að við munum sjá hann aftur sem allra fyrst, í brekkunum.

Árið var gott fjárhagslega og þann 11. maí 2026 á klúbburinn 25 ára afmæli. Af því tilefni er stefnt að því að halda upp á aldarfjórðungs afmæli með glæsibrag.

## Umf. Biskupstungna

Við erum ákaflega stolt af deildunum okkar og því samstarfi sem á sér stað. Hjá okkur starfa í dag þrjár deildir. Litli Bergþór-ritdeild, sem er frábær vettvangur fyrir upprennandi greina- og pistlahöfunda til þess að koma hugverkum sínum á framfæri eða þróa að stíga sín fyrstu skref sem blaðamenn. Leiklistardeildin er sömuleiðis frábær vettvangur fyrir fólk á öllum aldri til þess að fá tækifæri til að blómstra í leiklist. Efla bæði framsögn og framkomu en einnig til að styrkja sjálfstraust og sjálfsmynd sína. Það er því öllum velkomið að koma og taka þátt í uppsetningu leikrita leikfélagsins og máta sig við þann öflugna hóp sem þar er að finna. Svo má ekki gleyma íþróttadeildinni en þar á sér stað magnað starf fyrir unga sem aldna. Íþróttir hafa gríðarlegt forvarnargildi og mikilvægt að hægt sé að finna sér vettvang til vaxtar. Okkur hefur tekist að bjóða upp á handbolta, frjálsar og það sem við köllum flipp-tíma. Flipp tímar eru tímar sem ætlaðir eru krökkum í 1. til 7. bekk sem hafa kannski ekki



Frjálsíþróttæfing hjá Umf. Biskupstungna í fullum gangi undir leiðsögn Öddu Sóleyjar Sæland.

fundu sig í íþróttum en vilja gjarnan taka þátt í skemmtilegum leikjum. Flipp tímar hafa reynt okkur vel og sjáum við að börn af erlendum uppruna sækja mun meir í þessa tíma en í aðrar íþróttir. ÍBU hefur séð um fótbolta og körfubolta á svæðinu.

Auk þess sem upp hefur verið talið höfum við funduð fyrir samfélagslegu ákalli um vettvang sem hvetur til samheldni og félagslegra tengsla. Til að bregðast við því höfum við meðal annars verið með félagsvíst og boðið uppá fjölskyldutíma til þess að búa til tækifæri til félagsmótunar. Svo stefnum við að því að bjóða sveitungum upp á skyndihjálparnámskeið þar sem við teljum það vera skyldu okkar samfélagslega að styðja, efla og virkja fólk í samfélaginu okkar.

### Umf. Dagsbrún

Stjórnina skipa Arnþór Einar Guðnason formaður, Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir ritari, Pía Rumpf gjaldkeri og varamaður er Albert Rútsson.



25. janúar var haldið Þorrablot og var mæting með ágætum. Skemmtiatriði á heimsmaelivarða að vanda, þar sem sveitungarnir brugðu sér í hvers annars líki öðrum til skemmtunar. Það var mikið hlegið og dansað.

Aðalfundur var haldinn þann 19. mars þar sem nýr formaður var kosinn. Fráfarandi formanni Alberti Rútssyni er þakkað kærlega fyrir óeigingjörn störf fyrir félagið til margra ára.

Í desember var haldið jólaball og voru jólasveinarnir heldur betur vel stemmdir! Það er gaman að sjá hvað jólaballið er að njóta sífellt meiri vinsælda hérna í sveitinni.

### Umf. Eyfellingur

Starfsemi Umf. Eyfellingar var með minsta mótí á síðasta ári, eingöngu að sinna gömlu Seljavallarlaug. Stjórnina skipa: Ármann Fannar Magnússon formaður, Karl Víðir Jónsson ritari og Magðalena Jónsdóttir gjaldkeri.



### Umf. Framtíðin

Stjórn Ungmennafélagsins Framtíðarinnar 2025 eru Karen Eva Sigurðardóttir formaður, Helgi Ármannsson gjaldkeri og Aldís Harpa Pálmarsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Marius Vaiciunas og Véronique Julien.



Aðalfundur félagsins var haldinn 14. apríl 2025 í íþróttahúsinu í Þykkvabæ.

Starf félagsins hófst með hefðbundnu sniði. Boltó var vikulega í umsjón Helga Ármannssonar. Þá býðst börnum og fjölskyldum upp á að koma í íþróttahúsið í frjalsan leik og kíkja á bókasafnið.

Ungmennafélagið stóð fyrir því að fá Brúðubíllinn í Þykkvabæ 16. júní sem var vel sótt af börnum og fjölskyldum í sveitarfélaginu. 17. júní hátíðarhöld heppnuðust vel og voru haldin með svipuðu sniði og síðustu ár. Ungmennafélagið sá um að grillaðar voru pylsur í mannskapinn, hoppukastali var á staðnum, hátíðarlest, pönnufótboltavöllur og fleiri leiktæki. Kvenfélagið Sigurvon bauð upp á kaffiveitingar eins og síðustu ár.

Kartöfluhátíð var haldin í Þykkvabæ 14. ágúst í tengslum við Töðugjöld, bæjarhátíðina á Hellu. Kvenfélagið Sigurvon sá um að allir gestir fengu dýrindis kartöflusúpu og brauð. Ungmennafélagið sá um grænmetismarkað, tækjasýningu og fleira



Frá 17. júní hátíðarhöldum Umf. Framtíðarinnar.

skemmtilegt. Aðsókn var góð á Kartöfluhátíðina og heppnaðist hún vel.

Í byrjun aðventu voru ljós tendruð á jólatré fyrir utan íþróttahúsið þar sem dansað var í kring og sungin jólalög. Jólasveinar komu í heimsókn í fylgd Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu. Unga fólk fékk að skreyta jólatré inn í íþróttahúsi og vakti það mikla lukku. Skreyttar voru piparkökur og drukkíð heitt súkkulaði.

### Umf. Gnúpverja

Stjórn Ungmennafélags Gnúpverja 2025-2026 skipa: Magnea Guðmundsdóttir formaður, Þórður Ingvason gjaldkeri og Jón Marteinn Finnbogason ritari.



Íþróttafélag Uppsveita sér um þjálfung og skipulag á knattspyrnu- og körfuboltaæfingum fyrir börn í sveitarfélaginu. Æfingar í knattspyrnu hafa farið fram í Árnesi, ýmist úti eða inni eftir veðri og vindum. Körfuboltaæfingar hófust á þessu ári og hefur mikil hamingja fylgt þeim, þá sérstaklega hjá yngri árgöngum.

Þorðennisæfingar hófust á þessu starfsári undir stjórn þjálfarans Rubin, frá Selfossi. Aðsókn á æfingar hefur aukist jafnt og þétt og vonandi stýttist í það að

félagið verði með aukinn fjölda á mótum, fyrir þá sem það kjósa.

Mikil eftirvænting er eftir nýja og jafnframt fyrsta íþróttahúsi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í fullri stærð. Byggingaframskiptir ganga vonum fram, þar spilar inn í kappsamir iðnaðarmenn og að „elsku veðrið“ hefur verið að mestu til friðs. Stjórn Umf. Gnúpverja og íbúar sveitarfélagsins vænta þess að framkvæmdin lyfti íþrótt-, æskulýðs- og félagsstarfi á hærra plan og styrki samfélagsandann enn frekar. Markmiðið er að skapa aðstöðu sem nýtist öllum aldurshópum til sjálfsræktar og afþreyingar og verði athvarf þar sem hægt er að þroskast og blómstra í fjölbreyttu starfi.

### Umf. Hekla

Árið 2025 var viðburðaríkt og skemmtilegt í starfi Ungmennafélagsins Heklu. Í upphafi árs skipuðu stjórn félagsins Ástþór Jón Ragnheiðarson formaður, Gunnlaugur F. Margrétarson varaformaður, Dóra Steinsdóttir ritari, Drífa Nikulásdóttir gjaldkeri og Kristinn Ingi Austmar Guðnason meðstjórnandi. Varamenn voru Ösp Viðarsdóttir og Gunnar Aron Ólason.



Hita var hleypt á nýja íþróttahúsið í Árnesi í nóvember og innvinna fór þá á fullt.



Yngstu keppendur Umf. Heklu ásamt þjálfurum á Héraðsleikum í frjálsum.

Árið hófst af krafti þegar skrifað var undir samstarfssamning við New Wave Iceland um æfinga- og keppnisklæðnað frá Craft til fjögurra ára. Jafnframt voru gerðir auglýsingasamningar við sex fyrirtæki: American School Bus Café, Rafhellu ehf., Villt og alið ehf., Betri stofuna fasteignasölu, Loftbolta og Fjóra nagla ehf.

Félagið bauð upp á fjölbreyttar æfingar fyrir börn á grunnskólaaldri á vorönn 2025, meðal annars í frjálsíþróttum, körfubolta, fimleikum og línuskautum. Einnig starfaði kvennablaðið Heklu/Dímon með góðum árangri.

Í janúar var haldið bóndamót félagsins í pílukasti og fjórir keppendur tóku þátt í héraðsmótum HSK í frjálsíþróttum. Í febrúar kepptu þrír keppendur á Meistaramóti Íslands 11–14 ára og þrír á Meistaramóti Íslands 15–22 ára, þar sem Sveinn Skúli Jónsson vann brons í 3000 m hlaupi. Körfuboltaíðkendur 11–12 ára fóru einnig á æfingamót á Hvolsvelli.

Í mars varð kvennalið Dímon/Heklu HSK-meistarar í blaki. Þá tóku 22 keppendur þátt í unglinga- og aldursflokkamótum HSK í frjálsíþróttum með góðum árangri. Fulltrúar félagsins sátu einnig héraðsþing HSK og lið frá Heklu tók þátt í ÁS-mótinu í körfubolta.

Aðalfundur félagsins fór fram 9. apríl í Grunnskólanum á Helli með rúmlega 40 fundargestum. Þorbjörg Helga Björgvinsdóttir var valin bjartasta vonin og Gísli Guðnason efnilegasti íþróttamaður ársins. Velta félagsins var um 16,1 milljón króna og rekstrarafkoma jákvæð um 1,8 milljón króna. Ný stjórn var kjörin með Ástþóri Jóni sem formann.

Í maí hélt Hekla vormót í frjálsíþróttum á Helli með um 50 keppendum frá þremur félögum. Í júní hófst sumarstarf í frjálsíþróttum og leikjanámskeið fyrir börn í 1.–4. bekk með um 40 þátttakendum. Félagið fékk einnig styrk upp á eina milljón króna úr Hvatásjóði fyrir verkefnið „Frá brottfalli til bætinga“, sem miðar að því að draga úr brottfalli ungmenna úr íþróttastarfi.

Í júlí keppti Stephanie Ósk Ingvarsdóttir á Gautaborgarleikum í Svíþjóð og náði 9. sæti í hástökki. Á héraðsmóti HSK unnu keppendur Heklu til fimm verðlauna, þar á meðal sigraði Veigar Þór Viðisson í langstökki karla. Sumarmót Heklu í frjálsíþróttum var einnig vel sótt með um 60 keppendum.

Í ágúst kepptu tveir keppendur á Meistaramóti Íslands í frjálsíþróttum eftir að hafa náð lágmarkum. Félagið sá einnig um ruslatínslu á Töðugjöldum sem hluta af fjáröflun.

Á haustönn voru áfram í boði æfingar í fimleikum, frjálsíþróttum, línuskautum og körfubolta. Nýjung var að bjóða upp á frjálsíþróttæfingar fyrir framhaldsskólaaldur sem hluta af verkefninu „Frá brottfalli til bætinga“. Félagið óskaði einnig eftir því að sótt yrði um að halda Landsmót UMFÍ 50+ á Helli árið 2027.

Í september var Stóri FRÍdagurinn haldinn á Helli í samstarfi við FRÍ og Grunnskólann. Í október hóf sameiginlegt lið Dímon/Garps/Heklu þátttöku á Íslandsmóti í körfubolta og keppendur Heklu tóku þátt í ýmsum frjálsíþróttamótum, meðal annars Icewear Gaflaranum.

Í nóvember og desember hélt starfsemin áfram af krafti með mótum og fjáröflunum. Á Aðventumóti Ármanns náði Stephanie Ósk Ingvarsdóttir sigri í hástökki kvenna með stökk upp á 1,58 m og fleiri keppendur náðu góðum árangri.

Á árinu voru iðkendur félagsins 165 talsins í mismunandi greinum, þar á meðal fimleikum, frjálsíþróttum, körfubolta, línuskautum og borðtennis.

Skýrsla stjórnar getur aldrei orðið tæmandi listi yfir þau fjölmörgu verkefni sem félagið sinnir, en vonum við að hún gefi góða mynd af öflugum starfi ársins.

### Umf. Hrunamanna

Aðalfundur félagsins var haldinn 6. maí kl. 20:00 í Huppusal. Jóhanna Briet Helgadóttir er formaður félagsins, Hildur Hjálmsdóttir gjaldkeri, Fríður Sæmundsdóttir ritari og Sigurður Sigurjónsson og Helgi Valdimar Sigurðsson meðstjórnendur.

UMFH bauð upp á fimleikaæfingar fyrir börn á grunnskólaaldri. Fimleikadeildin var stofnuð í lok árs 2023 og hefur farið stigvaxandi síðan, undir styrkri stjórn Önnu Grétu Ólafsdóttur, en iðkendur æfa 1–3 sinnum í viku. Æfingar eru í boði fyrir alla á aldrinum 5–16 ára.

Með stofnun íþróttafélagsins ÍBU hafa körfubolta- og knattspyrnuæfingar fyrir börn færst þangað yfir. Blakdeildin er starfandi fyrir unglinga og fullorðna en þar eru tæplega 15 iðkendur sem æfa tvisvar sinnum í viku.

Bridgedeildin hittist einu sinni í viku og eru virkir þátttakendur um 30 talsins.



Við erum lánsöm að eiga öfluga sjálfboðaliða innan UMFH sem keppast að því að gera starfið öflugt fyrir börnin okkar. Án þeirra væri ekkert starf.

### Umf. Hvöt

Íþróttæfingar fyrir börn voru vel sóttar í upphafi árs og um 20 börn að æfa hjá félaginu. Auk æfinga fyrir krakka voru blakæfingar fullorðinna vel sóttar.

Þorrablótið var haldið annan föstudag í Þorra og var það vel sótt.

Aðalfundur félagsins var haldinn 16. apríl í félagsheimilinu Borg. Engar breytingar voru gerðar á stjórninni en hana skipa Guðrún Ása Kristleifsdóttir formaður, Guðný Helgadóttir gjaldkeri og Sigríður Þorbjörnsdóttir ritari. Guðni Reynir Þorbjörnsson er áfram varamaður í stjórn og Guðmundur Finnbogason skoðunarmaður reikninga.

Um vorið tók kvennalið Hvatar þátt í öldungamóti í blaki í Kópavogi.

Um sumarið var boðið upp á frísibíggj fyrir börn á svæðinu og var námskeiðið haldið á þeim þremur völlum sem eru til staðar í sveitarfélaginu. Þau börn sem sóttu námskeiðið voru mjög ánægð og eftirspurn eftir því að fá eins námskeið næsta sumar og helst fullorðins námskeið líka.

Yfir sumartímamann var Hvöt ekki með neinar æfingar. Boðið var upp á 2. vikna sundnámskeið á Borg og var það vel sótt.

Haustið 2025 hófst æfingar aftur og nú boðið upp á frjálsar, blak og körfubolta. Um 20 börn og unglingar hófu æfingar þetta haustið. Blak kvenna verður sífellt vinsælla og liðið þátttakandi í héraðsmótum.

Ungmennafélagið á í mjög góðu samstarfi við frístundastarf skólans þar sem starfsmenn skólans fylgja börnunum í íþróttastarfið og aðstoða ef á þarf að halda og erum við mjög þakklát fyrir það.

Að lokum fengum við svo jólasvein til að heimsækja börn á aðfangadag.

### Umf. Ingólfur

Hér verður stiklað á verkum og hugleiðingum félagsmanna á liðnu ári 2025. Ágústa Hjaltadóttir mætti á 103 héraðsþing HSK í Aratungu 27. mars.

Aðalfundur var haldinn 29. maí að Lækjarbraut 9 þar spunnust umræður um 300 m2 lóð sem Guðni Vigfússon úr Nefsholti gaf félaginu 19. janúar 1919, undir sundlaug.

Engilbert Olgeirsson kom með tillögu að nýjum lögum fyrir félagið því eldri lög hafi glatast. Þau voru samþykkt og í framhaldi verða þau send til HSK og ÍSÍ.

Olgeir Engilbertsson tók drónamyndir af skógræktarreit félagsins vegna fyrirhugaðrar skiltagerðar sem Ómar Smári Kristinsson mun hanna. Þórhalla Guðrún Gísladóttir kom með tillögu að félagsefningu þar sem fólk mætti saman í skógarreitinn og jafnvel á sínum bestu reiðfákum upp á gamla máttann.

Stjórn félagsins var klöppuð upp og er eftirfarandi: Þröstur Guðnason formaður, Kristinn Guðnason gjaldkeri og Þórhalla Guðrún Gísladóttir ritari. Varastjórn skipa Ágústa Hjaltadóttir, Daniel Magnússon og Ragnheiður Jónasdóttir. Stjórn þakkar HSK fyrir samstarfið sem öðrum.



## Umf. Laugdæla

Núverandi stjórn UMFL skipa eftirfarandi: Smári Stefánsson formaður, Guðni Báruson gjaldkeri og Jórunn Elva Guðmundsdóttir ritari



Aðalfundur fór fram í íþróttahúsinu að Laugarvatni 9. apríl þar sem Jórunn Elva Guðmundsdóttir var endurkjörin ritari en Eva Hálfðanardóttir steig út og Guðni Báruson var kjörinn gjaldkeri. Góð mæting var á fundinn.

UMFL er með öfluga körfuboltadeild þar sem við erum með sex flokka skráða til leiks í Íslandsmót, auk hópa sem taka þátt í minniboltamótum.

Logi Smárason var valinn í úrtak U18 ára landslið í körfubolta en var ekki með í lokahópnum sem fór til keppni erlendis. Freydis María Guðmarsdóttir var valin í úrvalsbúðir U14 ára í körfubolta.

Í desember var Logi valinn í úrtak fyrir U18 ára landsliðið að nýju og Freydis í úrtak fyrir U15 ára landsliðið.

Blakdeildin hefur vaxið mikið og gerður hefur verið áframhaldandi samningur við ML þar sem boðið er upp á blak til eininga sem UMFL sér um. Aðsókn hélst mjög góð áfram þar sem fullt var í alla hópa.

Eitt karlalið og tvö kvennalið voru send til leiks í Íslandsmót. Einnig höfum við sent lið í U16, U14 og U12.

Laugdælir áttu marga þátttakendur á HSK mótum í blaki. Þar voru 2 kvk. lið, 1 kk.lið, 1 kk.lið frá ML og 1 kvk. lið frá ML. Gaman er að segja frá því að þjálfarinn sem starfar hjá okkur Tihomir Paunovski, er með þjálfun á öllum kvennaliðum sem tóku þátt á HSK-mótinu, fyrir utan lið Hamars.

UMFL tók að sér að hýsa fyrstu túrningu Íslandsmóts í 7. deild kvenna í blaki. Tókst vel til.

Valdis Smáradóttir og Sævar Kári Bogason hafa verið með íþróttaskóla á hverjum laugardegi þar sem börn á leikskólaaldri og foreldrar þeirra mæta og fara í þrautabrautir og leiki. Mæting í þessa tíma er góð og mjög vinsæl afþreying um helgar.

Spaðadeildin okkar hefur gengið mjög vel og krakkar frá okkur tekið þátt í mótum í borðtennis. Þar hefur Védís Daniélsdóttir sópað að sér verðlaunum. Helma Fanney Línadóttir, Úlfur Guðnason og Sæmundur Dýri Línason tóku einnig þátt í HSK móti í borðtennis að Laugalandi og komust öll á pall.

Frjálsíþróttadeildin hefur hvatt krakka til þátttöku á mótum og hafa keppendur staðið sig vel á þeim vettvangi og mörg hver verið að lenda á palli.

Glimudeildin var endurvakin og á vorönn var boðið upp á glímuæfingar fyrir bæði fullorðna og börn.

Einnig eru þrek- og þolæfingar í boði fyrir unglinga og fullorðna. Þessar æfingar eru mikið aðdráttarafl og hafu um 25 fullorðnir mætt tvisvar í viku frá því í byrjun hausts.

Þorralót UMFL Laugdæla er einn af stærstu viðburðum félagsins og tókst það vel til. Til gamans má geta að umgjörðin er öll gerð í sjálfböðastarfi. Við uppsetningu á sal og frágangi koma hátt í 60 manns á öllum aldri. Þetta skapar samstöðu í samfélaginu og gerir það að verkum að þetta verður okkar stærsta fjárflokkur. Áfram sjálfböðaliðar!

## Umf. Merkihvoll

Stjórn félagsins skipa Sigurður Guðmundsson formaður, Anna Björg Stefánsdóttir ritari og Hólmfríður Þórsdóttir gjaldkeri. Aðalfundur var haldinn á Brúarlundi þann 5. mars 2025.



Mikill fjöldi sjálfböðaliða kemur að undirbúningi þorralóts Laugdæla og þar er lyklatríðið að hafa gaman.



Frá jólaballi Merkihvols á Brúarlundi.

Á árinu var haldin 17. júní skemmtun og jólaball 28. Desember. Brúarlundur var tekinn í föstur af félaginu og eru framkvæmdir á húsinu nú í okkar höndum.

## Umf. Selfoss

Starf Umf. Selfoss á árinu 2025, var með nokkuð hefðbundnu sniði. Innan félagsins eru starfandi tólf deildir um hinar ýmsu íþróttgreinar. Á árinu voru stofnaðar þrjár nýjar deildir, píluideild, borðtennisdeild og deild utan um starf fatlaðs fólks en á sama tíma var íþróttafélagið Suðri lagt niður og starf þess fært undir þessa nýju deild, Umf. Selfoss/Suðri. Þessari sameiningu verður að fullu lokið frá og með byrjun árs 2026. Fyrir eru starfandi, knattspyrnudeild, handknattleiksdeild, frjálsíþróttadeild, fíleikadeild, taekwondodeild, júdódeild, sunddeild, mótokrossdeild og rafíþróttadeild. Það er ljóst að úrval íþróttagreina innan félagsins er mikið og því ættu allir að finna sér eitthvað við sitt hæfi. Deildir félagsins standa fyrir öflugu íþróttastarfi, hvort heldur er skipulag íþróttæfinga, keppnisferða o.fl., einnig mótahaldi á heimavelli. Mótahald er oft á tíðum samtvinnað því að afla fjármuna til starfsins og rekstur deildanna.



Rekstur íþróttafélaga verður sífellt þyngri og erfiðari, þrátt fyrir að allra leiða sé leitað til að afla fjár. Í grunninn er það greiðsla æfingagjalda sem heldur uppi starfinu og ef ekki koma til aðrir fjármunir, eru það æfingagjöldin sem verða að hækka, því miður. Þess vegna er nauðsynlegt að hið opinbera, ríki og sveitarfélög komi sterkari inn, með fjárveitingum til hreyfingarinnar til að styrkja rekstrargrundvöll þeirra. Umf. Selfoss hefur blessunarlega verið heppið með það að hafa skilning Svf. Árborgar á þessu og í árslok var gengið frá nýjum fimm ára þjónustusamningi á milli félagsins og sveitarfélagsins. Gefur það mikil tækifæri á ákveðnum fyrirsjáanleika með stuðning næstu árin. En betur má ef duga skal og þarf að bæta enn frekar í, ef ekki á illa að fara.

Staða sjálfböðaliðans verður sífellt erfiðari og er svo komið að í sumum tilvikum verður að „greiða“ foreldrum og forráðamönnum fyrir að taka þátt í því, m.a. að starfa á mótum og öðrum viðburðum. Það er ekki góð þróun og endar bara á einn veg, HÆRRI æfingagjöld og meiri líkur á að fleiri börn og unglingar hafi ekki efni á að taka þátt.

Aðalfundur félagsins var haldinn í apríl og þar á undan höfðu allar deildir félagsins haldið sína aðalfundi. Á fundinum var framkvæmdastjórn félagsins endurkjörin, en hana skipa: Helgi S. Haraldsson formaður félagsins, Brynhildur



Íþróttakarlar og kona Umf. Selfoss 2025, Eva María Baldursdóttir frjálssíþróttakona og Eric Máni Guðmundsson mótokrossmaður.



Góð mæting var í morgunhreysti Skeiðamanna í Brautarholti.

Jónsdóttir gjaldkeri, Sverrir Einarsson ritari, og Hermann Ólafsson og Hafsteinn Guðmundsson meðstjórnendur. Framkvæmdastjórn félagsins myndar síðan aðalstjórn, ásamt formönnum allra deilda félagsins.

Breyting varð á starfsmannahaldi félagsins á árinu, en Gissur Jónsson, sem hefur starfað á skrifstofu félagsins, lét af störfum í árslok. Auglýst hefur verið eftir framkvæmdastjóra fyrir félagið og vonast er til að hann verði ráðinn í byrjun nýs árs. Á skrifstofu félagsins starfa einnig, Hafdis Jóna Guðmundsdóttir sem færir bókhald félagsins og deilda þess. Félagið er einnig með samning við Svf. Árborg um rekstur íþróttavallarsvæðisins við Engjaveg á Selfoss og Sveinbjörn Másson er vallarstjóri félagsins. Fyrir utan þessa starfsmenn félagsins eru deildir félagsins margar með sína eigin starfsmenn, fyrir utan þjálfara og leiðbeinendur, í fullu starfi eða hlutastarfi.

Fjöldi iðkenda hjá félaginu eru í kringum 2500, flestir á aldrinum 5-18 ára. Því má glöggjt sjá að umfang rekstrar þess er mikið. Heildarvelta félagsins á árinu 2025 var um 600 milljónir og launagreiðslur þess voru um 350 milljónir. Því má glöggjt sjá að félagið er stór vinnustaður á fyrirtækja mælikvarða og margir sem koma að launuðum störfum hjá því.

Rekstur íþróttafélaga á Íslandi dag er á erfðum stað. Meira fjármagn vantar í reksturinn, erfiðara er að sækja stuðning til fyrirtækja og stuðningur ríkis og

sveitarfélaga þarf að vera miklu meiri. Erfiðara er að fá sjálfboðaliða til starfa, hvort heldur er til stjórnarstarfa eða fjáraflanna. Það er ekki nóg að mæra störf íþróttafélaga á tyllidögum af kjörnum fulltrúum og öðrum, aðgerða er þörf, eigi síðar en strax.

### Umf. Skeiðamanna

Aðalfundur var haldinn þann 3. apríl 2025. Á fundinum voru gerð ritaraskipti. Elin Moqvist tók við af Guðfinnu Ósk. Við þökkum henni kærlega fyrir vel unnin störf síðustu ár.

Stjórni skipa Viktoría Rós Guðmundsdóttir formaður, Ásgeir Guðmundsson gjaldkeri og Elin Moqvist, ritari.

Það voru mörg verkefni hjá okkur árið 2025. Ný líkamsræktarstöð var opnuð í Brautarholti á árinu sem við vildum kynna fyrir unglíngunum okkar. Í janúar buðum við því ungmönnum í 7.-10. bekk upp á grunnnámskeið í líkamsrækt. Góð mæting var á námskeiðið og unglíngarnir ánægðir að læra nýjar styrktaræfingar.

Í febrúar voru þrjú spílavöld haldin af spílanefnd sem heppnuðust mjög vel og var fín þátttaka og veglegir vinningar. Það ríkir alltaf mikil gleði og stemning á spílavöldunum okkar.

Í mars byrjaði aftur dansnámskeið fyrir börn fædd

á árinu 2015-2019. Þjálfari námskeiðsins var Ásdís María sem er mjög efnilegur dansari og stundar nám í Flúðaskóla. Haldin var sýning fyrir fjölskyldur og vini í lok námskeiðsins sem heppnaðist gríðarlega vel og allir kátir.

Í mars var einnig plönuð skíðaferð sem var opin fyrir alla. Rúta var bókuð til og frá Brautarholti með umsjónaraðila en því miður þurfti að fella þá ferð niður vegna veðurs. Þessi tilraun verður endurtekin síðar.

Sumardagurinn fyrsti var haldinn hátíðlegur hjá okkur í Brautarholti. Það voru grillaðar pylsur, drykkir og súkkulaði á boðstólum og ærslabelgurinn var settur í gang fyrir sumarið. Haldnir voru fjölskylduleikar þar sem fjölskyldur hópuðu sig saman í lið og tóku þátt í ýmsum þrautum. Að sjálfsögðu voru veglegir vinningar fyrir sigurvegarana. Við vorum einstaklega heppin með veður og mæting var mjög góð.

Morgunhreysti var í gangi allt árið. Hreysti æfingar kenndar þrisvar í viku í nýja líkamsræktarsalnum í Brautarholti milli kl. 6 og 7 á morgnana. Þessar æfingar byrjuðu sem Útihreysti, á meðan við vorum ekki með neina líkamsræktarstöð. Þjálfari námskeiðsins er formaður félagsins, Viktoría Rós.

Í júní byrjuðum við með útileikjavöld alla fimmtudaga. Við skiptumst á að hittast í Brautarholti eða Árnesi og stefnum fjölskyldum saman í útileiki. Það var frábært að leyfa krökkunum að hittast aðeins í sumarfríinu sínu.

Leikjanámskeið var svo haldið í ágúst sem var einstaklega vel sótt. Þátttaka var einnig í boði fyrir krakka í nærliggjandi sveitarfélögum. Alls voru um 50 börn frá 1.-4. bekk sem tóku þátt í námskeiðinu. Við fengum Jóhönnu Sól Pálsdóttur að hafa umsjón með því og með henni til aðstoðar voru systurnar Ásdís María og Aníta Mist. Námskeiðið var í þrjár vikur og var ýmslegt brallað. Farið í sund, hjólatúr, útileiki, grillaðar pylsur af margt fleira.

Við hófum svo nýtt námskeið í september, Mömmuhreysti. Þetta námskeið byggir á hreystiæfingum hönnuðum fyrir mæður sem hafa nýlega átt börn og vilja styrkja sig aftur eftir meðgöngu. Mikil eftirspurn var eftir slíku námskeiði og Hröðný Jónsdóttir bauðst til að þjálfa og hafa umsjón með. Námskeiðið hefur svo verið í hverjum mánuði síðan og er sannarlega komið til að vera.

Hreyfing og gleði er annað námskeið sem hófst líka í september. Það eru fjölbreyttir tímar þar sem lögð er áhersla á hreyfanleika og góðar teygjur. Elin Moqvist sér um það námskeið og gengur alveg gríðarlega vel. Kennt tvisvar í viku seinni partinn í líkamsræktinni í Skeiðalaug.

Í október buðum við upp á yoga tíma. Þar var kennt hatha og kundalini yoga undir leiðsögn Dayana Mercedes. Skemmtilega öðruvísi tímar sem vonandi verða kenndir aftur síðar.

Landsátakið í sundi var í fimmta sinn tekið með trompi. Hvatt var til að synda í Skeiðalaug og verðlaun veitt fyrir árangurinn. Börnin í sveitarfélaginu voru einstaklega dugleg að mæta og synda og voru mjög glöð með verðlaunin. Í viðurkenningu fengu allir merktan ungmennafélags fjölnota poka með sundgleraugum. Börnin fengu líka bláa hettupeysu með mynd af lógói félagsins og fullorðnir fengu handklæði með lógói félagsins. Alls voru 50 manns sem tóku þátt og syntu samtals 158 þúsund metra í Skeiðalaug sem er 6 þúsund metrum meira en í fyrra. Yngsti þátttakandinn var 3 ára og sá elsti 89 ára.

Í desember bauð hún Elin okkar Moqvist upp á teygjutíma alla laugardaga í líkamsræktarsalnum í Brautarholti. Fólk var mjög ánæggt með þá og að geta haldið sér liðugum í annríkum desember mánuði.

Nóg fyrir stafni hjá okkur þetta árið og margt nýtt gert, við hlökkum til áframhaldandi starfa næsta ár.



## Umf. Stokkseyrar

Aðalfundur var haldinn 18. mars. Stjórnina skipa Ingi Þór Jónsson formaður, Agnes Lind Jónsdóttir gjaldkeri, Ágústa Oddsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Elin Dögg Haraldsdóttir, Nína Dóra Óskarsdóttir og Edda Bára Höskuldsdóttir.

Borðtennisdeild félagsins dafnar vel, æfingar eru núna tvisvar í viku. Félagið er áfram með handbolta og körfuboltaæfingar, ásamt krílatíma á laugardögum fyrir leikskólakrakka.

Félagið hélt Bryggjuhátíð í júlí ásamt því að sinna ýmsum verkefnum fyrir Sveitarfélagið Árborg.

Knattspyrnudeildin keppti í 5. deild.



Borðtennisstarfið dafnar vel hjá Umf. Stokkseyrar.

## Umf. Trausti

Stjórn skipa: Bjarki Freyr Sigurjónsson formaður, Ingveldur Anna Sigurðardóttir gjaldkeri og Sverrir Guðmundur Guðmundsson ritari. Aðalfundur var haldinn 24. mars og var stjórn endurkjörin.



Rusladagurinn varð að rusladögum en dagana 10.-13. apríl fóru félagsmenn og íbúar um svæðið og tíndu rusl meðfram vegum gamla Vestur-Eyjafjallahrepps.

17. júní var haldinn hátíðlegur með hefðbundnu sniði eins og spretthlaupi og öðrum leikjum. Kvenfélagið Eygló sá um kaffiveitingar.

Fjáröflun félagsins hefur verið undanfarin ár að slá kirkjugarðinn í Stóra-Dal og var þar engin breyting á.

Leikjanámskeið „ala“ Óli Elí stóð fyrir sínu vikuna 7.-11. júlí. Yfir 20 krakkar á aldrinum 6-13 ára mættu og léku sér og gerðu allslags hundakúnstir undir dyggri og öruggri stjórn Óla Elí. Viljum við færa Óla þökk fyrir!

Nýjung í viðburðum hjá okkur var að halda októberfest/töðugjöld í samstarfi með Búnaðarfélagi Vestur Eyfellinga, laugardaginn 1. nóvember og var þátttakan góð. Grillaðar voru pylsur, keppt í spurningakeppni og skemmt sér fram eftir kvöldi.

Eins og venjulega buðum við jólasveinum aðstoð okkar um að heimsækja börn í sveitinni á Þorláksmessu, með öruggri aðstoð björgunarsveitarinnar Bróðurhöndin.



Þjótandi fagnaði 10 ára afmæli sínu á árinu og bauð félagsfólki í skauta- og pizzuveislu í Egilshöll.

## Umf. Þjótandi

Aðalfundur Þjótanda var haldinn í Þingborg 24. febrúar 2025. Á fundinum var Skólahreystihópur Flóaskóla valinn, íþróttafólk Umf. Þjótanda og Fanney Ólafsdóttir var kjörin „félagi ársins“.



Eftirfarandi voru kosnir í stjórn:

Guðmunda Bríet Steindórsdóttir formaður, Harpa Magnúsdóttir gjaldkeri, Sveinn Orri Einarsson ritari og Örvar Rafn Hlíðdal og Hanna Dóra Höskuldsdóttir í varastjórn. Þá voru Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Oddný Ása Ingjaldsdóttir kjörnar í ritnefnd,

Bryndís Eva Óskarsdóttir kjörin formaður íþróttanefndar og Freyja Kristín Guðjónsdóttir formaður skemmtinefndar. Aðrir í skemmtinefnd eru Hanna Dóra Höskuldsdóttir og Guðmunda Bríet Steindórsdóttir. Í Einbúanefnd er Einar Magnússon.

Starfsemi Þjótanda var nokkuð viðamikil á árinu. Félagið hélt úti íþróttastarfi fyrir börn og ungmenni og stóð fyrir ýmsum heilsuefandi viðburðum og félagsstarfi.

Þjótanda æfingar fyrir allan grunnskólaaldur voru vikulega yfir vetrarmánuðina og er mikill meirihluti nemenda í Flóaskóla sem tekur þátt í þeim. Þjálfarar voru Örvar Rafn Hlíðdal, Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir.

Leikjanámskeið var í júní með um 40 þátttakendur, þá voru sumaræfingar fyrir krakka og leikjakvöld fyrir unglinga vikulega í sumar og var mjög góð þátttaka.

Félagið sendi keppendur á HSK mótin í frjálsum íþróttum bæði innan- og utanhúss og nokkrir keppendur tóku þátt í Meistararnótum Íslands og fleiri mótum. Við héldum fjölmennt páskabingó í apríl sem skemmtinefndin sá um. Flóahlaupið fór fram í apríl við Félagslund. Um 62 manns tóku þátt, flestir af höfuðborgarsvæðinu eins og vant er. Viðavangshlaupið var haldið á Þjórsárbökkum á sumardaginn fyrsta. Þátttaka var mjög góð enda veðrið frábært, 72 keppendur á öllum aldri. Fjör í Flóa var haldið í maí og var Þjótandi með fjölmenna kökuskreytingakeppni fyrir krakka, hjóla-rally, pylsusölu og andlitsmálningu. Fjölmargir unglingar störfuðu fyrir félagið á Fjöri í Flóa og stóðu sig frábærlega.

Við héldum upp á 17. júní við Einbúa ásamt Flóahreppi og kvenfélögum Hraungerðis- og Villingaholtshrepps. Þar var Þjótandi með fótboldmót, skólahreystibraut og reiptog og heppnaðist dagurinn mjög vel.

Ungmennafélagsreiðtúrin var farinn 22. júlí. Þar mættu 56 knapar á 65 hrossum og að auki mætti góður hópur fylgdarfólks. Riðið var í rjómablíðu frá Lyngholti, upp Ásavegin, gegnum Þingdal, aftur niður á Villingaholtssveg og svo var endað aftur í

Lyngholti þar sem ungmennafélagið bauð upp á grillaðar pylsur. Jón Valgeir Geirsson, Lyngholti, var fararstjóri í ár.

Fjölskyldur úr Þjótanda mættu vel á unglingalandsmótið á Egilsstöðum og áttu þar góða helgi saman við leik og keppni.

Flóamótið fór fram 5. september og var að þessu sinni haldið í tengslum við Fjölskyldudag Flóaskóla. Heppnaðist dagurinn mjög vel. Boðið var upp á nýjung á mótinu þar sem foreldrum og kennurum var boðið að taka þátt í 60 metra hlaupi, þátttaka var mjög góð og keppnin skemmtileg.

Meistararnót Þjótanda í skák fór fram í nóvember í fjórða sinn. 14 keppendur mættu á mótið sem eru fleiri en í fyrra. Mótsstjóri var Ágúst Valgarð Ólafsson.

Þjótandi fagnaði 10 ára afmæli sínu á árinu og var haldið upp á það með því að bjóða félagsfólki í Skauta- og pizzuveislu í Egilshöll. Rúmlega 100 manns mættu til að fagna þessum áfanga og var dagurinn í alla staði vel heppnaður. Einnig var blásið til ritunarsamkeppni og fjárfest var í Þjótanda fána í tilefni afmælisins.

Skótuveislan var fjölmenn á Þorláksmessu, um 180 manns mættu í Þingborg og gæddu sér á skótu. Jólasveinabjónustan okkar var svo á sínum stað á Þorláksmessu og aðfangadag og er alltaf vinsæl.

Stjórnin fundaði 8 sinnum á árinu og er þess á milli í miklum rafrænum samskiptum. Ritnefndin gaf út 12 tölublað af Áveitunni, sem er send út rafrænt, en auðvelt er að gerast netáskrifandi eða kaupa áskrift á pappír.

Á árinu fékk félagið nokkrar góðar gjafir frá velunnurum félagsins og er ómetanlegt að finna slíkan stuðning frá nærsamfélaginu. Félagið heldur nokkra fjárflyunarviðburði yfir árið og einnig erum við með samstarfssamning í gildi við Flóahrepp. Allar íþróttæfingar Þjótanda og flestir viðburðir eru gjaldfrjálssir fyrir þátttakendur og markmiðið er að halda því þannig áfram. Það ætti að ganga upp meðan viljning til að leggja fram sjálfbodavinnu er til staðar.

Stjórn Þjótanda þakkar öllum sem hafa á árinu tekið þátt í starfi félagsins með einum eða öðrum hætti og sérstaklega þeim sem styrkt hafa félagið með sjálfbodavinnu, fjármunum eða öðrum gjöfum. Þá sendum við góðar þakkir til stjórnenda Flóaskóla fyrir mikið og gott samstarf.

**Umf. Þór**

Aðalfundur Þórs var haldinn 28. maí 2025 stjórnin hélt sér síðan í fyrra. Formaður er Hjörtur Sigurður Ragnarsson, gjaldkeri Hölmfríður Fjöla Zoega Smáradóttir og ritari Rannveig Júlíusdóttir. Haldnir voru nokkrir fundir með formönnum deilda.



Árið 2025 var öflugt og uppbyggilegt ár hjá vélíþróttadeild Umf. Þórs í Þorlákshöfn. Starfið einkenndist af mikilli þátttöku barna og unglinga, markvissri þjálfun og verulegri uppbyggingu á aðstöðu. Um 20 iðkendur á aldrinum 8–18 ára stunduðu skipulagðar æfingar í motocross, enduro og torfærum undir stjórn Arons Bergs Pálssonar, íþróttakennara og yfirþjálfara deildarinnar.

Iðkendur deildarinnar tóku þátt í keppnum á landsvísu og keppt var til Íslandsmeistara í Enduro.

Fimleikaæfingar þetta árið hófust í janúar og voru þar 188 iðkendur. Litli íþróttaskólinn byrjaði um miðjan janúar ásamt krílafimleikum sem eru tímar fyrir þau allra minnstu, alls 12 skipti. Yfirþjálfari var Ásdís Birta en auk hennar voru 26 þjálfara við deildina.

4. flokkur og eldri fóru á mót á þessari vorönn og stóðu þau sig vel.

Vor sýning og uppskeruhátíð var svo haldin í byrjun júní þar sem önninni var slútað með flottri sýningu. Sumarnámskeið voru með minna sniði en venjulega vegna æfingafærðar til Ítalíu. Fimleikaferð til Ítalíu var farin í júní. Annars vegar var það 3. flokkur ásamt stúlkum úr Hamri og hins vegar meistaraflokkur og mix. Dvalið var á hóteli sem býður upp á glæsilega fimleikaaðstöðu og ferðin var því bæði æfinga- og skemmtiferð og tókst mjög vel í báðum hópum. Síðar um sumarið voru ráðnir tveir nýir yfirþjálfara deildarinnar þar sem Ásdís Birta flutti erlendis. Ráðnar voru þær Kolbrún Marín Wolfram og Þrúður Sóley Guðnadóttir.

Haustönn hófst svo í byrjun september með 191 iðkendum. Litli íþróttaskólinn og krílaeikfimi byrjaði um miðjan september. Jólásýningin var Moana að þessu sinni. Sýningin var glæsileg eins og alltaf og gaman að sjá hvað iðkendur eru að bæta sig með hverri æfingunni.

Starf körfuknattleiksdeildar Þórs hefur gengið vel á árinu. Sameiginlegt lið, Hamars-Þórs leikur í efstu deild í meistaraflokki kvenna og hefur liðið verið að berjast í neðsta hluta deildarinnar eins og karlarnir.

Í körfuknattleiksdeild Umf. Þórs starfar góður hópur sjálfbóðaliða og hafa þeir skapað góða umgjörð um starfið. Meistaraflokkar okkar eru fyrirmyndir yngri iðkenda og hafa um leið hvetjandi áhrif á yngri kynslóðina. Um 120 krakkar, 4 - 18 ára, eru að æfa hjá deildinni. Yngri flokkar deildarinnar hafa staðið sig vel undanfarin ár og tekið þátt í Íslandsmótum KKÍ en nokkrir flokkar eru í samstarfi við önnur lið á Suðurlandi. Undanfarin ár höfum við haft vel menntaða og góða þjálfara sem er lykillinn að góðu gengi.

Þórsarar átta 4 fulltrúa í landsliðum Íslands sem kepptu síðastliðið sumar.

Jóhanna Ýr Ágústsdóttir keppti með U18 ára landsliðinu á NM og í B-deild á EM í Litháen og Emma Hrönn Hákonardóttir keppti með U20 ára liði kvenna í A-deild á EM í Portúgal. Emma Hrönn er á körfuboltastyrki í Univercity Albany í USA.

Skarphéðinn Þorbergsson keppti með U20 í A-deild í Grikklandi. Styrmir Snær Prastarson lék með A landsliði karla á EuroBasket haustið 2025. Hann leikur núna með liðinu Zamora í næst efstu deild á Spáni.



Fimleikahópur frá Þór á leið til Ítalíu í æfingafærð.

Emil Karel Einarsson var valinn körfuknattleiksmaður Þórs 2025 og Jóhanna Ýr Ágústsdóttir var valin körfuknattleikskona Þórs árið 2024.

Starf Badmintondeildar Þórs féll niður.

Árið 2025 markaði tímamót í starfsemi Rafíþróttadeildar Þórs Þorlákshafnar og var án efa stærsta og metnaðarfullsta starfsár deildarinnar frá stofnun.

Þegar starf hófst að nýju var dagskrá þéttskipuð og æfingar nýttar vel alla daga vikunnar. Á vorönn störfuðu fjórir þjálfara hjá deildinni: Oskar, Daníel, Gummi og Kalli. Á vormánuðum bættist Böðvar í hópinn. Í sameiningu stofnuðu Böðvar og Oskar meistaraflokk í Counter Strike, sem var stórt og mikilvægt skref í þróun rafíþróttastarfs Þórs. Safnað var saman metnaðarfullum hópi leikmanna sem kepptu fyrir hönd félagsins. Böðvar hafði yfirumsjón með meistaraflokki og markaðsmálum deildarinnar, á meðan Oskar sá um ungmennastarf og daglegan rekstur. Í lok febrúar tók deildin þátt í móti hjá NextLevelGaming þar sem keppt var í leikjunum Valorant og Roblox. Í mars hóf meistaraflokkur keppni í Áhugamannadeild Ljósleiðarans.

Starfsemi hófst að nýju eftir sumarfrí í byrjun september. Á haustönn bættist Jóhann í hóp þjálfara og tók hann að sér æfingar fyrir nemendur í 3. og 4. bekk. Einnig var bætt við nýjum æfingatíma þar sem áhersla var lögð á Minecraft.

Í október keppti Ísar Máni fyrir hönd Þórs Þorlákshafnar í leiknum 2XKO og náði þar öðru sæti, sem skilaði honum verðlaunafé og var mikil lyftistöng fyrir deildina. Sama mánuð vann CS Meistaraflokkur sinn riðil og tryggði sér sæti í efri deild.

Árið 2025 var án efa stærsta og árangursríkasta ár Rafíþróttadeildar Þórs Þorlákshafnar hingað til og lagði sterkan grunn að áframhaldandi uppbyggingu á komandi árum.

Sumarið 2025 var starf frjálsíþróttadeildar endurvakið eftir að hafa legið niðri um nokkurt skeið. Var Rúnar Hjálmarsson fenginn til þess að hjálpa deildinni að yta starfinu úr vör. Í upphafi var boðið upp á sumarnámskeið einu sinni í viku og




heppnaðist það nokkuð vel. Í lok sumars var Hanna Dóra Höskuldsdóttir ráðin sem aðalþjálfari yngri flokka. Hanna Dóra er efnilegur þjálfari sem hefur náð góðum árangri með iðkendur. Hún hefur staðið sig einstaklega vel í enduruppbyggingu starfsins. Henni til aðstoðar á æfingum eru tveir vaskir drengir, Gunnar Ægir Þorsteinsson og Hreiðar Leó Vilhjálmsson. Haustið 2025 var boðið upp á æfingar fyrir yngri og eldri hóp. Það er ánægjulegt að segja frá því að á nýju ári hefur iðkendaþjöldin aukist mikið. Í nóvember tóku nokkrir keppendur þátt í Silfurleikum ÍR og var gaman að sjá okkar iðkendur máta sig í fyrsta skipti við keppnisvöllinn. Í janúar kepptu nokkrir Þórsarar á aldursflokkamóti HSK sem haldið var í Lindex-höllinni. Okkar keppendur stóðu sig vel og unnu allir til verðlauna. Þau keppta því fyrir hönd HSK á Meistaramóti Íslands 11-14 ára sem haldið verður í Laugardalshöll í lok janúarmánaðar. Einnig eigum við afrekshlaupara sem keppir undir merkjum félagsins. Arnar Þór Ingólfsson tók þátt í fjölda hlaupa á árinu og náði góðum árangri. Ef stíklað er á stóru þá hljóp hann til að mynda Laugavegshlaupið og bætti þar fjórtán ára gamalt HSK-met karla um rúmar 16 mínútur og HSK-met í flokki 30-34 ára um rúma klukkustund! Hann bætti einnig skráðan tíma sinn í bæði 5 km og 10 km hlaupi. Það verður gaman að fylgjast með þessum öflugum hlaupara á nýju ári.

**Umf. Þórsmörk**

Stjórnina skipa Árni Sigurpálsson formaður, Ólafur Rúnarsson ritari, Sigurður Steinarsson gjaldkeri og meðstjórnendurnir Páll Eggertsson og Ólóf G. Eggertsdóttir.

Hin árlega þrettándabrenna ungmennafélagsins var haldin að Goðalandi laugardaginn 4. janúar. Álfar stigu þar dans við brennu með söng. Björgunarsveitin Dagrenning á Hvolsvelli hélt svo utan um glæsilega flugeldasýningu. Að loknum dansi og brennu voru veitt verðlaun fyrir falgasta, álfalegasta og frumlegasta búninginn.



**Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu voru:**  
 Golfklúbburinn Tuddi  
 Umf. Eyrarbakka

**Félög sem skiluðu of seint:**  
 Judofélag Suðurlands\*

\* umbroti á ársskýrslu HSK var að ljúka þegar skýrsla JS barst



Börnin okkar eru ótrúleg í íþróttum

**ÞESS VEGNA STYÐJUM  
VIÐ ÞAU ÖLL!**



LEIKURINN OKKAR